

Valsblaðið



60. árgangur
2008



OPIÐ

allan sólarhringinn
í Skeifunni



HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Óskum landsmönnum
öllum
gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs



HÓPBÍLAR



Minnisstað jól

Jólahugvekja



Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir.

Það er nú svo með blessuð jólin að helst væntum við þess að þau séu eins að ytra formi frá ári til árs. Við borðum sams konar mat jól eftir jól, hittum sama fólkið, förum alltaf í aftansönginn klukkan sex, berum okkur eins að við að opna pakkana og lesum alltaf bók fram á rauða jólanótt. Við erum venjuföst og íhaldssöm þegar kemur að því að halda jól, allt skal vera í föstum skorðum, helst allt eins og það hefur alltaf verið.

En þó vitum við að jólahald okkar lýtur ekki alltaf þessum lögmálum. Auðvitað koma jól sem við höldum við nýjar aðstaður og við finnum nýjar leiðir og nýjar hefðir verða til. Þetta gerist þegar fólk stofnar heimili og fjölskyldur, þegar fyrsta barnið fæðist eða þegar einhver í fjölskyldunni glímur við sjúkdóm

eða þegar einhver er farinn og við vitum að hann kemur ekki aftur.

Ég átti einkar góð og gleðirík jól í mínum uppvexti. Gleði, friður, kyrrð og traust eru orð sem koma upp í hugann þegar ég minnst þeirra jóla.



Háteigskirkja.

Þarna var mamma, pabbi og systur mínar, og þótt við systurnar gætum alla jafna rifist myndarlega þá voru það óskrifuð lög hátíðarinnar að á jólum rifist maður ekki heldur reyndi þvert á móti að leggja sig fram um að vera elskulegur.

Jól á prestsheimili bera áhjákvaðilega merki þess að mamma fer töluvert oft að heiman yfir hátíðarnar til að messa, skíra, gifta eða jafnvel til að vera með þeim sem eiga um sárt að binda vegna ástvinamissis. En jólin eru gleðirík og heilög hjá okkur og okkur hefur skilist að við megum þakka hvert fyrir annað og fyrir allt sem við njótum. Og við megum þakka fyrir að vera talin þess verðug að þjóna meðbræðrum okkar á heilagri hátíð.

Minnisstaðustu jól sem ég hef lifað eru jólin þegar ég glímdi við erfið veikindi og var lengi frá vinnu af þeim sökum. Ég hafði ekkert að gefa, hvorki efnislega né andlega talað. Ég var tóm, fálát og sorgmædd og hafði áhyggjur af því að börnin mín upplifðu ekki gleði jólanna. En það var eitthvað við þetta ástand sem gerði það að verkum að jólin þetta árið töluðu til mín með alveg nýjum og sérstökum hætti. Ég heyrði betur og skynjaði dýpra hinn raunverulega boðskap jólanna um frið, náð og óendanlegan kærleika Guðs til mín og allra manna. Jólin komu líka til mín þetta árið, með djúpa gleði og innihaldsríkar jólakveðjur og gjafir frá fólki, stóru og smáu, sem vildi gleðja mig á erfiðum tímum. Og ég fann til innilegs þakklætis til vina minna, fjölskyldu og safnaðarfólks fyrir þessi einstöku jól. Í fallegum jóla-sálmum sr. Valdimars Briem segir:

Jesús, þú ert vort jólaljós,
um jólin ljómar þín stjarna.
Þér englarnir kveða himneskt hrós,
það hljómar og raust Guðs barna.
Skammdegismyrkrið skyggir svart,
ei skugga sjáum þó tóma.
Þú ljósið af hæðum, blítt og bjart,
þú ber oss svo fagran ljóma.

Helga Soffía Konráðsdóttir, prestur í Háteigskirkju.

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

HENSON

VERKFRÆÐISTOFAN
VATNASKIL

PRICEWATERHOUSECOOPERS



Það er gleði í dag (Valsmenn og meyjar)

Lag: Stefán Hilmarsson & Þórir Úlfarsson
Texti: Stefán Hilmarsson

Valsmenn og meyjar,
nú eru þáttaskil.
Valsmenn og meyjar,
nú stendur mikið til.
Valsmenn og meyjar,
við syngjum ykkur lof.
Það er gleði í dag.
Höldum áfram, nú er lag.
Það er gaman að vera í sókn og í Val.

Pegar Albert var kóngur
var Ingi svo smár,
og hún Sigga átti eftir að blómstra.
Pegar Henson var kvikur
og Hemmi var knár,
þá var Guðni rétt kominn á legg.
Það var gaman að fylgjast með Júlla og
Geir
og Grími og Guðrúnu Sæmunds.
Síðar Óla og Degi, ég segi ekki meir.
Listinn er langur og stór.

Valsmenn og meyjar o.s.frv....

Það var eldhugur Friðriks sem tendraði bál
síðan æ hefur logað sá eldur.
Þett'er félag með sögu og félag með sál
sem á ætíð í hjarta mér stað.
Við stolt getum verið af sigrum í 'den',
en styðjum í þykku og þunnu
þau lið sem nú leika, jafnt konur og menn.
Framtíðin okkar er björt.

Valsmenn og meyjar o.s.frv....

Valsblaðið • 60. árgangur 2008

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við
Laufásveg

Ritstjóri: Guðni Olgeirsson

Ritnefnd: Jón Guðmundsson, Gunnar Zoëga,
Margrét Ívarsdóttir, Stefán Karlsson, og Þorgrímur
Práinsson

Auglýsingar: Dagur Sigurðsson, Sveinn Stefánsson,
Stefán Karlsson og Guðni Olgeirsson

Ljósmyndir: Guðni Karl Harðarson, Guðni Olgeirs-
son, Jón Gunnar Bergs, Ásbjörn Þór, Ragnheiður
Jónsdóttir, Hólmfríður Sigþórsdóttir, Stefanía
Bergljót Stefánsdóttir, Torfi Magnússon, Bonni o.fl.

Prófkalestur: Guðni Olgeirsson

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Prentun og bókband: Ísafoldarprentsmiðja ehf.



Meðal efnis:

- 14 Hann er kallaður Fúsi**
*Sigfús Sigurðsson silfurdrengur-
inn í handbolta heimsækir skóla*
- 20 Bikarmeistarar karla í handknattleik
2008**
Myndasýrpa
- 24 Í stjórnnum hjá Val í 20 ár**
*Hörður Gunnarsson varaformað-
ur horfir fram á veginn*
- 30 Sigursæll hjálfari kveður Hlíðarenda í
hili**
*Elísabet Gunnarsdóttir hjálf-
ari meistaraflokks kvenna í knatt-
spyrnu er afar metnaðarfull*
- 34 Íslandsmeistarar kvenna í knattspyrnu
2008**
Myndasýrpa
- 50 Farsæll fyrirlíði**
*Katrín Jónsdóttir segir kvenna-
knattspyrnu í mikilli sókn*
- 52 Komum tvíefldir til leiks næsta sumar**
*Bjarni Ólafur Eiríksson gerði það
gott á árinu*
- 54 Vigsluathörn Vodafonevallar 25. maí í
máli og myndum**
- 68 Dóra María Lárusdóttir ætlar sér
stóra hluti í framtíðinni**
- 80 Hver er Valsmaðurinn?**
*Róbert Jónsson hefur starfað í Val
í meira en hálfa öld*
- 88 Valsfjölskyldan**
*Ótrúlega sigursælur handbolta-
systur, Hrafnhildur, Dagný, Drífa
og Rebekka Skúladætur*
- 92 Signý Hermannsdóttir leikur stórt
hlutverk í kvennaliði Vals í körfubolta**
- 101 Valur vængjum þöndum**
*Þorgrímur Práinsson vill hlúa að
ungviðinu*

Forsíðumyndir: Katrín Jónsdóttir fyrirlíði hampar ásamt félögum sínum Íslandsmeistarabikarnum í knattspyrnu kvenna sumarið 2008, þeim fjórða á fimm árum. Ljós. Guðni Karl Harðarson. Neðri mynd: Silfurhafar í handknattleik frá Ólympíuleikunum í Peking 2008 sem tengjast Val kampakátir með silfurverðlaunapeninginn. Frá vinstri: Óskar Bjarni Óskarsson hjálfari Vals í handknattleik og aðstoðarhjálfari landsliðsins á Ólympíuleikunum, Ólafur Stefánsson, Sigfús Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson og Einar Þorvarðarson framkvæmdastjóri HSÍ og fyrrverandi leikmaður Vals í handknattleik. Ljós. Ásbjörn Þór.



Fyrirlíðar Íslandsmeistara Vals, 2007 með uppskeruna. Frá vinstri: Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrnu, Ólafur Haukur Gíslason, handknattleik og Katrín Jónsdóttir, knattspyrnu.

Öflug starfsemi á erfiðum tímum

Ársskýrsla félagsstjórnar árið 2008

Stjórnun félagsins

Þar sem aðalfundur félagsins árið 2007 fór ekki fram fyrr en þann 19. desember 2007 var farið yfir ýmsa viðburði af starfsárinu 2007 í ársskýrslu aðalstjórnarar sem birtist í síðasta Valsblaði. Á þeim aðalfundi voru gerðar breytingar á samþykktunum til að fella saman lög félagsins og ákvarðanir sem teknar höfðu verið um breytt skipulag og starfshætti þess. Var ný félagsstjórn kosin á þessum aðalfundi í samræmi við hinar nýbreyttu samþykktir. Var hún þannig skipuð.

Grímur Sæmundsen, *formaður*
Hörður Gunnarsson, *varaformaður*
Karl Axelsson, *medstjórnandi*
Hermann Jónasson, *medstjórnandi*
Börkur Edvardsson, *formaður knattspyrnudeildar afrekssviðs*
Lárus Blöndal, *formaður körfuknattleiksdeildar afrekssviðs*
Stefán Karlsson, *formaður handknattleiksdeildar afrekssviðs*

Á starfsárinu urðu þær breytingar að Stefán Karlsson tók við starfi fjármála- stjóra Vals af Braga Bragasyni og hætti þá sem formaður hk.d. afrekssviðs og Sveinn Stefánsson tók við sem formaður

hk.d. Á aðalfundi þann 17. september sl. var þessi sama stjórn síðan endurkjörin.

Árið 2007 var eitt glæsilegasta afreks- ár í sögu Knattspyrnufélagsins Vals. Við hömpuðum Íslandsmeistaratitlum í m.fl. karla í handknattleik, m.fl. karla í knattspyrnu og m.fl. kvenna í knattspyrnu. Öll önnur íþróttafélög á Íslandi hefðu talið sig fullsæmd af einum þessara þriggja titla. Það var eiginlega súrealískt að fá jólakort frá Val fyrir jólin 2007 með mynd af fyrirlíðunum þremur skælbrosandi með allar dollurnar.

Ekki tókst að fylgja eftir þessum einstæða árangri á þessu ári en engu að síður hefðu flestir Valmenn á árum áður unað vel við að landa bikarmeistaratitli í handknattleik karla og enn einum Íslandsmeistaratitli í knattspyrnu kvenna eins og við Valmenn gerðum á yfirstandandi keppnisári.

Þá eru árin 2007 og 2008 uppskeru- ár mestu framkvæmda í sögu félagsins en félagið tók í notkun nýtt íþróttahús og félagsaðstöðu þann 25. ágúst í fyrra og nýja áhorfendastúku og keppnisvöll í knattspyrnu þann 25. maí sl. en hönnun þessara mannvirkja hefur brotið blað í þeim efnum hér á landi.


Árinu 2007 lauk með því að Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrnukona og

íþróttamaður Vals 2006 var endurkjörin þeirri heiðursnafnbót á gamlársdag árið 2007 og þá var hún einnig kjörin íþróttamaður ársins 2007 af samtökum íþróttafréttaritara.

Þar bættist hún í fríðan hóp Valsmanna og kvenna sem hlotið hafa þessa heiðursnafnbót en Valur er í algjörum sérflokki íslenskra íþróttafélaga hvað þessa heiðursnafnbót varðar í flokkafróttum.

Uppbygging að Hlíðarenda

Eins og fram kemur í ársreikningi Vals fyrir árið 2007 hafa eignir félagsins vaxið gríðarlega á síðasta ári en nú er ný fast-



Sigurður Eggertsson „gleðigjafi“ fagnar bikarmeistaratitli vorið 2008 í handknattleik.



Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeildar tekur við hamingjuóskum frá KSÍ við vígslu Vodafonevallarins 25. maí 2008.



Frá vígsluleik Vodafonevallarins við Fjölni.



Sr. Vigfús Þór Árnason blessar nýjan gervigrasvöll Vals 6. desember 2008. Ólafur Már Sigursson og Svanur Gestsson styðja við Valsfánann.

eign og íþróttavellir félagsins að Hlíðarenda færðir því til skuldlausrar eignar í efnahagsreikningi. Reyndar er miðað við fasteignamat en ekki byggingakostnað en gera má ráð fyrir að raunkostnaður við þessi nýju mannvirki sé um 1,8 milljarðar króna.

Þá er ótalið uppgjör á langtímaskuldum félagsins sem fram hefur farið fyrir alllöngu en þær voru áður hátt í 300 milljónir króna.

Þessi framvinda hefur verið ævintýri líkust og þar hefur fléttan um samstarf Vals og Valsmanna hf. verið lykillinn að velgengni.

Rúsinan í pylsuendanum að sinni er að þann 6. desember sl. tók Knattspyrnufélagið Valur við gervigrasvelli sem byggður hefur verið yst á félagssvæðinu úr hendi Valsmanna hf. Er þetta í kjölfar enn eins samnings milli Vals, Valsmanna hf. og Reykjavíkurborgar sem skrifað var undir þann 20. ágúst sl. Þessi samningur

er þó aðeins af öðrum toga en fyrri samningar að því leyti að í honum er verið að takast á við tafir sem orðið hafa af völdum Reykjavíkurborgar við framkvæmd skipulags í Vatnsmýri með tilheyrandi kostnaði og óþægindum bæði fyrir Val og Valsmenn hf.

Vonandi sér fyrir endann á þessum skipulagsmálum þannig að hægt verði að ganga endanlega frá uppbyggingu að Hlíðarenda en ákveðið hefur verið að fresta byggingu knatthúss um sinn vegna þeirra óhagstæðu skilyrða sem nú ríkja á fjármálamörkuðum. Einnig að atvinnuhúsnæði og íbúðabyggingar rísi í nágrenni okkar eins og undirbúið hefur verið og að er stefnt af Valsmönnum hf.

Hefðbundið starf

Öll ævintýri taka enda og nú blasir við okkur sá veruleiki að reka félagið og þessi glæsilegu mannvirki við erfiðari þjóðfélagsaðstæður en í langan tíma áður.

Rekstrar- og fjárhagsstaða Vals er nú mjög sterk og má fullyrða að hún sé með því besta sem um ræðir í þessum efnun í íþróttahreyfingunni á Íslandi. Þetta gerir félagið betur búið til að takast á við þær hrikalegu og óvenjulegu efnahagsað-



Valsarar á Ólympíuleikunum í Peking 2008 sem fengu silfurverðlaun í handknattleik. Óskar Bjarni Óskarsson, Ólafur Stefánsson, Sigfús Sigurðsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Einar Þorvarðarson.

stæður sem skapast hafa í samfélagi okkar á undanförunum vikum og mánuðum.

Nú þurfum við að styrkja rekstrarlega innviði með aðhaldssömum rekstri, áherslu á fjölgun iðkenda og bættu þjónustu við þá. Þar kemur nýr gervigrasvöllur að góðum notum. Einnig þarf að huga að fjölgun félagsbundinna Valsmanna og nýta hin nýju mannvirki til hins ýtrasta til að styrkja allt innra starf félagsins. Það verður meginverkefni okkar og okkar góða starfsfólks á næstu misserum.

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum síðustu daga hefur Dagur Sigurðsson framkvæmdastjóri okkar þegið boð um að gerast þjálfari hjá þýsku úrvalsdeild-



Margrét Lára Viðarsdóttir við styttuna sem hún fékk sem íþróttamaður ársins 2007.

Frábær stemning á bikarúrslitaleik í handknattleik 2008.





Elisabet Gunnarsdóttir stoltur hjálfari með dóttur sinni Maríu Lind Gylfadóttur og Íslandsmeistarabikarinn eftirsóttá.



Ungir og efnilegir handboltaiðkendar.

Starfið er margt

Póður Þorkelsson, heiðursfélagi Vals lést á árinu.



fram eftir nýju ári. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Degi frábær störf fyrir Val. Við Valsmenn vitum að hann mun halda áfram þar sem frá var horfið hjá Val og Bregenz og standa sig með glæsibrag á þessum nýja starfsvettvangi.

Við Valsmenn erum stoltir af því að hafa átt þrjá leikmenn í silfurlíði Íslands í handknattleik á Ólympíuleikum í Peking sl. sumar, þá Snorra Stein Guðjónsson, Sigfús Sigurðsson og hina eina, sanna Ólaf heimspeking Stefánsson. Þá voru Óskar Bjarni Óskarsson og Einar Þorvarðarson í mikilvægum hlutverkum í stjórnateymi liðsins á Ólympíuleikum. Það er vel við hæfi að þessir kappar prýði forsíðu Valsbláðsins að þessu sinni. Knattspyrnufélagið Valur óskar þessum félagsmönnum sínum til hamingju með einstakt afrek í íslenski íþróttasögu.

Í þessu samhengi skal nefndur árangur kvennaliðs Noregs í handknattleik á Ólympíuleikum en þar unnu þær gull og allt ætlaði þar um koll að keyra í Noregi. Kvennafþröttir eru í gríðarlegri sókn á alþjóðavettvangi og í þessu efni skulum við líta okkur nær.

Að Hlíðarenda hefur verið byggt upp eitt besta félagslíð Evrópu í knattspyrnu kvenna. Þessar stelpur eru burðarásar í landslíði Íslands í kvennaknattspyrnu sem var fyrst íslenskra landslíða til að komast í úrslitakeppni Evrópumóts landslíða og mun leika í úrslitunum í Finnlandi í ágúst á næsta ári.

Það er ljóst að Ísland á alla möguleika til að skara framúr á alþjóðavettvangi í kvennaknattspyrnu og Valur er og á að vera lykilaðili og bakhjarl þessarar uppbyggingar á Íslandi, en Elísabet Gunnarsdóttir og hennar frábæra lið hefur þegar gefið tóninn í þessu efni.

Pví miður höfum við nú misst Elísabetu til hjálfarastarfa í sænsku úrvaldeildinni en Elísabet hefur leitt kvennalið okkar Valsmanna til fjögurra Íslandsmeistaratitla og eins bikarmeistaratitils á síðustu 5 árum. Um leið og við þökkum Elísabetu fyrir frábær störf fyrir Knattspyrnufélagið Val óskum við henni vel farnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Þá hefur Margrét Lára Viðarsdóttir, sem hefur verið yfirburðaleikmaður í íslenski kvennaknattspyrnu einnig ákveðið að spreyta sig í sænsku úrvals-

arliði í handknattleik næsta sumar. Dagur hefur stýrt innleiðingu nýs rekstrarskipulags að Hlíðarenda af miklum dugnaði og hefur verið í hlutverki leiðtogans í daglegu starfi að Hlíðarenda. Við þær aðstæður sem nú hafa skapast komumst við Valsmenn ekki undan því að hagræða verulega í rekstri okkar. Ákveðið hefur því verið að sameina starf framkvæmdastjóra og fjármálastjóra í eitt starf og mun Stefán Karlsson núverandi fjármálastjóri taka við þessu starfi um næstu áramót, en Dagur sinna sérverkefnum fyrir okkur



Dagur Sigurðsson framkvæmdastjóri Vals afhendir Ingólfi Friðjónssyni og Kristni Bjarnasyni hjá Frjálssa nýjar Hummel-treyjur á vorgleði Vals 2008.



Siggí Stuðari afhendir Stebba Framherja blóm í tilefni 100 ára afmælis Fram.



Sveinn Stefánsson formaður handknattleiksdeildar færir Guðna Olgeirssyni ritstjóra Valsbláðsins gjöf frá félaginu á fimmtugsafmæli hans sem haldið var í Valsheimilínu í nóvember 2008.



Íslandsmeistarar kvenna fagna stuðningmönnum sínum.

deildinni. Henni fylgja góðar óskir frá öllum Valsmönnum. Beta og Margrét Lára eru alltaf velkomnar aftur heim að Hlíðarenda.

Þó að þessar tvær frábæru knattspyrnukonur hafi yfirgefið Hlíðarenda að sinni hefur grunnur til framtíðar verið lagður að því að Valur verði áfram í fremstu röð í knattspyrnu kvenna.

Þórður Þorkelsson, heiðursfélagi Vals lést á árinu. Hans er minnst á öðrum stað í þessu blaði. Knattspyrnufélagið Valur kvaddi þennan mikla Valsmann við útför hans með því að núlifandi formenn Vals báru kistu Þórðar úr kirkju. Heiðursfélagar Vals eru nú tveir, kempurnar Sigurður Ólafsson og Jóhannes Bergsteinsson.

Herrakvöld Vals var haldið fyrsta föstudag í nóvember að venju í hinum nýja glæsilega veislusal félagsins. Um 300 Valsmenn og gestir þeirra skemmtu sér konunglega. Veislustjóri var Heimir Karlsson og Guðni Ágústsson fyrrv. alþingismaður og ráðherra var ræðumaður kvöldsins. Er mál manna að ræðan fari í sögubækur sem ein besta tækifærisræða sem flutt hefur verið í 25 ára sögu herrakvölda Vals.

Útgáfa Valsblaðsins nú er í sjötta sinn undir stjórn ritstjórans Guðna Olgeirssonar. Frammistaða Guðna er í einu orði sagt frábær og vonandi njótum við Valsmenn starfskrafta hans sem lengst. Sögulegt heimildagildi Valsblaða er ómetanlegt og hefur félagið fengið mikið hrós frá t.d. forráðamönnum Skjalasafns Reykjavíkurborgar o.fl. vegna þess hve saga félagsins er vel skráð í gegnum Valsblaðið. Nú þegar líður að 100 ára afmæli Vals verður á stefnuskrá að gefa út rit sem spannar 100 ára sögu félagsins í tilefni af afmælinu. Valsblaðið verður mjög mikilvægt heimildarit þeim sem skrár þá sögu auk 70 ára afmælisrits Vals „Valur vængjum þöndum“.

Lokaorð

Eins og fram kemur í þessari ársskýrslu eru nú þáttaskil í starfsemi Vals og uppbyggingu að Hlíðarenda.

Undirritaður hefur verið formaður Vals undanfarin sex ár og formaður knattspyrnudeildar félagsins þrjú ár þar á undan. Á síðasta aðalfundi lýsti ég því yfir að nú væri komið að því að annar karl eða kona tæki við kyndlinum á næsta aðalfundi félagsins og leysti þau stórverkefni að Hlíðarenda, sem við blasa, en þau eru annars vegar undirbúningur 100 ára



Stjórn Knattspyrnufélagsins Vals 2008. Efri röð frá vinstri: Dagur Sigurðsson framkvæmdastjóri, Hörður Gunnarsson varaformaður, Lárus Blöndal, formaður kkd. afrekssviðs Karl Axelsson meðstjórnandi. Neðri röð til vinstri: Sveinn Stefánsson formaður hkd. afrekssviðs, Grímur Sæmundsen, formaður og Stefán Karlsson fjármála- og markaðsstjóri. Á myndina vantar Börk Edvardsson formann knd. afrekssviðs og Hermann Jónasson meðstjórnanda.

afmælis félagsins þann 11. maí 2011 og hins vegar bygging knattshúss, þegar rofar til að nýju í efnahagslífi okkar. Félagsmenn munu því á næsta aðalfundi eiga þess kost að sameinast um nýjan formann Vals og er ég viss um að til þess mun veljast öflugur einstaklingur, sem mun taka við góðu búi að Hlíðarenda.

Það er ótrúlega mikill fjöldi hæfra einstaklinga, sem eiga það sameiginlegt að

vera Valsmenn. Þessir einstaklingar eru margir hverjir að leggja á sig mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið og það skal þakkað.

Allir Valsmenn eru hvattir til að leggja félaginu áfram allt það lið sem þeir mega.

Gleðileg jól með þökkum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Grímur Sæmundsen, formaður



Willum Þór Þórsson hjálfi, með Bjögga og öðrum stuðningsmönnum, einbeittur á svip á heimavelli.

Margrét Lára Viðarsdóttir er Íþróttamaður Vals 2007, annað árið í röð



Það er árviss viðburður hjá Val að útnefna íþróttamann ársins í hófi að Hlíðarenda á gamlársgöngu. Íþróttamaður Vals er valinn af formönnum deilda, formanni félagsins og Halldóri Einarssyni (Henson) sem er gefandi verðlaunagripanna. Árið 2007 var valinn í 16. sinn íþróttamaður Vals. Þessi athöfn fór fram í nýjum veislusal Vals að Hlíðarenda að viðstöddu fjölmenni.

Margrét Lára er þriðji Valsmaðurinn og fyrsta konan sem hlýtur þessa heiðursnafnbót í annað sinn en hún var einnig kjörin árið 2006. Margrét Lára er tuttugu og eins árs og gekk til liðs við Valsmenn fyrir keppnistímabilið 2005. Margrét Lára er alin upp í Vestmannaeyjum og steig hún sín fyrstu spor sem leikmaður í úrvalsdeild í liði ÍBV þrátt fyrir ung-
an aldur.

Grímur Sæmundsen formaður Vals hélt ávarp við þetta tækifæri og sagði m.a.: „Það hefur alltaf verið svo að annað slagið koma fram á sjónarsviðið afburða hæfileikaríkir einstaklingar í íþróttahæmi okkar Íslendinga. Það hefur verið öll-

um ljóst, sem fylgst hafa með íslenskri kvennaknattspyrnu að Margrét Lára er slíkur einstaklingur. Segja má að Margrét Lára hafi sprungið út sem leikmaður sumarið 2006 og var afrekalisti hennar eftir keppnistímabilið í fyrra einstaklega glæsilegur. En þrátt fyrir það setti Margrét Lára sér ný markmið, gerði sér lítið fyrir og sló út afrekalista síðasta árs með frábærri frammistöðu á þessu ári. Slíkt gera aðeins afburða afreksmenn í íþróttum.

Við Valsmenn erum mjög hreyknir af því að hafa slíkan afburða íþróttamann sem Margrét Lára er í okkar röðum. Það sem meira er, hún er frábær fyrirmynd ungra stúlkna og glæsilegur fulltrúi Vals og íslenskrar kvennaknattspyrnu. Ég vil sérstaklega nota þetta tækifæri til að þakka Margréti Lára fyrir frammistöðu sína í þessu hlutverki og hlý orð sem hún hefur látið falla til Knattspyrnufélagsins Vals á opinberum vettvangi. Þau eru vel metin að Hlíðarenda. Við óskum Margréti Lára til hamingju með kjörið og biðjum hana að flytja foreldrum sínum og fjölskyldu bestu hamingjuóskir frá Val.“

Viðurkenningar

Afrekalisti Margrétar Láru frá sumrinu 2007 er sérstaklega glæsilegur.

- Hún var lykilmáður í frábæru liði Vals sem er sennilega besta kvennalið sem leikið hefur á Íslandi.
- Hún varð markahæst í úrvalsdeildinni og setti nýtt markamet – 38 mörk var með 35 mörk árið áður.
- Hún skoraði 8 mörk í 6 leikjum Vals í Evrópukeppninni þar sem stelpurnar voru hársbreidd frá því að komast í 8 liða úrslit.
- Hún skoraði 8 mörk í 9 landsleikjum á árinu og er lykilmáður í landsliði Íslands.
- Hún er knattspyrnukona ársins kjörin af KSÍ.
- Hún er íþróttamaður ársins árið 2007, fyrsta knattspyrnukonan og er hún þar í hópi knattspyrnumanna eins og Ásgeirs Sigurvinssonar og Eids Smára Guðjónsen.

Íþróttamaður Vals – síðustu árin

2008

???

2007

Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna

2006

Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna

2005

Bjarni Ólafur Eiríksson, knattspyrna

2004

Berglind Íris Hansdóttir, handknattleikur

2003

Íris Andrésdóttir, knattspyrna

2002

Sigurbjörn Hreiðarsson, knattspyrna

2001

Rósa Júlía Steinþórsdóttir, knattspyrna

2000

Kristinn Lárusson, knattspyrna

1999

Ásgerður Hildur Ingibergsdóttir, knattspyrna

1998

Guðmundur Hrafnkelsson, handknattleikur

1997

Ragnar Þór Jónsson, körfuknattleikur

1996

Jón Kristjánsson, handknattleikur



Margrét Lára Viðarsdóttir er einstakur afreksmaður og fyrirmynd allra íþróttamanna



Trixin í takkaskónum – Valstilboð
Diskurinn hennar Margrétar Láru er til sölu í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda á aðeins 2.500 kr. Frábært kennsluefni fyrir þá sem vilja verða góðir í knattspyrnu.



Íslandsmeistarar Vals í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu 2008 ásamt Íslandsmeisturum Vals í 4. flokki kvenna sama ár.



Knattspyrnufélagið Valur hefur alið margan afreksmanninn

Brot úr ávarpi Gríms Sæmundsen formanns Vals við kjör Íþróttamanns Vals 2007

Einstakt afreksár 2007

Árið 2007 sem nú er senn á enda hefur verið ótrúlegt Valsár og fer klárlega í sögubækur sem eitt stærsta ár í sögu félagsins. Það hefur verið gaman að vera Valsmaður á þessu ári.



Knattspyrnufélagið Valur hefur nú aftur tekið við því hlutverki að vera fremsta afreksfélag Íslands í knattspyrnu og handknattleik. Á þessu ári varð Knattspyrnufélagið Valur Íslandsmeistari karla í handknattleik, Íslandsmeistari karla í knattspyrnu og síðast en ekki síst

Íslandsmeistari kvenna í knattspyrnu. Þá er kvinnalið félagsins í handknattleik í hópi bestu liða landsins og landaði deildarmeistaratitlinum nú um helgina.

Það er ekkert lát á velgengninni. Það liggur við að mann svimi, því við bætist að við tókum ný glæsileg mannvirki að Hlíðarenda í notkun á þessu ári. Og til að kóróna allan þennan stórkostlega árangur

var Margrét Lára Viðarsdóttir, Valsmaður, valin íþróttamaður ársins af samtökum íþróttafréttamanna sl. föstudag með miklum yfirburðum, en þetta er óumdeilt mesta viðurkenning sem íslenskum íþróttamanni hlotnast á ári hverju. Þetta er sannarlega mikill heiður og viðurkenning fyrir Margréti Láru, sem við Valsmenn erum allir stoltir af að hafa í okkar röðum, en einnig er þetta mikil viðurkenning fyrir félagið, samherja hennar í kvinnaliði félagsins, þjálfarann Elísabetu Gunnarsdóttur og íslenska kvinnaknattspyrnu.

Það er almennt litið svo að það sé erfðara að fyrir keppnismann í flokkaíþróttum en einstaklingsíþróttum að hljóta þessa glæsilegu viðurkenningu sem gerir afrek Margrétar Láru enn stærra en ella. Við skulum gefa Margréti Láru dúndrandi klapp um leið og við Valsmenn óskum henni innilega til hamingju með þennan stórkostlega árangur.

Margir Valsmenn íþróttamenn ársins

Það er merkilegt að staldra við frammistöðu Valsmanna í kjöri á íþróttamanni ársins, en við Valsmenn eigum nú tvær

af þeim 4 íþróttakönnum sem hlotið hafa þessa heiðursnafnbót, hin er eins þið vituð öll Sigríður Sigurðardóttir, handknattleikskona sem fékk þessa heiðursnafnbót árið 1964.

Þá eigum við Valsmenn 3 karla sem hlotið hafa titilinn íþróttamaður ársins alls fjórum sinnum en það eru þeir Jóhannes Eðvaldsson sem hlaut þennan heiður 1975, Geir Sveinsson, sem kjörinn var 1997 og Ólafur Stefánsson sem kjörinn var árin 2002 og 2003. Óli var reyndar í 2. sæti í kjöri íþróttamanns ársins nú. Frábær afreksmaður uppallinn í Val. Margir vilja bæta Eiði Smára Guðjónsen í þennan hóp en hann tók sín fyrstu skref sem keppnismaður í knattspyrnu með meistaraflokki Vals aðeins 15 ára gamall og hefur tvisvar verið valinn íþróttamaður ársins 2004 og 2005.

Við Valsmenn státum þannig af því að okkar fólk hefur 6 sinnum verið kjörð íþróttamaður ársins af þeim 52 skiptum sem kjörð hefur farið fram. Knattspyrnufélagið Valur hefur algjöra sérstöðu meðal íslenskra íþróttafélaga, sem stunda flokkaíþróttir í sögu kjörs íþróttamanns ársins.

BLUE LAGOON
ICELAND

Lífsorka með nýtingu náttúruaflanna

HVITA HÚSÍÐ / SJÁ - 8517



www.bluelagoon.is



Sigfús Sigurðsson kynnir handbolta í nágrannaskólum.

Hann er kallaður Fúsi

Hann hefur gengið undir ýmsum nöfnum í gegnum tíðina. Bangsinn, Rússajepinn, Trölli og Kolakraninn eru meðal þeirra gælunafna sem hafa verið hengd á hann. Hann er samt alltaf kallaður Fúsi

Fúsi, eða Sigfús Sigurðsson fyrir þá sem ekki vita, er einn silfurdrengranna okkar frá því á Ólympíuleikunum í sumar. Hann er nýsnúinn heim að Hlíðarenda eftir sex gjöful ár í atvinnumennsku þar sem hann lék með stórlíðunum Magdeburg í Þýskalandi og Ademar Leon á Spáni. Hann er litríkur og stór karakter sem hefur hrifið margan manninn í gegnum tíðina. Hann á sér samt líka sínar mjúku hliðar eins og

gjarnt er um bangsa. Við tókum Bangsann/Rússajepinn/Tröllo/Kolakranann/Fúsa tali og ræddum við hann um lífið, líðna tíma í Val og framtíðina.

Síðasti æskudraumurinn rætist

„Þetta var geðveikt! Síðasti æskudraumurinn að rætast.“ segir Fúsi, sem er nafnið sem hann kann best við, aðspurður um tilfinninguna á fá medalíuna um hálsinn. Eflaust eiga flestir sér þann draum að standa á palli á Ólympíuleikum en hjá Fúsa býr líklega meira að baki en hjá flestum.

„Afi minn, Sigfús Sigurðsson, varð í 9. sæti í kúluvarpi á leikunum í London 1948 og það hafði alltaf verið lúmskur draumur hjá mér að gera vel á Ólympíuleikum. Ég man eftir öllum myndunum sem ég skoðaði af honum sem krakki og hugsaði með mér að þetta vildi ég líka. Á pallinum varð mér líka hugsað til afa og allra hinna brautryðjendanna sem börðust í gegnum kófið til að við gætum staðið þar sem við stöndum.“

Hvað gerði útslagið með árangurinn í ár?

„Það lögðust allir einfaldlega af

öllum þunga á eitt. Við höfum oft verið með næstum því lið og náðum til dæmis fjórða sætinu 2002 í Svíþjóð en maður skynjaði að þá var, eins og oft áður, alltaf lítil rödd í höfðinu á mönnum sem sagði að þetta væri ekki hægt. Köllum það bara minnimáttarkennd. Núna var sú rödd ekki og trúin á að við gætum þetta var nógu sterk. Menn skildu egóið eftir heima og djöfluðust fyrir næsta mann til síðasta blóðdropa.“

Hefðirðu getað ímyndað þér sem krakki í Val stöðuna sem þú ert í núna; að snúa heim eftir góðan feril sem atvinnumaður með nýslegna silfurmedalíu frá Ólympíuleikum um hálsinn?

„Já, þegar ég fór sá ég fyrir mér að vinna fleiri medalíur en þessa, enda alltaf haft sjálftraust og stórt egó. Ég er í rauninni smá fúll að hafa ekki fleiri en þessa einu. Sem krakki í Val hefði mig aldrei óráð fyrir þessu, enda spilaði ég varla neitt að ráði fyrr en í 3. flokki. Var alltaf bara með upp á félagsskapinn.“

Að deyja fyrir næsta mann og félagið

Nú hlýturðu að teljast til óskabarna félagsins. Einhverjir (lesist: blaðamaður) eiga sína fyrstu minningu um þig í fallega rauðum bómullargalla merktum Létt&Laggott í marki í 5. flokki.



Með silfurverðlaunin frá Ólympíuleikunum í Beijing.



Fúsi í skólaheimsókn í Valshverfinu að kynna handbolta fyrir krökkum. Þessar heimsóknir skiludu auknum fjölda á æfingar.

Hverjar eru þínar sterkustu minningar af uppvaxtarárunum í Val?

„Laugarvatnsferðir með Magga heitnum Blöndal (Innskot blm. Magnús Blöndal þjálfaði yngri flokka Vals í handknattleik um árabil og lést langt um aldur fram árið 1990). Flestar mínar minningar frá fyrstu árunum í Val tengjast Magga á einn eða annan hátt. Hans karakter; líflægur og glaður þrátt fyrir að halda uppi aga. Hann var meira eins og stóri bróðir okkar en þjálfari. Hélt pulsupartí og því umlíkt. Það er af mörgu að taka úr yngri flokkunum og það tengist flest Magga.“

Hvað hefur breyst í félaginu síðan þú fórst?

„Öll aðstaða hefur gjörbreyst. Orðin meira fagmannleg umgjörð og öll samvinna milli deilda hefur aukist og batnað. Mér finnst hins vegar vanta aðeins upp á þann anda sem ég þekki. Að vera tilbúinn til að deyja fyrir næsta mann og félagið. Það er kannski afleiðing af því róti sem hefur verið á síðustu árum með heimavöllinn. Það hefur vantað rætur. Það er bara okkar gömlu mannanna að innleiða þetta aftur, þetta „killer instinct.“

Gott að þú minnst á aldurinn, ertu

látinn finna fyrir því að vera elsti maður liðsins?

„Nei, það þorir því enginn! Ég lét finna fyrir mér á æfingum og slepp mest við leiðinda glósur vegna aldursins. Sný þeim fáu skotum sem koma yfirleitt tilbaka á þá sem skjóta þeim. Það bjargar líklega miklu að ég er líka stærstur og frekastur.“

Margt hægt að laga

Fúsi fór fyrir skömmu í stóra hnéaðgerð þar sem reynt var að laga miklar skemmdir á brjóskinu í hné hans, aðgerð sem hefur kostað marga íþróttamenn ferilinn. Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að hann nálgast hærra aldursmörk handboltamanna hlýtur Fúsi að hafa leitt hugann að framtíðinni í boltanum.

„Já, ég hef gert það mikið! Ég hef verið að afla mér upplýsinga í gegnum tíðina. Safnað æfingum, sérstaklega frá Alfreð Gíslasyni og þjálfaranum mínum á Spáni til að búa mig undir það að þjálfra. Svo hef ég einbeitt mér talsvert að málum yngri flokkanna hér. Mér finnst vera alltof mikil áhersla á sigur á kostnað þess að læra íþróttina og njóta hennar og félagsskaparins. Hitt kemur seinna. Ég hef verið að vinna að námskrá fyrir

hvern flokk fyrir sig og svo er ég hrifinn af þeim aðferðum sem hefur verið beitt í körfunni hérna heima. Þar fá lið í yngri flokkum aukastig ef allir leikmenn taka þátt í leiknum. Það heldur krökkum lengur í sportinu og ætti að gefa fleiri sterka menn síðar því margir blómstra ekki fyrir en komið er fram í menntaskóla og ekki margir hanga í þessu endalasta ef þeir fá aldrei að vera neitt með. Mig langar að sinna þessu betur en fyrst ætla ég að sjá til hvernig fer með hnéð á mér. Ég geri það sem ég get en náttúran á síðasta orði.“

Eitthvert síðasta orð frá Fúsa?

„Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði. Ég veit að þetta er klisja en þetta á alltaf vel við og kannski sérstaklega á þessum tímum sem við lifum núna. Ég fylgdi þessu ekki alltaf sjálfur sem krakki en hefði sennilega betur gert það.“

Með þessum orðum Sr. Friðriks, höktir Fúsi á hækjunum út í haustökkrið með sitt kunnuglega glott á andlitinu. Þó að skrokkurinn sé farinn að láta á sjá eftir árin er andinn sterkari en nokkru sinni fyrr og undri niðri glittir ennþá í markmanninn í rauða Létt&Laggott gallanum.

Bikarmeistararitill í meistaraflokki karla og fjölgun yngri iðkenda



Meistaraflokkur karla í handknattleik 2007–2008. Frá vinstri: Hörður Gunnarsson varaformaður Vals, Guðni Jónsson liðstjóri, Ernir Hrafn Arnarsson, Orri Freyr Gíslason, Anton Rúnarsson, Sigfús Páll Sigfússon, Arnór Gunnarsson, Sigurður Eggertsson, Ingvar Guðmundsson, Ólafur Haukur Gíslason fyriliði, Fannar Þór Friðgeirsson, Ingvar Árnason, Gunnar Harðarsson, Kristján Karlsson, Óskar Bjarni Óskarsson hjálfari, Sveinn Stefánsson formaður. Á myndina vantar Pálmar Pétursson, Elvar Friðriksson og Baldvin Þorsteinsson. Ljós. Bonni.

Skýrsla handknattleiksdeildar 2008

Breytingar á stjórn handknattleiksdeildar Vals urðu nokkrar, Stefán Karlsson hætti sem formaður deildarinnar og tók við stöðu fjármála- og markaðstjóra Vals, þá hefur Jóhann Birgisson hætt í stjórn eftir langt og óeigingjarnt starf fyrir hkd. Vals eða svo lengi sem elstu menn muna og er þeim þakkað sérstaklega fyrir vel unnin störf fyrir félagið.

Stjórn handknattleiksdeildar Vals starfsárið 2008–2009 er þannig skipuð:

Sveinn Stefánsson, *formaður*
Ómar Ómarsson, *varaformaður*
Bjarni Már Bjarnason, *meðstjórnandi*
Gunnar Þór Möller, *meðstjórnandi*
Lilja Valdimarsdóttir, *meðstjórnandi*
Sigurjón Práinsson, *meðstjórnandi*

Meistaraflokkur karla

Þjálfarar mfl.karla eru þeir sömu og undanfarin 5 ár, Óskar Bjarni Óskarsson (silfurverðlaunahafi frá Ólympíuleikunum í Peking) og honum til aðstoðar er hinn þrautreyndi Heimir Ríkardsson. Jóhannes Lange sér um markmannshjálfun, Guðni Jónsson er liðstjóri sem

fyrir og Sólveig Steinþórsdóttir sjúkraþjálfari.

Annað árið í röð landaði mfl.karla stórum titli og í þetta skiptið var það Eimskipsbikarmeistarartitillinn sem vannst eftir öruggan 30-26 sigur á Safarmýrarpiltum í Laugardalshöllinni. Slegið var upp mikilli veislu í Vodafonehöllinni eftir leik þar sem stuðningsmenn fögnuðu bikarnum með leikmönnum og verður ekki ofsögum sagt að Gunnari Möller hafi tekist kraftaverk að breyta íþróttsalnum í flottasta veislusal landsins á aðeins nokkrum klukkustundum.

Í N1-deildinni lentu strákarnir í 3. sæti eftir harða baráttu um annað sætið við HK, en Haukar sigruðu deildina að þessu sinni með nokkrum yfirburðum. Það var fyrst og fremst léleg byrjun í upphafi móts sem var þess valdandi að við gátum aldrei ógnað Haukum. Liðið sótti í sig vedrið með hverjum leiknum og má með sanni segja að þátttaka í meistaradeild Evrópu hafi hjálpað mikið til við að slípa liðið saman.

Þá vann liðið sér þátttökurétt í N1-deildarbikarkeppninni sem leikin var milli jóla og nýárs, en liðið datt út eftir tap á móti Haukum 27-26.

Breytingar á leikmannahópi mfl.karla

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópnum í sumar, Fannar Þór Friðgeirsson ákvað að ganga til liðs við Stjórnuna og Ægir Hrafn Jónsson til liðs við Gróttu. Til liðs við okkur fengum við Ólympíuhetjuna Sigfús Sigurðsson sem kom aftur heim á Hlíðarenda eftir 6 ár í atvinnumenssku í Pýskalandi og á Spáni. Þá fengum við Heimi Örn Árnason sem valinn var besti leikmaður N1-deildarinnar á síðasta tímabili frá Stjórnunni en Heimir er okkur að góðu kunnur síðan hann lék með Val árin 2004 og 2005. Þá tóku Valsaramir Hjalti Gylfason, Davíð Ólafsson og Arnar Sveinn Geirsson skóna fram að nýju eftir nokkurt hlé frá handboltaiðkun. Arnar Sveinn lék reyndar sinn fyrsta meistaraflokksleik í handbolta og fótbolta í september sl. þrátt fyrir að vera aðeins 17 ára gamall en það hefur ekki gerst í langan tíma að leikmaður félagsins spili með meistaraflokki í báðum greinum.

Meistaraflokkur kvenna

Stelpurnar urðu Deildarbikarmeistarar á milli jóla og nýárs í fyrra undir stjórn Ágúst Jóhannssonar, en það var í fyrsta



Meistaraflokkur kvenna í handknattleik 2008–2009. Efri röð frá vinstri: Sveinn Stefánsson formaður hkd. Vals, Ásta Björk Sveinsdóttir liðstjóri, Elín Rós Hansdóttir liðstjóri, Elín Björg Harðardóttir sjúkrahjálfari, Éva Barna, Hafrún Kristjánsdóttir, Íris Ásta Pétursdóttir, Hildigunnur Einarsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Skúladóttir, Guðríður Guðjónsdóttir aðstoðarþjálfari og Stefán Arnarson þjálfari. Nedri röð frá vinstri: Anna Guðmundsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Soffía Rut Gísladóttir, Marta Skorem, Berglind Íris Hansdóttir, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir, Dagný Skúladóttir og Drífa Skúladóttir. Ljós. Ásbjörn Þór.

skipti sem keppnin var á þeim tíma en ekki eftir mót. Sá titill gaf góð fyrirheit um það sem koma skyldi, en því miður náðist ekki alveg að fylgja því eftir með öðrum titli. Liðið átti of marga slaka leiki á tímabili eftir áramót en eftir að hafa dregist gegn Fylki í undanúrslitum bikarkeppni HSÍ virtist sem góðar líkur væru á að þær kæmst í úrslit. Hið unga lið Fylkis kom hins vegar á óvart og sló Valsliðið út á okkar eigin heimavelli. Það tap var afar sárt og þrátt fyrir að komast í örlitinn möguleika á Íslandsmeistararitlinum eftir sigur á Fram tókst ekki að fylgja því eftir og 3. sætið staðreynd. Uppskera ársins var því 3. sæti í deild, undanúrslit í bikar, deildarbikar-meistararitill en auk þessara keppna tók liðið þátt í Áskorendakeppni Evrópu. Þar komst liðið nálægt því að bæta sinn fyrri árangur, en þær féllu út í átta liða úrslitum fyrir franska liðinu Merignac eftir tvo ágætis leiki.

Eftir þriggja ára starf með liðið ákvað Ágústi Jóhannsson að halda á önnur mið. Eru Ágústi þokkuð sérstaklega góð störf í þágu félagsins undanfarin ár. Þá lét Jóhannes Lange af störfum sem aðstoðarþjálfari kvennaliðsins, en hans krafta njótum við þó enn hér í félaginu.

Í kjölfarið var Stefán Arnarson, margreyndur þjálfari og fyrrum landsliðsþjálfari ráðinn sem þjálfari liðsins. Guðríður

Guðjónsdóttir var ráðin aðstoðarþjálfari liðsins, en hún er okkur Valsmönnum að góðu kunn enda þjálfaði hún kvennaliðið á undan Ágústi með góðum árangri. Elín Björg Harðardóttir er sjúkrahjálfari liðsins og í haust tóku Ásta Björk Sveinsdóttir og Elín Rós Hansdóttir við liðstjórn liðsins.

Nokkrar breytingar urðu á leikmannahópnum síðastliðið sumar. Rebekka Skúladóttir, Kristín Collins og Katrín Andrédóttir fóru allar í Fylki. Nóra Valovics hélt heim til Ungverjaland og Anna Guðmundsdóttir lagði skóna á hillauna. Þá fór Jolanta Słapekiene í HK.

Í stað þessara leikmanna komu Marta Skorem, Soffía Rut Gísladóttir og Hrafnhildur Skúladóttir til liðsins. Auk þeirra komu Arna Grímsdóttir, Drífa Skúladóttir, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir og Sigurlaug Rúnarsdóttir úr barneignarleyfi. Hópurinn er því áfram afar breiður og sterkur.


Þegar þetta er skrifað situr liðið í þriðja sæti N1 deildar kvenna. Liðið hefur unnið 7 leiki og tapað þremur og óhætt að segja að það eigi mikið inni. Eins og áður sagði voru þó miklar breytingar á hópnum og liðið eftir að slípast undir stjórn nýrra þjálfara. Nú er fyrirkomulagið þannig að úrslitakeppni fjögurra efstu liða tekur við eftir mót og því mikilvægt að toppa á réttum tíma.

Yngri flokkar Vals

Haustið 2007 byrjuðu æfingar í hinu glæsilega nýja íþróttahúsi, Vodafone höllinni. Yngri flokkarnir höfðu þá undanfarna tvo vetur verið hér og þar að æfa. Það var því mikill fengur að komast heim og í þessa frábæru aðstöðu. Fjölgun í yngri flokkum var strax sjáanleg, eða um 20%. Þjuggust við Valsmenn þó við meiri aukningu en það er ljóst að það mun gerast á næstu árum. Haustið 2008 var fjölgun í handboltanum orðin mun meiri og stafar það jafnframt af góðum árangri íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking. Það má því með sanni segja að handboltaframtíðin er björt á Hlíðarenda.

2. flokkur karla

Eftir að hafa landað þremur Íslandsmeistararitlum í röð (2005, 2006 og 2007) þá var að sjálfsgöðu stefnan sett á þann fjórða enda ekkert annað í boði hjá þessum drengjum. Sex landsliðsmenn höfðu gengið upp í meistaraflokk en fjórir voru þó áfram, þeir Fannar Þór Friðgeirsson, Orri Freyr Gíslason, Anton Rúnarsson og Ingvar Guðmundsson. Flokkurinn æfði með unglingsflokki karla (í dag heitir sá flokkur 3. fl. karla) og einnig nokkrir með meistaraflokki. Árið gekk heilt yfir ágætlega og frábær leikur í 8-liða úrslitum stóð upp úr þar sem liðið vann stór-



Úr úrslitaleik bikarkeppni
HSÍ vorið 2008.

sigur á Stjörnunni. Undanúrslitaleikurinn var gegn HK og reyndist hann mjög spennandi, HK stóð þó uppi sem sigurvegari og vann einnig úrslitaleikinn gegn Akureyri. Valsmenn unnu síðan FH í leik um 3. sætið. Þjálfari flokksins var Heimir Ríkarðsson og honum til aðstoðar var Kristinn Guðmundsson.

Besti leikmaður: Orri Freyr Gíslason

Efnilegasti leikmaður: Ingvar Guðmundsson

3. flokkur karla

Flestir leikmanna flokksins voru á yngra ári (fæddir 1991) en þar eru margir efnilegir strákar sem vonandi eiga eftir að vinna sig upp í meistaraflokk félagsins. Flokkurinn lék í 2. deild og unnu sig upp í úrslitakeppnina þar sem þeir töpuðu fyrir Þór í leik á Akureyri. Kristinn Guðmundsson þjálfaði flokkinn í tvö góð ár og eru honum þökkuað mjög vel unnin störf með þessa stráka. Þeir æfðu með 2. flokki og framfarir voru góðar. Nokkrir af leikmönnum flokksins fengu síðan að æfa með meistaraflokki sumarið 2008 og nýttu það tækifæri vel.

Besti leikmaður: Atli Már Báruson

Mestar framfarir: Ólafur Einar Ómarsson '91

Besta mæting: Brynjólfur Stefánsson

4. flokkur karla

Það var sama sagan með 4. flokk og 3. flokk, flokkurinn samanstóð af leikmönnum

um á yngra ári (fæddir 1993) það var líka raunin í 5. flokki og nokkuð áhyggjuefni hjá okkur Valsmönnum að það vanti alltaf inn í nokkra árganga hjá okkur. Í flokknum eru efnilegir keppismenn sem eiga eftir að ná langt með réttari þjálfun. Flokkurinn lék í 2. deild og stóð sig ágætlega, æfðu vel og framfarir þó nokkrar. Sveinn Aron Sveinsson var haustið 2008 valinn í 1992 landsliði Íslands.

Þjálfari flokksins Ólafur Snorri Rafnsson þjálfar nú hjá Aftureldingu og þökkum við honum vel unnin störf.

Besti leikmaður: Bjartur Guðmundsson

Mestar framfarir: Baldvin Fróði Hauksson

Besta mæting: Egill Gunnarsson

Maggabíkarinn: (besti félaginn í flokknum valið af strákunum sjálfum og bikarinn gefin í minningu Magnúsar Blöndal) Valdimar Grímur Magnússon

5. flokkur karla

Um 16 strákar æfðu í 5. flokki og hélt sá flokkur úti tveimur liðum sem tók þátt í fimm Íslandsmótum. Tveir af leikmönnum þessa flokks hafa í ár fengið að fara á landsliðsæfingar, þeir Alexander Júlíusson (sonur Júlíusar Jónassonar) með 1994 landsliðinu og Gunnar Þórsson einnig með 1994 landsliðinu en hann er fæddur 1995 og enn í 5. flokki. Flokkurinn stóð sig heilt yfir ágætlega undir stjórn Arnórs Gunnarssonar. Honum til aðstoðar var Arnar Hrafn Árnason sem nú stundar nám í Danmörku. Þeim eru

þökkuð vel unnin störf fyrir félagið.

Besti leikmaður: Alexander Júlíusson

Mestar framfarir: Fjölur Daði Georgsson

Áhugi og ástundun: Haukur Ásberg Hilmarsson

6. flokkur karla

Um 18 strákar æfðu undir stjórn Kristins Guðmundssonar en aðstoðarþjálfari flokksins var Atli Már Báruson. Strákarnir tóku miklum framförum og í þessum flokki eru margir stórefnilegir drengir. Mikill missir er í Kristni sem nú þjálfar hjá HK, náði hann vel til strákanna. Þeir tóku þátt í fimm mótum og var það síðasta á Akureyri þar sem drengirnir stóðu sig vel og enduðu veturinn á skemmtilegan hátt.

Besti leikmaður: Sturla Magnússon

Mestar framfarir: Kolbeinn Ari Arnórsson

Áhugi og ástundun: Daníel Andri Valtysson


7. flokkur karla

Fjölmennasti flokkur yngri flokka Vals undir stjórn Dórotheu Guðjónsdóttur og Ármanns Sigurðssonar. Flokkurinn æfði tvisvar í viku og tók þátt í þremur mótum og stóð sig vel. Mesta fjölgunin var í þessum flokki og héldu þjálfararnir vel utan um flokkinn.

Allir drengirnir fengu verðlaun á uppskeruhátíð flokksins.



Ljósm. Ásbjörn Þór



8. flokkur karla

Um 20 strákar æfðu í 8. flokknum undir stjórn Bjarneyjar Bjarnadóttur og Brynjólfs Sveinssonar. Skemmtilegir og efnilegir drengir sem tóku þátt í þremur mótum og stóðu sig mjög vel. Þeir æfðu 2 í viku yfir árið og framfarir voru góðar.

Allir drengirnir fengu verðlaun á uppskeruhátíð flokksins.

4. flokkur kvenna

Í þessum flokki voru fjórar stelpur á eldra ári (1992) en yngra árið (1993) samanstendur af um 13 stelpum. Þetta er sá flokkur sem á að taka við af meistara-flokknum eftir nokkur ár og því mikilvægt að hlúa vel að þeim. Þær urðu fyrir áfalli um haustið þegar markvörður liðsins sleit krossbönd en Katrín Guðmundsdóttir, skytta frá árinu áður, brá sér í markmannsgallann og stóð sig vel. Stelpurnar stóðu sig ágætlega og eru duglegar að æfa og metnaður er hjá flokknum. Eftirminnilegasti leikur vetrarins hjá stelpunum er án efa sigur á Haukum í bikarnum, eftir framlengingu og vítakeppni. Þess ber að geta að Haukar urðu einmitt Íslandsmeistarar í þessum flokki. Sumarið 2008 fór svo yngra árið á Partille Cup og tókst sú ferð mjög vel. Ásdís Vídalín var valin í 15 ára landslið kvenna um veturinn. Davíð Ólafsson þjálfaði flokkinn en Bjarney Bjarnadóttir tók svo við flokknum í haust þar sem Davíð ákvað að spila með meistaraflokki Vals og þökkum við Davíð fyrir góð störf og vonumst til að hann taki titil sem leikmaður í ár.

Besti leikmaður: Birna Guðmundsdóttir
Mestar framfarir: Sara Sigurðardóttir
Áhugi og ástundun: Katrín Guðmundsdóttir

5. flokkur kvenna

Eins og svo margir flokkar félagsins þetta

árið þá voru flestar stelpurnar á yngra ári, æfðu vel og stóðu sig einnig vel undir stjórn Bjarneyjar Bjarnadóttur. Gaman var að sjá agann á stelpunum og framfarirnar. Þær tóku þátt í fimm mótum á vegum HSÍ og enduðu svo veturinn á að fara á Húsavíkurmótið ásamt 5. flokki karla. Mótin úti á landi þjappa alltaf flokkunum saman og eru nauðsynleg í yngri flokkunum. Í þessum flokki eru stelpur sem eiga eftir að láta að sér kveða í framtíðinni, efnilegar í handbolta og alltaf tilbúnar að aðstoða félagið ef þörf er á.

Besti leikmaður: Lea Jerman Plesec
Mestar framfarir: Morgan Marie Mcdonald Þorkelsdóttir
Áhugi og ástundun: Fífa Eik Hjálmarsdóttir og Hulda Hrund Björnsdóttir

6. flokkur kvenna

Þær voru fámennar en duglegar í 6. flokki kvenna og tóku þátt í fimm mótum og enduðu á skemmtilegu og góðu móti í Vestmannaeyjum, þar sem liðið vann sína deild. Stelpurnar voru allar á eldra ári og er það okkar skylda í Val að ná inn fleiri stelpum í félagið og hlúa vel að þeim. Arnar Ragnarsson þjálfaði stelpurnar en hann stundar nú nám í Danmörku og þökkum við honum vel unnin störf sem þjálfari og dómari en hann dæmdi marga leiki þennan veturinn og gerði það vel.

Besti leikmaður: Marta Kristín Friðriksdóttir
Mestar framfarir: Grace McDonald Þorkelsdóttir
Áhugi og ástundun: Ásta Rún Agnarsdóttir

7. flokkur kvenna

Æfðu tvisvar í viku og tóku þátt í þremur mótum. Sama sagan þar og í 6. flokknum

að flokkurinn var ekki stór en duglegar stelpur sem stóðu sig vel. Arnar Ragnarsson var einnig með 7. flokki kvenna og náði vel til stelpnanna.

Allar stelpurnar fengu verðlaun á uppskeruhátíð félagsins.

8. flokkur kvenna

Þetta var fyrsta árið þar sem félagið var með æfingar fyrir þennan aldur og æfðu stelpurnar einu sinni í viku og tóku þátt í einu móti, Stjórnumótinu í Ásgarði. Um 10 stelpur æfðu vel og í ár æfa þær tvisvar í viku og munu taka þátt í þremur mótum. Þjálfari flokksins var Bjarney Bjarnadóttir og hefur hún unnið mikið og gott starf með yngri flokka félagsins undanfarin ár.

Allar stelpurnar fengu verðlaun á uppskeruhátíð félagsins.



Þakkir til þeirra sem að starfinu hafa komið

Stjórn handknattleiksdeildar vill þakka starfsmönnum félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Þjálfurum, styrktaraðilum, stuðningsmönnum og öllum þeim fjölmörgu sjálfbodaliðum sem að starfinu hafa komið og hjálpuðu til við að gera umgjörð heimaleikja þá flottustu á landinu undir öruggri stjórn Jóa Lange. Ekki er hægt að ljúka þessari samantekt án þess að þakka sérstaklega þeim Gísla, Jóa, Bjössu, Sigga, Frikka og Ebba fyrir frábær störf í þágu handknattleiksdeildarinnar og félagsins alls.

Sveinn Stefánsson
Formaður handknattleiksdeildar Vals



Valur – Bikarmeistari í handknattleik karla 2008



Ljós. Guðni Karl

Vil vinna ALLA TITLA sem eru í boði

Elvar Friðriksson er 22ja ára og leikur handbolta með meistaraflokki

Nám: Lögfræði í HR í 2 ár, tók mér pásu og er að vinna hjá Nova í vetur.

Kærasta: Nei.

Einhver í sigtinu: Já.

Hvað ætlar þú að verða: Farsæll, hamingjusamur og gera það sem veitir mér ánægju.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum: Mætt á leiki, með góðu spjalli og stutt mig ef mig hefur vantað eitthvað.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni: Arnór litli frændi minn, margfaldur meistari í skíðagöngu á Ísafirði.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Að vinna hjá Ríkisskattstjóra.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Valur Íslands- og bikarmeistari.

Af hverju handbolti: Eina vitið.

Af hverju Valur: Hef búið í Hlíðunum síðan ég var 5 ára, lá beinast við.

Helstu afrek í öðrum íþróttageinum: Úff, veit það ekki, ekki úr miklu að velja. Þegar við unnum Pepsi mótið á Akranesi þegar ég var í marki í fótbolta, hef sennilega verið svona 10 ára.

Eftirminnilegast úr boltanum: Næstmarkahæstur á EM í Serbíu, úrslitaleikur við Fram í 4. flokki, úrslitaleikur við Víking í 2. flokki, Íslandsmeistari með meistaraflokki 2007, bikarmeistari í fyrria og sigur á Celje Lasko í Vodafonehöllinni í fyrria.

Hvernig var síðasta tímabil: Fínt, bikarmeistarar og unnum Celje. En hefðum alveg mátt sýna meiri stöðugleika og standa okkur betur í heildina.

Ein setning eftir tímabilið: Það fer í „experience bank“

Hvernig gengur í vetur: Það gengur mjög vel, en sumt sem má laga eins og staðan er núna.

Hver eru markmiðin í handboltanum í Val á þessu tímabili: Vil vinna alla titla sem eru í boði.

Besti stuðningsmaðurinn: Konni.

Skemmtilegustu mistök: Skemmtilegustu mistök sem ég hef orðið vitni að í leik, eru þegar Pálmar markmaður varði bolta og ætlaði að standa upp og kasta boltanum fram, en það vildi ekki betur til en svo að hann missti boltann í gegnum klofið á sér inn í markið. Fyndna var að þetta var sjónvarpsleikur og sjálfsmarkið var endursýnt hægt aftur og aftur.

Eftirminnilegasti þjálfarinn: Hannes Jón, snarruglaður.

Fyndnasta atvik: Það eru tvö sem standa upp úr í mínum huga annað er það þegar Heimir Árna fór beint í sjónvarpsviðtal eftir leik. Hann hefur sennilega verið of ákafur í vatn því þegar hann steig inn í viðtalið þá hékk dinglandi slef niður af hökunni á honum og hann var með það allt viðtalið. Fréttamaðurinn gerði heidarlega tilraun til þess að ná því með mæknunum en það tókst ekki.

Ætli hitt sé ekki þegar við unnum Celje og allir voru að fagna á öðrum vallarhelmingnum og þá sést Óskar á hlaupum fagnandi, hoppandi og gargandi á hinum helmingnum einn síns liðs.

Stærsta stundin: Íslands- og bikarmeistari í meistaraflokki og fyrsti unglíngalandsliðsleikurinn.

Athylisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val: Pálmar Pétursson, gerast ekki meira orginal.

Hvað lýsir þínum húmor best: Steiktur.

Mottó: Lífið er stuttur draumur.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Í góðra vina hópi og þegar gengur vel í leik.

Skemmtilegustu gallarnir: Get verið skemmtilega utan við mig.

Fullkomið laugardagskvöld: Gisele Bündchen, góður matur og fallett umhverfi.

Landsliðsdraumar þínir: Fara alla leið í þeim málum.

Besti söngvari: Eddy Wedder.

Besta hljómsveit: Band of Horses, Kings of Leon og Pearl Jam.

Besta bíómynd: Eternal sunshine of the spotless mind, Crash og Into the wild.

Besta bók: Óbærilegur léttleiki tilverunnar.

Besta lag: Champagne Supernova með Oasis.

Uppáhaldsvefsíðan: mbl.is.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Arsenal.

Uppáhalds erlenda handboltafélagið: Flensburg.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Christian Bale

Nokkur orð um núverandi þjálfara: Metnaðarfullur, hæfur, ósérhlífinn, myndinn.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Ekkert, mér finnst allt starf sem unnið hefur verið til fyrirmyndar.

Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda: Hún er algjör snilld, besta aðstaða á landinu.



Uppskeruhátíð handknattleiksdeildar 2008



8. fl. kvenna og þjálfarar.



8. fl. karla og þjálfarar.



7. fl. kvenna og þjálfarar.



7. fl. karla og þjálfarar.



6. fl. kvenna. Grace McDonald Þorkelsdóttir, Marta Kristín Friðriksdóttir, Ásta Rún Agnarsdóttir og Ólafur Gíslason.



6. fl. karla. Kolbeinn Ari Arnórsson, Daníel Andri Valtýsson, Sturla Magnússon og Elvar Friðriksson.



5. flokkur kvenna. Fífa Eik Hjálmarsdóttir, Morgan Marie McDonald og Lea Jerman Plesec Þorkelsdóttir.



5. flokkur karla. Haukur Ásberg Hilmarsson, Alexander Júlíusson, Fjölfnir Daði Georgsson og Arnór Gunnarsson og Arnar Hrafn Árnason þjálfarar.



4. fl. kvenna. Elvar Friðriksson, Katrín Guðmundsdóttir og Sara Sigurðardóttir.



4. flokkur karla. Bjartur Guðmundsson, Baldvin Fróði Hauksson og Egill Gunnarsson.



Maggabíkarinn, besti félaginn. Valdimar Grímur Magnússon.



3. fl. karla. Kristinn Guðmundsson þjálfari, Ólafur Einar Ómarsson, Brynjólfur Stefánsson og Atli Már Báruson.



2. fl. karla. Ingvar Guðmundsson, Orri Freyr Gíslason, Heimir Ríkharðsson og Stefán Karlsson.



Meistaraflokkur karla. Baldvin Þorsteinsson og Arnór Gunnarsson.



Meistaraflokkur kvenna. Ágúst Jóhannsson, Eva Barna, Hildigunnur Einarsdóttir og Jóhannes Lange.

Valur skipar stóran sess í hjarta mínu

**Hörður Gunnarsson
varaformaður
Knattspyrnufélagsins
Vals hefur verið í
forystusveit félagsins
árum saman og setið í
stjórnnum hjá félaginu
samfellt í rúmlega 20 ár**

Hörður Gunnarsson tók vel í beiðni Valsblaðsins um viðtal sem fram fór sunnudagssíðdegis í Valsheimilinu að Hlíðar-enda þar sem hann kann ákaflega vel við sig. Á yngri árum lagði Hörður stund á körfubolta, handbolta og fótbolta á Fáskrúðsfirði oft við frumstæðar aðstæður þar sem hann er fæddur og uppalinn. Þegar hann flutti til Reykjavíkur á unglingsárum hóf hann að æfa körfubolta með meistaraflokki Vals. Fljótlega hóf hann þátttöku í félagsstarfi og hefur alla tíð verið mjög virkur í þeim efnum og hefur nú setið samfellt í rúmlega 20 ár í stjórnnum hjá félaginu, þar af varaformaður síðustu 10 árin. Hann hefur óbilandi trú á félaginu og margar athyglisverðar hugmyndir um eflingu starfsins. Hann telur að á komandi árum sé mikilvægt að hlúa að innra starfi og uppbyggingu félagsstarfs og auka sérstaklega tengslið við hverfið og laða að fleiri sjálfbodaliða til starfa, en hingað til hafi mestur hluti af tíma stjórnar árum saman farið í að huga að rekstri og framkvæmdum.

Hörður er fæddur og uppalinn á Fáskrúðsfirði og stundaði eins og áður sagði handbolta, knattspyrnu og síðan körfuknattleik í æsku á Fáskrúðsfirði, oft við mjög frumstæðar aðstæður. „Til dæmis var ekkert íþróttahús og við æfðum á veturna í litlum sal sem var u.þ.b. helm-ingur af sal gamla íþróttahússins okkar á Hlíðar-enda. Þar voru t.d. ekki mörk heldur voru þau máluð á veggina svo nærri



Hörður Gunnarsson með heiðursorðuna sem hann fékk frá Val fyrir nokkrum árum.

má geta hvort ekki hafi oft verið tekist á um það hvort boltinn var inni eða úti. Inn úr hornunum fór enginn án þess að fara upp í rimla. Enginn var grasvöllurinn til knattspyrnuíðkunar heldur kom grófur malarvöllur undan snjónum, oft þegar komið var vel fram á sumar. Aðstöðuleysi kom þó ekki í veg fyrir mikinn áhuga á íþróttaiðkun og frá 8 ára aldri var ég félagi í Ungmannafélaginu Leikni á Fáskrúðsfirði. Á unglingsárum lagði ég nær eingöngu stund á körfuknattleik þó svo að aðstaðan hafi ekki boðið upp á að hægt væri að stilla upp fullskipuðu liði,“ segir Hörður. „Sem dæmi má nefna að þegar ég var 17 ára þá spiluðum við í Leikni úrslitaleik í körfubolta við Fram sem þá var með afar gott körfuboltalið en þá vorum við flestir að spila okkar fyrstu leiki á löglegum körfuboltavelli.“

Valur varð frá unga aldri uppáhaldsfélagið mitt

„Ég byrjaði ungur að fylgjast með Val og tók strax ástfóstri við félagið úr fjarlægð þó svo að mörg ár liðu þangað til ég komst á Hlíðar-enda til að berja hetjurnar augum. Á mínum uppvaxtarárum var Mulningsvélín í algleymingi og Óli Ben, Óli Jóns, Stefán Gunnars og fleiri úr því liði fönguðu huga minn allan sem

og Hermann Gunnarsson, Sigurður Dags-son o.fl. úr knattspyrnuliði Vals. Fyrsti íþróttaviðburður sem Valur tók þátt í og ég sá var þegar Valur kom austur á Neskaupsstað og spilaði við Þrótt í bikarkeppninni. Það er mér ákaflega minnstætt. Ég var einn örfárna á vellinum sem fagnaði ósvikið mörkunum fimmtán sem Valur skoraði í leiknum en Valur vann 15:0. Fyrir mér var Valur félag með hefðir og metnað. Þess vegna er Valur væntanlega sigursælasta félag landsins,“ segir Hörður stoltur Valsari.

Byrjaði ungur í stjórnarstörfum hjá Val

„Ég kom suður 18 ára og byrjaði strax að æfa körfubolta með Val og þá áttu Valsarar skærar stjórnur í körfunni, t.d. Torfa, Rikka, Kristján, Þóri Magnússon og ég kom inn í aðdraganda að besta gullaldarskeiði Vals í körfubolta. Ég leit alltaf upp til þessara leikmanna og það var gaman að kynnast þeim og æfa með þeim. Ég var ljósárum á eftir þeim í undirbúningi og átti ekki mikla möguleika á að festa mig í liðinu en þetta var samt skemmtilegur tími, en ég átti ekki langan feril í körfubolta hjá Val,“ segir Hörður. Hann sat um tveggja ára skeið fyrir Val í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands sem og

hann segir að það hafi verið mjög gefandi tími en hugur hans stóð alltaf til starfa á Hlíðarenda. „Ég hóf stjórnarstörf fyrir Val fyrir um tuttugu árum og þá fyrstu fjögur árin í stjórn körfuknattleiksdeildar, en síðan hef ég verið í aðalstjórn félagsins um sautján ára skeið og þar af sem varaformaður í 10 ár. Á þessum tíma hefur gengið á ýmsu hjá Val eins og hjá öðrum félögum. Erfiðast var þó að upplífa ítrekað brotthvarf meistaraflokks karla úr efstu deild en á móti kom að handknattleiksdeildin safnaði titlum í hús sem og knattspyrna kvenna. Á árinu 2007 sprakk svo félagið út afrekslega en þá unnum við þrjá af stærstu bikurum ársins og þar á meðal langþráðan Íslandsmeistaratitil í meistaraflokki karla í knattspyrnu. Að þeim titli frátöldum gladdi það mig meira en orð fá lýst þegar sonur minn Gunnar varð Íslandsmeistari með félaginu í handbolta þá nýgenginn til liðs við Val, en hann vann reyndar fjóra titla þetta tímabil með félaginu í meistara- og 2. flokki,“ segir stoltur stjórnarmaður og faðir.

Tuttugu ár er langur tími í stjórnarsetu, ómetanlegur stuðningur fjölskyldu

Hörður segir að oft hafi verið erfiðleikar í rekstri félagsins sem reyndu mjög á þolrif forystumanna félagsins og á slíkum tímum segir hann að það hefði verið freistandi að standa upp frá borðum og verja frítíma sínum í aðra hluti. „En í mínum huga kom það ekki til greina þar sem þetta félag skipar of stóran sess í hjarta mínu að brotthvarf við slíkar aðstæður væri valkostur. Tuttugu ár er langur tími í stjórnarsetu og því verður ekki á móti mælt að oft hefur fjölskyldan verið látin víkja fyrir félaginu. Þegar maður leyfir sér að taka þátt í krefjandi félagsstarfi árum saman er ótvíræður stuðningur fjölskyldunnar nauðsynlegur. Að baki hvers manns þarf að standa kona og í mínu tilfelli hefur konan mín Fanný Gunnarsdóttir stutt mig og félagið dyggilega og lagt margt gott til málanna. Ég sé ekki eftir þeim tíma sem ég hef verið fyrir félagið, hann hefur oftast verið gefandi og skemmtilegur og ég vona að ég hafi skilað Val fram á veginn með störfum mínum. Það var mikil viðurkenning fyrir mig og virkilega skemmtileg stund þegar við félagarnir Reynir Vignir og Grímur vorum sæmdir heidursorðu Vals á 95 ára afmæli félagsins,“ segir Hörður.



Hörður Gunnarsson með strákunum í Leikni á Fáskrúðsfirði eftir fyrsta kappleik hans í handbolta sem var 1971 við Hrafnkel Freysgöða frá Breiðdalsvík.

ur. Hann hvetur konur til að gefa kost á sér til stjórnunarstarfa í öllum deildum félagsins. „Það er mín skoðun að rödd kvenna jafnt sem karla verði að heyrast innan stjórna félagsins og í almennu starfi þess. Í stjórnnum undanfarinna ára hefur verið leitast við að kalla konur til starfa en því miður hefur það ekki borið nógu mikinn árangur,“ segir Hörður.

Stjórnarseta í félaginu hefur að stórum hluta verið varnarbarátta þar sem starfið hefur snúist um það hvernig hægt sé að tryggja fjárhagslegan rekstur félagsins og því hafi minni tími gefist til að styrkja innviði þess. „Nú tel ég að við getum loks farið að sinna skyldum okkar til raunverulegrar uppbyggingar innra starfs í félaginu og ég vil meina að það sé fínt að eiga góða aðstöðu en það er til einskis ef ekki kemst aukinn þróttur í innra starfið þó að vissulega sé margt vel gert í dag. Mér finnst að við þurfum að efla áhugamannastarfið og sjálfbodastarfið og við verðum að búa þeim sem hafa áhuga á að starfa fyrir félagið góð skilyrði en ég vil meina að fólk eigi að geta tekið að sér ýmis störf og látið gott af sér leiða innan félagsins. Við höfum ýmsum skyldum að gegna gagnvart barna- og

unglingastarfinu og við verðum að taka vel á móti krökkum, gera þeim kleift að stunda íþróttir í sem fjölbreyttastri mynd, fá hreyfingu og öðlast félagslegan þroska og foreldrar verða að geta treyst því að börnin þeirra séu í öruggum höndum hjá okkur,“ segir Hörður ákveðinn.

Hefja þarf starf sjálfbodaliðans til vegs og virðingar á ný

Hörður telur að í þeirri miklu og glæsilegu uppbyggingu sem orðið hefur hjá Val á undanförunum árum hafi dregið úr starfi hins almenna sjálfbodaliða, þó sem betur fer sé ákveðinn hópur einstaklinga sem af förmýsi leggi félaginu til ómælda vinnu. Þróunin hefur orðið sú að stærra og stærra hlutfall af rekstri félagsins sé unnið af launuðu starfsfólki. „Hér verða menn að staldra við og hefja starf sjálfbodaliðans til vegs og virðingar á ný fyrir öðru er ekki grundvöllur enda á ánægja af sjálfbodaliðsstarfi að vera næg umbun í sjálfu sér. Valur er ekki og verður ekki sterkari en þeir félagsmenn sem eru til staðar hverju sinni. Í dag er eftirsóknarvert fyrir fólk að koma til starfa fyrir félagið, á forsendum hvers og eins. Við

þurfum að fá margs konar fólk til sjálfboðastarfa sem ekki er eingöngu komið til að safna peningum í rekstur. Við höfum glæsilega aðstöðu, gott starfsumhverfi og fjölbreytt verkefni sem áhuga-vert er fyrir fólk að takast á við ef það á annað borð hefur áhuga á félagsstörfum. Það sem gefur áhugamannstarfi eða sjálfboðaliðastarfi gildi er samvera og samstarf við gott fólk. Að sjá afrakstur þeirrar vinnu sem lögð er í starfið gefur svo ótrúlega mikið til baka. Í starfinu hér að Hlíðarenda í gegnum árin hef ég kynnst og unnið með mörgu góðu og hæfu fólki sem síðan hefur leitt til langrar vináttu," segir Hörður og leggur áherslu á orð sín.

Stefna félagsins og framtíðarsýn

„Ég hef skýra framtíðarsýn fyrir hönd Vals. Ég vil að við tökum forystu á fleiri sviðum en afrekssviði íþróttá þó það markmið verði alltaf eitt af meginstöðunum í starfi félagsins. Við megum ekki gleyma því að til okkar eru gerðar miklar kröfur af hálfu iðkenda, foreldra, félagsmanna og alls samfélagsins. Því verður að tryggja að á hverjum tíma hafi félagið á að skipa vel menntuðum og hæfum þjálfurum sem gera sér vel grein fyrir þeirri miklu ábyrgð sem hvílir á herðum þeirra. Að taka þátt í að ala upp og móta holl og jákvæð lífsgildi barna og unglunga er eitt af mikilvægustu hlutverkum góðs þjálfara. Við verðum að standa undir trausti foreldra og samfélagsins hvað þetta varðar. Tengt þessu má nefna að nú á haustdögum höfðum við samband við Lýðheilsustöð varðandi framboð á söluvörningi í sjoppunni. Auðvitað á verslun í íþróttahúsi fyrst og fremst að bjóða upp á hollt fæði og draga eins og kostur er úr framboði á gosi og sælgæti," segir Hörður.

Forvarnargildi íþróttá

Hörður segir að ýmsar rannsóknir sýni að virk þátttaka í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi sé ein af bestu forvörnum sem völ er á, krakkar sem eru í skipulögðu íþróttastarfi leiðist síður af réttir braut en aðrir, gangi betur í námi o.s.frv. „Við þurfum að taka höndum saman við skólana á félagssvæði okkar og hvetja sem flesta krakka til að koma til okkar. Við þurfum líka að skoða umgjörðina hjá okkur, t.d. í tengslum við leiki. Við getum ekki vikið frá forvarnargildum og við höfum ákveðna fjármuni frá samfélaginu

til að sinna þessum málum og við þurfum að vera samkvæm sjálfum okkur og megum engan afslátt gefa,“ segir Hörður ákveðinn.

Íþróttastarf fyrir fleiri en afreksmenn

„Það væri mjög áhugavert að við reyndum að halda úti íþróttastarfi fyrir þá unglunga sem ekki velja að fara áfram í keppnisíþróttir. Það er stór hópur sem dettur út á ári hverju á viðkvæmum aldri þar sem ungmennin sjá sig ekki sem keppnismenn framtíðarinnar. Við í okkar hverfi verðum einnig að horfa til þeirra barna og unglunga sem koma frá eða eiga rætur í ólíkum menningarsamfélögum og hafa því mismunandi þarfir. Það er mjög nauðsynlegt að verjast brotthvarfi krakka úr íþróttum eins lengi og mögulegt er. Í staðinn fáum við góða félagsmenn sem oftar en ekki finna sér stað í almennu starfi félagsins. Einnig verðum við að halda áfram á þeirri braut að gera báðum kynjum jafn hátt undir höfði og jafna stöðu kynjanna til íþróttaiðkunar. Það er gleðiefni að sjá hvað kynjahlutfall iðkenda er jafnt hjá Val,“ segir Hörður.

Hann bindur miklar vonir við að Ragnhildur Skúladóttir yfirmaður barna- og unglungasviðs nái að breyta áherslum í starfinu að því leyti að finna öllum iðkendum viðfangsefni við hæfi og vinna gegn brottfalli úr íþróttum. Þar telur hann að félagið hafi ákveðnum samfélagskyldum að gegna og það sé alveg ljóst að ekki stefna allir á að verða afreksmenn og til þess eru margvíslegar ástæður. „Ég vil að á ákveðnu aldursbili þá tvískiptum við hópnum og bjóðum þeim sem ekki stefna á afreksárangur upp á að halda áfram að æfa hjá félaginu og taka þátt í félagslegum verkefnum. Hinir fara hefðbundna leið keppnisíþróttá. Með slíkum aðgerðum myndum við tefja brotthvarf úr íþróttum sem ég tel mikilvægt markmið. Einnig hef ég trú á því að upp úr slíku starfi komi góðir og gildir félagsmenn eins og úr keppnisíþróttunum. Þeir sem eru í stjórnunarstörfum eða sjálfboðaliðar hjá félaginu eru ekki endilega gamlir afreksmenn. Um þessa þætti hafa farið fram umræður innan félagsins og ég tel að ekki sé eftir neinu að bíða að búa til þessar tvær leiðir fyrir unglunga frá fermingaráldri, það er einfaldlega næsta skref að hrinda þessu í framkvæmd hjá okkur. Bjóða þarf upp á mismunandi fjölda æfinga og álag og leggja meiri áherslu á

félagstarf og skemmtanagildi íþróttá í stað þess að hætta alveg að leggja stund á íþróttir eða stefna á afreksárangur. Svona aðgerð er jafnframt mikilvægt forvarnarstarf en mér finnst sorglegt að sjá á eftir góðum Valsmönnum á unglingsárunum,“ segir Hörður.

Betri tengsl Vals við grenndarsamfélagið

Valur þarf að tengjast betur sínu grenndarsamfélagi að mati Harðar en oft er talið um að félagið sé ekki hverfisfélag í hefðbundnum skilningi. Samstarf við íbúasamtök sé lítið sem ekkert og því þurfi að breyta öllum til hagsbóta. Opna þurfi félagið fyrir öllum íbúum svæðisins svo hver og einn geti sótt Hlíðarenda heim á sínum forsendum, allt frá börnum til eldri borgara. „Valur þarf því að hafa á að skipa fagfólki sem getur unnið með ólíka hópa að ólíkum markmiðum. Það er ýmislegt enn eftir óunnið við að tengja saman skólalag barna og unglunga og íþróttaiðkun. Markmiðið er að vinnudagur barnanna okkar verði heildstæður og uppbyggilegt starf í félagi eins og Val verði hluti af daglegu lífi barnanna.

Virgari og fleiri stuðningsmenn

„Margir stuðningsmenn eru mjög duglegir að leggja sitt af mörkum hjá félaginu en það má ekki misbjóða þeim, því miður kemur það fyrir að þeir sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum fá nóg og gefast upp og láta ekki sjá sig nærri Hlíðarenda næstu árin. Okkur vantar fleira fólk til að tryggja sem bestan undirbúning og framkvæmd viðburða og kappleikja. Við verðum að fjölga virkum stuðningsmönnum og þar er mikilvægt að ná sem bestri tengingu við hverfið okkar. Við þurfum líka að virkja fleiri en foreldra, það geta allir fundið sér störf innan félagsins þótt þeir eigi ekki börn sem iðkendur, t.d. hef ég lengstum tekið þátt í félagsstarfi hjá Val af áhuga. Við höfum því miður náð of lítilli tengingu við hverfið þar sem búa hátt í 20 þúsund manns, t.d. höfum við nánast engin tengsl við hverfafélagið en aukin tengsl við skólana í hverfinu eru jákvæð. Félögin í hverfinu eiga að geta sótt styrk sinn til okkar og við til þeirra og best væri að samnýta kraftana sem mest. Mér finnst því miður að ekki hafi náðst nægilega góð tenging við önnur félagasamtök, t.d. var aðkoma Vals í haust að kynningu á starfsemi í hverfinu ákaflega lítil, en í samanburði er aðkoma

hefðbundinna hverfisfélaga í sambærilegum verkefnum mjög sýnilegt. Að auki er starfi íþróttafélaga í hverfum eins og Grafarvogi, Árbæ og Vesturbæ gefinn mikill gaumur í hverfisblöðum sem gefin eru út að staðaldri. Hér þurfum við að bæta okkur með auknu samstarfi, endurvakningu Valsdagsins o.fl.," segir Hörður úr ákveðið.

Þurfum að hvetja iðkendur til að mæta á heimaleiki

„Mér finnst mikilvægast að fjölga iðkendum á heimaleikjum en því miður eru þeir almennt ekki nægilega virkir í að mæta og styðja við meistaraflokkana okkar. Mér finnst að þjálfarar eigi að leggja mikla áherslu á að krakkar mæti á leiki og atburði hér á Hlíðarenda, ekki síst á stærri viðburði. Þannig þurfum við að sá í grasrótina frá fyrstu tíð og venja ungvíðið við að mæta og einnig hvetja foreldra til að mæta og eiga ýmsar samverustundir með börnum sínum hér að Hlíðarenda. Við þurfum á öllum að halda. Við erum því miður ekki með nægilega marga virka félagsmenn en við þurfum líka að sinna þeim betur. Almennir félagsmenn þurfa að hafa einhverja ánægju af því að sækja í starfið. Það er okkar verkefni í náinni framtíð.“

Draumur um heilsuleikskóla að Hlíðarenda

„Ég hef í nokkur ár látið mig dreyma um að á Hlíðarenda verði settur á stofn heilsuleikskóli, þ.e. leikskóli fyrir börn með hreyfingu og hollt mataræði sem megin þema. Hreyfingarleysi barna er vaxandi vandamál og það væri spennandi tilraun ef við gætum ein og sér eða í samvinnu við fagaðila sett slíkan skóla á stofn fyrst íþróttafélaga hér á landi. Það væri gaman að sjá unga og spræka krakka taka sín fyrstu skref hér á Hlíðarenda,“ segir Hörður.

Félagsmiðstöð fyrir hverfið

„Helst þyrftum við að geta opnað aðstöðu hér að Hlíðarenda fyrir börn og ungmenni, þar sem þau gætu verið í frítíma sínum í uppbyggilegu starfi, við höfum orðið fullkomna aðstöðu til að taka á móti hópum bæði börnum, unglingum og fullorðnum. Við höfum lagt fram þá ósk við Reykjavíkurborg að við fáum að endurreisa félagsmiðstöð fyrir hverfið hér að Hlíðarenda og ég tel raunhæft að það verði að veruleika fljótlega og gæti það skipt miklu máli til að fá aukni líf á svæðið.“



Hörður með syni sínum Gunnari, leikmanni meistaraflokks Vals í handbolta, og eiginkonu, Fannýju Gunnarsdóttur.

Samstarf við Háskólann í Reykjavík

„Á komandi árum verður væntanlega mikil uppbygging í Vatnsmýrinni, m.a. með tilkomu Háskólans í Reykjavík. Margir möguleikar eru í öflugum samstarfi við slíka menntastofnun ekki síst vegna sérstakrar áherslu HR á lýðheilsu. Samstarfið gæti því bæði verið á faglegum grunni sem og samnýting á íþróttamannvirkjum og húsnæði Vals,“ segir Hörður fullur bjartsýni.

Valur verði eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ

„Fyrir nokkru síðan ákvað aðalstjórn að undirbúa umsókn til ÍSÍ þess efnis að Valur yrði fyrirmyndarfélag, skv. þeim viðmiðunum sem ÍSÍ hefur sett fram. Slík viðurkenning er nokkurs konar gæðastimpill á starfseminni og félag eins og Valur á að sækja um slíka viðurkenningu. Ég er viss um að fljótlega verður unnið að því að fá slíka gæðavottun frá ÍSÍ í öllum deildum og ég tel að slík vottun eigi að geta verið gagnleg til að bæta umgjörð starfsins hjá okkur.“

Minning og arfur sr. Friðriks Friðriks-sonar

Herði finnst gríðarlega mikilvægt að halda á lofti gildum félagsins sem m.a. eru komin frá sr. Friðriki og honum finnst ánægjulegt að félagið skuli halda nafni og minningu hans á lofti. „Okkur veitir ekki af að rækta þessi góðu gildi. Mikilvægt er að leggja áherslu á samheldni, liðsanda, hagsmuni heildarinnar,

heiðarlegan leik og að láta kappið aldrei bera fegurðina ofurliði. Þessi gildi eiga að skína í gegnum starfið,“ segir Hörður.

Gildi Valsblaðsins

„Valsblaðið hefur ómetanlegt gildi fyrir félagið og eftir því sem tíminn líður þá er einstakt hversu félagið hefur varðveitt vel sögu sína í gegnum tíðina. Ég tel að félagið eigi áfram að skrá söguna með þessum hætti, þrátt fyrir aukið aðgengi að upplýsingum á netinu. Ég er mjög stoltur af þessari hefð Vals og ég veit ekki til þess að önnur félög hafi gert það með sambærilegum hætti. Þetta bindur okkur saman. Síðan verðum við að fá gott sögurit á 100 ára afmæli félagsins 2011.“

100 titlar í hús á 100 ára afmælinu 2011

„Á afrekssviðinu á ég þá ósk heitasta að Valur verði búinn að fagna 100. Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitli sínum í meistaraflokkum á 100 ára afmæli félagsins árið 2011. Í dag er Valur sigursælasta félag landsins ásamt KR með 95 titla í hefðbundnu boltgreininum fótbolta, körfubolta og handbolta, þannig að þetta markmið er ekkert óraunhæft,“ segir Hörður og glottir.

Það er ljóst að Hörður Gunnarsson lætur sig mjög varða starfið hjá Val og ber hag félagsins og framtíð mjög fyrir brjósti og það er ómetanlegt að eiga slíkan atorkumann sem ver stórum hluta af frítíma sínum í þágu félagsins.

Ungliðið í ævintýra- og ástarferð á Skagann eftir stríð

Leikurinn kenndi okkur alvöru lífsins og vináttu í raun

Brottfarardagurinn rann upp, laugardagur í júlímánuði, hlýtt og notalegt og örlít- il gola. Fyrsta ferðin mín með Laxfossi var sannkölluð ævintýraferð sem gleym- ist seint. Tilhlökkunin var ólýsanleg. Ég gat varla bedið. Ég var með stanslausan fiðring frá hvirfli til ilja. Valur og Akranes á Langasandi. Allt var nýtt fyrir mér. Á miðri göngubrúnni upp í Laxfoss greip mig einkennileg tilfinning. Brúin ruggaði rólega í golumni og miðja vegu milli bryggju og skips horfði ég beint niður í dökkbláan sjóinn. Ég hrökk við þegar skipstjórinn kallaði þrumu- raustu: „Bannað að staldra við á brúnni, litlu landkrabbar. Hafði þið aldrei migið í saltan sjó?“ Svo hló hann djúpum hlátri sem bergmálaði um bryggjuhverfið. Ég hrökk í kút og flytti mér upp landgang- inn skjálfandi göngulagi og hafði ekki hugmynd um að örfáum árum síðar átti ég eftir að kynnast skipstjóranum miklu

betur og persónulega og reyndist hann mér hlýr og skemmtilegur náungi og sonur hans átti eftir að verða einn af mínum bestu vinum.

Einkennileg tilfinning greip mig líka þegar ég gekk inn í borðsalinn með félögum mínum og settist með Björgvin Hermannssyni, Þórði Úlfarssyni, Geir og fleirum við eitt borðanna. Ég fann hvernig Laxfoss ruggaði og valt. Innan stundar var vélin keyrð áfram svo að skipið hristist og skalf. Okkur var leylt að fara stutta stund upp á þilfar og fararstjórinn fylgdi vel með okkur. Hann vildi halda öllu í röð og reglu. Hér var það agi og hlýðni sem skipti máli. Hann sagði það hluta af undirbúningi leiksins að liðið þjapp- aðist saman um borð og ættu þar góðar og gleðilegar stundir og nú skyldum við syngja við raust.

Þegar Laxfoss lagðist að bryggju á Skaganum stukku strákarnir fljótt frá



Höfundur í sumarbúðum í Vatnaskógi.

borði í ákafa, eftirvæntingu og tilhlökkun með hrópi og köllum. Ærsl og kát- ína æskunnar, iðandi og öskrandi löngun eftir ævintýrum og óvæntum uppkom- um brann í brjóstum okkar. Af einhverjum ástæðum drógumst við Þórður eitt- hvað aftur úr þegar vinir okkar skokkuðu rakleiðis upp í nýlegt íþróttahúsið. Um 2–3 árum fyrr eða árið 1946 var Íþrótt- bandalag Akraness stofnað og skamm- stafað ÍBA, en skömmu síðar breytt í ÍA. Fram að þeim tíma voru tvö lið á Akra- nesi, KA og Kári.

Á bryggjunni hittum við Doddi stráka á okkar aldri sem vildu óðir og uppvægir sýna okkur leynistaði sína og sannarlega langaði okkur að lenda í óvæntu ævin- týri. Allt var okkur framandi og spenn- andi. Stór bátur sigldi í áttina að Skag- anum og barst vélarhljóðið alla leið til okkar. Strákarnir horfðu út á sjóinn og vissu upp á hár hvaða bátur þetta var. „Höfrungur,“ sögðu þeir í kór og sneru sér að okkur. Stórar netadræsur lágu hér og þar og rétt í því birtust okkur þrjár Skagastelpur á okkar aldri. Þær voru skemmtilegar, hressar, kátar og rjóð- ar í kinnum. Þær virtust líka þekkja alla bátana sem lágu í höfninni, hverjir áttu skúrana við bryggjubakkana og vissu að við vorum Valsarar. Áður en fimm mín- útur voru liðnar líkaði okkur undur vel við sætar stelpurnar. Og áður en tíu mín- útur liðu frá því að við sáum þær fannst mér ein þeirra fallegra en báðar hinar til samans. Og fimm mínútum síðar var ég alveg viss. Tilfinningarnar sögðu það skýrum orðum. Getur það bara verið að það sé hægt að vera skotinn í stelpu í tíu mínútur og sjá hana aldrei framfar?

Allt í einu mundi Þórður eftir keppn- inni og hrópaði hátt: „Við verðum of



Langisandur var lengi æfingasvæði í knattspyrnu og eitt fegursta útivistarsvæði Akurnesinga.

seinir, Bóbbó. Hlaupum eins hratt og við getum.“ Með töskurnar dinglandi við hlið okkar og dúndrandi hjartslátt spurði Þórður hvar íþróttahúsið væri. Stelpurnar buðust til að hlaupa með okkur stystu leiðina. Við hlupum eins og við áttum lífið að leysa. Á metfíma náðum við móðir og mäsandi vinum okkar sem voru að klifra upp á vörubílspall sem átti að flytja þá inn á Langasand þar sem leikurinn átti að fara fram í fjörinni. Fararstjórinn var að undirbúa leit að okkur en andaði léttar þegar hann tók á móti okkur þar sem við gengum upp og niður af mæði. Hann var mjög alvarlegur á svip þegar hann skipaði okkur að hendast inn hús og klæða okkur í snatri. Hann hafði valið varamenn í okkar stað og stóðu þeir á pallinum þegar við klifruðum hálf skömmustulegir upp á pallinn. Þeir urðu eðlilega fyrir vonbrigðum þar sem þeir hlökkðu til að reyna sig með liðinu. Fyrir okkar Dodda hönd bað fararstjórinn strákana fyrirgefningar og bað þá um að vera í búningunum þar sem vel gæti verið að þeim yrði skipt inn á. Í hálfleik skipti hann svo um tvo leikmenn og gaf þessum vinum okkar tækifæri til að sýna hvað í þeim bjó.

Mér fannst það einstök reynsla að leika á fjöruvellinum á Langasandi, þéttum sandi sem var örllítið blautur eftir rigningar og sjávarangang. Okkur reyndist hann frekar þungur enda allir óvanir að leika fótbolta í fjöru, en Skagastrákarnir hlupu þarna léttfættir og öryggir eins og fjallageitur og reyndu að nýta sér öryggisleysi okkar í upphafi leiks. Oft skotræði ég augunum á öldurnar sem gjálfruðu í flæðarmálinu. Ég gleymdi mér einstaka sinnnum í draumheiminum þangað til einhver samherja minna kallaði til mín og vakti mig skyndilega. Nú var um að gera að einbeita sér. Örllítið hafði hvesst svo að við áttum fullt í fangi með að hemja boltann innan vallarins. Oft fauk hann út á sjó og voru Akurnesingar þá tilbúnir með aðra bolta til skiptana. Rétt fyrir hálfleik var ég kominn einn inn fyrir vörn Akurnesinga með boltann og virtist eiga dauðafæri með markspyrnu, en steytti hægri fótinn á harðri sandnibbu og steypist áfram beint í sandinn. Til allrar hamingju björguðu fimleikarnir mér. Ég fór tvær stórar kollveltur í mjúkum sandinum og tókst að standa á fætur og gefa knöttinn til samherja sem skaut að marki en án árangurs að þessu sinni.

Sjávarniður, máfagarg, óvenju harður sandvöllurinn og allt umhverfið skap-



Knattspyrnufélagið Valur, IV. flokkur 1951. Efri röð frá vinstri: Páll Guðnason unglingaleiðtogi, Guðmundur Ásmundsson, Steinþór Árnason, Þórir S. Guðbergsson fyrirliði, Þórður Úlfarsson, Andrés Kristmundsson og Benedikt Sveinsson. Neðri röð frá vinstri: Geir V. Svavarsson, Þorsteinn Friðbjólfsson, Björgvin Hermannsson, Elías Hergeirsson og Ólafur Ásmundsson.

aði einhvern ævintýrablað í fjörinni sem gleymist seint. Man ég rétt voru þeir Jón Leós, Högni, Steindór, Þorbergur og fleiri knáir Skagastrákar sem ég hafði verið með í Vatnaskógi ólmir og óþreytandi á heimavelli. Við einn góðan sóknarleik okkar gekk okkur óvenju vel og vorum komnir nálægt vítateig Skagastrákanna. Vinstri kantmaður okkar missti af boltanum sem rúllaði hratt, út í sjó og undan vindi. Svo ákafur var Valsmaðurinn að hann óð hiklaust á eftir boltanum út í öldur Atlantshafsins og bárunar skullu á líkama hans þegar hann tók boltann úr sjónum og henti honum í land. Hann spýtti og hrækti sjó og salti í gríð og erg þegar öldurnar skullu á honum. Hann steingleymdi að í landi voru margir þurrir boltar.

Leikurinn á Akranesi varð spennandi og eftirminnilegur. Um tíma leit út að Valur sigraði 2:1, en óþrjúgandi leikgleði, ákafi og elja Skagastráka hjálpuðu þeim til að skora á síðustu stundu og endaði þessi leikur með jafntefli. Mér er það minnisstætt hvað mér brá í fyrstu skiptin sem boltarnir fuku út á sjó og bárunar teygðu sig í þá og köstuðu þeim léttilega á milli sín eins og snjallir knattspyrnumenn á leið til hafs allt eftir vindáttinni.

Vinir okkar, Skagastrákarnir, létu sér þetta í léttu rúmi liggja. Þeir höfðu miklu

meiri áhyggjur af pöbbum, frændum og vinum sem stunduðu sjóinn og börðust á hverri vertíð við lífshættulegar brimöldur sem höfðu tekið margan góðan Skagammanninn og skilið eftir fjölskyldur í sorg og erfiðleikum. Hvað var einn bolti í samanburði við líf sem tapaðist og tengdist stórrí fjölskyldu, vinum, vandamönnum, samfélagi, heilu þorpi? Þær voru margar sögurnar sem öldurnar skrifuðu í



Laxfoss með Akraffjall í baksýn.

sandinn í fjörinni þar sem við sprettum úr spori þennan dag leikandi og lífsglaðir drengir. Þær sögur voru um hetjulega baráttu, um sigra og ósigra og margar kunnar dáðríkum drengjum sem við sameinuðumst í leiknum. Við kepptumst allir við að ná fullri einbeitingu. Á þessari stundu var fótboltinn okkar fag. Mótherjar okkar voru vinir okkar og samherjar í lífinu. Leikurinn kenndi okkur alvöru lífsins og vináttu í raun.

Stelpur eru töluvert flóknari tegund en strákar!

**Elísabet Gunnarsdóttir,
„hin sigursæla“
yfirgefur Hlíðarenda
í bili. Í viðtali við
Valsblaðið ræðir hún
um m.a. hvað hún hefur
haft að leiðarljósi sem
þjálfari og hvað krakkar
eiga að gera til að skara
fram úr**



Elísabet ásamt dótturinni Maríu Lind, á öðru ári, og eiginmanninum Gylfa Sigurðssyni.

„Ég var brjáláður Framari. Þjó í Breiðholti og hataði Val. Bróðir hennar mömmu var sá eini í fjölskyldunni sem hafði áhuga á fótbolta og hann var mikill Framari. Hann smitaði mig. Ég tók upp á því að fara ein á alla Framleiki og missti ekki úr leik. Smám saman eignaðist ég Framvini á öllum aldri. Sjálf þorði ég ekki að fara á fótboltaæfingar af því ég þekkti engar stelpur sem voru í fótbolta.“

Þetta er frásögn Betu í Val, Elísabetar Gunnarsdóttur, sem er godsögn að Hlíðarenda. Á engan er hallað þegar því er haldið fram að frábær árangur í kvennaboltanum og sú mikla uppbygging sem hefur átt sér stað í yngri flokkunum sé Betu að þakka. Hún hefur unnið fórnfúst starf, lifað sig inn í lífið að Hlíðarenda, innan vallar sem utan, og nánast haldið í

hendur fjölda stúlkna í boltanum undanfarin ár. Með frábærum árangri. Nú þarf að byggja ofan á það starf og viðhalda því til frambúðar.

Eins og allir vita kveður Beta nú Hlíðarenda í bili og flytur til Kristianstad í Svíþjóð þar sem hún hefur tekið að sér þjálfun liðsins. Þótt erfitt sé að spá um framtíðina má fastlega búast við því að Elísabet muni koma Kristianstad á spjöld sögunnar. Og í kjölfar þess munu ný tækifæri bjóðast. Áskorun eru hennar ær og kýr. Hún framkvæmir það sem aðra láta sig nægja að dreyma um.

En aftur til fortíðar þegar Beta var 14 ára í Hólabrekkuskóla. „Ég fann löngun til að byrja að æfa fótbolta þegar einhver stelpa fór að mæta í Valsgalla í skólann. Valið stóð á milli þess að fara í KR eða

Val og Valur varð fyrir valinu af því það var styttra að Hlíðarenda. Strætó gekk beint þangað.“

Elísabet spilaði með meistaraflokki frá 1996 til 2001 en var eitt og hálf ár í Stjörnunni þar á milli. Og hún byrjaði að þjálfra hjá Val 16 ára gömul, einkum sökum þess að áhugi á þjálfun kviknaði þegar hún var fótbrotin. „Þegar ég lá fótbrotin gaf pabbi mér spólu sem breytti lífi mínu: Knattspyrnuskóli KSÍ, sem var gefin út 1986. Ég varð ástfanginn af þessari spólu og áttaði mig á því að ég hafði ekki lært neitt í fótbolta. Ég ætlaði að hætta í fótbolta af því ég var fótbrotin en þegar ég sá öll trixin á spólunni, sem hægt er að gera í fótbolta, var ég staðráðin í að halda áfram. Ég uppgötvaði nýjan heim og gerði mér grein fyr-

ir því að það væri aldrei og seint að æfa upp tækni. Sjálf lærði ég svo öll trixín á spólunni. Ég fullyrði að ég hefði aldrei spilað meistaraflokksleik og aldrei farið að þjálfá ef ég hefði ekki fengið þessa spólu. Þabbi vildi endilega halda mér áfram í fótbolta. Þegar ég náð mér af fót-brotinu, stillti ég sjónvarpinu þannig upp að ég gæti horft á spóluna úr garðinum þar sem ég gerði æfingarnar hverja á eftir annarri. Í kjölfar þess ákvað ég að fara að þjálfá og ég tróð mér eiginlega í það að verða aðstoðarþjálfari hjá Val. Frá og með þeim degi hefur mér alltaf verið hrósað fyrir að vera góður tækniþjálfari.“

– Er það kannski gömlu, góðu spólunni að þakka að þið Margrét Lára hafði nú gefið út DVD diskinn með öllum tækniæfingunum?

„KSÍ spólan er okkar fyrirmynd. Diskurinn okkar er styttri og farið er í færri atriði en það skemmtilega er að Hemmi Gunnar talar inn á diskinn eins og hann gerði á KSÍ spólunni.“

Elísabet útskrifaðist frá íþróttakennaraháskólanum á Laugarvatni árið 1999 og er með UEFA próf í þjálfun. Þar með hefur hún lokið öllu námi sem hægt er hér á landi hvað varðar knattspyrnuþjálfun. Hún bíður eftir því að fá að taka annað UEFA próf en hvað ætli hún geti lært nýtt af því, í ljósi allrar hennar reynslu?

„Það sem mér finnst ég læra mest á þessum námskeiðum er að vera með öðru fólki, hlusta á það og taka þátt í umræðum, ekki síst meðal þeirra sem búa yfir mikilli reynslu. Ég á mjög auðvelt með að tengjast fólki og læri sífellt af öðrum. Þess fyrir utan eru vitanlega margir góðir fyrirlestrar á flestum nám-



Íslandsmeistarar kvenna í knattspyrnu 2008, fjórði titill á fimm árum.

skeiðum. Samböndin sem ég hef öðlast og samtölin við aðra gefa mér þó mest.“

– Nú ertu á ákveðnum tímamótum, að segja skilið við stelpur sem þú hefur verið meira og minna með í rúman áratug. Er það erfitt?

„Já, ég hef verið lengst með Dóru Maríu Lárusdóttur, í þrettán ár. Hún hefur verið með annan þjálfara í tvö ár á sínum ferli. Þetta hefur verið langur og góður tími en það var kominn tími á breytingar, sérstaklega fyrir leikmennina. Ég get alveg viðurkennt að ég fann fyrir smá þreytu af beggja hálfu í sum- ar. Mér fannst reyndar komið að þessum tímamarki í fyrra og var þá að hugsa um að stíga út. Mér þótti erfitt að fara frá liðinu á þeim tímamarki því það er erfitt að finna þjálfara í kvennaboltanum sem starfa af lífi og sál. Ég fann Frey hjá Leikni Breiðholti þar sem hann var að spila með Leikni og þjálfá kvennaboltann samhliða. Ég sá nokkra leiki með Frey og hef sjaldan séð mann spila af jafn mikilli ástríðu fótbolta. Ég hef stundum feng-

ið þjálfara til Vals sem ég skynja að hafa þessa ástríðu, eftir að hafa horft á margar æfingar með þeim. Freyr stýrði 4. flokki Vals í tvö ár áður en ég fékk hann til liðs við meistaraflokkinn. Freyr er frábær, algjör eðalmaður í þetta starf. Mér þótti rétt að hann stýrði liðinu til jafns við mig síðastliðið sumar og gátu eflaust allir lesið hvers vegna ég gerði það. Samstarf okkar gekk fullkomlega. Það er því frábær tímamarkur fyrir hann að taka við núna.“

– Hvernig er tilfinningin að kveðja Val og taka við Kristinstad í Svíþjóð?

„Þetta er skrýtin tilfinning og að vissu leyti endir á ákveðnu skeiði. Ég hef nánast leitt nokkra leikmenn í rúman áratug í gegnum yngri flokkana og upp í meistaraflokk. Og þar fyrir utan höfum við náð öllum okkar markmiðum. Þegar ég kem aftur í Val verða án efa breyttar aðstæður, ný sjónarmið og örugglega jafn spennandi að koma til baka eins og að þakka fyrir sig núna. Það er sumpart skrýtið að þessu tímabili sé lokið.“

– Margar stelpna þinna eru lykilmenn í landsliðið sem hefur tryggt sér sæti í úrslitakeppni EM næsta sumar. Er hægt að fara fram á meira?

„Ég er vitanlega sátt við mitt hlutskipti þegar á heildina er litið. Í hverjum árgangi þykir gott ef tveir leikmenn skila sér upp í meistaraflokk og það hefur tekist í mínu tilfalli. Þrjár stelpur úr þeim þremur árgöngum sem ég þjálfaði mest í yngri flokkunum hafa ekki bara skilað sér í meistaraflokk heldur líka í A landsliðið. Uppskriftn getur því varla verið betri.“

– Hvernig er Kristianstad í sam- burði við Val?

„Ég get ekki svarað þessu því ég flyt ekki út fyrr en um áramótin. Miðað við fyrstu sýn felst munurinn fyrst og fremst í því að Kristianstad er bara kvennalið



Mig dreymir um að þjálfá íslenska kvennalandsliðið.



Hoppandi kátir Íslandsmeistarar 2008. Frá vinstri. Ragnheiður Jónsdóttir liðstjóri, Elísabet Gunnarsdóttir og Freyr Alexandersson þjálfarar og Ólafur Pétursson markmannspjálffari.

með yngri flokka og meistaraflokk og ekkert annað. Liðið er líka með tvö önnur varalið sem spila í annarri deild og ég get því kippt leikmönnum yfir til mín ef mér sýnist svo. Það er átta manna stjórn í félaginu, bara fyrir okkur. Ef ég ber upp erindi fer það ekki í röð eftir erindum úr handbolta og körfubolta, yngri flokkum eða öðru. Fókusinn er algjörlega á kvennaboltanum. Í Kristianstad búa um 33.000 manns og bærinn er í alla staði mjög kósí. Að meðaltali mæta 1400 manns á leik og liðið fékk nokkrum sinnum yfir 3000 manns á leiki síðastliðið sumar.“

– *Hvaða möguleika á liðið í sænsku deildinni?*

„Kristianstad er annað af tveimur liðum í sænsku deildinni sem ég hef aldrei séð spila. Ég hef þó séð það í þremur leikjum á DVD. Ef ég dæmi liðið út

frá því er það að svipuðum styrkleika og Valur. Mér er alveg sama hvernig hóp ég er með, ég ætla klárlega ofar á töfluna með liðið.“

– *Mega fleiri stelpur frá Íslandi eiga von á símtali frá þér en þær tvær sem þú hefur fengið?*

„Þetta er nóg í bili. Ég vil ekki vera með einhverja innrás í Svíþjóð?“

– *Hvað hefur þú helst haft að leiðarljósi sem þjálfari?*

„Ég hef alla tíð unnið mjög nálægt hópnum og fengið gagnrýni fyrir það að vera of góður vinur leikmanna. Ég hef tekið þann pól í hæðina að vera vinur þeirra en að sama skapi finna þann gullna meðalveg sem þarf að vera á milli þess að halda aga og léttleika. Það hefur gengið ótrúlega vel hjá okkur undanfarin ár. Í kvennaliði er mikilvægt að þjálfari viti hvað sé í gangi bæði innan hópsins og hjá hverjum einstaklingi. Stelpur eru töluvert flóknari tegund en strákar og það er svo margt að gerast á unglingsárum stelpna. Ég hef haft það að leiðarljósi að reyna að auka gæði þjálfunarinnar ár frá ári. Mér hefur fundist auðvelt að hafa yfirburði á því sviði á Íslandi því það er of fáir þjálfarar sem leggja líf og sál í þjálfunina og leggja sig fram við að bæta þjálfunina milli ára. Þjálfunin hjá mér hefur aldrei verið þannig að ég sé að mæta í vinnuna og bíða eftir að henni ljúki. Þetta er spurning um að vaka og sofa yfir starfinu.

Þegar ég var með stelpurnar í 3. flokki

fannst mér ég vera með bestu stelpur í heimi. Mér leið eins og ég væri heppnasti þjálfari í heimi. Það má eiginlega segja að ævintýri okkar hafi byrjað á Gothia-Cup. Við ætluðum að vinna það mót þótt það væri stærsta barna- og unglingsmót í fótbolta í öllum heiminum. Við trúðum að við gætum það þótt það væri óraunhæft. Við náðum 3. sæti tvö ár í röð og 2. flokkur spilaði eitt sinn til úrslita. Upp úr því fórum við að ræða það að verða fyrsta liðið sem færi í Evrópukeppni til að ná einhverjum árangri, jafnvel þótt það væru nokkur ár í það. Við vissum líka að fyrst yrðum við að verða Íslandsmeistarar til þess að vinna okkur inn keppnisrétt í Evrópukeppninni. Í millitíðinni skrapp ég í Breiðablik og til Vestmannaeyja en engu að síður misstum við Valsmenn aldrei sjónar á markmiðinu. Þessi markmið settum við okkur þegar stelpurnar voru 13–14 ára og við höfum náð þeim. Eitt af markmiðunum var að stelpurnar yrði uppistaðan í landsliði sem næði afburða árangri. Með það að markmiði þjálfaði ég U-21 árs landsliðið sem náði frábærum árangri árið 2006 en ég var ótrúlega heppin að fá tækifæri til þess að þjálfra þar þá árganga sem ég hafði unnið mest með í yngri flokkunum. Þá fórum við taplausar í gegnum riðilinn sem í voru auk okkar, Norðmenn, Bandaríkjamenn og Danir. Ef einhver segir við mig að eitthvað sé ekki hægt þá vil ég sanna að ég geti það. Þá hugsun hef ég líka reynt að prenta inn í leikmennina.“

– *Hvaða eiginleika þarf góður þjálfari að hafa til að bera?*

„Í fyrsta lagi þarf hann að vera tilbúinn að verja miklum tíma í starfið. Mjög margir mættu gera betur hvað það varðar. Undirbúningur fyrir æfingar skiptir máli, markmiðasetning fyrir hópinn, ekki bara einstaklingana og svo framvegis. Ég vil klára mig algjörlega á hverri einustu æfingu eins og ég vil að leikmenn geri. Ég finn þegar ég gef mig ekki 200% í starfið. Ef ég er ekki þreytt eftir æfinguna hef ég ekki gefið mig nógu mikið í hana. Lykillinn að því er góður undirbúningur. Til að vera góður þjálfari þarf maður að vera tilbúinn að taka hluti frá öðrum. Ég hef reynt að tileinka mér það síðustu ár. Það er mikilvægt fá aðra þjálfara í heimsókn, horfa á æfingar hjá öðrum, fá gagnrýni á það sem maður gerir og svo framvegis. Það þora ekki allir að fá þjálfara til að vinna með sér á jafnræðisgrunni, eins og við Freyr gerðum síðastliðið sumar. Það var kostur fyrir okkur bæði að þora



Hjónin Elísabet Gunnarsdóttir og Gylfi Sigurðsson á handboltaleik í Vodafonehöllinni.



Ógleymanleg sigurstund.

því og ég er sannfærð um að ég hafi orðið betri þjálfari fyrir bragðið.“

– *Hvernig tekurðu á agabrotum?*

„Agi skiptir öllu máli. Stelpurnar þurfa að vita hver stjórnar og í upphafi tímabils þarf að leggja fram þær reglur sem gilda allt keppnistímabilið. Það er of seint að gera það í maí. Og það gildir einu hvort um sé að ræða meistaraflokk eða 6. flokk. Ég hef lagt gríðarlega áherslu á liðsheildina. Í henni eru ólíkir einstaklingar með ólíkar þarfir og því breiðari sem aldurshópurinn er því meiri ágreiningur getur komið upp. Mér hefur gefist best að leysa ágreining strax og helst fyrir framan hópinn. Það hefur einkennt okkar lið undanfarin ár að vera nánast algjörlega laus við öll vandamál.“

– *Sérðu einhvern mun á nýrri og eldri kynslóð knattspyrnukvenna?*

„Þegar ég var í meistaraflokki voru leikmenn ekki að leggja það sama á sig og leikmenn gera í dag og þær höfðu hreinlega ekki jafn mikla trú á sér. Og ég sé gríðarlegan mun á líkamlegu ástandi leikmanna. Það er himin og haf þar á milli. Öll gæði í dag eru miklu meiri en áður. Þegar ég var 16 ára fannst mér ég ekki kunna neitt en í dag eru leikmenn miklu betur þjálfaðir en áður. Allur grunnur mun betri.“

Þjálfunaraðferðir eru vitanlega ólíkar. Sumir þjálfarar eru af gamla skólanum og aðrir hafa tileinkað sér nýja hluti. Sumir leggja mikið í þjálfun, aðrir minna. Mikilvægasti eiginleiki þjálfara er sannfæringarkrafturinn, burtséð frá þjálfunaraðferðinni. Ef maður nær að sannfæra hópinn um að maður sér að gera rétta hluti er maður í góðum málum. Í gamla

daga var ég stöðugt í langhlaupum. Vetur var tákna um útihlaup. Stelpurnar mínar hafa nánast aldrei hlaupið langhlaup.

Ég hef fylgst vel með erlendum þjálfurum og lagt mig fram um að heimsækja þau lið sem ná góðum árangri. Ég hef lagt mestu áherslu á að skoða hvað liðin gera á undirbúningstímabilinu. Í því sambandi var ég hrifnust af því sem ég sá í Þýskalandi. Þaðan hef ég tileinkað mér hinar alræmdu teygjur sem eru orðnar frægar að Hlíðarenda. Stelpurnar hafa hlaupið mikið í teygjum, tvær og tvær saman. Ég nota teygjurnar ekki sem snerpuæfingar, heldur meira til að ná upp kraftþoli sem nýtist betur í fótbolta en hið loftháða þol. Þetta eru erfiðar æfingar og frekar nýjar af nálinni á undirbúningstímabilinu. Öllum þótti mjög spennandi að nota þetta í upphafi. Í bikarúrslitaleiknum árið 2006 töluðum við bara um teygjurnar í hálfleik framlengingarinnar. Við unnum leikinn sálrænt af því að stelpurnar sannfærðu sig um að þær væru í súpformi út af þessum æfingum með teygjurnar. Svo hef ég notað „interval“ frekar en að láta stelpurnar hlaupa á jöfnum hraða. Eflaust eru stelpurnar eru orðnar dálítið þreyttar á þessu og þurfa líklega tilbreytingu.“

– *Hvað gerist í þjálfun á næstu árum í ljósi þess að þjálfarar eru flestir það vel menntaðir að þeir geta komið liðum í gott líkamlegt form, á mismunandi hátt? Kemur mataræði, hugarþjálfun, einstaklingsþjálfun og fleira í þessum dúr ekki sífellt sterkara inn?*

„Ég er að reka mig á það að hjá erlendum liðum, þar sem mataræði leikmanna eru í föstum, hollum skordum, að við verðum að taka okkur í gegn á Íslandi. Pennan þátt geta allir íslenskir íþróttamenn bætt því hér ríkir töluverð skyndibitas-temning. Leikmenn og þjálfarar eru án efa of illa upplýstir. Og þar fyrir utan hvíla Íslendingar ekki nógu mikið. Ég hef lagt of litla áherslu á þetta. Öll litlu atriðin skipta miklu máli. En þetta snýst líka um íslenska menningu. Ef einhver ætlar að skera sig úr, borða hollari mat, hvíla sig meira þá gerum við nánast grín að viðkomandi.“

– *Hvað eiga yngri iðkendur í Val að gera ef þeir vilja skara fram úr?*

„Það er klárt mál að leik-


menn þurfa að æfa meira sjálfir, utan æfingatíma. Þetta hljómar sem klisja en er engu að síður staðreynd. Það er verið að kenna marga frábæra hluti á æfingum og svo ætla menn bara að mæta á næstu æfingu til að halda þeim áfram. Leikmenn eiga að æfa þetta á milli æfingatíma og koma betri á næstu æfingu. Þó ekki væri nema að gefa sér 15 mínútur á dag. Leikmenn eiga að æfa styrkleikana jafnt sem veikleikana. Krakkar ættu líka að horfa meira á fótbolta til að öðlast meiri leikskilning. Ég hef rekið mig á það í leikjum okkur við erlend lið að okkur skortir leikskilning.“

– *Ef þú værir einráð í Val hverju myndirðu breyta í yngri flokka starfinu til að lyfta því upp á herra plan?*

„Ég myndi ráða yfirþjálfara yngri flokka karla og annan yfirþjálfara yngri flokka kvenna sem væru ekki að þjálfana neinn flokk, heldur eingöngu ráðnir til að vera á æfingasvæðinu á meðan æfingar eru hjá yngri flokkunum. Viðkomandi væri ráðinn til þess að vinna á þessum tíma til að fylgjast með og veita þjálfurum aðhald. Samt hefðu þjálfarar vitanlega þokkalega frjálsar hendur.“




– *Hvert er draumamarkmið þitt sem þjálfari?*

„Mig dreymir vitanlega um að þjálfna íslenska kvennalandsliðið en minn æðsti draumur er að gera félaglið að Evrópumeisturum. Einn góðan veðurdag ætla ég mér að verða Evrópumeistari og helst myndi ég vilja verða það með Val.“




„Einn góðan dag ætla ég mér að verða Evrópumeistari.“

Valur – Íslandsmeistari í



Knattspyrnu kvenna 2008





Edvard Börkur með Lollabikarinn og Dóru Maríu sér við hlið.

Aðaldráumurinn er að spila með Val og Man Utd.

Edvard Börkur Óttarsson er 16 ára og leikur fótbolta með 2. flokki og er handhafi Lollabikarsins

Edvard byrjaði í Val á yngra ári í 3. flokki og ákváð að prófa að spila fótbolta hjá Val þar sem honum leist vel á þjálfarann og henn þekkti strákana og auk þess var öll fjölskyldan hjá Val. Áður var hann hjá Fram en hann stundar nám við Fjölbrotaskólann við Ármúla.

Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann? „Foreldrar mínir hafa stutt mig gríðarlega mikið öll þessi ár sem ég hef verið í fótboltanum. Þau hafa mætt á alla leiki hjá mér og farið sem farastjórar í mjög mörgum ferðum hjá mér. Mjög gott að hafa mikinn stuðning frá foreldrunum en það er líka öll fjölskyldan sem styður mig.“

Hvernig gekk ykkur í sumar? „Okkur gekk frekar illa í 3. flokki en áttum nokkra góða leiki inn á milli. Í 2. flokki gekk sumarið mjög vel. Við lentum í 2.

sæti í B-riðli og voru klaufar að ná ekki fyrsta sætinu og tryggðum okkur því sæti í A riðli á næsta ári.“

Hvernig er hópurinn? „Hópurinn í 2. flokki var mjög skemmtilegur, við þekkjumst vel og kunnum vel inn á hvern annan. Hópurinn í 3. flokki var skipaður hressum og skemmtilegum strákum. Félagslega mjög sterkur og tók miklum framförum í sumar.“

Hvernig eru þjálfarar þínir? „Jói og Þór eru frábærir þjálfarar sem náðu að byggja upp gott lið. Aggi og Bjóssi voru góðir þann stutta tíma sem þeir voru. Toggi (Þórgímur Þránínsson) var frábær í alla staði. Mér líkaði ofboðslega vel við hann.“

Hvað einkennir góðan þjálfara? „Góður þjálfari þarf að geta gefið starfinu mjög góðan tíma, vera með mikinn áhuga og mikla þolinmæði. Sýna hópnum virðingu og mæta alltaf tímanlega.“

Hverjar eru horfurnar fyrir næsta

sumar? „Mjög góðar þar sem næstum allt liðið okkur í 2. flokki heldur áfram.“

Skemmtileg atvik: „Eftirminnilegast er þegar ég spilaði með Reykjavíkúrvalinu í Finnlandi og við urðum Norðurlandameistarar.“

Fyrirmyndir í boltanum: „Ég lít mikið upp til Atla Sveins í Val en mér finnst hann vera skemmtilegur leikmaður og hefur mikinn leikskilning. Af erlendum leikmönnum er það Roy Keane sem ég ber mesta virðingu fyrir og er hann trúlega mesti baráttujaxl allra tíma.“

Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt? „Æfa, æfa, æfa og æfa aðeins meira. Ég þyrfti að æfa aðeins aukalega og bæta hraðann.“

Hvers vegna fótbolti? „Fótbolti hefur alltaf verið í miklu upphaldi hjá mér. Ég hef verið heppinn í gengum tíðina að vera valin í Reykjavíkúrvalslið og hef gert margt mjög skemmtilegt með þeim. Einnig var mér boðið til Heerenveen í Hollandi til æfingar í viku. Síðan hef ég verið í úrtökuhópum fyrir landsliðið. Síðan æfði mark í handbolta í mörg ár.“

Framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt: „Klára menntaskólann en aðaldráumurinn er að spila með Val og síðar Man Utd. Vonum að það rætist.“

Þekktir Valsarar í fjölskyldunni? „Öll ættin er í Val en ég veit ekki hvort hún sé mjög þekkt. Pabbi vinnur sem yfirmaður afrekssviðs og Börkur frændi er formaður knattspyrnudeildar. Síðan var afi Eddi í aðalstjórn Vals einu sinni.“

Hvaða þýðingu hefur Lollabikarinn fyrir þig? „Einstakur heiður og mikil hvatning fyrir mig til að leggja enn harðar að mér og stefnan er tekin á meistara-flokk Vals.“

Hver í fjölskyldu þinni er besti íþróttamaðurinn? „Það er pabbi minn en hann var mjög efnilegur á yngri árum og var í yngri landsliðum en þurfti ungur að hætta vegna meiðsla.“

Hver stofnaði Val og hvenær og hver voru einkunnarorð hans? „Séra Friðrik Friðriksson 11. maí 1911. Látið aldrei kappið ber fegurðina ofurliði.“

**Kæru Valsmenn!
Til hamingju með nýja gervigrasvöllinn!**



SR HOLDINGS

MOKSTUR • HÚSARIF • JARÐVINNA

SÍMI 840 7740 - 840 7744 NETFANG srvertakar@simnet.is

Gleðilegt nýtt boltaár!



Við hjá TM þökkum Margréti Láru sem og öllum viðskiptavinum okkar ánægjulegt samstarf á árinu og óskum ykkur gleðilegs nýs árs.



Íslandsmeistarar – meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu 2008. Aftari röð frá vinstri: Kjartan Orri Sigurðsson liðstjóri, Ólafur Pétursson markmannshjálfari, Freyr Alexandersson hjálfari, Thelma Björk Einarsdóttir, Dagný Brynjarsdóttir, Pála Marie Einarsdóttir, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir, Kristín Yr Bjarnadóttir, Málfríður Erna Sigurðardóttir, Margrét Lára Viðarsdóttir, Vanja Stefanovic, Ragnheiður Jónsdóttir liðstjóri, Elisabet Gunnarsdóttir hjálfari, E. Börkur Edvardsson formaður knattspyrnudeildar og Grímur Sæmundsen formaður Vals. Fremri röð frá vinstri: Rakel Logadóttir, Guðný Björk Óðinsdóttir, Sophia Andrea Mundy, Sif Atladóttir, Ása Dögg Aðalsteinsdóttir, Randy Wardum, Guðbjörg Gunnarsdóttir, Katrín Jónsdóttir fyrirlíði, Sif Rykær, Hallbera Guðný Gísladóttir, Ásta Árnadóttir og Dóra María Lárusdóttir. Ljós. Guðni Karl.



Enn einn Íslandsmeistaratitill í meistaraflokki kvenna og yngri flokkar að eflast

Skýrsla knattspyrnudeildar 2008

Stjórn knattspyrnudeildar Vals starfsárið 2007–2008 skipuðu:

E. Börkur Edvardsson *formaður*
Jón Grétar Jónsson *varaformaður*
Bragi G. Bragason *formaður meistaraflokksráðs karla*
Björn Guðbjörnsson *formaður meistaraflokksráðs kvenna*
Guðjón Ólafur Jónsson *meðstjórnandi*
Kjartan Georg Gunnarsson *meðstjórnandi*
Anthony Karl Gregory *meðstjórnandi*
Árni Vigfússon *meðstjórnandi*

Starf afrekssviðs, heldur utan um meistaraflokkslið í karla- og kvennaflokki í knattspyrnu og ásamt því heyrja 2. flokkar karla og kvenna undir sviðið. Að vanda var starfið viðamikil en verkin unnust vel undir stjórn Óthars Edvardssonar.

Meistaraflokkur karla

Meistaraflokksráð karla starfaði ötullega fyrir meistaraflokk og ráðið skipuðu þau Bragi G. Bragason, Helga Birkisdóttir og Edda Sveinbjörnsdóttir. Starf ráðsins gekk mjög vel og hélt vel utan um strákana og verkin unnin í góðri samvinnu við þjálfarateymið og stjórn.

Umgiörð

Meistaraflokksráð skipuðu þau Bragi G. Bragason, Helga Birkisdóttir og Edda Sveinbjörnsdóttir. Heimaleikjaráð skipuðu Jóhannes Lange, Purý Björk Björgvinsdóttir, Skúli Edvardsson, Aðalsteinn Óttarsson, Þorsteinn Guðbjörnsson, Guðni Olgeirsson og Jón Höskuldsson. Þetta fólk ásamt fjölda annarra sjálfboðaliða, iðkenda úr yngri flokkum og starfsfólki Vals sá um að gera umgiörð heima-

leikja meistaraflokks eins glæsilega og raun varð á, og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Í sumar var í fyrsta skipti leikið á nýjum og glæsilegum Vodafonevelli að Hlíðarenda, þó að fyrsti heima-leikur sumarsins hafi verið leikinn á Laugardalsvelli. Valur var loksins kominn heim aftur! En betur má ef duga skal, enn vantar okkur að sjá Valsmenn flykkjast á völinn sem forðum, meðalfjöldi áhorfenda á leiki karlaliðs Vals í sumar var aðeins um eittþúsund.

Þjálfarateymi

Þjálfarateymið var að mestu óbreytt milli ára. Willum Þór Þórsson var sem fyrr aðalþjálfari liðsins, fjórða árið í röð. Til marks um þá trú sem forráðamenn Vals hafa á störfum hans, þá var samningur hans við félagið framlengdur til 2012 í lok tímabilsins. Þór Hinriksson



Lengjubikarmeistarar karla í knattspyrnu 2008. Efri röð frá hægri: Willum Þór Þórsson þjálfari, Friðrik Ellert Jónsson sjúkrá-
þjálfari, Geir Brynjólfsson, Einar Marteinsson, Bjarni Ólafur Eiríksson, Birkir Már Sævarsson, Atli Sveinn Þórarinnsson, Gunnar Ein-
arsson, Albert Brynjar Ingason, Þór Hængur Hinrikkson aðstoðarþjálfari, Halldór Sigtryggur Eypórsson liðstjóri. Nedri röð frá hægri:
Guðmundur Benediktsson, René Carlsen, Daníel Hjaltason, Ágúst Garðarsson, Baldur Bett, Hafþór Ægír Vilhjálmsson, Sigurbjörn
Hreiðarsson fyrirlíði, Dennis Bo Mortensen, Pálmi Rafn Pálmason, Kjartan Sturluson og Baldur Þórólfsson. Ljós. Ásbjörn Þór.

var aðstoðarþjálfari og Ólafur Pétursson sá um markmannsþjálfun, Friðrik Ellert Jónsson sjúkráþjálfari, Björn Zoëga læknir og Halldór Eypórsson liðstjóri.

Leikmannamál

Um leið og Íslandsmótinu 2007 lauk þá fór stjórn knattspyrnudeildar að huga að næsta tímabili. Þrátt fyrir þá staðreynd að liðið væri Íslandsmeistarar þá var mikill metnaður og vilji hjá stjórnendum að gera betur á komandi tímabili. Þó var ekki hugað að stórbreytingum á liðinu, aðallega hugað um að fá meiri breidd í leikmannahópinn.

Komu: Albert Ingason kom frá Fylki, Kristján Hauksson frá Fram og Rasmus Hansen frá Randers í Danmörku. Einnig kom Daninn Henrik Eggerts Hansen á miðju tímabili frá Fram.

Fóru: Hinn leikreyndi Kristinn Hafliðason lagði skóna á hilluna, Sigurður B. Sigurðsson markvörður gekk til liðs við Reyni Sandgerði, Andri Valur Ívarsson fór til Fjölnis, Örn Kato Hauksson gekk til liðs við Hamrana, Geir Brynjólfsson til Víðis og Jóhann Helgason í Grindavík, Daníel Hjaltason og Kristján

Hauksson voru lánaðir til annarra félaga yfir sumarið, Daníel til Víkings og Kristján til Fjölnis. Einnig meiddist Daninn Dennis Bo Mortensen það illa rétt fyrir mót að hann lék ekkert með í sumar og rann hans samningur út í haust. Á miðju sumri voru svo tveir lykilmenn seldir til erlendra félagsliða. Birkir Már Sævarsson seldur til Brann í Noregi, og svo stuttu síðar var Pálmi Rafn Pálmason seldur til Stabæk í Noregi.

Árangur á mótum

Árið fór vel af stað hjá karlalíðinu á árinu 2008, og vann liðið nánast flesta titla sem hægt var að ná í á undirbúningstímabilinu. Valur varð Íslandsmeistari innanhúss og Lengjubikarimeistari 2008 eftir 4-1 sigur á Fram. Liðið lenti í 3. sæti í sínum riðli Reykjavíkurmótsins. Þá vann liðið Atlantic bikarinn með því að leggja færeysku meistarana NSÍ að velli 5-2 í Kórnum. Þá vann Valur

meistarakeppni KSÍ þegar þeir lögðu bikarmeistara FH að velli 2-1 með mörkum Pálma Rafns. En þá fóru meidsli að gera vart við sig í hópnum. Gróft brot sem Dennis Bo Mortensen varð fyrir í meistara-leiknum gegn FH varð þess að krossbönd í hné slitnuðu illa og hann lék ekki meira með Val. Var það mikil blóðtaka fyrir liðið, því Dennis hafði spilað mjög vel á undirbúningstímabilinu og skorad grimmt. Einnig var Helgi Sigurðsson enn að jafna sig eftir löng meidsli þegar þátttaka í Íslandsmótinu hófst þann 10. maí gegn Keflavík. Þrátt fyrir þetta var það mikið áfall fyrir Íslandsmeistarana

Helgi Sigurðsson leiðir lukkukrakka inn á völlinn.



Hafþór Ægír Vilhjálmsson.



Birkir Már Sævarsson og Pálmi Rafn Pálmason fóru í atvinnu-
mennsku á árinu.



Jón Höskuldsson, sjálfboðaliði og Jóhannes Lange, starfsmaður Vals.



Katrín Jónsdóttir fyrirliði Íslandsmeistara Vals lyftir bikarnum eftirsóttá.

að steinleggja í Keflavík 5-3. Í kjölfar-
ið meiddist svo Guðmundur Benedikts-
son í annarri umferð og átti hann meira
og minna við þessi meiðsl að stríða allt
sumarið. Þegar svo tveir lykilmenn liðs-
ins, þeir Birkir og Pálmi, voru svo seld-
ir til Noregs í atvinnumennsku, var ljóst
að erfitt yrði að verja Íslandsmeistara-
titilinn. Enda kom það á daginn og liðið
endaði í 5. sæti deildarinnar eftir ósigur
gegn KR á heimavelli í lokaumferðinni,
sem voru vonbrigði fyrir alla hlutaðeig-
andi Valsmenn.

Sem Íslandsmeistarar tók Valur þátt í
undankeppni Meistaradeildar Evrópu og
dróst gegn hinu sterka liði Bate Borisov
frá Hvíta Rússlandi. Í fyrri leiknum sem
fram fór í Borisov 15. júlí þá léku okkar
menn skipulagðan og traustan leik lengst
af, en Bate mönnum tókst að skora tvö
mörk undir lok leiksins. Í seinni leiknum
var það sama uppi á teningnum, okkar
menn stóðu sig vel mestallan leikinn, en
andvaraleysi í upphafi leiks kostaði mark
og því var vonin um frekara brautargengi
í Evrópukeppninni úti að þessu sinni.

Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokksráð kvenna tók til starfa á
miðju sumri 2008 og gerðu það af mik-
illi fagmennsku. Það voru Oddný Anna
Kjartansdóttir, Vala Smáradóttir, Eva

Halldórsdóttir, Kjartan Orri Sigurðsson
og Þórður Jensson sem komu að kvenna-
ráðinu og þökkum við þeim innilega fyr-
ir ómetanlegt starf. Starf ráðsins gekk
mjög vel, mikil og góð stemning náðist á
áhorfendapöllum í sumar hjá stelpun-
um og mæting með eindæmum góð. Val-
ur er og verður vagga kvennaknattspyrnu
á Íslandi og er það ánægjulegt þegar
árangur meistaraflokks er jafn glæsilegur
og raun var á liðnu sumri og ætti að vera
hvatning til að halda áfram á sömu braut.

Árið 2008 var viðburðaríkt hjá meist-
araflokki kvenna. Snemma á árinu var
liðinu boðið til þátttöku í vel þekktu
alþjóðlegu innanhúsmóti í Þýskalandi.
Mótið var hin mesta skemmtun og spilað
var fyrir fullu húsi í hverjum leik. Liðið
hafnaði í 3.-4. sæti eftir tap í vítaspyrnu-
keppni í undanúrslitum. Margrét Lára
var valin besti leikmaður mótsins og
Guðbjörg Gunnarsdóttir besti markvörð-
urinn. Liðið tók að vanda þátt í Reykja-
víkurmóti, þar bar Valur sigur úr býtum
og það án þess að fá á sig mark í mótinu.
Lengjubikarinn tók þá við og liðið spil-
aði vel og var á góðu róli. 1.apríl í leik
gegn KR varð liðið fyrir áfalli þegar
Guðbjörg Gunnarsdóttir sleit hásin sem
varð til þess að hún var frá keppni fram
í september. Tveimur vikum síðar sleit
Guðný Björk Óðinsdóttir krossband.
Lengjubikar endaði svo þannig að Val-

ur hafnaði í 2. sæti eftir tap í úrslitaleik
gegn KR.

Mikil eftirvænting var fyrir Íslands-
mótinu. Það var ekki síður mikil eftir-
væntingin að spila Vodafonevellingum en
liðið þurfti að bíða eftir því fram til 3.
júní en biðin var vel þess virði. Hápunkt-
ur sumarsins var án efa heimaleikur gegn
KR þar sem að liðið vann 2-1 sigur á KR
í frábæru veðri fyrir framan 850 manns.
Það var svo þann 13. september sem
fyrsti Íslandsmeistararitilinn leit dagsins
ljós á Vodafonevellingum, Katrín Jónsdót-
tir fyrirliði tók á móti bikarnum góða eftir
frábæran 8-0 sigur á liði Stjörnunnar.

Bikarkeppni KSI

Valur komst í úrslit bikarkeppninn-
ar 2008, á leið þeirra þangað lagði lið-
ið Keflavík og Stjörnuna örugglega. Það
var svo lið KR sem sigraði í úrslitaleik
bikarkeppninnar 2008.

UEFA Cup

Sem ríkjandi meistarar þá tók liðið þátt
í Evrópukeppni félagsliða. Liðið hóf
leik í Slóvakíu. Stelpurnar fóru á kost-
um og sigruðu sína leiki örugglega með
markatöluna 23-3, Margrét Lára skoraði
6 mörk og hún ætlaði að verja titil sinn
sem markahæsti leikmaður Evrópu frá
2007. Eftir frábæra frammistöðu í Sló-
vakíu var ferðinni heitið til Umeå í Sví-
þjóð. Það beið krefjandi verkefni en lið-
ið hafði sett sér markmið og var hvergi
bangið. Í riðlinum voru fyrrum Evrópu-
meistarar Umea, Ítalumeistarar Bardol-
inu Verona og Alma frá Kazhakstan. Lið-
ið var nálægt því að fara áfram í 8-liða
úrslit eða einu marki.

Leikmannamál:

Komnar: Sif Rykær Skovbakken Dan-
mörk, Randi Wardum KÍ Færeyjar,
Helga Sjöfn Jóhannesdóttir Stjarnan,
Sophia Mundy Aftureldingu og Kristín
Ýr Bjarnadóttir sneri til baka eftir hlé.

Farnar: María Rós, Andrea Ýr og Anna
Gardarsdóttir fóru á lán til Aftureldingar.
Linda Rós til Keflavíkur.



Ásta Árnadóttir tekur eitt af sínum viðfrægu
heljarstökkum til að fagna marki.



Þjálfarateymi

Það voru breytingar á starfslíði meistara-flokks kvenna þegar Freyr Alexandersson og Elísabet Gunnarsóttir stýrðu liðinu í sameiningu árið 2008. Þeim innan handar var Ólafur Pétursson markmanns-þjálfari, Jóhannes Marteinsson sjúkra-þjálfari og Ragnheiður Á. Jónsdóttir liðstjóri.

2. flokkur karla

Strákarnir náðu því takmarki að fara upp um deild í sumar og leika því meðal þeirra bestu sumarið 2009. Um mitt sumar þurfti Björn Victorson að láta af störfum sem þjálfari sökum anna í starfi og tók gamli refurinn Þorgrímur Þráinsson, fyrrum fyrirlíði Vals, við flokknum í byrjun júlí. Valsliðið lék ágætis fótbolta á köflum og hefði undir eðlilegum kringumstæðum átt að hafa tryggt sér sæti í efstu deild fyrir tvær síðustu umferðirnar en strákarnir köstuðu frá sér dýrmætum stigum gegn toppliðunum Keflavík og Fjölni. Liðið þurfti því að sigrast í síð-

asta leiknum gegn Haukum/ÍH á útivelli til að tryggja sæti sitt í A-deild að ári. Valur sigraði 5:1 og hafnaði því í 2. sæti í B-deild.

Guðmundur Steinn og Einar Marteinsson æfðu nánast ekkert með 2. flokki í sumar af því þeir voru með meistara-flokki en þeir voru þó ætíð til taks í leikina. Ellert, Magnús, Arnar Sveinn og Ásgeir markvörður æfði með meistara-flokki undir lok sumars og var því á tíðum frekar fámennt á æfingum. Í 2. flokki leika efnilegir drengir. Arnar Sveinn lék sinn fyrsta meistaraflokksleik í september og stóð fyrir sínu. Í sömu viku lék hann sinn fyrsta meistaraflokksleik fyrir Val í N1 deildinni í handbolta. Fjórir leikmenn ganga upp í meistaraflokk um þessar mundir en engu að síður er flokkurinn þéttskipaður flottum knattspyrnumönnum sem eiga framtíð fyrir sér, ef þeim sýnist svo. Atli Dagur Sigurðsson var valinn Valsmaður ársins, mestur framfarir Leifur Bjarki Erlendsson. Eddard Börkur Óttarsson var valinn efnilegastur og Magnús Örn Þórsson bestur.

2. flokkur kvenna

Ýmis mót. Jólamótið var fyrsta mótið sem Sindri þjálfari tók þátt í með liðinu. Mótið byrjaði vel en Valur komst ekki í úrslit á þessu móti. Valur lenti í 2. sæti á Reykjavíkurmótinu. Bikarkeppnin hófst með leik gegn Stjörnunni á gervigrasinu í Garðabæ. Leikurinn gekk vel þar sem Valur vann 7-0. Komst Valur í undanúrslit og lenti á móti Breiðablik sem hafði betur og var því bikarkeppnin úr sögunni.

Íslandsmót – A-deild

Fyrsti leikur sumarsins var gegn Þór/KA/Völsungur þann 31. maí á Hlíðarenda. Var mikil stemning fyrir leikinn enda búið að æfa mikið og leggja mikla vinnu fyrir þennan fyrsta leik. Leikurinn endaði með 9-0 sigri. Það gekk upp og niður það sem eftir lifði sumars og flokkurinn endaði í 5. sæti. Þó að markmiðum hafi ekki verið náð var margt gott við það og greinilegt að ákveðinn hópur leikmanna ætlar sér stóra hluti í framtíðinni



Þjálfarar yngri flokka Vals í knattspyrnu 2007–2008. Frá vinstri: Lea Sif Valsdóttir þjálfari 5. og 6. fl. kv., Jóhann Gunnarsson þjálfari 3. fl. ka., Þórhallur Siggeirsson þjálfari 4., 7. og 8. fl. ka., Vilhjálmur Siggeirsson aðstoðarþjálfari í 4., 7. og 8. fl. ka., Rakel Logadóttir þjálfari 7. fl. kv., Margrét Lára Viðarsdóttir þjálfari 3. fl. kv., Thelma Björk Einarsdóttir aðstoðarþjálfari 7. fl. kv., Sigurlaug G. Jóhannsdóttir aðstoðarþjálfari í 6. fl. kv., Heiða Dröfn Antonssdóttir aðstoðarþjálfari í 5. fl. kv., Oddný Kjartansdóttir aðstoðarþjálfari 4. fl. kv. Sindri Ragnarsson þjálfari 3. og 2. fl. kv. (fyrir aftan), Soffía Amundadóttir þjálfari 4. fl. kv. og Margrét Magnúsdóttir aðstoðarþjálfari 5. fl. kv. Á myndina vantar nokkra þjálfara.



og verður gaman að fylgjast með þessum leikmönnum sem verða stjórnur framtíðarinnar.

Yfirlit yfir starf yngri flokka Vals í fótbolta 2007–2008

Starf barna- og unglingsviðs var að vanda viðamiknið en verkin unnust vel undir styrki leiðsögn og stjórn Ragnhildar Skúladóttur. Barna- og unglingsvið knattspyrnudeildar Vals hefur yfirumsjón með starfi yngri flokka Vals, annast m.a. ráðningar þjálfara og markar stefnu fyrir starfsemi yngri flokka félagsins í knattspyrnu. Einnig er leggur sviðið áhersla á góð tengsl við foreldra iðkenda, vímuvarnir og fjölbreytta félagsstarfsemi og foreldrastarf í öllum flokkum, m.a. til að vinna gegn brottfalli úr íþróttaiðkun.

Þjálfarar

Á liðnu starfsári störfuðu 18 þjálfarar við 11 flokka félagsins, bæði aðalþjálfarar og aðstoðarþjálfarar. Óhætt er að segja að þjálfarastöðurnar hafi verið vel mannaðar af kraftmiklu og hressu fólki sem velflest býr yfir mikilli reynslu af þjálfun. Í þjálfarahópnum voru einnig ungir Valsarar sem eru að stíga sín fyrstu spor í þjálfun og er jákvætt að sjá að nýliðun í þjálf-

arahópnum á sér stað innan félagsins. Eftirtaldir önnuðust þjálfun yngri flokka félagsins á starfsárinu. Þór Hinriksson og Jóhann Gunnarsson tóku við þjálfun 3.fl. karla. Þórhallur Siggeirsson hélt áfram þjálfun 4.flokks og var Vilhjálmur bróðir hans honum til aðstoðar. Agnar Kristinsson hélt áfram þjálfun 5. og 6. flokks karla. Aðstoðarmenn Agnars voru þeir Atli Sigurðsson og Magnús Örn Þórsson. Þórhallur sá einnig um þjálfun 7. og 8. flokks karla með Vilhjálmi sér til aðstoðar.

Margrét Lára Viðarsdóttir sá um þjálfun 3.flokks kvenna og bættist Sindri Ragnarsson við þjálfarateymið þegar liðið var fram á vor. Soffía Ámundadóttir var þjálfari 4.flokks kvenna og henni til aðstoðar var Oddný Kjartansdóttir. Aðalþjálfari 5. og 6. flokks var Lea Sif Valsdóttir. Aðstoðarþjálfarar í 5. flokki voru Margrét Magnúsdóttir og Heiða Dröfn Antonsdóttir en í 6. flokki þær Kristín Jónsdóttir og Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir. Raket Logadóttir hélt áfram þjálfun 7. flokks kvenna og aðstoðaði Mjöll Einarsdóttir hana fram að vori en þurfti frá að hverfa og þá tók Thelma Björk Einarsdóttir við. Félagið þakkar öllum þjálfurum félagsins fyrir vel unnin störf og þeim sem eru hættir velfarnaðar í nýjum störfum.

Þórhallur lét af störfum í haust og tók Igor Bjarni Kostic við 4. flokknum og Rúnar Sigríksson við 7. og 8. flokki karla. Þór Hinriksson og Jóhann Gunnarsson tóku við þjálfun 2. flokks karla og tók Ragnar Helgi Róbertsson við 3. flokknum í þeirra stað. Agnar heldur áfram þjálfun 5. og 6. flokks karla. Margrét Lára tók sér frí frá þjálfun og tók Lea Sif við þjálfun 3. flokks kvenna og heldur einnig áfram þjálfun 5. flokks kvenna, en við 6. flokki kvenna tók Kristín Jónsdóttir. Soffía heldur áfram þjálfun 4. flokks kvenna og færir Raket sig upp í 2. flokk. Thelma Björk þjálfar 7. flokk kvenna.

Foreldrar tóku virkan þátt í stöfum flokkanna og stóðu meðal annars fyrir því að klæða alla yngri flokkana upp í nýjan fatnað frá Hummel sem var mikil vinna hjá örfáum einstaklingum. Foreldrar héldu einnig utan um fjáraflanir flokkanna og skipulögðu ýmsar uppkomur. Aðkoma foreldra var einnig mikil þegar kom að heimaleikjum meistaraflokka félagsins og uppskeruhátíð og verður þeim seint fullþakkað fyrir þeirra framlag til félagsins.

Fjölmenn uppskeruhátíð yngri flokka í knattspyrnu

Árleg uppskeruhátíð yngri flokka Vals í knattspyrnu var haldin sunnudaginn 21. september 2008 að viðstöddum miklum fjölda iðkenda, þjálfara, foreldra og forráðamanna og gesta. Var hátíðin haldin í glæsilegum hátíðarsal félagsins í Vodafonehöllinni að Hlíðarenda. Hefðbundnar viðurkenningar voru veittar á

Sigurvegur Old girls Vals á haustmóti

2008. Efri röð frá vinstri: Soffía Ámundadóttir, Guðrún Sæmundsdóttir, Eva Halldórsdóttir, Sigrún Birna Norðfjörð, Erna Lind Rögnvaldsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir. Neðri röð frá vinstri: Kristbjörg Helga Ingadóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir, Ragnheiður Víkingsdóttir og Margrét Óskarsdóttir.





hátíðinni og gerði Ragnhildur Skúladóttir yfirmaður barna- og unglingasviðs grein fyrir starfi í einstökum flokkum. Að lokinni afhendingu viðurkenninga bauð knattspyrnudeild Vals upp á glæsilegt veitingar með aðstoð iðkenda og foreldra sem mæta með kökur og brauðmeti til fagnaðarins á sameiginlegt veisluborð samkvæmt áralangri hefð.

Allir iðkendur í 6., 7. og 8. flokki Vals fengu verðlaunapening með merki félagsins og ártali. Veitt voru þrenn einstaklingsverðlaun í 3., 4. og 5. flokki og teknar voru myndir af öllum verðlaunahöfum og hópmýndir af öllum flokkum. Allir þjálfarar fengu afhenta rós frá félaginu.

Almennt má segja að gengi einstakra flokka hafi verið gott á starfsárinu, einkum í stúlknaflokkum. Margir flokkar eru fjölmennir, einkum þeir yngstu og starfið

var í flestum flokkum í miklum blóma, ástundun góð og framfarir miklar. Þó er áhyggjuefni hversu fámennir sumir yngri flokkar karla eru, einkum 3. og 4. flokkur. Einkum er ánægjulegt hversu margir iðkendur eru í yngstu flokkunum. Hvað árangur einstakra flokka varðar ber hæst Íslandsmeistaratitill 4. flokks kvenna í A liðum og Íslandsmeistaratitill 6. fl. kvenna í A og B liðum. A og B lið 5. fl. kvenna fengu silfurverðlaun á Íslandsmótinu og 3. fl. kvenna lék til úrslita í bikarkeppninni en tapaði úrslitaleiknum.

3. flokkur kvenna

3. fl. kvenna hjá Val stóð í ströngu á tímabilinu. Stelpurnar eru 23–25 að æfa og þykir það einna best á landinu. Veturinn fór vel af stað og sigraði A liðið Reykjavíkurmótið með stæl með því að sigra núverandi Íslandsmeistara KR 4-0

í úrslitaleik. B liðið tók einnig þátt og stóðu sig mjög vel en þær spiluðu sem A lið. Sumarið var upp og niður hjá flokknum og voru það mikil vonbrigði að komast ekki í úrslit Íslandsmótsins. Hins vegar endaði sumarið vel með því að liðið komst í bikarúrslitaleikinn þar sem FH hafði betur 5-2. Það sem stendur upp úr sumrinu er meðal annars ferðin á Gothia Cup í Svíþjóð þar sem bæði U17 og U15 ára liðin stóðu sig mjög vel. Ekki má gleyma því að nokkrir leikmenn liðsins hafa verið fastamenn í yngri landsliðum Íslands eða á dyrum þess. Mikill metnaður býr í 3. fl. kvenna og verður gaman að fylgjast með þeim í framtíðinni. Foreldrarstarfið var öflugt.

4. flokkur kvenna

Flokkurinn fór á 8 mót á árinu og vann 5 þeirra sem er glæsilegur árangur:

Verðlaun og viðurkenningar á uppskeruhátíð knattspyrnudeildar Vals 2008

7. og 8. flokkur

Allir fengu viðurkenningu í 7. og 8. flokki en engin einstaklingsverðlaun voru veitt í þessum flokkum.

6. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Lóa Yona Zoe Fenzy
Besta ástundun: Hildur Karitas Gunnarsdóttir
Liðsmaður flokksins: Agnes Edda Guðlaugsdóttir

5. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Ása Bríet Bratteberg Ingólfssdóttir
Besta ástundun: Ásta Rún Agnarsdóttir
Liðsmaður flokksins: Katla Rún Arnórssdóttir

4. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Svava Rós Guðmundsdóttir
Besta ástundun: Hugrún Arna Jónsdóttir

Liðsmaður flokksins: Ingunn Haraldsdóttir

3. flokkur stúlkna

Mestu framfarir: Telma Ólafsdóttir
Besta ástundun: Katrín Gylfadóttir
Leikmaður flokksins: Heiða Dröfn Antonsdóttir
Friðriksbikarinn: Sigurlaug Guðrún Jóhannesdóttir

6. flokkur drengja

Mestu framfarir: Egill Magnússon
Besta ástundun: Jóhann Páll Ástvaldsson
Liðsmaður flokksins: Alexander Jón Másson

5. flokkur drengja

Mestu framfarir: Oddur Tyrvingur Oddsson
Besta ástundun: Guðmundur Magnússon

Liðsmaður flokksins: Marteinn Högni Elíasson

4. flokkur drengja

Mestu framfarir: Alexander Egilsson
Besta ástundun: Breki Bjarnason
Liðsmaður flokksins: Breki Bjarnason

3. flokkur drengja

Mestu framfarir: Guðmundur Óli Norland
Besta ástundun: Tadas Koncius
Leikmaður flokksins: Edvard Börkur Óttharsson
Friðriksbikarinn: Bjartur Guðmundsson
Liðsmaður flokksins: Edvard Börkur Óttharsson

Lollabikar: Edvard Börkur Óttharsson 3. og 2. flokki.

Dómari ársins. Rúnar Sigurðsson



Íslandsmeistarar 2008, Reykjavík-meistarar 2008, Jólamótsmeistarar KRR 2007, Síamótsmeistarar og Kópavogsmótsmeistarar jólamót 2008. Flokkurinn æfði fjórum sinnum í viku og mikið af aukaæfingum var í boði sem við buðum. Félagsstarfi var gott, m.a. farið í tvær óvissuferðir.

5. flokkur kvenna

Flokkurinn í ár var einstakur en leikgleði, samstaða og framfarir einkenndu flokkinn. Gengi á mótum sumarsins var gott, en silfur eða gull var tryggt á nánast öllum mótum. Stelpurnar eru mjög áhugasamar en æfingasókn yfir tímabilið var mjög góð enda framfarir og árangur í samræmi við það. Gaman verður að fylgjast með afrekum stelpnanna í framtíðinni, en öruggt er að hluti þeirra muni spila með meistaraflokkum og landsliðum í framtíðinni.

6. flokkur kvenna

Síðastliðið haust var flokkurinn ekki eins fjölmennur en undir lok tímabils voru um 35 stelpur á hverri æfingu. 3 lið tóku þátt í undankeppni Íslandsmóts og öll 3 liðin unnu sinn riðil og komust í úrslitakeppni. Á Síamótinu í Kópavogi náldi flokkurinn sér í eitt gull og eitt brons.

Stórglæsilegur árangur náðist á Þæjumótinu á Siglufirði, tvö gull og eitt silfur. Hápunktur sumarsins var svo án efa úrslitakeppni Íslandsmótsins þar sem C-liðið stóð sig frábærlega og endaði í öðru sæti en A- og B-liðin hömpuðu Íslandsmeistaratitlinum en bæði liðin fóru í gegnum mótið taplaust. Foreldrarstarfið var öflugt.

7. flokkur kvenna

7. flokkur kvenna saman stendur af ungum stúlkum sem fæddar eru 2000 og síðar. Þegar flokkurinn tók til starfa voru um 12 stúlkur í honum en í lok tímabils voru 28 stúlkur á skrá og hefur fjöldinn aldrei verið eins mikill í sögu flokksins en fjölgun má einkum rekja til rútuferða sem farnar voru frá skólum í grennd við Valsheimilið. Mjög gott framtak. Flokkurinn tók þátt í ýmsum mótum og stóðu sig allar með tölu mjög vel og ekki er annað hægt að segja en að framfarimar hafa verið miklar frá því á fyrsta móti.

3. flokkur karla

Flokkurinn æfði 4–5 sinnum í viku að jafnaði. Morgunæfingar voru í vetur og í sumar, þar sem lögð var áhersla á tækni og voru drengirnir duglegir að mæta. Í samvinnu við þjálfarana sáu tveir til

þrír hverju sinni um eitthvað félagslegt í hverjum mánuði. Framfarir voru miklar á árinu.

4. flokkur karla

4. flokkur karla fór í gegnum erfitt, lærdómsríkt en mjög skemmtilegt tímabil. Háði flokknum hvað mest fjöldinn en einungis 15 strákar æfðu á tímabilinu. Árið 2008 byrjaði á því að fara skemmtiferð yfir helgi í Voga. Farið var til Ólafsvíkur og keppt á Íslandsmótinu innanhúss, Reykjavíkurmótið var mikil reynsla og lærdómur fyrir strákana og þjappaði hópnun mikið saman. Flokkurinn skemmti sér mikið saman, tók m.a. upp sameiginlegt myndband til að þjappa hópnun saman. Lék í C-riðli Íslandsmótsins og endaði í 3. sæti. Í sumar tók flokkurinn þátt í Rey Cup sem stóð upp úr. Árangurinn var góður og allir skemmtu sér vel.

5. flokkur karla

Starfið í 5. flokki á keppnistímabilinu var gott. Hópurinn var fjölmennur eða um 50 strákar. Mætingar voru mjög góðar og ef félagið heldur vel utan um þessa stráka þá er framtíðin björt hjá félaginu. Flokkurinn tók þátt í nokkrum mótum og var árangurinn þokkalegur en sárast var þó það að flokknum tókst ekki að vinna sig upp um deild.

6. flokkur karla

Keppnistímabilið hjá 6. fl. var glæsilegt. Fjöldi iðkenda var um 55 og voru æfingar 3 á viku yfir vetrar- og vormánuðina en fjölgaði síðan í fjórar yfir sumartímenn. Flokkurinn tók þátt í nokkrum mótum. Shellmótið er stærsta mót sumarsins og þangað var haldið með 4-lið og stóðu þau sig þokkalega og vann eitt lið til verðlauna. Foreldrarstarfið var öflugt.

7. flokkur karla

Það er flott ár að baki hjá 7. flokki karla. Valur byrjaði með rútuferðir fyrir strákana úr skólanum og aukning í flokknum var gríðarleg. Strákonum fjölgaði nánast



Pálmi Rafn Pálmason skorar sigurmark í vígsluleiknum við Fjölni, 2-1.



stanslaust frá fyrstu æfingu alveg fram á sumar. Í vetur voru oft yfir 40 strákar á æfingum og yfir 50 strákar á skrá. Flokkurinn fór á 8 mót á árinu og oftast voru úrslitin ekki aðalmálið. Stærsta mót sumarsins var síðan Kaupþingsmótið þar sem gist er yfir helgi. Við fórum með 5 lið á mótið sem er eflaust í fyrsta skiptið sem Valur fer með svo mörg lið á Skagarmótið. Ekki skemmdi fyrir að eitt liðið tók við bikar í lok móts sem allir höfðu gaman af. Fyrir utan að spila og æfa fótbolta hittist flokkurinn nokkrum sinnum og skemmti sér saman. Félagstarfið var gott og skapaðist góður kjarni í hópnum og foreldrarstarfið var gott.

8. flokkur

8. flokkur æfði tvisvar í viku allt starfsár-

ið. Í vetur voru yfir 40 strákar á skrá og því mikið fjör og stuð á æfingum. Flokkurinn fór á eitt mót og það var Landsbankamót í Mosfellsbæ í lok maí. Fórum við með 3 lið á mótið og greinilegt er að hér eru framtíðarleikmenn Vals að vera til.

Fríðriksbikar, Lollabikar og dóm-araverðlaun

Á uppskeruhátíð yngri flokka Vals 2008 var Fríðriksbikarinn veittur í fimmta sinn. Gerð hefur áður verið grein fyrir tilurð þessarar verðlaunaveitingar. Gefandi Fríðriksbikarsins er Þorsteinn Ólafs og afhenti hann bikarana að þessu sinni. Viðurkenningin er að sjálfsgöðu kennd við Sr. Fríðrik Fríðriksson. Fríðriksbikarar eru veglegur farandbikar og annar eignabikar sem veittir eru árlega til

eins iðkanda í 3. flokki karla og eins iðkanda í 3. flokki kvenna, sem þykja skara fram úr í félagsþroska innan vallar sem utan. Í ár hlutu viðurkenninguna þau Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir og Bjartur Guðmundsson. Þorsteini Ólafs sérstakur þakkir við aðkomuna að þessum verðlaunum og fyrir styrkveitinguna í ár.

Á liðnu starfsári hlaut Edvard Börkur Óttharsson Lollabikarinn svonefnda sem er veittur árlega á hátíðinni og kenndur er við Ellert heitinn Sólvason, eða Lolla í Val. Bikarinn er veittur einstaklingi sem þykir skara fram úr í knattækni og leikni. Edvard Börkur er leikmaður í 3. og 2. flokki Vals.

Viðurkenninguna dómari ársins 2008 hlaut Rúnar Sigurðsson en hann hlaut einnig þá nafnbót árið 2007.



Íslandsmeistarar Vals í knattspyrnu í 4. flokki kvenna 2008. Aftari röð frá vinstri: Soffía Ámundadóttir þjálfari, Ásthildur Ólafsdóttir, Sonja Símonardóttir, Katrín Seinþórsdóttir, Surya Agnakahan, Margrét Sigurðardóttir, Katla Arnórsdóttir, Ingunn Haraldsdóttir, Huguína Anna Jónsdóttir fyrirliði, Villimey Líf Fríðriksdóttir og Oddný Anna Kjartansdóttir aðstoðarþjálfari. Fremri röð frá vinstri: Björk Sigurðardóttir, María Soffía Júlíusdóttir, Kara Magnúsdóttir, Erla Steina Sverrisdóttir, Selma Dís Scheving lukkustúlka, Elín Metta Jensen, Berglind Rós Ágústsdóttir, Svava Rós Guðmundsdóttir, Hildur Antonisdóttir, Sigríður K. Kristjánsdóttir. Fremst: Dána Ágústsdóttir.

Uppskeruhátíð knattspyrnudeildar 2008



Dómari ársins. Rúnar Sigurðsson.



Hópmýnd af 8. flokki og þjálfurum.



Hópmýnd af 7. fl. kvenna og þjálfurum.



Hópmýnd af 7. fl. karla og þjálfurum.



6. fl. kvenna. Lóa Yona Zoe Fenzy, Agnes Edda Guðlaugsdóttir, Hildur Karitas Gunnarsdóttir og Lea Sif Valsdóttir og Kristín Jónsdóttir þjálfarar.



6. fl. karla. Egill Magnússon og Alexander Jón Másson.



5. fl. kvenna. Ása Bríet Bratteberg Ingólfsdóttir, Katla Rún Arnórsdóttir og Ásta Rún Agnarsdóttir og Lea Sif Valsdóttir og Margrét Magnúsdóttir þjálfarar.



5. fl. karla. Oddur Tyrfingur Oddsson, Marteinn Högni Elíasson og Guðmundur Magnússon.



4. fl. kvenna. Svava Rós Guðmundsdóttir, Hugrún Arna Jónsdóttir, Ingunn Haraldsdóttir og Oddný Kjartansdóttir og Soffía Ámundadóttir þjálfarar.



4. fl. karla. Alexander Egilsson, Breki Bjarnason og Þórhallur Siggeirsson og Vilhjálmur Siggeirsson þjálfarar.



3. fl. kvenna. Telma Ólafsdóttir, Heiða Dröfn Antonsdóttir, Katrín Gylfadóttir og Sindri Ragnarsson og Margrét Lára Viðarsdóttir þjálfarar.



3. fl. karla. Tadas Koncius, Edvard Börkur Óttharsson, Guðmundur Óli Norland og Jóhann Gunnarsson þjálfari.



2. fl. kvenna. Guðlaug Þórsdóttir, Berghóra Gná Hannesdóttir, Thelma Björk Einarsdóttir.



2. fl. karla. Edvard Börkur Óttharsson, Magnús Örn Þórsson, Atli Dagur Sigurðsson, Leifur Bjarki Erlendsson.



Lollabikar. Edvard Börkur Óttharsson.



Friðriksbikarinn. Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir og Bjartur Guðmundsson.

Ljósm. Guðni Karl.



Draumurinn að komast á verðlaunapall á EM 2009

Ásta Árnadóttir er 25 ára og leikur fótbolta með meistaraflokki

Nám: Ég er á þriðja ári í sjúkraþjálfun.

Kærasti: Friðgeir Steinsson.

Hvað ætlar þú að verða: Ríkur sjúkraþjálfari.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Ingvar Þóroddsson í 6. flokki í knattspyrnu.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum: Ég hef alltaf haft mjög góðan stuðning frá foreldrum mínum.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni: Ætli ég fái ekki þann titil.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: KR-ingur.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Tvöfaldur meistari og á verðlaunapalli á EM.

Af hverju fótbolta: Langskemmtilegasta íþróttin.

Af hverju Valur: Frábær klúbbur með góðu fólki og bestu stuðningsmönnum.

Helstu afrek í öðrum íþróttagrein-

um: Íslandsmeistari í fimleikum á yngri árum.

Hvar lærdir þú þín frægu innköst: Ég æfði fimleika í 9 ár.

Eftirminnilegast úr boltanum: Tvöfaldur Íslandsmeistarar 2006, Evrópukeppnirnar með Val og síðan að tryggja okkur á EM 2009 með landsliðinu.

Hvernig var síðasta tímabil: Það var mjög gott en það er alltaf eitthvað sem má betur fara.

Ein setning eftir tímabilið: Siguvegarar.

Hvernig gengur næsta sumar: Vonandi vel.

Besti stuðningsmaðurinn: Siggí Már.

Skemmtilegustu mistök: Þegar ég datt á rassinn í innkastinu á móti Grikklandi í sumar.

Bestu samherjarnir: Get ekki gert uppá milli leikmanna, tókum þetta á liðsheildinni.

Erfiðustu mótherjarnir: KR.

Eftirminnilegasti þjálfarinn: Elísabet Gunnarsdóttir.

Fyndnasta atvik: Þegar við vorum að spila í Evrópukeppninni í ár og Raket er nýkomin inn á og það er ekkert að gerast í leiknum og þá allt í einu flýgur Raket á hausinn og enginn nálægt henni og allir tóku eftir því.

Stærsta stundin: Þegar ég varð í fyrsta sinn Íslandsmeistari með Val 2004.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki kvenna hjá Val: Margrét Lára.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val: Atli Sveinn.

Hvað lýsir þínum húmor best: Einfaldur.

Mottó: Lifa lífinu lifandi.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Heima upp í sófa með kærastanum mínum eða í góðra vina hópi.

Hvaða setningu notarðu oftast: Hvað er að fréttu?

Skemmtilegustu gallarnir: Á það til að tala og hlægja örlítið of hátt.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Ég elska þig.

Fullkomið laugardagskvöld: The Holiday í tækinu með kallinn liggjandi mér við hlið í sófanum.

Draumur um atvinnumennsku í fótbolta: Mér finnst rosalega gaman að spila fótbolta og það væri alls ekki slæmt að geta fengið borgað fyrir það.

Landsliðsdraumar þínir: Að komast á verðlaunapall á EM 2009.

Besti söngvari: Páll Óskar stendur fyrir sínu.

Besta hljómsveit: U2.

Besta bíómynd: Dumb and Dumber.

Besta bók: Dýragarðsbörnin.

Besta lag: Simply the Best með Tinu Turner.

Uppáhaldsvefsíðan: valur.is og fotbolti.net.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Liverpool.

Uppáhalds erlenda fótboltafélagið: Barcelona.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Ég myndi vilja vera Cat woman.

Nokkur orð um núverandi þjálfara: Metnaðarfullur, skipulagður, ákveðinn og skemmtilegur.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Ég myndi gefa öllum leikmönnum í meistaraflokki kvenna ferraribíl og eftir hverja æfingu myndu þær fá spa nudd og fót snyrtingu.

Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda: Til fyrirmyndar.



Íslandsmeistarar Vals í knattspyrnu kvenna frá 1978–2008 fagna





Stærsta stundin að vinna Íra og komast í úrslitakeppni EM í knattspyrnu

Katrín Jónsdóttir er leikreyndasti leikmaður íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu og fyrirliði Vals og landsliðsins. Hún segir kvennaknattspyrnu í mikilli sókn

Katrín Jónsdóttir er ein af stelpunum okkar sem hafa slegið í gegn hjá íslensku þjóðinni á sambærilegan hátt og strákarnir okkar í handboltanum. Hún hefur lagt gríðarlega hart að sér ásamt samherjum hjá Val og landsliðinu í að ná árangri og hefur óbilandi trú á því að markmiðin náist. Hún er sannur leiðtogi innan vallar sem kröftugur fyrirliði og utan vallar er hún góð fyrirmynd ungra íþróttamanna, geislandi af lífsgleði, bjartsýni og heilbrigði. Henni finnst gríðarlega mikilvægt að vera heidarleg og góð við aðra og finnst baktal óþolandi og gjörsamlega óviðunandi.

Sæti kvennalandsliðsins í úrslitakeppni EM tryggd

„Tilfinningin var ólýsanleg þegar við tryggðum okkur sæti í úrslitakeppni EM í haust,“ segir Katrín þegar hún hugsar til þess stóra áfanga þegar íslenska kvennalandsliðið vann Íra örugglega í haust 3-0 í mikilvægasta knattspyrnuleik sem íslenska kvennalandsliðið hefur leikið.

„Maður táraðist hreinlega og trúði þessu varla. Þetta var alveg yndislegt og fyrst núna sem maður er að átta sig á þessu,“ segir Katrín sem var fyrirliði í leiknum og leikreyndasti leikmaður landsliðsins. „Við undirbjuggum okkur á hefðbundinn hátt. Fókúsin var á okkar leik. Hvað við gátum gert til að VINNA leikinn. Jákvæðnin var í fyrirrúmi.“

Tap 70% þjóðarinnar fylgdist með leiknum við Íra í beinni útsendingu í sjónvarpinu og er það metáhorf á landsleik í fótbolta. Hvað segir þú um þennan áhuga þjóðarinnar og stuðning? „Mér finnst þetta alveg frábært. Ótrúlegt að svo margir hafi fylgst með. Og sérstaklega ánægjulegt að hafa getað komið með jákvæðar fréttir inn í þjóðfélagið eins og ástandið er á Íslandi núna. Geri mér fullkomlega grein fyrir að þessi sigur leysir ekki vanda fólks, en gott ef Íslendingar gátu brosað og gleymt fjárhagnum, þó ekki væri nema í nokkrar klukkustundir.“

Nú hefur þú átt afar farsælan feril í fótbolta og ert leikreyndasti leikmaður landsliðsins. Hvaða markmið eru raun-

hæf fyrir úrslitakeppnina í Finnlandi næsta sumar? „Ég tel okkur eiga fullt erindi í þessi lið sem verða þarna. Og markmið okkar, eins og áður, er að fara í hvern leik til að sigra. Nú höfum við náð okkar markmiði að komast á EM, og þá er mikilvægt að vera ekki bara sáttur með það. Það þarf að setjast niður og setja sér ný markmið. Og það munum við sem hópur gera. Ég hef sjálf sem markmið að komast í mitt langbesta form. Vil gera allt sem ég get til að stuðla að því að liðið nái góðum árangri. Þetta krefst mikillar fórnar og gríðarlegrar vinnu.

Hvernig er stemningin í landsliðinu? „Mjög góð. Góður hópur og liðsheildin frábær. Allir leikmenn hópsins er líka svo einbeittir í að ná árangri og hafa æft rosalega vel og lagt mikla vinnu á sig. Þetta ásamt góðri stjórn, og þá á ég við landsliðsþjálfara, Klöru Bjartmarz sem er allt í öllu hjá KSÍ og stjórn KSÍ, hjálpar til við að ná settu marki.“

Frábær tími hjá Val undanfarin ár með einstökum þjálfara

Katrín hefur leikið stórt hlutverk undanfarin ár í geysisterku og ótrúlega sigursælu kvennaliði Vals sem er líklega sterkasta kvennaliði Íslands fyrr og síðar. Hver er lykullinn að þessum árangri að þínu mati? „Meistaraflokkur kvenna er frábær hópur. Það er engin tilviljun að við köllum okkur „The Family“. Þjálfunin er mjög góð og hópurinn breiður. En við höfum verið með hvað breiðasta hópin. Það skiptir gríðarlega miklu máli. Einnig verð ég að segja óbilandi trú á að ná árangri, bæði hjá leikmönnum og þjálfurum. Þetta er eitthvað sem Valur hefur kennt mér. Mér hefur liðið mjög vel hjá Val og hef bætt mig mikið sem knattspyrnukona, aldrei of seint að bæta sig. Stuðningurinn hefur verið sérstaklega góður í stóru leikjunum. Og eftir að við fórum að spila á Hlíðarenda að nýju hefur skapast ekta heimavallarstemning. Það myndaðist einnig góð stemning á þessu ári þegar við mættum á leiki hjá körfunni og handboltanum og öfugt. Skapar góða stemningu innan félasins. Þessu verður að halda áfram.“

Hvernig myndir þú lýsa Elísabetu Gunnarsdóttur (Betu) þjálfara? Hvernig líst þér á hópin á næsta tímabili? „Við Beta höfum verið vinkonur frá því við vorum 15–16 ára. Það var því svolítið skrytið að mæta á fyrstu æfinguna hjá henni 2004. En ég sé fljótt að hún er frá-



„Markmiðið er alltaf að fara í hvern leik og sigra.“

bær þjálfari, og hef sagt það oft, bæði við hana og í fjölmiðlum. Hún hefur fjölmarga kosti og er hún kannski allra best í tækniþjálfun. Sem persóna hefur hún gríðarlegt skap. Og ég fullyrði það að hefði hún ekki haft það væri hún ekki þar sem hún er í dag. Vil hér með óska henni alls hins besta hjá hennar nýja félagi Kristianstad.“

Hvernig líst þér á þjálfarateymið næsta ár? „Mér líst mjög vel á þjálfarateymið á næsta ári. Freyr var með okkur í ár og stóð sig mjög vel. Líst vel á hugmyndir hans og þjálfunaraðferðir og varð mjög glöð þegar hann ákvað að framlengja samning sinn. Dodda þekki ég frá meistarafokksráðinu, þar sem hann hefur unnið mjög gott starf. Hefur mikið vit á fótbolta og verður spennandi að hafa hann með. Óli er náttúrulega með bestu markmannsþjálfurum á landinu og alveg frábært að hann haldi áfram.“

Katrín á eitt ár eftir af samningi sínum við Val. Hver eru markmið þín í fótbolta fyrir næsta tímabil með Val og með landsliðinu? „Markmiðið er alltaf að fara í hvern leik til að sigra. Með Val er að vinna Íslandsmeistaratitilinn og bikarmeistaratitilinn. Með landsliðinu er að komast sem allra lengst á EM. Ég hef bullandi trú á okkur.“

Hver eru mestu vonbrigðin þín hjá Val? „Mestu vonbrigðin með Val voru að komast ekki áfram úr 16 liða úrslitum Evrópukeppni félagsliða í fyrra og svo tapið gegn Bardolino í ár í sömu keppni. Alveg óþolandi að tapa fyrir liði þar sem helmingur leikmanna reykir.“

Hver er staða kvennaknattspyrnu hér á landi að þínu mati? Hvernig finnst þér starfið í yngri flokkunum hjá Val og

hvernig telur þú að megi fá fleiri krakka til að æfa íþróttir? „Kvennaknattspyrnan er alltaf að styrkjast, deildin hefur styrkst til muna og það eru að koma upp miklu fleiri góðir leikmenn. Hins vegar eru deildirnar í Svíþjóð, Noregi og Þýskalandi enn þá betri en deildin heima. En bilið styttist óðum. Yngri flokka starfið er mjög gott í Val. Ég hef hins vegar áhyggjur af því hversu lítið upptöku-svæðið er. Tel mikilvægt að Valur sem félag verði að vera duglegt að kynna sig, t.d. fara út í skóla og tala við krakkana þar.“

Farsæll fótboltaferill

Katrín byrjaði ung að æfa fótbolta og á að baki glæsilegan feril með liðum hér á landi og erlendis. „Ég byrjaði að æfa með Koll í Osló 8 ára gömul. Ég fluttist 11 ára gömul til Íslands og æfði með Breiðabliki til 1997, að undanskildu einu ári með Stjörnunni. Ég fluttist til Noregs og lék með Kolbotn til ársins 2003 og varð m.a. tvívegis Noregsmeistari með þeim. Tók reyndar langa pásu á þessu tímabili. Fluttist til Kristiansand í Noregi 2004, en hafði þá lokið við læknisnám og tók kandidatsárið þar. Spilaði á þessu tímabili með Amazon Grimstad. Kom svo til Vals 2006 og hef spilað þar síðan, lék reyndar 6 leiki með Val tímabilið 2004.“

Hefur þú æft aðrar íþróttagreinar? „Já, ég hef einnig æft fimleika, handbolta, körfubolta og frjálsar.“

Hver er erfðasti mótherjinn sem þú hefur leikið gegn í fótbolta? „Þetta er erfð spurning. Hef mætt mörgum góðum knattspyrnukonum. Ætli ég verði ekki að segja Marta hjá Umeå, hún er ótrúleg.“

Hverjir eru eftirminnilegustu samherjarnir þínir í landsliðinu og helstu fyrirmyndir í fótbolta? „Það er mjög erfitt að gera upp á milli. Hef spilað með svo mörgum góðum knattspyrnukonum. Hins vegar vil ég nefna það að allar þær sem hafa spilað fyrir Íslands hönd eiga mikið í þeim árangri sem Ísland hefur náð á undanförunum árum. Og þá á ég við alveg til baka til þeirra sem spiluðu fyrsta leikinn. Þá voru engar hallir og ekkert gervi-gras og aðstæður allar mun verri, og svo ég tali nú ekki um fordóma, en það þótti ekki vera neitt sérstaklega flott ef stelpa var í fótbolta. Þessar konur voru frumkvöðlar og eigum við í mikilli þakkar-skuld við þær.“

Eftirminnilegt atvik úr boltanum? „Það



„Númer 1, 2 og 3 er að hafa trú á sjálfum sér.“

er þá kannski helst að nefna þegar ég lék bikarúrslitaleik með Kolbotn í Noregi 2003. Hélt að staðan væri 2-2 og við á leið í framlengingu. Þegar svo dómariinn flautaði af fer hitt liðið að fagna alveg ógurlega og liðið mitt lagðist niður í grasið. Ég skildi ekki neitt en staðan var reyndar 2-1 fyrir þær. Alveg ömurlegt þá en oft hlegið að þessu síðan.“

Hvað er mikilvægast til að ná árangri í íþróttum? „Númer 1, 2 og 3 er að hafa trú á sjálfum sér. Trúa því að þú getir sent góða sendingu, varið skot, sólað, skorað o.s.frv. Þetta er það langmikilvægasta. Svo er mikilvægt að vera duglegur að æfa sig, ekki bara á æfingum hjá sinu félagi, heldur líka sjálfur heima. Allar stelpurnar sem eru í landsliðinu hafa gert þetta. Einnig má aldrei gleyma að hafa gaman af því sem maður er að gera. Ef gleðin er ekki til staðar þá er lítið að byggja á. Að lokum verð ég svo að nefna stuðning foreldra og fjölskyldu sem er ótrúlega mikilvægur. Mamma og pabbi fóru strax að sýna þessu áhuga hjá mér og hafa mætt á nánast alla leiki og gera enn. Að auki þjálfaði pabbi mig í mörg ár. Stuðningur þeirra, systkina og síðar meir einnig kærasta hafa skipt mig alveg gríðarlega miklu máli!“

Hún vill helst sparka í mig fyrir leiki!

Bjarni Ólafur Eiríksson svarar fyrir um frekar dapurt gengi karlaliðs Vals í sumar en hann segir að liðið komi tvíeftt til leiks sumarið 2009

– Er erfiðara að verja Íslandsmeistaratilinn en halda honum?

„Einhverra hluta vegna er maður aðeins betur stemmdur þegar maður spilar við Íslandsmeistara. Mér fannst við brotna stundum við það að vera teknir fast. Á heildina litid vorum við of passívir og menn virtust ekki hafa hugrekki til að taka af skarið. Við vorum að gera fína hluti á æfingum en í leikjum vorum við að senda mikið af löngum boltum og vissulega áttum við nokkra góða kafla. Að mínu mati var okkar besti leikur spilalega séð útileikurinn við Grindavík en í mörgum leikjum litum við hrikalega illa út. Báðir leikirnir við HK voru skelfilegir og okkur til skammar. Við áttum að sýna yfirburði en vorum hreinlega lakari aðilinn.“

– Var ekki blóðtaka að missa Pálma Rafn og Birki Má, fyrir utan þá sem voru meiddir?

„Auðvitað var mikill missir í þeim en það er ekki afsökun fyrir spilamennsku okkur. Við vorum með það stóran og breiðan hóp að menn áttu að geta fyllt í skörð þeirra. Við áttum líka nokkra slaka leiki með Pálma Rafn og Birki Má innanborðs.“

– Er ekki edlilegt að gera þær kröfur til leikmanna í efstu deild að þeir spili 20 leiki af 22 frábærlega?

„Það er rosalega erfitt að eiga góða leiki þegar flestir leikmenn leika undir getu. Ég þekki það frá því ég spilaði með Silkeborg þar sem við töpuðum 80% leikjanna. Það er erfitt að vera eini aðilinn í liðinu sem spilar 80% leikjanna vel, eða reyna það. Það er alla vega mjög erfitt.“



Bjarni Ólafur Eiríksson hefur haldið uppi heiðri Vals hvað landsliðið varðar á árinu. Reyndar hafa Kjartan Sturluson, Atli Sveinn, Birkir Már, Baldur Aðalsteins, Helgi Sig og Pálmi Rafn líka komið við sögu og auðvitað munu ungu mennirnir slá í gegn fyrir Íslands hönd á næstu árum.

Bjarni Ólafur er fyrirmyndariþróttamaður, flottur, samviskusamur, æfir mikið og leggur mikinn metnað í knattspyrnuna. Hann er yngri Valsmönnum góð fyrirmynd. Þrátt fyrir alla þessi kosti spilaði Valur undir væntingum í sumar og er því vel við hæfi að hlera kappann hvað hafi farið úrskaiðis.

Bjarni Ólafur er í sambúð með Berglindi Hansdóttur markvarði Vals og

Íslenska landsliðsins í handbolta en hún hefur verið að spila mjög vel upp á síðkastið.“

– Ertu sáttur við Val síðastliðið sumar?

„Langt því frá. Ég er í raun mjög ósáttur. Það er margt sem hefði mátt fara betur. Spilamennska liðsins olli mér miklum vonbrigðum og árangurinn var eftir því. Mér fannst við ekki ná að yfirfæra það sem við vorum að gera á æfingum inn í leikina. Við æfðum mjög vel og markvisst og standardinn var hár en þegar í leikina var komið vorum við alls ekki að spila nægilega góðan fótbolta. Við vorum daprir. Ég vil ekki draga neinn til ábyrgðar nema okkur sjálfa. Ástæða þessa dapra gengis er samspil margra þátta.“



– Hversu marga leiki spilaðir þú vel?

„Ég var jafn óánægður með mig eins og gengi liðsins. Mér fannst ég spila „allt í lagi“ og fyrir mér voru það gríðarleg vonbrigði. Ég hafði háleit markmið fyrir sumarið. Mig langaði eiginlega meira að verja titilinn en vinna til hans í fyrri.“

– Hvort hentar þér betur að vera miðjumaður eða vinstri bakvörður?

„Þjálfarinn vill meina að mín kjörstaða sé í bakverðinum og ég er næstum því sammála honum. Stundum finnst mér ég ekki alveg nýta alla hæfileikana í bakverðinum, að ég gæti gert það meira inni á miðjunni. Aftur á móti var það alltaf staða sem ég var að leysa þegar meðsli komu upp. Mér er reyndar nokk sama hvar ég spila svo fremi að ég sé í liðinu.“

– Landsliðsmaður sagði mér um daginn að hann myndi varla nenna að æfa fótbolta ef hann fengi ekki borgað fyrir það. Er þetta almenn skoðun leikmanna í dag? Verð menn ekki að hafa ástríðu fyrir íþróttinni til að ná árangri“

„Ég kannast ekki við þetta og sjálfur æfi ég mjög mikið aukalega. Það er vitanlega aukaatriði hvort maður fái borgað fyrir að spila. Ég skil ekki hvernig hægt er að ná árangri ef ástríðuna skortir því það er hún sem knýr mann áfram.“

– Hvernig er andinn í landsliðinu miðað við sumarið áður?

„Ég var bara í landsliðinu hjá Loga og Ásgeir, en ekki Eyjólf, en ef ég ber stemningu þeirra saman við það sem er að gerast núna er hún allt önnur og betri núna. Það er miklu meiri léttleiki í gangi en samt er erfitt að festa orð á þetta. Það er einhvern veginn miklu skemmtilegra í þessu núna.“

– Ertu sammála mér í því að leikmenn séu yfirleitt betri á landsliðsæfingum en í leikjum?

„Algjörlega. Þetta er einhverra hluta það sama og ég upplifði hjá Val í sumari. Gæði leikmanna skína í gegn á æfingum en í leikjum er eins og margir þeirra hverfi inn í skelina. Það hlýtur að hafa með hugarfarið að gera. Ef við förum inn á völlum með því hugarfari að við getum ekki unnið, mun það nákvæmlega gerast.



Menn verða að hafa trú á sér en reyndar finnst mér þetta vera að koma hjá landsliðinu. Fyrri hálfleikur á móti Skotum í sumar var mjög góður að mínu mati þar sem liðið hélt boltanum vel og var svakalega svekkjandi að fá ekkert út úr honum. Ég hef mikla trú á okkur í þessum riðli.“

– Mætti huga meira að mataræði, hugarþjálfun, markmiðasetningu og sláku hjá Val og landsliðinu?

„Það er ekki langt síðan ég gerði mér grein fyrir því hversu mikilvægt er í fótbolta að hafa hugarfarið í lagi, vera með bullandi sjálfstraust. Það þarf að vinna miklu meira með sjálfstraustið og ég á margt ólært í þeim efnum. Fyrir leiki þarf ég virkilega að hugsa um hvað ég ætli að gera og beita markvissri hugarþjálfun til þess að spila almennilega. Ég byrjaði að gera þetta fyrir tímabilið 2005 og mér fannst verða breyting hjá mér hvað varðar mína getu samhliða því. En ég á samt að geta miklu betur.“

– Við hverju býstu af Val næsta sumar?

„Við ætlum klárlega að berjast um Íslandsmeistarátítilinn og ég tel okkur eiga góða möguleika á að endurheimta hann. Við viljum líka sýna og sanna að við erum ekki eins daprir og við vorum sumarið 2008.“

– Hvernig líst þér á þá leikmenn sem hafa komið til Vals?

„Mér líst mjög vel á þá alla. Ólafur Páll og Pétur Maack eru fljóttir leikmenn, sem okkur vantaði klárlega, ekki síst hvað varðar hraða fram á við. Reynir Leós og Ian Jeffs eru reynslumiklir leikmenn sem munu nýtast okkur vel.“

– Æfirðu mikið umfram hefðbundnar æfingar?

„Já, ég geri það og sumir vilja meina að ég æfi of mikið. Eflaust er eitthvað til í því. Ég hef varla tekið frí eftir sumarið, vegna landsleikjanna en ætli ég slaki ekki aðeins á um jólin. Það er ekki gott að lenda í ofþjálfun.“

– Kitlar atvinnumennskan aftur?

„Þegar ég kom frá Silkeborg sagði ég að þetta væri orðið gott, að ég væri búinn að prófa en atvinnumennskan gekk illa.



Frá vígsluleiknum við Fjölni. Bjarni Ólafur leiðir lúkkukrakka inn á völlum.



Á fullri ferð í landsleik.

Ég myndi vitanlega skoðað allt spennandi sem mér stæði til boða. Mig langar mest að eiga gott tímabil hjá Val og klára ferðamálafræðina í háskóla Íslands sem ég er hálfnaður með.“

– Hvort er talað meira um handbolta eða fótbolta heima hjá þér?

„Það er eiginlega mest árstíðarbundið. Þessa stundina er mest talað um handbolta og ég er mjög stoltur af Berglindi sem var valinn besti leikmaðurinn í riðlakeppninni í undankeppni EM á dögnum. Það er mikið afrek.“

– Hvernig stríðir hún þér helst, íþróttalega?

„Hún stríðir mér nú ekki mikið, heldur segir hún að ég sé ekki nógu ákveðinn og að hún vilji helst sparka í mig fyrir leiki til að koma mér í rétt stand. Ég hef heyrt þetta frá fleirum og er sammála þessu. Ég er frekar róleg týpa og skipti ekki oft skapi en það er heppilegt ef einhver brýtur á mér í upphafi leiks því þá verð ég reiður og spila betur. Ég verð að vinna í þessu eða ráða mann til að gefa mér utanundir fyrir leiki.“

– Ertu sáttur við umgjörðina í kringum Val?

„Það er hugsað mjög vel um allt sem lítur að meistaraflokki. Við erum með frábæra stjórn og frábæran þjálfara og allt starfsfólkið í kringum liðið er að leggja sig vel fram.“

Sigurbjörn Hreiðarsson fyrirliði
tekur við hamingjuóskum frá Árna
Péttri Jónssyni, forstjóra Vodafone á
Íslandi fyrir vígsluleikinn við Fjölni.



Vígsluathöfn nýs leikvangs og áhorfendastúku að Hlíðarenda og opnunarleikur við Fjölni 25. maí 2008

Ávarp Gríms Sæmundsen formanns Vals

Ágæti borgarstjóri, Ólafur F. Magnússon, heiðursfélagar Vals, Jóhannes Bergsteinsson og Sigurður Ólafsson, ágætu Valsmenn, aðrir góðir gestir.

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar hátíðarstundar að Hlíðarenda. Við erum hér saman komin á afmælisdegi sr. Friðriks Friðrikssonar aðalhvatamanns að stofnun Vals og fyrsta heiðursfélaga félagsins. Sr. Friðrik Friðriksson fæddist þennan dag árið 1868 og fögnum við því 140 ára ártíð hans í dag. Það er vel við hæfi að þessi stóri dagur í sögu Vals fari saman við afmæli sr. Friðriks.

Við erum nú að taka í notkun glæsilegasta mannvirki í eigu íþróttafélags til keppni í knattspyrnu á Íslandi, en fyrsta skóflustunga að þeim mannvirkjum sem við vígjum hér í dag var tekin þann 15. júní 2005. Þessum leikvangi er ætlað að skapa Valsmönnum bestu mögulegu aðstöðu til margra sigra og Íslandsmeistarátitla í knattspyrnu á komandi árum.

Valsmenn hafa sparkað bolta að Hlíðarenda síðan fyrsti knattspyrnuvöllur félagsins var vígður hér af sr. Friðrik Friðrikssyni þann 1. september 1949. Í ár eigum við Valsmenn því 59 ára starfsafmæli að Hlíðarenda. Valsmenn voru

fyrstir til þess árið 1983 að spila heima-leiki sína í knattspyrnu karla á eigin heimavelli hér að Hlíðarenda en til þess tíma höfðu allir leikir Reykjavíkurlíðanna farið fram á Melavelli eða á Laugardalsvelli.

Þessi gamli heimavöllur blasir við ykkur hér úr hinni nýju glæsilegu stúku. Þaðan eigum við Valsmenn margar góðar minningar. Það er tímanna tákn að horfa yfir til þessa gamla keppnisvallar og heldur er nú stúkan þar hrörleg miðað við það glæsímánvirki sem þið sitjið nú í, en um leið áminning um og samburður við fortíðina – sögu Vals.

Þessi gamli keppnisvöllur mun nú brátt hverfa undir nýtt knattús og stúku sem mun taka 1800 manns í sæti en hún verður tengd knattúsínu með sama hætti og nýja stúkan okkar hér er tengd íþróttahúsinu. Þegar þessu verður lokið verðum við með leikvang með sæti fyrir rúmlega 3000 manns. Sannkallaðan Valsleikvang. Þá er verið að byggja gervigrasvöll hér utar í mýrinni eins og menn sjá og verður hann tilbúinn til notkunar nú í haust.

Sú uppbygging, sem við erum hér vitni að, er ávöxtur farsæls samstarfs Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar, sem hófst formlega með undirritun samnings Reynis Vignis þáverandi formanns Vals og Ingibjargar Sólrún-

ar Gísladóttur þáverandi borgarstjóra þann 11. maí 2002 um makaskipti á landi vegna færslu Hringbrautar, breytta landnotkun á Hlíðarendareit og framtíðaruppbyggingu á félagssvæði Vals að Hlíðarenda. Þar hófst sameiginleg vegferð Vals og Reykjavíkurborgar og síðar Valsmanna hf um uppbyggingu á Hlíðarendareit, sem enn sér ekki fyrir endann á og mun verða þessum aðilum öllum til mikils sóma, þegar upp verður staðið.

Í þessu efni höfum við Valsarar verið svo heppnir að njóta þekkingar, reynslu og ódrepani áhuga Brynjars Harðarsonar stjórnarformanns Valsmanna hf á framtíðarskipulagi Hlíðarendareits og Vatnsmýrar og þeim möguleikum sem þar felast. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Brynjari frábær störf fyrir Val og Valsmenn hf á þessum vettvangi.

Enn skal minnt á, hver er hinn raunverulegi aðdragandi þess, að við stöndum hér í dag. Það er ótrúleg framsýni og frumkvæði forystumanna Vals á 4. áratug síðustu aldar, sem tóku ákvörðun um að kaupa Hlíðarenda, en gengið var frá þeim kaupum þann 10. maí 1939.

„Hugsjónir okkar um fullkomnun staðarins í framtíðinni verða að vera háleitar og miklar. Við verðum að gera til hans meiri kröfur en nokkurn tíma hafa verið gerðar hér á landi í þessum efnun, svo



miklar að þær standist kröfur tímans um næstu 100 ár a.m.k. Með það fyrir augum verður hvert handtak að vinnast og hver hugsun að miðast,“ skrifaði Ólafur Sigurðsson þáverandi formaður Vals í Valsblaðið árið 1941 um framtíðarheimkynni Vals að Hlíðarenda. Kynngimögnuð orð sem hefur nú verið valinn heiðursess við inngang að áhorfendasvæðum hér í húsinu.

Heiðursfélagarnir Jóhannes Bergsteins-son og Sigurður Ólafsson heiðra okkur hér með nærveru sinni í dag en, skarð var höggvið í hóp heiðursfélaga okkar þegar Þórður Þorkelsson fyrrverandi formaður Vals og heiðursfélagi féll frá fyrr í þessum mánuði 84 ára að aldri.

Ég vil biðja viðstadda að rísa úr sætum og votta Þórði og öðrum fyrrum forystumönnum Vals virðingu og þakklæti fyrir þeirra ómetanlegu störf fyrir Knattspyrnufélagið Val um leið og við hyllum heiðursfélagana, þá Jóhannes og Sigurður með lófataki. Án þessara kapp allra værum við ekki hér í dag.

Það dylst engum, sem hingað kemur, að Valshjartað slær að Hlíðarenda. Í því sambandi er við hæfi að geta hlutar Kristins Ásgeirssonar, arkitekts og Valsmanns, sem hefur hannað öll hin nýju mannvirki sem við nú njótum að Hlíðarenda. Hann hefur lagt sig fram af alúð í þetta verkefni, svo eftir hefur verið tekið. Við Valsmenn höfum á undanförunum vikum og mánuðum tekið á móti mörgum kollegum okkar í öðrum íþróttafélögum í Reykjavík og nágrennasveitarfélögum og allir ljúka miklu lofsorði á mannvirkni, útlit þeirra, hönnun og ekki síst skipulag. Það er verið að skrifa nýjan kafla í íþróttasögu Reykjavíkur með þessum nýju mannvirkjum að Hlíðarenda.

Í framhaldi af vígslu þessa nýja keppnisvallar og áhorfendastúku mun bygg-

inganefnd Vals og Reykjavíkurborgar, sem hefur stýrt þessu verki öllu láta af störfum. Bygginganefndin hefur verið skipuð þeim Sigurði Lárusi Hólmi og Guðmundi Þorbjörnssyni, f.h. Vals og Þorkeli Jónssyni og Ómari Einarssyni fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þá hefur Pétur Stefánsson verið starfandi stjórnarformaður nefndarinnar og einnig hafa Hrólfur Jónsson og Jóhannes Benediktsson starfað með nefndinni. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þessum mönnum öllum fyrir frábær störf og bið ykkur um að hylla þá með lófataki um leið og ég flyt þeim þakkir frá Knattspyrnufélaginu Val.

Í dag er gleðidagur að Hlíðarenda. Það er uppgangur og kraftur í öllu starfi félagsins. Knattspyrnufélagið Valur stendur nú á þröskuldi nýrrar og bjartar framtíðar og er aldrei sterkara og þróttmeira en einmitt nú, þegar félagið nálgast 100 ára afmæli sitt þann 11. maí árið 2011. Ég óska okkur Valsmönnum og öllum Reykvíkungum til hamingju með daginn.

Ávarp Vigfúsar Þórs Árnasonar

Borgarstjóri, ágætu Valsmenn og gestir.

Til hamingju með merkan áfanga í einstakri sögu Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda. Á tímamótum eins og þeim sem við fögnum hér í dag hugsum við Valsmenn ávallt til stofnanda félagsins, prestsins, æskulýðsleiðtogans, skáldsins og mannvinarins séra Friðriks Friðriks-sonar.

Okkur öllum er það hugleikið hverju séra Friðrik áorkaði í öllu sínu lífi og starfi. Ekki aðeins með því að stofna Knattspyrnufélagið Val sem eitt út af fyrir sig hefði haldið nafni hans á lofti um ókomna tíð, heldur og að hann ýtti úr vör

og stofnaði KFUM er síðar varð KFUM og K. Karlaórin Fóstbræður stofnaði hann einn af okkar bestu karlaórum, sem og Knattspyrnufélagið Hauka og eitt fyrsta skátáfélagið Skátáfélagið Væringja. Kirkjunni og þjóðinni gaf hann síðan ljóðin sín, sálmana sína sem enn í dag eru sungnir í Kirkjunni og KFUM og K. Við öll eru þakklát fyrir hann séra Friðrik. Hans göfuga starf sem mun lifa þótt ár og dagur lífi.

Í ljóði sínu „Knattspyrna“ sem hann tileinkaði Val segir Séra Friðrik

Helzt mun leiksins heiður styðja
hófstillt lund, en framagjörn:
Drengileg sé dáð og iðja
drengileg í sókn og vörn.
Enginn þeysing út í bláinn
ekkert spark í fátí sett.
Öll sé leikmanna æðsta þráin
að allt sé fagurt, djarft og rétt.
Fram, fram frækvið lið.
Fram, fram, sækið þið.
Að því marki sem leikinn láti
lærdóm verða á þroskabraut
tamning viljans með glóð í gáti
glæðing dyggða í hverri þraut.

Þá að lokum er lífið þrýtur
leik er slitið, marki náð,
sigurlaun og hnossið hlýtur
hann er sýndi trú í dáð.

Friðrik Friðriksson

Guð blessi þessi glæsilegu mannvirki sem eru hér vígð, og allt það íþróttalíf, sem hér verður iðkað undir orðunum hans séra Friðriks.

„Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

Til hamingju ágætu Valsmenn. Og svo: „Áfram Valur“.

Mikilvægt hlutverk foreldra í íþróttum barna



Ég hvet því alla Valsforeldra til að koma að barna- og unglíngastarfinu hjá Val. Það er bæði gefandi og skemmtilegt

Margt hefur verið skrifað á undanförunum árum um hlutverk foreldra í íþróttaiðkun barna sinna. Á tímabili var mikið um gagnrýni á „brjáláða“ foreldra á hliðarlínunni sem kunnu sér ekki hóf við hvatningu barna sinna.

Mikið að gera í foreldrastarfi

Allavega var þetta svona þegar sonur minn hóf æfingar hjá Val. Foreldrarir fengu um leið nýtt hobbý. Að fylgjast með æfingum og framgangi barnsins. Ekki bara að skutla og sækja heldur taka þátt í starfinu af fullum þunga. Skipuleggja ferðir, afla fjár, taka að sér fararstjórn, fylgjast með æfingum, horfa á leiki, samskipti við þjálfara, aðra foreldra og félagið.

Og það varð nóg að gera, með barn í tveimur íþróttagreinum, nánast fullt starf meðfram annarri vinnu. Á sex árum hefur verið farið þrisvar á Akranes, tvisvar til Eyja og tvisvar norður á Akureyri og að auki margoft á minni mót í fótbolthanum og nú í 5. flokki eru spiluð full Reykjavíkurog Íslandsmót með tilheyrandi ferðalögum. Handboltinn keyrir allt sitt Íslandsmót á helgarmótum, svo ferðir til Akureyrar og til Eyja eru fastir liðir þar líka.

Starf foreldra gríðarmikilvægt

Að mínu mati er þetta foreldrastarf gríðarlega mikilvægt. Það er ljóst að íþróttaiðkun og keppnisferðahefðin sem er komin á hér á landi er foreldrum að stórum hluta að þakka því þetta gæti aldrei gengið upp öðruvísi. Foreldrar eru þjálfurum og félaginu hvatning og stuðningur. Mikilvægast er þó að áhugi og hvatning foreldra styrkir barnið til áframhaldandi íþróttaiðkunar. Hér þarf að feta millivegin því „brjáluðu“ hliðarlínu-pabbarnir og mömmurnar eru sem betur fer hverfandi í dag enda gera þau börnum sínum ekki mikinn greiða. Mikill áróður hefur verið rekinn undanfarin ár til að útrýma ósæmilegri hegðun foreldra á íþróttamótum og sá áróður hefur skilað sér.

Hóf er best í öllu

Það er hófleg hvatning og áhugi ásamt því að foreldrarir séu starfandi í félaginu á sínum forsendum sem ég tel að skili börnunum mikilli ánægju og hvetur þau til að halda áfram að æfa og spila. Flestir foreldrar gera sér grein fyrir því að allar þessar æfingar skila að öllum líkindum ekki nýjum Eiði Smára eða Óla Stef. Kannski verður 1% barna afreksfólk í íþróttum.

Það eru aðrir hlutir sem eru miklu mikilvægari. Við foreldrar vitum nú og rannsóknir hafa sýnt að því lengur sem börnin okkar haldast í skipulögðum íþróttum því minni líkur eru á að þau leiðist út í að nota vín, tóbak eða eiturlyf. Það hafa svo aðrar rannsóknir sýnt að eftir því sem tekst að seinka fyrstu áfengisnotkun hjá unglíngum því meiri líkur eru á að allt fari vel og börnunum okkar farnist vel í lífinu.

Tökum þátt í foreldrastarfinu

Séra Friðrik sá mikli brautryðjandi hafði miklar hugsjónir fyrir Val og íþróttaiðkun barna og unglínga. Hann var svo sannarlega á undan sinni samtíð og sá gildi íþróttanna í forvarnarskyni. Höfum hann til fyrirmyndar þegar við styðjum við barna- og unglíngastarfið hjá Val. Tökum þátt og látum til okkar taka en látum aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.

Eftir Sigþór Sigurðsson
foreldraáði

Foreldrar tóku ekki þátt áður fyrr

Ég er orðinn svo gamall að þegar ég var krakki og æfði boltaspróttir sást varla nokkurt foreldri á íþróttaleik barna sinna og hvað þá að fylgjast með æfingátíma. Foreldrar mínir komu held ég aldrei á íþróttaleik þegar ég var að keppa sem barn og unglíngur. Ég hugsa að þau hafi aldrei hitt þjálfara sem ég var með á þessum árum og hvað þá rætt við þá. Þau voru ekkert einsdæmi. Foreldrar voru bara ekki með.

Mikil breyting

Ég veit ekki hvenær þetta breyttist? Einhvern tíma milli 1985 þegar ég hætti í fótbolthanum og fram til árána eftir aldamótin 2000 þegar sonur minn var að byrja sína íþróttaiðkun. Og breytingin var frá því að engir foreldrar sáuust á íþróttaviðburðum barna sinna yfir í tugi snarbrjáláðra foreldra hlaupandi og gargandi á hliðarlínunni.

Kannski tengdist það þessum knattspyrnumótum sem eru nú haldin út um allt land á sumrin um helgar fyrir yngstu krakkana. Slík mót þekktust ekki þegar ég var barn og sennilega byrjuðum við krakkarnir að æfa skipulega miklu seinna þá en nú er gert. Það segir sig auðvitað sjálft að þegar börn eru í 7. og 8. flokki, frá 5 ára aldri, að fara á skipulögð marga daga knattspyrnumót, að þá fara foreldrarir með.

NÝTT „ÍSLENSKT PAR“

Um árabíl hefur ORMSSON boðið sérframléiddar AEG þvottavélar og þurrkara fyrir íslenskan markað. Þúsundir ánægðra eigenda um land allt segir allt sem segja þarf um vinsældir og gæði þessara véla.



AEG - ÞVOTTAVÉL með íslensku stjórnborði LAVAMAT 76850 • ÍSLAND

- Taumagn: 7 kg • Vinduhraði: allt að 1600 snú./mín.
 - Mjög hljóðlát og sparneytin vél
- Öll hugsanleg þvottakerfi ásamt sparnaðarkerfi og 20 mín. hraðkerfi • Öryggiskerfi gegn leka
 - Þvottahæfni: A • Þeytivinduafköst: A
 - Orkuflokkur A+ • 3ja ára ábyrgð
- *Vönduð notendahandbók á íslensku*

AEG - ÞURRKARI með íslensku stjórnborði LAVATHERM 58840 • ÍSLAND

- Barkalaus þurrkari • Taumagn: 7 kg
- Hurðarop: 33 cm • Rakaskynjari: 9 mismunandi þurrkstig auk sérstillingar fyrir ull, sportklæði og straulétt • Krumpuvörn: Veltir tromlu af og til í 30 mín. eftir þurrkun • **NÝJUNG**: þurrkunargrind fyrir íþróttaskó og ullarfatnað
- *Vönduð notendahandbók á íslensku*

AEG • FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

ORMSSON

Allar nánari upplýsingar á www.ormsson.is



Sumarið var einstakt fyrir mig en vonbrigði fyrir liðið

Arnar Sveinn Geirsson er 17 ára og leikur handbolta og fótbolta hjá Val í 2. flokki en náði á árinu að leika með meistaraflokki í báðum greinum

Nám: Ég stunda nám við Verzlunarskóla Íslands, er á öðru ári.

Hvað ætlar þú að verða: Stefnan er auðvitað sett á atvinnumennskuna og maður ætlar sér að komast þangað. En eftir það langar mig að fara í einhvers konar verkfræði.

Frægasti Valsarinn í fjölskyldunni og besti íþróttamaðurinn: Ætli ég verði ekki að segja að það sé hann pabbi minn, Geir Sveinsson.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í handboltanum og fótboltanum: Það var örugglega ákveðið daginn sem ég fæddist að ég yrði íþróttamaður. En þau studdu mig bæði bara alveg ótrúlega vel. Pabbi hefur hjálpað mér alveg hrikalega mikið og leiðbeint mér. Ég veit að ég væri ekki jafn vel staddur ef ekki væri fyrir hans leiðsögn.

Hvernig tekst þér að sinna bæði handbolta og fótbolta af krafti: Þegar maður var yngri var það ekkert svo mikið vandamál. Þá voru æfingarnar eiginlega bara alltaf á sitt hvorum tímanum og maður var bara yfirleitt á tveimur æfingum á dag. Núna er þetta orðið miklu erfiðara. Æfingarnar eru oftast en ekki á sama tíma og svo fylgja æfingunum lyftingaræfingar bæði hjá fótboltanum og handboltanum þannig að maður kemur nánast alltaf alveg búinn heim.

Ef þú þyrftir að velja hvort er líklegra að handbolta eða fótbolta verði fyrir valinu: Ef ég gæti valið að þá væri ég búinn að því. Eins og staðan er í dag að þá finnst mér þetta alveg jafn skemmtilegt, þannig að ég mun örugglega velja bara eftir því hvernig mér gengur og eins og er þá væri það örugglega fótbolta.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Að ég verði í meistaraflokki næsta sumar og fái eitthvað að spila. Vonandi koma síðan titlar í hús í haust og þá verður sko fagnað á Hlíðarenda.

Af hverju handbolta: Það náttúrulega

var ekki annað hægt en að fara í handbolta, þegar maður ólst algjörlega upp við handbolta. Maður fylgdist alltaf vel með pabba og var alltaf jafn spennur. Svo auðvitað langaði mann að verða eins og pabbi svo að það var ekki erfið ákvörðun að byrja í handbolta.

Af hverju Valur? Af því að það er ekkert annað félag sem gæti mögulega komist með tærnar þar sem Valur hefur hælana. Auk þess þetta félagið sem maður ólst upp við. Ég lærði það snemma að verða Valsari.

Eftirminnilegast úr boltanum: Fyrst og fremst var það fyrsti landsleikurinn sem ég spilaði á Norðurlandamótinu með U-17 og mín fyrstu landsliðsmörk. Svo gleymi ég auðvitað aldrei því þegar ég kom inn á í mínum fyrsta leik fyrir meistaraflokki Vals í fótboltanum á móti KR á heimavelli og síðan með handboltanum á móti Fram. Maður mætti þarna bara mestu erkifjendum Vals í sömu vikunni á Hlíðarenda. Gerist varla betra, hefði samt verið gaman að vinna KR.

Ein setning eftir tímabilið: Sumarið var einstakt fyrir mig en vonbrigði fyrir liðið.

Besti stuðningsmaðurinn: Ég verð að segja að það sé hann Bjöggi. Hann er alveg frábær. Ótrúlega gott að hafa svona góðan stuðningsmann, sem styður mann alltaf í gegnum súrt og sætt.

Erfiðustu samherjarnir: Í fótboltanum væri það Baldur Ingimar. Hann er ótrúlega sterkur á löppunum og það er mjög erfitt að eiga við hann. Í handboltanum væri það örugglega „silfurdrengurinn“ eða „gulldrengurinn“ hann Fúsi. Síðan er ótrúlega erfitt að verjast Sigga gleðigjafa.

Eftirminnilegasti þjálfarinn: Ætli það sé ekki Magni Fannberg. Hann þjálfaði mig þegar ég var í 3. flokki á eldri ári. Ótrúlega metnaðarfullur og góður þjálfari. Ég lærði mikið af honum.

Besti íslenski fótboltamaður allra tíma: Eiður Smári Guðjohnsen.

Besti fótboltamaður heims: Í dag er það Cristiano Ronaldo, en sögunnar er það Zidane.

Besti handboltamaður heims: Ólafur Stefánsson og Nikola Karabatic

Flygustu orð: „Láttu aldrei kappið aldrei bera fegurðina ofurlíði.“

Mottó: Þú fékkst ákveðinn tíma hér á jörðinni, þú ræður hvað þú gerir við hann.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Inni á vellinum, hvort sem það er handbolta eða fótbolta.

Draumur um atvinnumennsku í fótbolta eða handbolta: Ef ég héldi áfram í fótbolta myndi ég vilja komast til Englands eða Spánar að spila í efstu deild þar. Í handboltanum væri það að fara til Spánar og spila fyrir eitt af stórliðunum.

Landsliðsdraumar þínir: Eins og fyrir alla aðra sem eru í sportinu af einhverri alvöru dreymir alla um það að spila fyrir A-landsliðið. Það er ekkert öðruvísi hjá mér, það er minn draumur að spila fyrir A-landsliðið í þeirri íþrótt sem ég vel. Síðan væri ekkert verra að verða legend og fyrirliði eins og gamli.

Besti söngvari: Stefán Hilmarrsson.

Besta bók: Alkemistinn eftir Paulo Coelho.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Arsenal.

Uppáhalds erlenda handboltafélagið: Ciudad Real.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Ólafur Stefánsson eða Tiger Woods.

Nokkur orð um núverandi þjálfara:

Óskar Bjarni: Metnaðarfullur, ákveðinn, þolinmóður,

Willum Þór: Metnaðarfullur, “winner“.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Ég myndi leggja meiri pening í uppbyggingu handboltans og bæta yngri flokka starf í fótbolta til muna. Það er þó að skána mikið núna.

Verið velkomin í glæsilega Valsbúð okkar að Hlíðarenda



Í búðinni fæst allur nauðsynlegur varningur til íþróttaiðkunar, Valsbúningar og gallar frá Hummel ásamt ýmsum öðrum varningi eins og derhúfum, treflum, Valsbrúsum o.fl. Hægt að merkja treyjurnar á staðnum. Í Valsbúðinni geta iðkendur, foreldrar og félagsmenn græjað sig upp í rauða litnum, rækilega merktir félaginu okkar!

Búðin er opin milli kl. 16 og 18 á virkum dögum auk þess sem hún er opin á stórum leikdögum.

Nánari upplýsingar á valur.is

Íslandsmeistarar Vals í knattspyrnu 1978



Ósigrandi Íslandsmeistarar Vals í knattspyrnu 1978 sem unnu alla leiki á Íslandsmótinu nema einn sem endaði með jafutefli. Aftari röð frá vinstri: Halldór Einarsson, Guðmundur Kjartansson, Atli Eðvaldsson, Magnús Bergs, Hörður Hilmarsson, Dýri Guðmundsson, Vilhjálmur Kjartansson, Sævar Jónsson, Magni Blöndal Pétursson, Guila Nemes hjálfari sem var sérstakur gestur á herrakvöldi Vals 2008. Fremri röð frá vinstri: Jón Einarsson, Grímur Sæmundsen, Hálf dán Órlygsson, Sigurður Haraldsson, Ingi Björn Albertsson, Guðmundur Ásgeirsson, Guðmundur Þorbjörnsson og Albert Guðmundsson.



Valsstelpurnar komust í B-úrslitaleikinn á körfuhátíðinni í Gautaborg

Dagana 1.–4. maí héldu 12 Valsstelpur á körfuhátíðina í Gautaborg (Göteborg Basket Festivalen). Þetta mót hefur verið haldið í 30 ár og í þetta sinn mættu um 500 lið á mótinu.

Þar sem leikirnir á mótinu eru frekar stuttir og lið eru ekki örugg með nema fjóra leiki, þá ákvað þjálfari Vals (Kristjana Magnúsdóttir) að vera með tvö lið (1993 og 1994). Valshópurinn samanstóð af tveimur 1993 stelpum, sex 1994, tveimur 1995 og tveimur 1996. Það var því ljóst að það myndi mæða mikið á stelpunum, því flestar voru að leika 1-3 ár upp fyrir sig í aldri og stór hluti liðsins þurfti að leika með báðum liðunum, þegar það væri mögulegt.

Slakt gengi í 1994 stelpuflokknum í riðlakeppninni

Í 1994 stelpuflokknum voru 56 lið og voru þau í 14 riðlum. 1994 liðinu gekk illa í riðlakeppninni og tapaði öllum leikjum sínum. Hlutir eins og ferðabreyta, leikir snemma að morgni, tíma- mismunur, reynsluleysi og aðrir hlutir komu m.a. í veg fyrir betri úrslit. Það var því hlutskipti Valsliðsins að leika í B-úrslitum og voru þau leikin í formi bikarkeppni.

Frábær árangur í B úrslitakeppninni

Í 32 liða úrslitum mætti Valur danska liðinu SISU. Nú voru Hlíðarendastelpurnar búnar að yfirvinna flesta hlutina sem trufluðu þær fyrstu daga mótsins. Þær mættu vel einbeittar í leikinn, léku grimma 2-3 svæðisvörn og nýttu hæðina

sína vel í vörninni og áttu þær dönsku í miklu basli í sókninni. Leikurinn endaði með léttum sigri Vals 20-4.

Í 16 liða úrslitum mætti Valur sænska liðinu KFUM Central Basket sem hafði leikið ágætlega á mótinu. Í þessum leik voru Valsstelpurnar aðeins sex þar sem 1993 liðið var að leika á sama tíma í öðru húsi. Stóru leikmenn Vals lentu í miklum villuvandræðum í þessum leik, en frábær vörn tryggði góðan sigur, 19-15.

Síðasti leikur laugardagsins var leikur í 8 liða úrslitum á mótinu sænska liðinu Sandvika. Þær sænsku höfðu staðið sig vel á mótinu. Enn voru 1994 stelpurnar aðeins 6. Í þessum leik héldu þær áfram að leika hörkuvörn og sóknin var betri en oft áður. Valur var undir í hálfleik, 8-9. Í seinni hálfleik lék Valur mjög vel og náði að landa góðum sigri 20-11. Með þessari góðri frammistöðu á laugardeginum var Valur komið í undanúrslit.

Í undanúrslitum á sunnudeginum var andstæðingurinn sænska liðið Tumba Goif. Það hafði lent í erfiðum riðli og var einni körfu frá því að komast í A-úrslitin. Þetta lið spilaði ágæta vörn, var að skora nokkuð mikið og hafði leikið vel í B-úrslitunum. Það var því ljóst að Valur þyrfti að leika vel til að komast í úrslitaleikinn. Valsstelpurnar mættu vel stemmdar í leikinn og léku frábæra vörn og ágæta sókn á fyrstu mínútum leiksins og komust yfir 8-0. Í þessum leik var Valur með fullmannað lið og notaði Kristjana þjálfari alla leikmenn mikið. Seinni helmingur fyrri hálfleiksins var barningur og Valur var yfir í hálfleik 10-0. Leik-

urinn jafnaðist aðeins í seinni hálfleik og endaði með sigri Vals 17-12.

Slepptu úrslitaleiknum vegna heimferðar

Þar með var ljóst að Valur var kominn í úrslitaleikinn sem átti að fara fram síðar um daginn. Ferðaskrifstofa sú sem skipulagði ferðina fyrir Val hafði annaðhvort ekki gert ráð fyrir því að Valur kæmist alla leið í úrslitaleikinn eða að hún vissi ekki hvenær mótinu myndi enda, því að Valur þurfti að sleppa úrslitaleiknum til að komast tímanlega í flug í Kaupmannahöfn um kvöldið. Forsvarsmenn Vals töluðu við mótstjóra og báðu um að úrslitaleiknum yrði flýtt, en mótstjórinn treysti sér ekki til þess. Valsstelpurnar sýndu mikinn styrk og þroska og tóku þessari niðurstöðu nokkuð vel.

Misjafnt gengi hjá 1993 stelpuflokknum

Í 1993 stelpuflokknum voru 33 lið og voru þau í 8 riðlum. Valsstelpurnar léku ekki vel í fyrstu tveimur leikjunum í riðlinum og töpuðu stórt.

Kristjana þjálfari undirbjó liðið mjög vel fyrir þriðja leikinn í riðlinum gegn Tyresö Basket og notaði yngri stelpurnar meira en hún hafði gert í fyrri leikjunum tveimur. Þessi taktík gekk ágætlega og Valur lék prýðisgóðan fyrri hálfleik þar sem Rebekka fór á kostum. Valur var undir í hálfleik 16-18. Það var mikill barningur í seinni hálfleik og staðan var 18-18 mjög lengi. Þegar um 20 sekúndur voru eftir þá jafnaði Valur, 22-22.



Eftir Kristjönu Magnúsdóttur þjálfara

Tyresö fór fram og náði að skora körfu þegar um 5 sekúndur voru eftir. Þjálfari Tyresö hafði beðið um tíma og því hafði Kristjana þjálfari ráðrúm til að leggja upp ákveðna fléttu. Leiktaktík þjálfarans gekk upp og brotið var á Björgu í sniðskoti þegar um hálf sekúnda var eftir. Björg sýndi mikið öryggi og negldi báðum vítunum niður, 24-24.

Þar með var ljóst að leikurinn færi í framlengingu sem var í formi bráðabana, þ.e. liðið sem skoraði fyrir ynni leikinn. Framlengingin byrjaði með uppkasti.

Aftur var teiknuð upp leikflétta sem heppnaðist nokkurn veginn og Rebekka tryggði liðinu sigur, 26-24.

Þar með var 1993 liðið komið í B-úrslitin sem lið númer þrjú í riðlinum. Ljóst var að liðið fengi léttan andstæðing í 16 liða úrslitum en að sá leikur yrði erfiður þar sem stelpurnar yrðu aðeins 6 í leiknum og fengu ekki stuðning frá 1994 liðinu. Einhverra hluta vegna þá mætti ekki liðið sem átti að leika á móti Val í

16 liða úrslitum og Valur fékk skráðan 20-0 sigur.

Í 8 liða úrslitum mætti 1993 liðið Alvik Äppelvikén. Enn voru 1993 stelpurnar aðeins 6. Valsstelpurnar léku ágætlega til að byrja með og voru yfir í smá tíma. Síðan hrundi leikur liðsins og þær töpuðu stórt, 45-6.

Sumarbúðir í borg í 21 ár



Síðastliðið sumar var íþrótt- og leikjánaðmskeiðið Sumarbúðir í borg starfrækt að Hlíðarenda í 21. skipti. Aðstæður að Hlíðarenda voru frábærar og var nú loksins hægt að halda sumarbúðirnar af miklum sóma eftir nokkur erfið ár vegna framkvæmda á svæðinu. Alls komu um 176 börn á námskeið sumarsins sem voru fjögur talsins. Að venju var dagskrá sumarbúðanna fjölbreytt og skemmtileg þar sem íþróttir voru ráðandi fyrir hádegi og eftir hádegismatinn var mikið um stuttar ferðir og heimsóknir. Meðal þess sem var á dagskrá voru bátsferðir og fjöruferðir auk heimsóknna í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn og á lögreglustöðina að ógleymdri

danskennslu Guðmundar Steins Hafsteinssonar, leikmanns meistara-flokks karla í knattspyrnu, sem sló í gegn nú líkt og undanfarin ár. Ýmsir góðir gestir litu við á námskeiðin og var afreksfólkið Margrét Lára Viðarsdóttir, Ólafur Stefánsson og Sigfús Sigurðsson á meðal þeirra sem heilsuðu upp á krakkana og gáfu þeim góð ráð.

Við þökkum fyrir frábært sumar og hlökkum til að sjá sem flesta iðkendur aftur næsta sumar.

Með kveðju,

Baldur Þórólfsson,

Bjarney Bjarnadóttir skólastjórar

Sumarbúða í borg



Beijing 2008

Silfurstrákarnir okkar í handbolta á Olympíuleikunum í sumar

„Þetta var náttúrulega alveg magnað“, segir Jakob Sigurðsson, kallaður Kobbi, sennilega reyndasti Ólympíufari Vals, um handboltakeppnina á leikunum í ár

„Þetta voru ólýsanlegar tvær vikur, þar sem maður reif sig upp um miðja nótt til að fylgjast með strákunum“ segir hann enn fremur en Jakob lék sjálfur á þrenn-

um leikum; 1984 í Los Angeles, 1988 í Seoul og 1992 í Barcelona og þekkir bæði skin og skúrir í þessari mestu í þróttakeppni heimsins.

„1988 voru mestu vonbrigðin. Við vorum sennilega með eitt sterkasta lið sem Ísland hefur átt og æfðum eins og skepnur í 3 mánuði fyrir mót, allt að 11 sinnum í viku. Árangurinn var svo langt frá væntingum þó að 8. sætið sé alls ekki svo slæmt. Væntingarnar voru bara svo miklar. Þessi ofþjálfun og andlega deyfðin sem henni fylgdi háði okkur þegar á hólminn var komið.“ Fjórum árum seinna átti Ísland öllu öðruvísi innkomu á leikana þegar þeir voru haldnir í Barcelona. „Þá komum við inn á síðustu stundu þar sem Júgóslavía sendi ekki lið og þá höfðum við allt að vinna. Engin pressa og við spiludum afslappaðir og léttir og náðum 4. sætinu þvert á allar spár og öllum að óvörum.“

Aðspurður um þýðingu þess fyrir félag eins og Val að eignast á einu bretti 3 Ólympíuverðlaunahafa segir Jakob: „Þetta hefur gríðarlega þýðingu fyrir börn og unglinga á Íslandi almennt, jafnvel frekar í Val en annars staðar því framlag Valsaranna í mótinu var feykilega mikið. Þetta sýnir hvað er hægt að gera ef menn leggja sig fram og uppskera eftir því. Við skulum samt ekki gleyma því að það sem kannski skiptir meira máli en takmarkið sjálft er ferðalagið; „it's the journey, not the destination“. Nú höfum við eignast 14 Ólympíuverðlaunahafa á einu bretti og ungu kynslóðirnar hafa sæg af fyrirmyndum til líta upp til.“



Jakob Sigurðsson handboltakappi.



VISA

Nýr dagur – ný tækifæri



Matsölustaður við öll tækifæri

Kringlukráin er lifandi veitingahús og þar er áhersla lögð á notalegt umhverfi, faglega þjónustu og góðan mat. Matseðillinn okkar er í senn einstakur og fjölbreyttur.

Á honum eru vandaðir réttir við allra hæfi sem framreiddir eru úr besta fánlega hráefni hverju sinni. Girnileg salöt, bökur, pastaréttir, fiskiréttir og safaríkar steikur, ásamt ekta ítölskum pizzum, hamborgurum, samlokum og fl. Einnig höfum við upp á að bjóða gott úrval léttvína.

Tilboðsmatseðill fyrir leikhúsgesti
Hópamatseðill • Sér salur fyrir hópa
Fjölbreyttur sérreðtamatseðill
Lifandi tónlist föstudags- og laugardagskvöld
með bestu hljómsveitum landsins.



www.kringlukrain.is

Borðapantanir í síma 568-0878

WE LOVE HANDBAL



Það ættu allir sem æfa handbolta að fara á Partille cup í Gautaborg

Eftir Bryndísi Bjarnadóttur 4. flokki Vals í handbolta

Við vorum búnar að hlakka til að fara aftur til Partille eftir ferðina 2006. Það er að segja í 731 dag. Við fórum 12 stelpur ásamt tveimur farastjórum og einum FRÁBÆRUM þjálfara, Bjarneyju Bjarnadóttur. Einnig komu 3 aðrar mömmur með sem við sáum voða lítið. Við hittumst á BSÍ um hádegis tíð mánudaginn 30. júní og tókum rútu saman upp í Leifsstöð. Við flugum um 3 leytið til Gautaborgar og gekk ferðin vel. Við sváfum í Katrinelund skóla með tveimur öðrum íslenskum liðum, strákum úr FH og stelpum úr Fjölni ásamt fullt af sænskum strákum. Klósettferðirnar voru óvenju margar þar sem strákarnir á ganginum voru frjálsgleir með að vera berir að ofan. Við vorum líka ekki feimnar með að fara oft niðri mótuneyti til að „borða“ með strákunum.

Dagur 2. Kíkt á strákana

Annan daginn fórum við í Skara Sommerland eins og öll önnur íslensk lið. Og svo þegar við ætluðum að fara aftur í rút-

una með FH strákunum þá vorum við búnar að týna Elmu og Elvu. En á endanum fundust þær í barnalauginni. Um kvöldið var opunarhátíðin sem var með sama sniði og fyrir tveimur árum. Það var gaman og fyrir þær okkar sem voru þarna í annað sinn og gátum sungið með. Skólinn sem við gistum í var við Ullevi íþróttaleikvanginn í Gautaborg. Þegar við komum í skólann eftir opunarhátíðina tókum við eftir að fólk var búið að safnast saman við leikvanginn. Við töluðum við fólknið og komumst að því að þau voru að bíða eftir tónleikum með Bruce Springsteen sem áttu að veru eftir 2 daga. Sumir voru búnir að vera þarna í viku. Sumir voru að fara á fyrstu tónleika sína með Springsteen en aðrir voru jafnvel búnir að elta hann um allan heim.

Dagur 3. Góð byrjun á mótinu

Við kepptum fyrsta leikinn okkar og unnum með miklum mun, seinna um daginn kepptum við annan leik við hollenskt lið,

vanmatið var mikið hjá okkur, enda allar minni en við en eftir lélegan leik náðum við að jafna í lokin og fá eitt stig sem voru mikil vonbrigði fyrir okkur. Eftir leik ákváðum við bara að skella okkur í Lieseberg skemmtigarðinn og keyptum okkur tveggja daga passa til að vera vissar um að komast í öll tækin. Heimsóknin tókst vel og allar skemmtu sér vel. Í ferðunum í Lieseberg garðinn var bæði faríð í tæki og reynt að vinna til verðlauna í ýmsum tækjum. T.d. reyndu Kata og Salvör mikið að vinna stórt Kex súkkuladistykki í lukkuhjól en ekkert gekk. Að lokum notuðu þær síðustu krónurnar sínar í skot í körfu þar sem Kata notaði „3 pointers“ hæfileika sína í körfu og vann þar risastóran bangsa sem að sjálfsögðu fékk nafnið Kex, eftir súkkuladistykkinu sem þær langaði svo mikið í.

Dagur 4. Léttur leikur og slökun

Við áttum einn leik sem var léttasti leikurinn í ferðinni og að lokum enduðum

við með því að allar í liðinu voru búnar að skora nema markmaðurinn. Eftir leikinn fórum við aftur í Liseberg til að klára öll tækin aftur. Um kvöldið voru fyrri tónleikarnir með Bruce Springsteen. Við opnuðum gluggana á herberginu okkar og hlustuðum á tónleikana. Þetta kvöld eignaðist Bruce nokkra nýja aðdáendur.

Dagur 5. Frábær sigur á stekur liði og óvænt heimsókn

Fjórdi leikurinn var erfiðari en endaði með nokkuð stórum sigri okkar. Við áttum annan leik nokkru seinna um daginn. Fyrir leikinn vissum við strax að þarna vorum við að fara að mæta erfiðasta liðinu í riðlinum. Meiri að segja var sagt við okkur að halda tapinu í lágmarki. Leikurinn byrjaði og eins og allir héldu voru þær sterkari aðilinn og lentum við strax undir og það sem hjálpaði okkur ekki var að oft var verið að reka okkur útaf og vorum við því einum jafnvel tveimur færri meirihluta leiksins. Þegar stutt var eftir, við undir og færri, ákváðum við að nú væri komið nóg. Við stígum upp og þjöppuðum okkur saman og enduðum með að vinna leikinn með tveimur mörkum. Samstaðan eftir leikinn var mikil og grétum við allar þegar okkur var ljóst að við hefðum komist í gegnum riðilinn taplausar og töldum fyrsta sætið í riðlinum vera okkar.



Um kvöldið var loks komið að ballinu og gerðu sig allar tilbúnar og var farið samferða en sögurnar þar fara ekki mikið lengra en kvöldið endaði allavega á McDonalds eins og svo mörg önnur kvöld hjá okkur. Samt skyggði aðeins á gleðina þegar við vorum að gera okkur tilbúnar fyrir ballið fengum við símrhringingu um að við hefum lent í öðru sæti í riðlinum og þyrftum því að spila leik snemma daginn eftir.

Dagur 6. Úr leik og verslað í sorgum okkar

Fátt segir af leiknum sem leikinn var að morgni þessa dags. Staðreyndin var hins vegar sú að fyrsta tap okkar leit dagsins ljós og þar með höfðum við leikið okkar síðasta leik á mótinu. Við ákváðum því að fara og versla í sorgum okkar. Um leið og komum í mollið tókum við allar á rás og hlupum í skemmtilegustu búðirnar að okkar mati. Allar komu heim með fleiri en einn poka og allar ánægðar með árangur dagsins í búðunum. Kvöldið var frjálst og mátti hver og ein velja hvað hún vildi gera, sumar fóru á ballið, sumar á Mac Donalds og nokkrar bara uppí skóla. Við vissum að ferðin væri alveg að verða búin svo að nú var um að gera að njóta hvernar stundar.

Dagur 7. Góð heimferð og heima er best

Við vöknudum í rólegheitunum, gengum frá herberginu og fengum okkur morgunmat í bakaríi. Við fórum í bæinn og létum daginn bara líða sumar versluðu og aðrar fóru t.d. á Mac Donalds. Við fórum með rútu á flugvöllinn og allt gekk vel. Allar vorum við orðnar þreyttar og því ánægðar að komast hver í sitt rúm, það

urðu miklir fagnaðarfundir á Keflavík-urflugvelli þar sem foreldrar tóku á móti börnunum.

Þó að maður sé fegin að komast heim til sín þýðir ekki að maður hefði vilj- að sleppa ferðinni. Að fara á Partille cup er eitthvað sem allir sem æfa handbolta ættu að prófa a.m.k. einu sinni. Þarna gerast hlutir sem aldrei annars myndu gerast, maður kynnist fullt að fólki en mikilvægast af öllu sem gerist er að liðið kynnist betur og stelpurnar skilja betur hverjar aðra sem gagnast bæði innan og utan vallar.



Mæðgurnar Bryndís Bjarnadóttir og Auður Þórarinsdóttir.



Handboltaskóli Vals 2008 stóð í 5 daga þar sem farið var vel í grunnþætti handboltans og alls konar gabbhreyfingar. Mætingin var mjög góð og voru 25 börn fyrir hádegi og 22 börn eftir hádegi. Skólinn var aðallega fyrir 10–12 ára krakka og hann gekk mjög vel og voru krakkararnir mjög áhugasamir allan tímann. Heimir Örn Árnason sá um námskeiðin og Elvar Friðriksson var aðstoðarmaður. Í lok námskeiðsins var flott og vel heppnuð pylsuveisla.
Heimir Örn Árnason



Ég hef **HÁ** markmið í íþróttum og í lífinu

Bryndís Bjarnadóttir leikur handbolta með 4. flokki og fótbolta með 3. flokki

Bryndís hefur verið 8 ár hjá Val en fyrst byrjaði hún að æfa handbolta. Hjá henni kom aldrei neitt annað félag til greina en Valur þar sem allir á heimilinu halda með Val og fjölskyldan býr í hverfinu. Hún er í 10. bekk í Hlíðaskóla.

Stuðningur foreldra? „Ég hef fengið mjög mikinn stuðning og hvatningu hjá foreldrum mínum og gæti ekki ímyndað mér hvernig það væri ef þau væru ekki alltaf að styðja mig. Ég hugsaði að ég gæti ekki verið í báðum íþróttgreinum nema með stuðninginn sem ég hef.“

Hvernig gengur ykkur? „Okkur gekk ekki vel í handboltanum í fyrra en komumst þó í undanúrslit í bikarnum en fór um síðan á Partille Cup í Svíþjóð og stóðum okkur mun betur en við bjuggumst við í upphafi. Sumarið í fótoltanum var allt í lagi við hefðum ábyggilega getað endað það betur en við lentum í 3. sæti í deildinni og töpuðum úrslitaleiknum í bikarnum. Hóparnir eru báðir frábærir og þjálfararnir ekki síðri þó að þeir séu allir ólíkir.“

Hvernig gengur að vera bæði í handbolta og fótbolta? „Það er auðvitað erfitt og það verða árekstrar en maður lærir að skipuleggja sig og þá gengur þetta þó að það sé stundum erfitt. Svo er ég ekki búin að ákveða hvort ég vel. Það er líka breytilegt hvort mér finnst skemmtilegra og fer það eftir genginu hverju sinni.“

Skemmtileg atvik: „Held það toppi ekkert á Partille Cup þegar þjálfarinn kom af fararstjóradjamminu með belgískan þjálfara með sér og hann ætlaði að reyna að kenna okkur „three three“ vörn en talaði bara um „tree tree“ vörn. Svo bauð hann okkur á mót í Belgíu en sú hugmynd var endanlega kæfð þegar við komumst að því að við þyrftum að sofa í tjöldum við hliðina á völlum.“

Fyrirmyndir: „Í handboltanum í Val eru margir góður línúmenn bæði reynslumiklir leikmenn og ungir og mjög efnilegir leikmenn eins og Orri Freyr Gíslason vinur minn. Gugga markmaður Vals er klárlega fyrirmyndin mín í fótoltanum.“

Hvað þarf til að ná langt í íþróttum?

„Það þarf auðvitað metnað og vilja. Svo vera í þessu fyrir sjálfa sig en ekki neinn annan og mæta á allar æfingar og hugsa hvernig þú getir notað það sem þú gerir á æfingu í leik.“

Af hverju handbolta og fótbolta? „Bróðir minn, Þórarinn Árni, var líka í báðum greinum. Svo þegar Valur kynnti handbolta í skólanum var ekki annað í stöðinni en að mæta á æfingar. Ég prófaði einu sinni ballet og entist þar allavega í 3 ár en það virkaði ekki þar sem þar var engin keppni.“

Markmið í íþróttum? „Ég hef há markmið í íþróttum og í lífinu og skiptir það þá engu hvort ég enda í handbolta eða fótbolta.“

Besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni? „Pottþétt ég! Bróðir minn er kannski ekki sammála því.“

Hver stofnaði Val og hvenær og hver voru einkunnarorð hans? „Séra Friðrik Friðriksson 11. maí 1911 og einkunnarorð hans voru: „Láttu aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.““

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár


MÁLNINGARVÖRUR EHF


Tölvur - Netkerfi - Veflausnir
www.pcs.is


GGLAGNIR ehf


ALARK
arkitektar ehf.

Jón Höskuldsson hrl.

Stefán Hilmarsson

Guðni Haraldsson

Friðjón Örn Friðjónsson hrl.

Viðar Elísson endurskoðandi

„Hvernig nenniði þessu?“

Foreldrar á faraldsfæti í tengslum við íþróttaiðkun barna sinna

Magnús liðstjóri 6. fl. stráka á Shellmóti í Eyjum sumarið 2008.



Það eru orðnar ófár þessar helgar og heilu vikurnar sem við fjölskyldan erum búin að fara saman á íþróttamót með okkar ungu og áhugasömu Völsurum. Það eru þrjú börn í fjölskyldunni og þar af tveir strákar sem eru afar virkir bæði í handbolta og fótbolta hjá Val. Auk þess erum við með eina frábæra stelpu en áhugasvið hennar liggur annars staðar þar sem hún er bæði í ballet og syngur í kór. Þar er lítið um ferðalög en auðvitað stekkur maður á þau tækifæri sem gefast til að taka líka þátt í því starfi. Það eru tvö ár á milli strákanna svo þeir eru aldrei saman í flokki. Það er ekki til þess að einfalda málið enda hefur komið fyrir að maður hefur verið að hoppa nánast beint frá Eyjum og upp á Skaga, eða kannski öfugt, þetta rennur allt dálítið saman þegar ferðirnar verða svona margar.

Við höfum einkum í seinni tíð reynt að gera þessar kappleikjaferðir að eins konar fjölskylduferðum þegar færi gefst. Oftar en ekki hefur þó annaðhvort ég eða hún Magga mín verið í hlutverki fararstjóra og það getur verið mikil binding og mikil vinna meðan á því stendur. Sjálfur hef ég ekki almennilega tölu á því lengur hversu margar ferðirnar eru orðnar í gegnum tíðina, enda skiptir það minnstu

máli. Maður væri ekki fara í þessar ferðir aftur og aftur ef maður hefði ekki einhverja ánægju af þessu. Staðreyndin er að þrátt fyrir vinnuna sem þessu fylgir þá er þetta frábær samvera. Maður kynnist félögum barnanna sinna og kynnist líka eigin börnum í öðru umhverfi og fær tækifæri til þess að sjá þau í nýju ljósi. Það má ekki heldur gleyma þeim góða félagsskap sem maður hefur af öðrum foreldrum í þessum ferðum. Það er mikið

af ljómandi skemmtilegum gæðablóðum sem tekur þátt í þessu starfi.

Það er hlutverk fararstjóra að halda um ungmennin í ferðunum. Passa upp á allar tímasetningar, að allir séu á réttum stað á réttum tíma, borði vel, hvílist og svo mætti lengi telja. Eða með öðrum orðum sjá til þess að allt í góðu lagi að nóttu sem degi. Þetta er í sjálfu sér bara hefðbundið hlutverk foreldris nema hvað meðan á ferðinni stendur þá þurfa fararstjórar að sinna óvenju mörgum krökkum sem eru í stífri dagskrá frá morgni til kvölds. En þegar allir leggjast á eitt við að láta þetta ganga og hæfileikar hvers og eins í fararstjórn fá að njóta sín þá gengur þetta nú alla jafna mjög vel fyrir sig. Það er þó ekki hægt að neita því að maður er oft alveg búinn á því við heimkomuna satt best að segja.

Það kemur líka ósjaldan fyrir að maður er spurður: „Hvernig nenniði þessu?“ Svarið er því er einfalt: „Þetta er alveg rosalega gaman!“ Fyrir mér og henni Möggu minni þá eru forréttindi að fá að taka svona virkan þátt í frístundastarfi barna sinna. Auðvitað verður maður líka að sleppa af þeim hendinni og sitja heima svo þau séu nú ekki alltaf með okkur yfir sér. En með þátttökunni er maður að binda væntingar við forvarnargildi þess að mynda við þau traust og gott vinasamband, umfram það sem almennt heimilislíf hefur í för með sér. Ég vil því hvetja sem flesta til þess að hika ekki við að koma með í þessar ferðir og leggja sitt af mörkum; sjálfum sér, börnum sínum og öllum þátttakendum til ánægju og gleði.

Áfram Valur!

Magnús Guðmundsson



Magnús fyrir miðju í einni af fjölmörgum ferðum með strákunum.



Dóra María ásamt Elísabetu Gunnarsdóttur þjálfara hennar í þrettán ár með Íslandsmeistarabikarinn í knattspyrnu 2008.

Ég sætti mig ekki við annað en sigur

Dóra María Lárusdóttir er rúmlega tvítug og hefur skipað sér í fremstu röð meðal jafningja í kvennaknattspyrnu með Val og landsliðinu og ætlar sér stóra hluti í framtíðinni

Dóra María er uppallinn Valsari og hefur æft fótbolta frá átta ára aldri og þeir eru óteljandi sigirnir á afar farsælum ferli. Hún var ásamt Dóru Stefánsdóttur og fleiri æskufélögum í afar sigurælum yngri flokkum Vals og þótti snemma efnileg og leikin með boltann. Elísabet Gunnarsdóttir hefur þjálfað Dóru í 13 ár af þeim 15 sem hún hefur æft fótbolta og haft gríðarleg áhrif á hana sem fótboltakonu og persónu. Dóra María hefur allan sinn feril leikið fyrir Val nema um tíma lék hún með háskólaliði í Bandaríkjunum í nokkra vetur samhliða námi þar. Hún hefur leikið í öllum yngri landsliðum Íslands og er nú einn lykilmanna í sigursælu meistaraflokkslíði Vals og einnig í landsliðinu. Í sumar var hún kjörin af leikmönnum besta leikmaður Landsbankadeildarinnar og kom það henni skemmtilega á óvart. Í íþróttunum hafa Óli Stefáns og Laufey Ólafs verið helstu fyrirmyndir hennar. Það ætti ekki að koma á óvart að einkunnarorð hennar eru að láta aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.

„Það var yndisleg tilfinning að vera kjörin besta leikmaður Landsbankadeildar kvenna í sumar, einkum í ljósi þess að það eru andstæðingar mínir í deildinni sem einir taka þátt í kjörinu,“ segir Dóra María af mikilli hógvæð. „Auðvitað kom mér þetta á óvart því það eru svo margar frábærar fótboltakonur í deildinni. Viðurkenning á bord við þessa gerir ekkert annað en að auka áhugann og efla sjálfstraustið,“ segir Dóra afar stolt.

Um daginn tryggði íslenska kvennislandsliðið sér fyrst íslenskra A liða í

knattspyrnu sæti í úrslitakeppni EM 2009 í Finnlandi, 12 liða lokakeppni. Hvernig tilfinning var fyrir þig persónulega þegar þessu markmiði var náð? Hver er lykullinn að baki þessum árangri landsliðsins að þínu mati? „Þegar hópurinn hittist fyrst undir nýrri stjórn Sigurðar Ragnars ákváðum við strax í sameiningu að markmið liðsins væri að komast í úrslitakeppni EM og að ná þeim markmiðum er hreint ólýsanlegt. Mörgum þóttu þetta háleit og nær óraunhæf markmið en við sýndum það og sönnuðum að við höfum alla burði til þess að keppa við þær bestu. Hópurinn samanstendur af ólíkum en skemmtilegum karakterum, reynsluboltum jafnt sem nýliðum, sem höfðu sameiginlega sýn og trú verkefnið sem á endanum rættist. Þá má ekki gleyma þætti KSÍ í árangrinum og umhverfinu sem það hefur skapað. Allur undirbúningur fyrir leiki hefur verið til fyrirmyndar og við finnum það að metnaðurinn fyrir kvinnaboltanum er mikill.“

Farsæll fótboltaferill í 15 ár með Betu sem þjálfara í 13 ár

Hvers vegna varð fótbolti fyrir valinu og hvernig hefur ferillinn verið? „Til átta ára aldurs bjó ég í Vesturbænum. Ég og æskuvinkona mín, Edda Guðrún Sverrisdóttir, lékum okkur helst með strákum og var þar fótbolti oftast fyrir valinu. Ég var í fjögur ár í fimleikum og ballet áður en ég byrjaði í fótboltanum. Pabbi minn og fjölskylda hans og frændur hafa alla tíð verið miklir Valsarar. Því lá nokkuð beint við að ég færi í Sumarbúðir í borg til að kynna „ættarfélaginu“. Í framhaldi af því byrjaði ég að æfa fótbolta 8 ára gömul. Það var alltaf hátindur sumarsins að fara á Þæjumótíð í Eyjum. Í þriðja flokki

kepptum við líka á mjög skemmtilegu móti í Gautaborg sem kallast Gothia Cup. Þar komum við flestum á óvart með því að komast í undanúrslit en það þótti mjög merkilegt á sínum tíma. Beta þjálfari var líka dugleg við að gera eitthvað félagslegt með okkur sem ég tel að sé nauðsynlegt til að auka áhuga barna á íþróttinni og efla liðsheildina. Skemmtilegast var þegar Gunnar, pabbi Betu, bauð öllum flokknum í bústaðinn til sín. Þar grillaði hann fyrir okkur og leyfði okkur að valsa um eins og við vildum.“

Ég man að Beta þjálfaði þig í 5. flokki og gerði ykkur þá að Íslandsmeisturum og hún gerði ykkur einnig að Íslandsmeisturum í sumar. Hvaða áhrif hefur Beta haft á þig sem fótboltakonu og hvernig myndir þú lýsa henni? „Ég hef æft fótbolta í nær 15 ár og hún hefur þjálfað mig í 13 ár. Undir hennar stjórn hef ég unnið nánast alla titla sem í boði eru í öllum flokkum. Hún hefur haft mikil áhrif á mig bæði sem persónu og fótboltakonu. Ég ber mikla virðingu fyrir henni og ég á henni margt að þakka. Ég held hún hafi ekki bara haft góð áhrif á mig heldur líka allan kvennafótboltann sem slíkan. Hún er sjálfstæð og ákveðin og berst fyrir hlutunum. Hún er mjög metnaðarfullur þjálfari sem hefur fulla trú á þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur og um leið nær hún að smita leikmenn af sama metnaði og trú. Í mínum huga er hún besta þjálfari sem komið hefur nálægt kvennaknattspyrnu á Íslandi.“

Lærdómsríkur tími í Bandaríkjunum í námi og í fótbolta

Segðu frá dvöl þinni í Bandaríkjunum, hvað varstu að læra og hvernig var fót-



Dóra María með stoltum föður, Lárusi Ögmundssyni.



„Það hefur verið mjög gott uppbyggingarstarf í Val undanfarin ár sem hefur skilað sér í meistaraflokkinn.“

boltinn og hvað lærðir þú mest á dvöl-
inni þar? „Frá því ég byrjaði í mennta-
skóla stefndi ég alltaf að því að nýta mér
fótboltann til náms. Ég ákvað að fara í
háskólann í Rhode Island þar sem ég hitti
fyrir KR-inginn Þórunni Helgu Jóns-
dóttur og stunduðum við þar báðar nám
í viðskiptafræði með áherslu á fjármál.
Reynslan frá Bandaríkjunum er mér afar
dýrmæt. Fyrir utan gott nám og frábær-
ar aðstæður til æfinga þá upplifir maður
svo mikið nýtt. Ég kynntist fólki frá ólík-
um menningarheimum og fór í keppn-
isferðalög vítt og breitt um Bandaríkin
sem gerði tilveruna ennþá fróðlegri og
skemmtilegri. Fótboltinn þarna er svo-
lítið öðruvísi en hér heima. Leikmenn er
yfirleitt á aldrinum 19–23 ára og reynslan
því ekki mikil. Það eru miklar breytingar
há liðunum ár frá ári þar sem leikmenn
útskrifast og nýir koma inn. Boltinn úti
er mun hraðari og leikmenn spila boltan-
um meira í 1–2 snertingum. Hér heima
eru leikmenn jafnan teknískari og oft
útsjónasamari.“

Mikil velgengni kvennaliðs Vals í fótbolta og metnaður

Hver er lykillinn að mikilli velgengni
kvennaliðs Vals í fótbolta undanfarin ár
að þínu mati? Hvernig sérðu fyrir þér
fram tíðina í kvennafótbolta hjá Val? „Það
hefur verið mjög gott uppbyggingarstarf
í Val undanfarin ár sem hefur skilað sér
í meistaraflokkinn. Það má heldur ekki
gleyma því að við höfum fengið til okk-
ar góða leikmenn annars staðar frá sem
í dag held ég að séu orðnir miklir Vals-
arar. Ég held þú finnur vart lið á Íslandi
þar sem ríkir jafnmikil liðsheild. Hóp-
urinn hefur verið einstaklega þéttur og
samheldin þar sem gleðin og umburðar-
lyndi er mikið. Við höfum mikinn metn-
að fyrir að ná árangri og leggjum hart að
okkur til þess. Fyrir utan fótboltann erum
við miklar vinkonur og gerum allt milli
himins og jarðar saman. Við erum með
frábært þjálfarateymi og fleira fólk sem
vinnur ómetanlegt starf í kringum liðið.
Mér líst rosalega vel á Frey Alexanders-
son nýjan aðalþjálfara hjá Val og ég trúi
því að hann eigi eftir að gera góða hluti

með okkur. Hann er mjög metnaðarfull-
ur og kraftmikill þjálfari. Hann nær mjög
vel til leikmannanna og var það einlæg
ósk okkar að hann héldi áfram með okk-
ur eftir að ljóst var að Beta myndi hætta
með liðið.“

Hvernig líst þér á starfið í yngri flokka-
um Vals í kvennafótbolta? Hvað hef-
ur breyst frá því að þú varst í 5. flokki?
„Við erum með mjög öflugum yngri flokka
sem virkilega gaman er að fylgjast með.
Ég efast ekki um að þar eigi marg-
ir leikmenn eftir að koma upp og vinna
titla fyrir Val og spila fyrir landsliðið ef
haldið er áfram á þessari braut. Aðstað-
an í dag er miklu betri en hún var með
tilkomu gervigrasa og knatthúsa. Ef á
heildina er lítið held ég að þjálfunin í dag
sé betri en hún var áður og þjálfarar bet-
ur menntaðir. Í dag eru mun fleiri stelpur
að æfa og almennur áhugi á kvennabolta
meiri. Ég held að góður árangur lands-
liðsins og einnig árangur einstaklinga á
erlendri grundu hljóti að kveikja í ungum
stelpum að byrja að æfa og gefur þeim
einnig vilja til að ná langt í íþróttinni.“

Hver eru markmið þín í fótbolta á
næstunni? Stefnir þú á atvinnumennsku?
„Ég sætti mig ekki við neitt annað en
sigur og ég trúi ekki öðru en stefna Vals
sé og verði alltaf sett á titla. Það er ekk-

ert sérstakt markmið hjá mér að fara í
atvinnumennsku en það kemur vel til
greina. Strax í janúar mun landsliðið
hefja undirbúning fyrir lokakeppnina fyr-
ir EM í haust. Við höfum ekki rætt mark-
miðið ennþá en ég held að það sé alveg
ljóst að við séum ekki að fara til Finn-
lands bara til að vera með þó að leikirnir
verði vitaskuld erfiðir.“

Hvernig hefur stuðningurinn verið við
ykkur undanfarin? „Undanfarin ár höf-
um við verið með langbestu og flottustu
stuðningsmennina að mínu mati. Það er
þarna góður kjarni sem mætir á nánast
alla leiki og eiga þeir mikið hrós skilið.
Ég saknaði þó örlítið sambasveitarinn-
ar þetta árið en það yrði nú ekki leiðin-
legt ef hún myndi láta sjá sig aftur. Það
er ótrúlegt hvað góður stuðningur get-
ur skipt miklu máli þegar inn á völlinn er
komið.“

Dóra María umvafin stuðningsstelpum
úr 4. flokki kvenna.





Gerður og Silla skrifuðu ferðasöguna.



Fjör á Gothia cup hjá 3. flokki kvenna

Síðastliðið sumar, 13. júlí 2008, héldum við í 3. flokki kvenna til Svíþjóðar. Þetta var í fyrsta sinn sem þessir árgangar, '92 og '93, fóru í ferð erlendis og mikil spenna var innan hópsins fyrir ferðina. Við komum með tvö 11 manna lið til keppni, U15 og U17. Ferðin byrjaði á því að allar mættu, misferskar, á Hlíðarenda klukkan 3:30 um nótt með troðnar ferðatöskur og full veski, tilbúnar í slaginn. Rúta var tekin til Leifsstöðvar og flogið var út án nokkurra tafa. Þegar við lentum í Gautaborg ásamt öðrum félagsliðum skein sólin á okkur. Fyrr en varir vorum við komnar á gististað okkar Bjurslattaskolan. Við komum okkur þægilega fyrir í íþróttahúsi með mjög umdeildan stofuhita, ef stofuhita má kalla, en ofnar virtust vera í algjöru lágmarki.

Frábær byrjun á mótinu hjá báðum liðum

Strax næsta dag byrjaði keppnin en bæði lið unnu viðureignir sínar örugglega. Síðdegis sama dag hélt myndarlegt Valsliðið á opunarhátíðina á Ullevi leikvanginum og var hún hreint út sagt ógleymanleg. Þar vorum við meðal annars vitni að giftingu og flugeldasýningu svo að dæmi séu tekin. Leikvangurinn var alveg fullur af keppendum sem voru ríflega 34.000 talsins. Eftir skemmtilega opunarhátíð röltum við með KR piltum að sporvagninum og sungum í kapp við þá stuðningslög liðanna.

Bæði lið tryggðu sæti í A úrslitum

Á þriðjudeginum unnu bæði lið sinn leik stórt en eftir leiki dagsins héldum við

niður í bæ í verslunarferð. Þar voru kortin straujuð af kappi og sænsku krónurnar okkar fylltu búðarkassa verslunarklassans. Við fórum sáttar heim með hendur fullar af pokum. Þegar heim var komið var sýndur afkastur dagsins í búðunum en þegar komið var í mótuneytið voru á allir einu um að maturinn væri ekki upp á marga fiska þannig að við enduðum á skyndibitastað í nágrenninu. Eftir daginn voru bæði lið komin í riðlakeppni A.

Vonbrigði með úrslit

Miðvikudagurinn var stór dagur fyrir bæði lið en U15 liðið tapaði báðum sínum leikjum en stóð sig engu að síður með mikilli þýði þar sem ekki miklu munaði að sigur ynnist. U17 liðið vann glæstan sigur í fyrri leiknum á móti norsku liði sem minnti einna helst á hafmeyjur, þar sem hár þeirra var þrýtt með ýmsu sjávarfangi, en tapaði svo naumlega seinni leiknum 1-0 þar sem Valsstúlkur áttu meira í þeim leik, en þar með voru bæði lið því miður döttin úr keppni. Þegar „heim“ í íþróttasal var komið röltum við Valsstúlkur út í verslun og keyptum sykurmikinn varning.

Verslað á fullu

Daginn eftir var tekin „létt“ og skemmtileg morgunæfing í grenjandi rigningu sem hressti okkur allar við en eftir hana var haldið í verslunarferð númer tvö þar sem að peningarnir voru endanlega kláraðir hjá allflestum og langir strimlar fylltu budduna í stað seðlanna. Um kvöldið fengum við svo tvo valmöguleika um hvað skyldi gera: annars veg-

ar að vera heima og skemmta sér þar í góðra vina hópi, og hins vegar að fara á diskótek. Rúmlega helmingurinn var eftir heima en afgangurinn fór á þetta stórskemmtilega diskótek þar sem mikið var dansað í kringum margan sveittan unglinginn.

Afmæli Alexíu og gleði í Liseberg

Föstudagurinn byrjaði með æfingaleik við FH stráka sem endaði svo á æspennandi vítaspyrnukeppni milli fararstjóra og þjálfara. Þessi dagur var einnig 16 ára afmælisdagur Alexíu og af því tilefni ákvað hún að bjóða okkur öllum á Hard Rock þar sem við snæddum þrýðisgóða máltíð og Alexía fékk afmælisgjafir. Eftir notalega kvöldstund héldum við heim.

Á laugardeginum ákváðum við að fara í Liseberg, þrátt fyrir slysið sem átti sér stað fyrr í vikunni en þar bilaði rússbani með þeim afleiðingum að fólk slasaðist. Þar skemmtum við okkur konunglega í risavöxnum rússíðonum.

Frábær ferð á enda

Á sunnudeginum þurftum við því miður að halda heim á leið, afskaplega sáttar eftir góða ferð og ágætis árangur þó svo að við hefðum viljað komast lengra. Þessi ferð verður lengi í minnum höfð og við þökkum öllum fararstjórum, þjálfurum, aðstandendum og stuðningsaðilum fyrir hjálpina við að láta þetta verða að veruleika.

Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir og Gerður Guðnadóttir 3. flokki

Velkomnir Valsarar!

PARTÝ BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA

Faxafeni 11, Reykjavík, s. 534-0534,

www.partybudin.is partybudin@partybudin.is

Veislur - ráðstefnur —sýningar - tónleikar



Tækjaleiga Sense · Borgartún 37 · 105 Reykjavík · 585 3880 · leiga@sense.is





Valsmenn hf.

Úr skýrslu stjórnar sem flutt var á aðalfundi 6. desember 2008

Þessi aðalfundur er sannarlega haldinn við erfiðar og sérstakar aðstæður í þjóðfélaginu sem ekki hafa farið fram hjá neinum. Ástandið hefur vissulega komið illa við hagsmuni Valsmanna hf. eins og allra annarra félaga í landinu. Ég tel hins vegar að á flestum sviðum hafi tekist vel að tryggja hagsmuni félagsins ásamt því að standa þétt að baki Val sjálfum.

Hlutverk Valsmanna hf. sem bakhjarl Knattspyrnufélagsins Vals hefur aukist ár frá ári og aldrei verið eins stórt í sniðum og síðastliðið ár. Ég er ekki í nokkrum vafa um að mikilvægi félags okkar í þessu samhengi hefur aldrei verið meira og mikilvægara en einmitt nú á þeim erfiðu tímum sem við nú upplifum.

Úr skýrslu stjórnar

Nýr þríhliða samningur milli Reykjavíkurborgar, Vals og Valsmanna hf. var undirritaður þann 20. ágúst sl. Tilurð og innihald samningsins hefur vakið mikla athygli og óróa meðal keppninauta Vals í borginni. Það var gríðarlegur léttir að

ganga loks frá þessum samningi á síðustu stundu áður en allt gjörningaveðrið skall á efnahagslífi þjóðarinnar.

Í þessum samningi er ekki hvað minnst tryggðir fjárhagslegir hagsmunir Vals. Í samningaviðræðunum gátum við teft fram þeim rökum að tafir borgarinnar í skipulagsmálum hefðu gert Valsmönnum hf. ókleift að standa við skuldbindingar sínar við Knattspyrnufélagið Val. Þar sem samningar þessara aðila hafa nánast allir verið þríhliða þurfti ekki að deila um tilurð þessara skuldbindinga. Þær snúa m.a. að stofnunun styrktarsjóða og þar með greiðslur úr þeim til reksturs Vals. Í upphafi samningaviðræðna við þann meirihluta sem nú starfar settum við fram skýr samningsmarkmið fyrir bæði Valsmenn hf. og Knattspyrnufélagið Val.

Að geta með fullum sannindum staðhæft við forráðamenn borgarinnar að enginn hluthafi í Valsmönnum hf. annar en Valur sjálfur hafi hagnast á starfsemi félagsins eða fengið greiddan arð af eignum félagsins var gríðarlega mikilvægur hlekkur í röksemdafærslu okk-

ar um að Reykjavíkurborg bæri að bæta okkur þann augljósa skaða sem síendurteknar tafir á skipulagsmálum hafa valdið okkur.


Nýi gervigrasvöllurinn

Þann 25. október 2007 barst Valsmönnum erindi frá formanni knattspyrnudeildar þar sem þungar áhyggjur eru settar fram vegna æfingaaðstöðu knattspyrnudeildar. Stjórn Valsmanna hf. brást hratt við þessu erindi og óskaði eftir að gerð yrði úttekt og þarfagreining fyrir æfinga- aðstöðu knattspyrnunnar í Val. Starfsmenn Vals unnu þessa þarfagreiningu hratt og vel og því var hægt að ganga í málið af einurð og festu.

Til að gera langa sögu stutta var niðurstaðan sú að gervigrasvöllur utan- húss væri félaginu nauðsynlegur jafnvel þótt fljótlega yrði byggt knatthús. Álag á grasvelli og aðeins rúmlega 3ja mánaða notkunartími á ári gerir slíkan völl hreinlega nauðsynlegan.

Með viljann og bjartsýnina að vopni var ákveðið að setja framkvæmdir við gervigrasvöll á fulla ferð og árangurinn af þeirri vinnu sjá menn nú þar sem sjálfur völlurinn er nú fullbúin og girðingar og lýsing verður frágengin á næstu vikum.

Mig langar að nota þetta tækifæri fyrir hönd stjórnar Valsmanna hf. til að þakka starfsmönnum Vals fyrir mjög gott og skemmtilegt samstarf í þessu máli. Jafnframt viljum við stjórnarmenn í Valsmönnum óska Knattspyrnufélaginu Val og öllum félagsmönnum þess til ham-



Uppdráttur af mannvirkjum á Hlíðarenda og fyrirhuguðu knatthúsi. Vals.



Brynjar Harðarson, formaður Valsmanna hf. afhendir Val nýjan gervigrasvöll í desember 2008.

ingju með þennan frábæra völlum, sem fengið hefur hæstu einkunn hjá þeim sem á honum hafa æft og við vonum að völlumurinn eigi eftir að þjóna félaginu vel í framtíðinni og þar vaxi upp margir góðir knattspyrnumenn jafnt sem dyggir félagsmenn.

Umfang starfsemi Valsmanna hf.

Umfangið í starfsemi Valsmanna hf. hefur aukist með hverju ári í takt við stækkingu fjárhags og aukna þátttöku í starfsemi Vals og framkvæmdum hér á svæðinu. Það lætur því nærri að stjórnarformaður Valsmanna hf. hafi setið nærri 70 formlega fundi á vegum félagsins á liðnu starfsári auka fjölda smærri óformlegra funda. Samskipti okkar Ingólfs hjá Frjálsa eru t.d. oft dagleg og oft á dag suma daga um málefni félagsins. Í stjórn Valsmanna hf hafa setið 7 stjórnarmenn en þeir eru auk mín; Ingólfur Friðjónsson, Guðni Bergsson, Jafet Ólafsson, Theódór Halldórsson, Karl Axelsson og Karl Jónsson.

Það hefur ríkt mikill einhugur meðal stjórnarmanna um öll málefni félagsins og samstaða stjórnarmanna verið með eindæmum góð. Ég vil nota tækifærið og þakka meðstjórnendum mínum fyrir samstarfið á liðnu starfsári um leið og ég tilkynni að allir stjórnarmenn gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Framtíðin

Mig langar á þessum tímamarki að deila með ykkur þeim draumum og markmiðum sem ég og ég tel mig hér tala fyrir mun okkar stjórnarmanna á um framtíð Vals og Valsmanna hf. Við getum stolt horft til þeirra mannvirkja sem nú hafa risið á Hlíðarenda og sagt við okkur sjálf – vel gert. Og við getum líka með bjartsýni og tilhlökkun horft til þeirra mörgu og spennandi verkefna sem bíða okkar.

Mín markmið fyrir hönd Valsmanna hf. eru kristalklár og mig langar að starfa áfram sem stjórnarformaður Valsmanna allt þar til þessum markmiðum er náð eða þau í það minnsta í sjónmáli. Það fyrsta lýtur að fullnaðaruppbyggingu allra íþróttamannvirkja á Hlíðarenda. Það er því ekki tilviljun að þverskurðarmynd af aðalleikvangnum þar sem hann er innrammaður með knattúsbyggingunni er bæði á forsíðu ársreikningsins og

í forgrunni þess kynningarefnis sem hér er birt.

Uppbygging þessa vallar er ekki bara skemmtilegt og ögrandi verkefni heldur er það lifandi sönnun þess að við stöndum við einkunnarorðin sem standa fyrir ofan tröppurnar þegar gengið er hér upp á efri hæðina. „Hugsjónir okkar um fullkomnun Hlíðarenda verða að vera háleitar. Með það fyrir augum og í samræmi við það verður hvert handtak að vinnast og hver hugsun að miðast.“ Ólafur Sigurðsson 1941.

Íþróttamannvirkin á Hlíðarenda eru ekki eins og hver önnur íþróttamannvirki og aðalleikvangurinn verður ekki bara eins og hver annar knattspyrnavöllur. Þetta eru og verða glæsileg og hugvittsamlega hönnuð íþróttamannvirki sem staðsett eru í hjarta borgarinnar. Umhverfi þeirra sem rammast inn af Öskjuhlíðinni, Vatnsmýrinni og miðborginni ásamt öllum þeim höfuðstofnum borgarinnar, sem eru í næsta nágrenni munu gera þessi mannvirki einstök.

Okkur öllum sem félagsmönnum í Val bíður síðan það ögrandi verkefni að skapa þessum mannvirkjum líf, líf sem iðar af þeim krafti og bjartsýni sem við viljum að Knattspyrnufélagið Valur standi fyrir. Hlíðarendi á að mínu viti að vera sá staður sem okkur öll langar að heimsækja reglulega hvort sem það er til að fylgjast með börnunum okkar í leik og starfi, fylgjast með keppnisliðum okkar í

keppni við þá bestu eða bara til að hitta vini og féлага.

Ég vil trúá því að sú staða sem nú er komin upp í okkar litla þjóðfélagi eigi eftir að hafa mikil áhrif á gildismat okkar og við munum í æ ríkara mæli leita til upprunans og spyrja okkur hvar er minn staður – hvert er mitt umhverfi – hverjum vil ég ljá krafta mína.

Annað markmiðið lýtur að fjárhagslegri umgjörð Vals. Hlutverk Valsmanna hf. liggur fyrir bæði í samþykktum þess og allri þeirri þróun sem félagið hefur gengið í gegnum frá stofnun þess. Í eignum Valsmanna hf. og þeim möguleikum sem búa í vexti þeirra og viðgangi liggja einstök tækifæri.

Við þurfum um leið og efnahagslegar forsendur leyfa að stefna ótraud að því að byggja upp styrktarsjóðina sem þegar hafa verið lögð drög að. Á sama tíma þurfum við að tryggja áframhaldandi stöðu Valsmanna hf., sem fjárhagslegur bakhjarl Knattspyrnufélagsins Vals. Verkefni framtíðarinnar eru óþrjótandi og Valur þarf að halda áfram að vaxa og dafna þannig að þetta ástkæra félag okkar sem stendur á traustum gömlum grunni verði súngt og þróttmikið – já einstakt félag.

Brynjar Harðarson
formaður Valsmanna hf.



Hluti stjórnar Valsmanna hf. 2008. Frá vinstri: Karl Axelsson, Brynjar Harðarson, Ingólfur Friðjónsson, Theódór Halldórsson og Guðni Bergsson. Grímur Sæmundsen formaður Vals og fyrrverandi stjórnarformaður Valsmanna krýpur fyrir framan.



Meistaraflokkur karla í körfuknattleik 2008–2009. Standandi f.v.: Robert Newson, aðstoðarþjálfari, Hörður Hreiðarsson, Alexander Dungal, Hjalti Friðriksson, Robert Dean Hodgson, þjálfari, Þorgrímur Björnsson, Hilmir Hjálmarsson og Bergur Ástráðsson, liðstjóri. Sitjandi f.v.: Jason Harden, Gylfi Geirsson, Kjartan Orri Sigurðsson, Steingrímur Gauti Ingólfsson, Eiríkur Þór Sigurðsson og Guðmundur Kristjánsson.

Kvennaliðið nálægt þeim bestu og starf yngri flokkanna í miklum blóma

Ársskýrsla körfuknattleiksdeildar árið 2008

Árið 2008 hefur verið mjög viðburðaríkt ár hjá körfuknattleiksdeild Vals. Mikill kraftur fylgdi nýstofnuðum meistaraflokki kvenna og voru þær hársbreidd frá sæti í úrslitakeppninni. Meistaraflokkur karla lék gegn FSu um laust sæti í úrvalsdeild en beið lægri hlut á lokamínútum í oddaleik. Yngriflokkastarf stendur í miklum blóma og eigum við Valsmenn marga upprenandi körfuknattleiksmenn í þeim hópi. Litlar breytingar áttu sér stað í þjálfara- og leikmannahópi deildarinnar og vekur það vonir um gott gengi í vetur.

Stjórn körfuknattleiksdeildar Vals 2007–2008:

Lárus Blöndal, *formaður*
Torfi Magnússon, *varaformaður*

Hreiðar Þórðarson
Elínborg Sturludóttir

Úr stjórn gengu Gunnar Zoëga, Sveinn Zoëga og Guðmundur Guðjónsson og þakkar körfuknattleiksdeildin þeim vel unnin störf á liðnum árum.

Meistaraflokkur karla

Robert Hodgson, þjálfari meistaraflokks, er nú með liðið annað árið í röð og leikur jafnframt með meistaraflokknunum. Robert Newson var ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks karla og þjálfari yngri flokka og tók hann við af Sævaldi Bjarnasyni. Valsliðið er skipað hörðum kjarna af ungum leikmönnum ásamt nokkrum eldri jöxlum. Þó nokkrir meist-

araflokksmenn hafa skilað sér upp úr yngri flokkum Vals og er það sérstaklega ánægjulegt. Litlar breytingar voru á liðinu en helst ber að nefna að ekki var endurnýjaður samningur við erlenda leikmanninn, Craig Walls. Valsmenn leika nú fimmta tímabilið sitt í röð í fyrstu deild og voru aðeins hársbreidd frá því að vinna sér sæti í efstu deild. Liðið tapaði æsispennandi oddaleik um sæti í úrvalsdeild við lið Fjölbrautaskóla Suðurlands, FSu.

Fyrir yfirstandandi tímabil hefur liðið styrkst nokkuð og er ánægjulegt að nokkrir Valsmenn hafa snúið aftur heim að Hlíðarenda. Hjalti Friðriksson og Haraldur Valdimarsson eru komnir heim eftir námsdvöl í Bandaríkjunum og Gylfi Geirsson leikur að nýju með Val. Einn-



Meistaraflokkur kvenna í körfuknattleik 2008–2009. Standandi f.v.: Elínborg Guðnadóttir, liðstjóri, Bernadett Toplak, Hafdís Helgadóttir, Lovísa Aðalheiður Guðmundsdóttir, Signý Hermannsdóttir, Kristjana Magnúsdóttir, Þórunn Bjarnadóttir, Erna Rún Magnúsdóttir og Robert Dean Hodgson, þjálfari. Sitjandi f.v.: Kristín Óladóttir, Guðrún Baldursdóttir, Berglind Karen Ingvarsdóttir, Sinna Sigmundsdóttir og Elín K. Karlsdóttir.

ig bættist Valsmönnum liðsstyrkur þegar Eiríkur Þór Sigurðsson gekk til liðs við Val frá Stjörnunni.

Þriggja leikmanna verður saknað að Hlíðarenda í vetur, en Kolbeinn Soffússon og Magnús Guðmundsson fóru erlendis til náms og Sigurður Tómasson sneri aftur til ÍR.

Meistaraflokkur kvenna

Valur teflir fram meistaraflokki kvenna í körfuknattleik annað árið í röð í vetur. Ekki hafði verið meistaraflokkur kvenna hjá Val síðan 1996 fyrr en haustið 2007, er leikmenn Íþróttafélags Stúdenta (ÍS) skiptu yfir í Val og Valur tók sæti í efstu deild. Robert Hodgson, þjálfari meistaraflokks kvenna, er með liðið sitt annað ár. Á síðasta keppnistímabili náði liðið ekki að komast í úrslitakeppnina, en aðeins fjögur lið tóku þátt í henni. Kom það niður á gengi liðsins að ekki var fenginn erlendur leikmaður í upphafi móts. Liðið er skipað samheldum hópi leikmanna sem hafa leikið saman í áraraddir. Ekki var endurnýjaður samningur við erlendan leikmann liðsins, Molly Peterman.

Fyrir yfirstandandi tímabil bættist meistaraflokki kvenna liðsstyrkur þegar fjórar stelpur úr Breiðablik gengu til liðs við Val og er það mikill fengur fyrir félagið.

Breitt bakland

Hjá körfuknattleiksdeildinni eru tvö önnur eldri lið sem taka þátt og æfa fyrir hönd félagsins en það er Valur b og Valur old boys. Valur b hefur tekið þátt í annarri deildinni í mörg ár. Í apríl 2008 urðu Valur b Íslandsmeistarar b liða eftir spennandi úrslitaleik við Grindavík. B lið Vals hefur að skipa fyrirverandi leikmönnum meistaraflokks Vals og hefur hópurinn stækkað jafnt og þétt undanfarin ár. Hannes Birgir Hjálmarsson hefur haldið utan old boys hópin í mörg ár en þeir taka þátt í mótum bæði innanlands og utan. Með þessum tveimur liðum hefur körfuknattleiksdeild Vals bakland með yfir 30 meðlimum sem styðja við deildina með einum eða öðrum hætti.

Fjáröflun

Meistaraflokkar deildarinnar hafa staðið sig frábærlega í fjáröflunum undanfarna vetur og er framlag leikmanna til fjáröflunar mjög mikilvægt fyrir starfið. Stjórn deildarinnar þakkar sérstaklega öllum leikmönnum og öðrum sem komið hafa að fjáröflunum í vetur. Svali Björgvinsson og Ragnar Þór Jónsson stýra fjármálaráði deildarinnar eins og undanfarin ár.

Yngri flokkar

Birgir Mikaelsson var ráðin yfirþjálfari yngri flokka ásamt því að þjálfar 8., 9. og 10. flokk félagsins. Birgir hefur þjálfað yngri flokka Vals undanfarin ár og miðað af áratuga reynslu sinni sem þjálfari og leikmaður í efstu deildum sem og yngri flokkum. Einnig var ráðinn nýr þjálfari frá Bretlandi, Robert Newson, en hann hefur lokið háskólaprófi í þjálfun og hefur starfað við þjálfun í fjölda ára. Aðrir þjálfarar eru Kristjana Magnúsdóttir, Hörður Hreiðarsson og Sigurður Sigurðsson.



Sævaldur Bjarnason hættir þjálfun hjá Val eftir að hafa þjálfað í nær áratug hjá félaginu. Sævaldur hefur haldið vel utan um starfið í yngri flokkum félagsins og vill félagið þakka honum fyrir gott starf og óskar honum góðs gengis hjá nýju félagi.

Gengi yngri flokka á síðasta tímabili

Unglinga- og drengjaflokkur karla

Þjálfari: Sævaldur Bjarnason

Mjög efnilegir leikmenn spila með unglinga- og drengjaflokki og æfa þeir með meistaraflokki félagsins.

Unglingaflokkur.

Mestu framfarir: Ágúst Þorri Tryggvason

Besti leikmaður: Hörður Helgi Hreiðarsson

Drengjaflokkur.

Mestu framfarir: Atli Barðason

Besta ástundun: Guðmundur Finnbogason

Besti leikmaður: Þorgrímur Guðni Björnsson

11. flokkur, fæddir 1991

Þjálfari: Kjartan Orri Sigurðsson

Fámennur flokkur sem æfði með 10. flokki félagsins. Leikmenn 11. flokks kepptu jafnframt með drengjaflokki félagsins. Flokkurinn stóð sig ágætlega í vetur og endaði í 2. sæti b-riðils í Íslandsmótinu.

Mestu framfarir: Páll Ólafsson

Leikmaður ársins: Þorgrímur Guðni Björnsson

10. flokkur, fæddir 1992

Þjálfari: Kjartan Orri Sigurðsson

Góður hópur af strákum sem hefur verið að bæta sig á vetrinum. Liðið endaði í 2. sæti d-riðils.

Mestu framfarir: Bergur Ástráðsson

Besta ástundun: Bergur Ástráðsson

Leikmaður ársins: Stefán Þórarinnsson

9. flokkur, fæddir 1993

Þjálfari: Sævaldur Bjarnason

Flokkurinn samanstendur af 13 manna hópi sem leggur mikið á sig við æfingar. Þeir enduðu í 3. sæti b-riðils á síðasta keppnistímabili. Strákarnir fóru í 14 daga keppnis og æfingaferð til Bandaríkjanna í sumar og stóðu sig með sóma í ferðinni.

Mestu framfarir: Aron Már Ólafsson og Hjálmar Örn Hannesson

Besta ástundun: Benedikt Blöndal

Leikmaður ársins: Jón Ingi Ottósson

8. flokkur, fæddir 1994

Þjálfari: Sævaldur Bjarnason

Fámennur flokkur sem þarf að sækja í 7. flokk til að ná í lið. Flokkurinn æfði með 9. flokki og bættu sig mikið á vetrinum. Þeir enduðu í 2. sæti d-riðils. Strákarnir fóru ásamt 9. flokki til Bandaríkjanna í æfinga- og keppnisferð í sumar.

Mestu framfarir: Klemens N. Hannigan

Besta ástundun: Edison Banushi

Leikmaður ársins: Magni Þór Walterson

7. flokkur, fæddir 1995

Þjálfari: Birgir Mikaelsson

Mjög fjölmennur hópur með um 20 iðkendum. Strákarnir hafa verið mjög

eljusamir og voru með tvö lið í Íslandsmótinu. A liðið endaði í 2. sæti í c-riðli og B-liðið í 2. sæti í d-riðli.

Mestu framfarir: Guðjón Matthíasson og Víðir Tómasson

Besta ástundun: Daníel Snævarsson og Agli Sulollari

Leikmaður ársins: Jón Hjálmarsson

Minnibolti, fæddir 1996 og yngri

Þjálfari: Birgir Mikaelsson

Aðstoðarþjálfari: Þorgrímur Björnsson

Minniboltinn hefur verið á ágætu róli hjá Val. Iðkendum hefur fjölgað í flokkunum og strákarnir mættu á þau mót sem í boði voru. Miklar framfarir voru hjá iðkenndum í minniboltanum og krakkarnir höfðu reglulega gaman af því sem þeir voru að gera.

Minnibolti drengja var þrískiptur eftir aldri. Í minnibolta 10 til 11 ára voru um 16 strákar og margir mjög eljusamir. Bæði minnibolti 10 ára og minnibolti 11 ára léku á Íslandsmóti. Minnibolti 11 ára endaði í 2. sæti í c-riðli og með áframhaldandi æfingum munu þeir ná enn lengra. Minnibolti 10 ára endaði í 3. sæti í a-riðli, en í úrslitakeppninni um Íslandsmeistarátitilentu þeir í 4. sæti.

Minnibolti 8 og 9 ára æfðu saman og minnibolti 6 og 7 ára æfðu saman. Samtals voru tæplega 50 iðkendum í minniboltanum hjá Val síðastliðinn vetur. Allir árgangarnir tóku þátt í fjölmörgum boðsmótum með tilheyrandi ferðum og gistingu úti á landi. Eins og undanfarna vetur voru þetta fjörugar ferðir og höfðu allir gaman af.

Minnibolti 11 ára.

Mestu framfarir: Dagur Sölvi Sigurjónsson

Besta ástundun: Gabríel Einarsson

Leikmaður: Róbert Sigvaldason



Minnibolti 10 ára.

Mestu framfarir: Davíð Reynisson
Besta ástundun: Bjarki Ólafsson
Leikmaður ársins: Ragnar Ragnarsson

Stúlknaflokkar

Þjálfari: Kristjana Magnúsdóttir

Stúlknaflokkarnir okkar tóku þátt í Íslandsmóti í ár og endaði 9. flokkur í 4. sæti í b-riðli og 8. flokkur í 3. sæti í c-riðli. Í eldri stúlknahópi eru um 7–10 stúlkur sem eru duglegar að æfa og leggja sig mikið fram. Fáar stúlkur eru í minniboltanum og þarf að leggja áherslu á að fjölga þeim. Stúlkurnar tóku þátt í boðsmótum á árinu ásamt drengjunum í minniboltanum.

8. og 9. flokkur stúlkna.

Mestu framfarir: Ingibjörg Kjartansdóttir
Besta ástundun: Thelma Karlsdóttir
Leikmaður ársins: Björg Ingólfssdóttir

Minnibolti stúlkna.

Mestu framfarir: Elsa Rún Karlsdóttir
Besta ástundun: Aðalbjörg Guðmundsdóttir

Leikmaður ársins: Margrét Ósk Einarssdóttir

Valsmaður ársins:

Valsmaður ársins er veittur þeim leikmanni sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum fyrir deildina. Að þessu sinni var það leikmaður úr 9. flokki, Benedikt Blöndal sem hlaut sæmdarheitið Valsmaður ársins.

Einarsbikarinn:

Verðlaun sem veitt eru til minningar um Einar Örn Birgis voru gefin í áttunda sinn. Verðlaunin eru veitt þeim leikmanni í yngri flokkum félagsins sem valinn er efnilegastur.

Í ár hlaut Knútur Ingólfsson, leikmaður í 9. flokki, þessi verðlaun.

Leikmaður ársins:

Viðurkenninguna leikmaður ársins í meistaraflokkum körfuknattleiksdeildar hlaut Signý Hermannsdóttir. Hún steig sín fyrstu spor með yngri flokkum Vals og sneri aftur að Hlíðarenda þegar meistaraflokkur kvenna var endurreistur haustið 2007

Lárus Blöndal
 formaður körfuknattleiksdeildar



Dómaramál



Fótbolti: 96 leikir í sumar í Íslandsmótum. Það voru sendir 30 krakkar í 3.fl. kk. og kv. á dómaramámskeið í vetur og það náðu um 20 krakkar prófi og útskrifuðust sem unglíngadóm- arar og eftir þetta námskeið þá eru 51 dómara á skrá hjá félaginu. Það voru 43 leikir sem félagið þurfti að manna dómara á í Reykjavíkurmótum. Svo í sumar þegar Íslandsmótin hófust þá þurfti félagið að manna dómara- atríó á 96 leiki sem fóru fram hér á Hlíðarenda.

Handbolti: Félagið þurfti að manna 36 leiki í handboltanum síðasta vetur í Íslandsmótum flokkanna og við vorum líka með eitt fjölídamót með 85 leikjum þar sem leikmenn mfl. kk. og kv. sáu um að manna þá leiki. Við erum með 15 virka dómara í handboltanum.

Körfubolti: Það voru 4 fjölídamót haldin hér með 36 leikjum og sáu leik- menn í mfl. kk. og kv. um að manna dómgæsluna í þeim mótum. Við eig- um 5 virka dómara í körfuboltanum.

Til stendur að halda dómaramámskeið í handbolta og körfubolta og við munum halda dómaramámskeið í fótboltanum þegar fer að nálgast vorið.

Áhugasamir um að taka að sér dómgæslu endilega hafið samband við Jóhannes Lange með því að senda honum tölvupóst á joilange@valur.is

Jóhannes Lange umsjónarmaður dómaramála

Rúnar Gunnarsson dómari ársins hjá Val í knattspyrnu 2007 og 2008.

Uppskeruhátíð körfuknattleiksdeildar 2008



Minnibolti. Bjarki Ólafsson, Ragnar Jósep Ragnarsson og Davíð Reynisson.



Minnibolti. Róbert Sigvaldason, Dagur Sölvi Sigurjónsson, Gabríel Einarsson og Sigurgeir.



7. flokkur. Agli Sulollari, Jón Hjálmarsson, Daníel Sævarsson og Guðjón Matthíasson.



7. flokkur kvenna. Aðalbjörg Guðmundsdóttir, Margrét Ósk Einarisdóttir, Elsa Karlsdóttir og Lísbet.



9. fl. kvenna. Ingibjörg Kjartansdóttir, Thelma Karlsdóttir og Björg Ingólfssdóttir.



8. fl. karla. Hjalti, Edison Banushi, Magni Þór Waltersson og Klemens H. Hannigan.



9. flokkur. Benedikt Blöndal, Aron Már Ólafsson, Örn Hannesson og Jón Ingi Óttósson.




Drengjaflokkur. Ágúst Þorri Tryggvason, Atli Bardason, Guðmundur Finnbogason og Þorgrímur Guðni Björnsson.



11. flokkur. Þorgrímur Guðni Björnsson og Páll Ólafsson.



Benedikt Blöndal, Valsmaður ársins.



Knútur Ingólfsson, Einarsbikarinn.



Leikmaður ársins í meistaraflokkum körfuknattleiksdeilda,
Sigrý Hermannsdóttir.



Ást við fyrstu sýn
Egils Malt og Appelsín



Róbert Jónsson tryggur stuðningsmaður og farsæll þjálfari fyrir framan bikarskápinu í Valsheimilinu.

Hvað er Valur? Valur er ég ... og þú!

Róbert Jónsson hefur starfað í Val í meira en hálfa öld. Hann hefur þjálfað sigursæl lið félagsins og verið litríkur félagsmaður með ákveðnar skoðanir á mönnum og málefnum

Það var fróðlegt að sitja með Róbert og ræða málefni Vals í fortíð og nútíð.

Róbert á enn nafna- og mætingalista yfir þá flokka sem hann þjálfaði. Þar eru nöfn hundruð stráka. Þó að flestir þeirra sem notið hafa leiðsagnar Róberts hafi haft fótbolta sem áhugamál í æsku urðu samt nokkrir þeirra atvinnumenn í íþróttinni. Í kladda Róberts eru margir þjóðþekktir einstaklingar sem og hinir sem minna hefur borið á. Sennilega ganga þeir allir til starfa sinna í sama anda og af sama kappi og þegar Róbert sendi þá inn á fótboltavöllinn. Skyldu ekki áhrif góðs leiðtoga í æsku hafa varanleg áhrif á mótun einstaklingsins?

Af hverju gerðist þú Valsari? „Ég veit ekki hvort ég á að segja frá því að bræður móður minnar voru í KR. Þegar ég var 10 ára þóttist ég því ætla að verða KR-ingur. Ég bjó á Freyjugötunni og var í Austurbæjarskóla. Ég hafði farið á frjálssíróttæfingu hjá Birni Jakobssyni hjá KR og kom svo í skólann í peysu merktri KR. Mér var ekki vel tekið því allir í

bekknum voru Valsmenn fyrir utan einn sem var í Fram. Þetta endaði svo þannig að strákarnir tóku mig með sér í Val. Síðan var ég alltaf í sveit, öll ár þangað til ég varð sextán ára. Þannig að ég fór ekkert að æfa reglulega fyrr en þá. Verð fyrirlíði í þriðja flokki B og svo í öðrum flokki B. Annars hafði ég engan áhuga á því að leika með meistaraflokki ... gat ekkert í fótbolta en hafði gaman af þessu.“

Varð þjálfari svona ... óvart

Hvernig hófst þjálfaraferillinn? „Meðan ég var í öðrum flokki fór ég óvart að þjálfra. Ég var, ásamt Jóni heitnum Björnssyni skólalbróður mínum, mikið á Hlíðarenda. Sigurður Marelsson sem var unglingleiðtogi annaðist þá þjálfun í fimmta flokki. Við Jón fórum að hjálpa Sigurði og tókum síðan við af honum, urðum þjálfarar flokksins og við fórum að hjálpa honum. Þetta er árið 1959. Ég þjálfaði meðal annars Henson í fimmta flokki. Árið eftir kemur Murdoc McDou-

gall til Vals í annað sinn. Hann hafði m.a. þjálfað meistaraflokk Vals fyrir stríð. Ég fer sem sagt að aðstoða Murdoc. Þegar Murdoc fer svo til KR 1963 byrja ég með fimmta flokk ásamt Matthíasi Hjartar, leikmanni meistaraflokks þá um haustið. Síðan má segja að brautin hafi verið bein þangað til 1990. Þetta varð nánast þrjátíu ára ferill á Hlíðarenda ef undan eru skilin þrjú ár en þá þjálfaði ég annars staðar.“

Hverjir voru að þjálfra hjá Val á þessum árum? „Meistaraflokksleikmenn voru að grípa í þetta. Þetta var bara sjálfboðavinna. Menn gerðu þetta hreinlega fyrir ánægjuna. Margir tóku þetta ekki alltaf mjög alvarlega. En þarna voru öflugir menn eins og Gunnar Gunnarsson og Snorri Jónsson. Þegar ég var í þriðja flokki var Haukur Gíslason að þjálfra okkur. Hann var mjög áhugasamur og hélt mjög vel utan um alla þá flokka sem hann þjálfaði. Geir Guðmundsson þjálfaði okkur svo í 2. flokki en seinna varð hann svo þjálfari meistaraflokks.“

Sigurður Marelsson var hins veg-

ar unglíngaleiðtogi á þessum árum. Hann hélt fundi með krökkunum og sýndi kvikmyndir í félagsheimilinu, gamla fjósinu. Þar lærði ég á 16 millimetra kvikmyndavél og náði í filmur úti í bæ til að sýna. Þetta voru bara Abbott og Costello og Chaplin-myndir en næstum aldrei fótoltamyndir. Ef þær fengust þá voru myndgæðin svo allt önnur en í dag. Svo fékk ég gamlar kempur eins og Hermann Hermannsson markvörð og Frímann Helgason og svo auðvitað þekktasta knattspyrnumann okkar Valsmanna Albert Guðmundsson til að koma á fundi og segja frá einhverju sem á daga þeirra hafði drifið. Ég verð líka að geta þess að flest árin sem ég þjálfaði hafði ég aðstoðarþjálfara sem eiga ekki síður en ég þátt í þeim árangri sem náðist. Þarna voru góðir félagar eins og Björn Hafsteinsson, Stefán Sandholt, Þorsteinn heitinn Marcellsson, Óttar Felix Hauksson svo einhverjir séu nefndir.“

Þjálfaðir þú einungis knattspyrnu?
„Það má nú segja það, utan að ég tók að mér einu sinni að þjálfja stelpur sem voru að byrja í handbolta. Þetta kom þannig til að ég var í stjórn handknattleiksdeildar á þessum tíma. Svo er gaman að segja frá því að ég fór sem fararstjóri með Valskonum til Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur árið 1964. Einmitt þá var að byrja sigurganga þeirra og Þórarins þjálfara Eypórssonar. Valsarar í þá daga voru mikið bæði í handbolta og fótbolta. Menn höfðu líka mikinn áhuga á gengi Vals í báðum greinum. Það var mikil samstaða í félaginu á þessum árum. Ég man eftir því að þá var skíðaskáli Vals mikið notaður og félagsmenn fóru oft upp eftir. Ég fór til dæmis upp í skála alla páska sem ég var í Verslunarskólanum. Það var skemmtilegur hópur úr handbolta og fótbolta sem þar hittist.“

Hvernig þjálfari varstu? „Ég hafði ákveðin prinsipp og stóð á þeim. Þjálfun í yngri flokkunum var svolítið árs-útdabundin. Það voru útiæfingar frá vori til hausts en svo vorum við með inniæfingar stóran hluta úr árinu. Mér fannst inniæfingarnar nýtast mjög vel til að þjálfja tæknina. Þá varstu inni í hlýjum sal, ekkert rok eða rigning svo þú gast einbeitt þér að æfingum. Þá tók ég fyrir ýmis atriði eins og að drepa boltann, æfa sendingar, skalla og margt fleira. Þegar Youri kom hingað, sennilega besti þjálfari sem starfað hefur hér á landi, þá fór um við Lárus Loftsson til að fylgjast með æfingum hjá honum. Við sátum í bíln-



Íslandsmeistarar 4. flokks karla 1972. Aftari röð frá vinstri: Björn Hafsteinsson, aðstoðarþjálfari, Arnar Hilmarsson, Sævar Jónsson, Guðmundur Þórðarson, Pétur Ormslev, Magnús Erlingsson, Atli Ólafsson, Friðrik Egilsson, Hilmar Sighvatsson, Róbert Jónsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Hafsteinn Andrússon, Ásmundur Ásmundsson, Júlíus Júlíusson, Guðmundur Ásgeirsson, Guðmundur Kjartansson, Bergur Þorgeirsson, Albert Guðmundsson, Ingólfur Kristjánsson, Jón Einarsson.

um og horfðum á æfingu. Það kom okkur mjög á óvart hvað voru fá atriði tekin fyrir á æfingunni. Að spyrna innanfótar og hlaupa og hreyfa sig gat tekið tuttugu mínútur eða meira. Sama æfingin var endurtekin aftur og aftur. Hjá okkur var það kannski þannig að ef eitthvert atriði stóð lengur en fimm mínútur þá var komin ókyrrð í hópinn. Ef þú getur haldið einbeitingu við einhverja æfingu í tiltölulega langan tíma og yfirrunnið leiðindin þá ertu sennilega að bæta þig. Afslöppun gerir engan betri. Þú verður alltaf að takast á við eitthvað sem er á mörkunum að geta ekki. Þú verður alltaf að glíma við eitthvað. Þetta var svona mitt mottó.“

Það eru nokkur atriði sem þurfa að ganga upp í knattspyrnu

Þú vissir alltaf hvað þú vildir fá út úr liðunum sem þú þjálfaðir. Varst með ákveðna sýn á knattspyrnuna og metnað sem þjálfari? „Ég er nú ekki viss um að ég hafi verið svo harður í fyrirmælum til strákanna. Það eru þó nokkur atriði sem mér finnst að þurfi að ganga upp. Ég reyndi að innprenta mínum leikmönnum að nota völlinn. Boltinn þarf að fara fram á við og eins út á kantana. Annars held ég að ég hafi verið miklu þekktari fyrir það að vera leiðinlegur eftir leiki. Stundum messaði ég þá í langan tíma. Fór yfir það sem þjálfari getur nefnilega svo vel gert þá, þ.e. talað um það sem ekki gekk

upp í leiknum eða það sem gerðist ranglega. Sko, þá getur maður verið í essinu sínu að tala um fótoltaleikinn. Á undan leikum setur maður ákveðnar reglur en svo veit maður svo sem ekkert hvað gerist. Ég sagði stundum að sá leikmaður væri góður sem færi ekki eftir þjálfaranum. Leikmaður sem impróvíseraði, gerði eitthvað frá eigin brjósti.

Sumarið 1973 þjálfaði ég lið sem vann næstum alla leiki en tapaði svo einum. Atli Eðvaldsson, sem var í liðinu, sagði að eftir þennan tapleik hafi ég í eina skiptið það sumar þakkað strákunum fyrir leikinn og farið svo fram án þess að messa. Hins vegar voru langir fundir eftir sigurleikina. Í sigurleik gerast jafn mörg mistök og í tapleik. Ef til vill vinnst leikurinn vegna þess að andstæðingurinn er ekki nógu góður. Þessir fundir voru þá bara framhald því sem þú ert að reyna að innprenta eða kenna, nokkurs konar taktífundir eftir leiki.“

Hafa orðið framfarir? „Menn syngja mikið „Valsmenn léttir í lund“ en hér áður fyrr sungum við líka: „Við leikum allir saman ...“ og í sama texta segir „... á næsta mann, hvar er hann?“ Sá texti er kvaðningin um það að fara út á völl og standa saman, gefa á næsta mann. Þegar maður horfir á fótbolta, jafnvel í meistaraflökki, er alveg grátlegt hvað menn hitta stundum illa á samherja.“

Var stundum erfitt að velja í lið?
„Þetta var svona púsluspil. Þegar ég



Róbert ásamt Valsmönnum Val Benediktssyni og Elíasi Hergeirssyni á Melavellinum í upphafi dómarafersils 1965.

valdi í lið reyndi ég að nýta leikmennina sem best, velja einstaklinga í liðið sem pössuðu saman. Eitt árið getur maður valið einstaklinginn í lið sem ekki kemst svo lið næsta ár. Þetta fer allt eftir leikmannahópnum. Dæmi um þetta er líka fantagóður, flinkur og útsjónarsamur leikmaður og markakóngur öll árin sem hann spilaði og nú fyrrverandi borgarstjóri, Ólafur Magnússon. Hann var frábær knattspyrnumaður en hann var oftast í B-liði því hann var í árgangi með óvenju sterkum leikmönnum, í hópi með Inga Birni og fleirum. Ég datt til dæmis einu sinni ofan á það að gera Bjarna Guðmundsson, sem varð nú þekktari sem handboltamaður, að hafsent en hann hafði leikið sem kantmaður. Hann var svo fljótur að hlaupa og svo snöggur að þó að menn hefðu eitthvert forskot á hann hljóp hann þá uppi. Guðni Bergs lék þetta svo eftirminnilega eftir seinna. Fljótur hafsent þýddi að þú gast leikið með öðruvísi bakverði ef svo má að orði komast.

Ég er stoltur af því að hafa yfirleitt náð upp góðri baráttu í liðunum sem ég var með. Menntu voru að berjast fyrir því að ná árangri. Annars verð ég að segja það að ég sé núna að þessi skipting í A-lið og B-lið átti ekki rétt á sér. Það átti að leyfa fleiri liðum frá hverju félagi að taka þátt í einhvers konar riðlakeppni. Á þessum árum milli 1960 og 1970 voru hundruð krakka í yngri flokkunum hjá Val og fjöldamargir sem komust aldrei að. Þessir strákar mættu samt á æfingar en fengu aldrei tækifæri að spila. Það var hrein vitleysa að skynja þetta ekki þá. Menntu voru fastir í kerfinu ... meira að segja svo fastir að þó að ég hefði haft hundruð stráka til að velja úr árið 1964 í fimmta flokki og við unnum alla leiki, þá fór maður kannski upp í Vatnaskóg til að ná í Inga Björn eða Hörð Hilmars eða

á Úlfljótuvatni að ná í Árna Geirs frekar en að velja eitthvað af hinum strákunum sem aldrei komust í liðið. Einhvern tímann áttum við að spila við Skagamenn hér í bænum. Ingi Björn átti að keppa með okkur en var í Vatnaskógi. Skagamenn þurftu að ná í einhverja stráka þangað og Ingi Björn fékk að fljóta með þeim í bæinn, þeir sóttu andstæðinginn í Vatnaskóg. Þó að maður hefði fullt af mannskap var metnaðurinn svo mikill að menn lögðu mikið á sig til að vera með besta liðið.“

Hvaða lið eru nú eftirminnileg? „Valur átti mjög góða árganga af strákunum sem fæddir eru 1952 til 1955. Þetta eru sennilega strákarnir sem unnu einna mest. Stundum segi ég að þeir hafi verið óheppnir að hafa engan annan þjálfara en mig í sex ár, ekki fyrr en þeir hættu í 2. flokki. Þeir urðu Íslandsmeistarar á seinna árinu í flokkunum öll þessi ár. Í þessu liði er mjög sterkur kjarni, Ingi Björn, Þórir heitin Jónsson, Jón Geirs, Róbert, Árni Geirs, Hörður Hilmars og Vilhjálmur Kjartans var fyrirlíði. Síðan var ég gríðarlega ánægður með árangur meistaraflokks kvenna sem ég þjálfaði 1986. Þær urðu bæði Íslands- og bikarmeistarar.“

Tveir leikir sama daginn – flogið upp á Skaga

Áttu minningar frá öllum mótum og frá öllum hópum sem þú varst með? Manstu kannski heilu keppnistímabilin? „Nei, blessaður vertu, langt frá því. Það eru einstakir leikir og tilvik sem sitja samt eftir. Samt er stundum svolítið skrytið hvað situr eftir og hvað ekki. Stundum skjótast ótrúlegustu minningar upp í hugann. Það situr til dæmis eftir þegar við spiludum fimm úrslitaleiki gegn Skaganum í fimmta flokki með Guðna Bergs í fararbroddi. Frá þeim tíma sem ég var með 1952 árganginn eru reyndar mjög minnisstæðir leikir. Þar á meðal leikir uppi á Akranesi í öðrum flokki. Þá var ég reyndar líka að þjálfva þriðja flokk.

Þriðji flokkur var að spila þennan sama dag klukkan tvö en Skagaleikurinn var klukkan fjögur. Eftir þriðja-flokksleikinn tók ég flugvél upp á Akranes og lenti í fjörunni fyrir neðan nýja grasvöllinn um leið og strákarnir voru að hlaupa inn á völlinn. Við vorum miklu meira á vallarhelmingi þeirra en þeir á okkar, oftast upp við vítateig. Við byrjum á því að skora og fáum síðan vítaspyrnu. Þórir skýtur í stöng og eftir það, á stuttum tíma, er staðan orðin þrjú eitt fyrir Akranes, þó að við værum alltaf í sókn. Í hálfleik var staðan 4-3 fyrir Val svo jafnar Teitur fyrir Skagann, við komust yfir aftur en er upp var staðið unnum við 7-5. Svona leikir sitja enn í minninu. Svo var það þegar þessir strákar voru á yngra ári í þriðja flokki að við unnum Fram í síðasta leik sumarsins. Framarnir höfðu verið mjög sigursælir svo það var mikið afrek að vinna þá með aðeins einn leikmann á eldri ári, sá var Stefán Gunnarsson sem svo gerði garðinn frægan í handboltanum.“

Það hafa þó nokkuð margir af þínum lærisveinum farið í atvinnumennsku. „Nei, nei, ekki svo margir. Einhverjir. Þetta var ekki svo algengt á þessum árum eins og í dag. Þó eru þarna strákar eins og Pétur Ormslev, Sævar Jónsson, Albert Guðmundsson, Guðni Bergsson, Guðmundur Þorbjörnsson, Atli Eðvaldsson og auðvitað Jóhannes bróðir hans.“

Þetta hlýtur að vera gaman fyrir þjálfara? „Jú, jú, það er það. Annars hef ég nánast átt mann sem ég hef þjálfað í meistaraflokki Vals til dagsins í dag.

Flokkarnir 15 sem Róbert hefur komið sem þjálfari í úrslit Íslandsmóts á löngum og farsælum þjálfaraferli

Ár	Flokkur	Félag	Úrslitaleikir í Íslandsmótum
1964	5. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1966	4. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1968	3. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1970	5. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1972	4. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1973	3. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1974	3. fl.	Valur	Annað sæti
1977	5. fl.	Valur	Annað sæti
1979	4. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1980	3. fl.	Valur	Annað sæti
1981	3. fl.	Valur	Annað sæti
1983	Mfl. kv.	Breiðablik	Íslands- og bikarmeistarar
1985	4. fl.	Valur	Íslandsmeistarar
1986	Mfl. kv.	Valur	Íslands- og bikarmeistarar
1987	5. fl.	Valur	Annað sæti

Strákur frá mér spilaði með meistara-flokki Vals nú í sumar, þ.e. Gunnar Ein-
arsson. Hann var hjá mér í yngri flokk-
unum. Ég þjálfaði líka pabba hans.“

*Hver er skoðun þín á málefnum þjálf-
ara?* „Þjálfari á til dæmis að vera ein-
hvers konar framkvæmdastjóri þess
flokks sem hann þjálfar. Hann á að reka
starf flokksins ... auðvitað í samstarfi
við aðra í félaginu. Yfirþjálfari á til dæm-
is einungis að vera umsjónarmaður allra
og tengiliður við stjórn félagsins. Hann á
ef til vill að hafa umsjón með því hvort
þjálfari er að standa sig eða ekki en ekki
leggja línurnar í sambandi við þjálfunina.
Þjálfarinn er fullfær um það. Hver þjálf-
ari hefur líka sínar áherslur og einkenni
ef svo má segja. Það á ekki að breyta
strúktúr þjálfara sem er ráðinn út á hæfi-
leika sína.“

Þegar sannfæring dómara er sú að reka
eigi leikmann útaf þá er ekki erfitt að
sýna honum rauðaspjaldið

*Dú varst mjög virkur knattspyrnudóm-
ari.* „Ég tók dómaraþróf í kringum 1962
og dæmdi til ársins 1988. Ég var formaður
ur Knattspyrnudómarafélags Reykjaví-
kur í eina tíð og seinna formaður Knatt-
spyrnudómarasambandsins. Það var
gaman að vera dómari. Ég dæmdi í fleiri
ár í meistaraflokki. Það myndast einhver
skrápur svo ég tók gagnrýnina ekki svo
mikið inn á mig.“

*Hvernig fór dómgaeslan saman við
þjálfunina?* „Þetta gat stundum rek-
ist á. Annars segi ég að ég sé óalandi í
hópi dómara fyrir að bera blak af þjálf-
urum og líka óalandi í hópi þjálfara fyrir
að bera blak af dómurum. Ég lék svona
tveimur skjöldum. Annars held ég að það
sé betra að einbeita sér að einu verkefni
frekar en að dreifa kröftunum. Ég hefði
kannski orðið betri dómari ef ég hefði
ekki þjálfað eða betri þjálfari ef ég hefði
ekki dæmt.“

*Var aldrei erfitt að gefa mönnum rauða
spjaldið?* „Nei, nei, ... þegar sannfæring
þín er sú að reka eigi leikmann út af þá
er það ekki erfitt. Stundum finna dómara
að þeir hafa gert vitleysu. Þeir eru ekk-
ert ánægðir með það. Þá skiptir máli að
láta það ekki hafa áhrif á þróun leiksins
... ein vitleysa má ekki leiða af annarri.“

*Dú varst einu sinni línuvörður á
Anfield.* „Ég fór í eina utanlandsferð
sem dómari. Var línuvörður í leik Liver-
pool og finnsks liðs á Anfield leikvang-
inum. Þetta var fyrsti leikur Liverpool
eftir lát hins fræga framkvæmdastjóra
Bill Shankleys. Fyrir leikinn var mín-

útþögn til að heiðra minningu hans.
Þetta var mjög gaman og gekk mjög vel.
Guðmundur Haraldsson dæmdi leikinn.
Finnarnir gátu nú ekki mikið og töpuðu
stórt.“

Heldurðu að ég hafi haft tíma fyrir önnur áhugamál, ha ...?

Er öll fjölskyldan Valsmenn? „Já, já,
... strákurinn minn Ragnar Helgi hefur
þjálfað hjá Val. Hann byrjaði að aðstoða
mig. Hann er einmitt nú að þjálfja hjá
Val í þriðja sinn. Stelpurnar Halldóra
Sjöfn og Edda Bára eru auðvitað Vals-
menn. Það er hins vegar ekkert rautt blóð
í tengdasyni mínum, Magnúsi Gylfasyni
knattspyrnuþjálfara. Ég hef verið hepp-
inn með að konan mín, Sigríður Bjarna-
dóttir hefur umborið þetta fótboltastúss
mitt. Hún starfaði á sínum tíma mik-
ið með Valskonum og hlaut silfurmerki
Vals. Þá varð ég ánægður því hún er
örugglega konan á bak við Valsmanninn
eins og við gjarnan segjum. Það er gam-
an að geta þess að hún og Sigríður Sig-
urðardóttir handboltakempa og íþróttar-
maður ársins 1964 eru systkinaabörn.“

*Dú hefur nú ekki eingöngu starfað að
málefnum knattspyrnu?* „Nei, nei. Mitt
aðalstarf hefur alltaf tengst bókhaldi. Ég
vann nú í yfir 20 ár hjá Héðni og í áratug
hjá Flugleiðum en nú starfa ég hjá fyrir-
tæki sem nefnist Hreinsitækni.“

*Áttu þér önnur áhugamál en knatt-
spyrnuna?* „Áhugamál? Heldurðu að ég
hafi haft tíma til þess, ha ...? Jú, ég hef
haft gaman af því að tefla, gerði það
nokkuð mikið áður en ég fór að þjálfja.
Við félagarnir frá því í 2. flokki höfum
spilað bridge okkur til skemmtunar allt
frá árinu 1965 trúi ég. Þar eru Hans Guð-
mundsson, Hrafn Bachmann, Guðmund-
ur Pálmar Ögmundsson og ungi maður-
inn í hópnum er Lárus Loftsson. Gylfi
heitinn Hjálmarsson var svo með okkur
fyrir og eftir Kanadadvöl sína.“

Ertu hættur fótboltastússi? „Í dag kem
ég að knattspyrnunni sem áhangandi.
Ég fer á alla leiki Vals sem ég kemst á.
Þetta er gaman. Ég segi við alla að þeir
eigi að koma á völlinn ... nú, ef leikur-
inn er lélegur þá réttlæti ég þetta með því
að vallarferð sé að minnsta kosti útivera.
Það þyrftu miklu fleiri af þessum gömlu
Valsmönnum að koma á völlinn bara til
að hittast. Aðstaðan hefur aldrei ver-
ið betri. Við eigum bestu aðstöðu félags-
liðs á landinu. Við þurfum að virkja hina
óvirku.“



*Tveir fyrrverandi þjálfarar
meistaraflokks kvenna í knatt-
spyrnu fagna Íslandsmeisturum Vals í
meistaraflokki kvenna frá 1978 til 2008.
Róbert Jónsson og Jóhann Larsen.*

Það má vel öfunda Valsmenn af Valsblaðinu

*Á fortíðin eða saga Vals erindi til næstu
kynslóða?* „Saga félagsins skiptir miklu
máli. Ég vaknaði til dæmis upp við það,
einu sinni þegar ég var að dæma austur
á landi að maður gaf sig á tal við mig og
segir að við Valsmenn séum öfundsverðir
því við eigum svo gott blað, Valsblaðið.
Okkur finnst svo margt sjálfsagt sem er
það í rauninni ekki. Það má ekki gleyma
þessum mönnum sem stóðu að Vals-
blaðinu hér á árum áður, Frímanni Helga-
syni og Einari Björnssyni. Eða mönnum
eins og Friðjóni Guðbjörnssyni sem sá
um fjármál blaðsins. Hann var út um all-
an bæ að ná í auglýsingar og styrktarlín-
ur þannig að hægt yrði að gefa út þetta
blað. Seinna kom happafengur frá Vest-
mannaeyjum, Jón Kristjánsson. Jón varð
verkstjóri í Ísafoldarverksmiðju og var
Valsblaðið prentað þar í áratöðum.“

Þær kynslóðir sem nú eru að keppa
fyrir félagið verða að þekkja söguna. Það
verður eiginlega að kenna mönnum að
verða Valsmenn. Ungu fólkið verður að
hafa einhver kennileiti úr fortíðinni til að
miða við. Þegar ég var að þjálfja þurftu
allir að vita hver væri formaður félags-
ins og formaður deildarinnar. Við þekkt-
um að sjálfsgöðu vel uppruna Vals. Séra
Friðrik var orðinn háaldrður þegar ég
gekk í félagið og fer að starfa þar.“

*Hvernig viltu sjá Knattspyrnufélagið
Val þróast á næstu árum?* „Ég hef alltaf
verið hrifinn af því sem Þórður Þorkels-
son sagði. Hann sagði: „hvað er Valur?
Valur er ég og ... þú ...“ Ég skildi þetta
alltaf þannig að menn ættu að standa
saman og vera virkir í starfinu. Þetta hef-
ur breyst mikið frá því þegar ég var ung-
ur. Við verðum að ná því besta út úr öllu
því fólki sem starfar fyrir Val.“

140 ár frá fæðingu séra Friðriks Friðrikssonar:

Deilan um „Íslandshornið“ og sandrykkjan í „Valhöll“

Brot úr sögu Vals árin 1917–1918 og sýn séra Friðriks Friðrikssonar á uppeldislegt og siðferðislegt gildi knattspyrnunnar

Mánudaginn 25. maí 1868 fæddist séra Friðrik Friðriksson að Hálsi í Svarfaðardal. Í ár eru því 140 ár liðin frá fæðingu þessa ástsælasta æskulýðsleiðtoga sem Ísland hefur alið. Árið 1899 stofnaði séra Friðrik bæði KFUM og KFUK í Reykjavík en þau félag áttu ríkan þátt í öflugri félagslegri og trúarlegri vakningu í höfuðstað Íslands í byrjun 20. aldar. Innan KFUM spruttu til dæmis fram efnilegir félagssprotar á borð við lúðrasveit, karlakór, skátafélag, jarðræktarflokk og fótboltafélög. Sumir þessara sprota urðu síðar sjálfstæð og stöndug tré með mörgum burðugum greinum. Þar á meðal var Fótboltafélag KFUM sem stofnað var í maí 1911, betur þekkt sem Knattspyrnufélagið Valur í dag. Í eftirfarandi sam-

antekt gerir Þórarinn Björnsson guðfræðingur grein fyrir deilum sem urðu um Íslandshorn Valsmanna árið 1917 og athyglisverðri knattspyrnuræðu sem séra Friðrik flutti haustið 1918. Þórarinn hefur á undanfönum árum rannsakað upphaf sögu KFUM og KFUK á Íslandi, þar á meðal fyrstu árin í sögu Vals og þær uppeldislegu og siðferðislegu hugsjónir sem séra Friðrik Friðriksson hafði í sambandi við knattspyrnuíðkun Valsmanna.

Heimkoma séra Friðriks og vangaveltur hans um fordild á kappmótum

Um miðjan október 1916 kom séra Friðrik Friðriksson heim til Íslands frá Amer-

íku eftir að hafa starfað við kristlegt æskulýðsstarf á meðal Vestur-Íslendinga í tæp þrjú ár. Friðrik segir að það hafi valdið sér vonbrigðum við heimkomuna að sjá að Valsmenn voru „orðnir óðir og uppvægir að taka þátt í kappleikjum“. Að hans mati var meira um vert að íþróttin væri ástunduð „vegna íþróttarinnar sjálfrar, en ekki vegna fordildar á kappmótum.“ Í því ljósi var það honum viss fróun þegar Valsmenn biðu „rækilegan ósigur“. Ekki svo að skilja að hann hafi hlakkað yfir óförum þeirra heldur leit hann á það sem vænlega leið til þroska. Kærleikur Friðriks til Valsmanna var sem fyrr fölskvalaus enda kveðst hann hafa unnað Val „betur en nokkurri annarri grein á félagsstofninum.“²

Á aðalfundi Vals í apríl 1917 var séra Friðrik viðstaddur. Þar óskaði hann félaginu heilla og hét stuðningi sínum en áminnti menn jafnframt um að keppa fyrst og fremst „eftir hinum æðri sigurlaunum“.³ Fyrr um vorið stýrði Friðrik einnig samsæti sem Valur hélt í húsi KFUM við Amtmannsstíg. Þar flutti Þorvaldur Guðmundsson bóksali fyrirlestur en ýmsir fleiri stigu í pontu. Að lokum endaði séra Friðrik fundinn sem liðlega þrjátíu manns sótti.⁴ Þetta sýnir að Friðrik lét sér annat um starf Vals fyrst eftir að hann kom að utan.

Sumarið 1916 hafði starf Vals gengið vel. Liðið var komið í hóp hinna bestu, fullorðnum meðlimum hafði fjölgað og stofnuð var yngri deild innan félagsins sem hafði mikla þýðingu þegar fram liðu stundir. En brátt saúst blikur á lofti. Sumarið 1917 trufluðu framkvæmdir við nýja loftskeytastöð á Melunum æfingar Valsmanna og fleira varð þess valdandi að gengi félagsins dalaði. Leikmannahópurinn tók að strjálást og fjárhagsstaðan versnaði.



Séra Friðrik Friðriksson í hópi pílta sem áttu sæti í úrvali yngstu deildar KFUM vorið 1911, sama vor og Valur var stofnaður. Flestir „úrvals“-piltarnir voru í hópi frumkvöðla Vals. Á myndinni eru standandi frá vinstri: Ársæll Gunnarsson, Guðmundur Kr. Guðjónsson, Guðbjörn Guðmundsson, Stefán Ólafsson, Hallur Þorleifsson, Ingvar Árnason, Kristján Gíslason og Jóhannes Sigurðsson. Sitjandi frá vinstri: Brynjólfur Magnússon, Halldór Kolbeins, Friðrik Friðriksson, Loftur Guðmundsson og Páll V. Guðmundsson (Kolka).

Hart deilt um haganlega útskorið Íslandshorn

Ein besta leiðin til að afla fjár var að halda kappleiki og hagnast af aðgangseyri á völinn. Fram og KR nutu til dæmis góðs af slíku því Fram hafði gefið Íslandsbikarinn og fékk ágóða af Íslandsmótinu en KR gaf Reykjavíkurhornið og hafði tekjur af Reykjavíkurmótinu. Gæðunum var því misjafnlega skipt eftir að Valur bættist í hópinn því ekkert mót var á vegum félagsins þótt efnt hafi verið til eins leiks í fjóröflunarskyni árið 1916.⁵

Einn þeirra sem gerði sér grein fyrir þessu misvægi var Egill Jakobsen kaupmaður, kunnur knattspyrnufrömuður á þessum árum og einn besti dómari sem völ var á. Hann lagði til við Valsmenn sumarið 1917 að þeir stæðu fyrir móti um „Knattspyrnuhorn Íslands“ og gaf Egill verðlaunagrip til keppinnar sem Stefán Eiríksson myndskeri, og fyrrum stjórnarmaður í KFUM, skar út. Vinarbragði Egils tóku Valsmenn fagnandi og með samþykki séra Friðriks Friðrikssonar var Fram og KR boðið að taka þátt í fyrirhuguðu móti um haustið. En þá kom babb í bátinn. KR þáði boðið en Fram neitaði þátttöku. Töldu þeir að keppni um Knattspyrnuhorn Íslands (Íslandshornið) væri allt of keimlík þeirra eigin keppni um Knattspyrnubikar Íslands (Íslandsbikarinn). Nafn verðlaunagripsins fór sem sagt fyrir brjóstið á þeim en eflaust sat líka í þeim kærúmal sem Valsmenn höfðu á hendur þeim haustið áður þegar þeir kærðu tiltekinn leik Reykjavíkurmótsins og fengu úrslitunum hnekk.⁶

Svo sem við var að búast mislíkaði Valsmönnum að Fram hugðist ekki taka þátt í keppninni um Íslandshornið haustið 1917 enda fyrrisjáanlegt að það myndi skaða Val fjárhagslega. Æxluðust mál þannig að Valsmenn hótuðu að þeir, og jafnvel KR líka, myndu alfaríð hunsu keppnina um Íslandsbikarinn næsta ár nema Fram samþykkti að taka þátt í keppninni um Íslandshornið. Þetta varð til þess að Framarar gáfu eftir í málinu þótt ekki væru þeir að öllu leyti sáttir. Hvað einstök úrslit varðar er þess að geta að Valur tapaði öllum kappleikjum sínum sumarið 1917 en náði að landa tveimur sigrum í sjö leikjum árið eftir. Þegar fram liðu stundir kom það á hinn bóginn í hlut Fram að vinna Íslandshornið umdeilda til eignar.⁷

Kæru gestir og fjelagsbróður.
 Jeg vil mi leggja mig fyrir hönd
 Sv. F. U. M. sum fótballafjelagið
 Valur er litur í, að ávörpa yður
 nokkrum orðum og þanna yður
 öllum fyrir þessa stund og hring
 að komnu yður. Jeg hef hlakkað
 til þessa kvælds eins og til stórka-
 litar, hlakkað til að meiga fagna
 yður, fyrst báðum Knattspyrnum
 sum Keppk hafa við oss á um-
 litum máti, og njotta að yður bróður
 höndina að afstotnum leik, og
 þar næst Vörum eigin fjelagi er
 heim er komið úr hinum háta
 hildarleik. - Er jeg sjá yður alla
 samauknumna dettur síja hjá
 svo frísamlega í sattu og bróðurleiki
 dettur mig í hug líf einhverjanna
 í Valhæll; fóru þeir úr um daga
 og þrygga leiki og háta orustur, en
 að kvældi settu þeir samauk að
 samdrögum og voru glattir sum gótt
 bróður. - Sum einhverjar voru þeir
 um samauknumna og eftir sköru

Upphaf knattspyrnuræðu þeirrar er séra Friðrik Friðriksson flutti í áheyrn félaga úr Val, Fram og KR laugardaginn 14. september 1918. Stór hluti ræðunnar birtist í Valsblaðinu árið 1995, bls. 23–25. Frumrit ræðunnar er varðveitt í minningarstofu séra Friðriks í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Íslandi við Holtaveg 28. Stofan er öllum opin til skoðunar á almennum skrifstofutíma.

Bróðurleg samdrykkja í „Valhöll“ og horn af ýmsu lagi

Skýrt dæmi um þann sess sem knattspyrnan skipaði í huga séra Friðriks Friðrikssonar um þetta leyti finnum við haustið 1918. Í byrjun septembermán-

aðar kepptu KR, Fram og Valur í annað sinn um Íslandshorn Valsmanna og fór úrslitaviðureign mótsins fram sunnudaginn 8. september. Þar kepptu KR og Valur til úrslita og hrósaði KR sigri að leikloknum. Næstkomandi laugardag bauð

séra Friðrik fullorðnum knattspyrnumönnum í Reykjavík til fjölmenns kaffisamsætis. Þangað var Valsmönnum sérstaklega boðið, ásamt KFUM-piltum sem spiluðu með öðrum knattspyrnufélögum sem og öllum í kappliðum KR og Fram eftir því sem best verður séð.⁸

Samsætið var haldið í húsi KFUM við Amtmannsstíg og mættu nálægt sextíu manns ef marka má séra Friðrik. Kvöldið hófst á kaffidrykkju og spjalli en síðan las Friðrik fyrsta kafla sögunnar Keppinautar sem rúmum áratug síðar var gefin út til ágóða fyrir fyrstu utanför Vals. Hafði Friðrik samið kaflann nóttina áður af þessu tilefni en hafði ekki framhald í huga. Sagan hlaut hins vegar svo góðar undirtektir að um veturinn skrifaði hann nokkra kafla til viðbótar.⁹ Í lok kvöldsins flutti séra Friðrik síðan einkar áhugavert

erindi um eðli og tilgang knattspyrnunar frá eigin sjónarhóli séð.

Í upphafi ræðu sinnar kvaðst séra Friðrik hafa hlakkað til þessa kvölds „eins og til stórhátíðar“. Bauð hann Valsmenn velkomna sem og leikmenn úr „báðum kappliðunum“ sem keppt höfðu við Val „á umliðnu móti“. Síðan bætti hann við:

Er jeg sje yður alla samankomna sitja hjer svo friðsamlega í sátt og bróðurlyndi dettur mjer í hug líf einherjanna í Valhöll; fóru þeir út um daga og þreyttu leiki og háðu orustur, en að kveldi settust þeir saman að samdrykkju og voru glaðir sem góðir bræður.¹⁰

Í kjölfarið lýsti Friðrik því allítarlega hvornig hann sæi fyrir sér að knattspyrn-

an, sem íþrótt og list, gæti verið „til hinna mestu þrifa, og hagnaðar bæði fyrir líkama, sál og anda þeirra sem iðka hana á rjettan hátt.“¹¹ Taldi Friðrik að fótbolta-leikurinn væri „eitt hið bezta meðal til þess að æfa sig í sjálfsafneitun og sjálfstamningu“ og lagði mikla áherslu á gildi góðrar samvinnu og drenglyndis.¹² En í ljósi þeirra deilna sem hið haganlega útskorna Íslandshorn hafði valdið árið áður eru orð séra Friðriks undir lok ræðunnar sérstakrar athygli verð. Þar brýndi hann alla viðstadda:

... að nota þessa íþrótt rjett, ekki svo að það verði höfuð markmiðið að vinna[,] vinna sjer inn „horn“ eða aðra góða gripi að sigurlaunum einstakra leikja, því ef vjer ... ekki komum auga á hina uppalandi, göfgandi og menntandi þýðingu leiksins; og leikum hann aðeins oss til fordíldrar og stundargamans, þá munum vjer sem heimsku laun fá horn og klaufir með sem setja oss í tignarröð með rymjandi nautum.¹³

Eflaust komu þessi orð við kaunin hjá einhverjum. En séra Friðrik er óhræddur að stinga á graftarkýlin og í framhaldinu reynir hann að skerpa fókusinn á það sem hann telur mestu máli skipta. Hann hvetur hina ungu menn til að keppa fram- ar öðru eftir því að verða „betri menn ... þolgóðir[,] einbeittir, viljafastir, með hrein og óeingingjörn markmið“.¹⁴ Að lokum má segja að hann beri smyrsl á sárin og kveðji vini sína á ljúfum nótum:

Svo keppi hvert fjelagið Fram, Reykjavíkur¹⁵ og Valur hvert við annað að skara fram úr hinu í öllum þeim drengilegu kostum sem bezt meiga þrýða unga karlmenn og sanna föðurlandssyni.

Í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Íslandi við Holtaveg 28 er sértök stofa helguð minningu séra Friðriks Friðrikssonar. Stofan er öllum opin til skoðunar á almennum skrifstofutíma. Hér má sjá hægindastólinn sem séra Friðrik sat gjarnan í á efri árum. Ofan við stólinn er mynd af séra Friðriki sem Jóhannes Sigurðsson prentari málaði á sínum tíma og gaf Páli bróður sínum. Nýverið gaf sonur Páls, séra Sigurður Pálsson, KFUM og KFUK á Íslandi myndina. Til hliðar sést hluti af einkabókasafni séra Friðriks.



Með þessu vil jeg árna öllum þessum fjelögum alls góðs og allrar sæmdar ...

Lengi lifi og blómgist þessi fagra íþrótt!¹⁶

Í bakgrunni þessara heilræða heyrum við auðvitað hljóma hin sígildu einkunnarorð Vals, sem séra Friðrik meitlaði upphaflega í orð við vígslu fótboltasvæðis KFUM árið 1911: Látíð aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.

Tilvísanir

- ¹ KFUM (Kristilegt félag ungra manna) var stofnað 2/1 1899 en KFUK (Kristilegt félag ungra kvenna) hinn 29/4 1899.
- ² Akranes 1948, 19, 34. Valsblaðið afmælisútgáfa 1956, 9.
- ³ Valsblaðið 19. tbl. 1961, 16. Húsbók KFUM jan.–apríl 1917, 15/4 (Skjöl KFUM). Aðalfundurinn var haldinn sunnudaginn 15/4 og endaði sr. Friðrik fundinn út frá 2. Kor. 6:1–18, 7:1.
- ⁴ Húsbók KFUM jan.–apríl 1917, 3/2 (Skjöl KFUM).
- ⁵ Valsblaðið 19. tbl. 1961, 16–17.
- ⁶ Valsblaðið 19. tbl. 1961, 16–18. Mbl. 30/6 og

2/9 1917. Vísir 30/6 og 27/8 1917. Lesbók Mbl. 24/3 1929, 92.

- ⁷ Valsblaðið 19. tbl. 1961, 17–18, 21.
- ⁸ Húsbók KFUM 1918–1921 (14/9 1918). Akranes 1948, 90. Valsblaðið afmælisútgáfa 1956, 9. Í Valsblaðinu er ranglega hermt að kaffisamsætið hafi verið í ágúst 1917. Einnig virðist misminni hjá sr. Friðriki að samsætið hafi verið haldið 15/8 1918. Það má sjá af eðli varðveitts fundarboðs sr. Friðriks frá 15/8 1918 (Skjöl KFUM) og ræðu þeirri sem Friðrik flutti í sjálfu knattspyrnusamsætinu (Skjöl sr. Friðriks 205:19, 9). Þar sést að ræðan var flutt stuttu eftir að keppninni um Íslandshornið lauk haustið 1918 (þ.e. laugardaginn 14/9, sbr. Húsbók KFUM).
- ⁹ Akranes 1948, 90–91. Ranghermt er í Akranesi að kvöldið hafi borðið upp á laugardag.
- ¹⁰ Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 1 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).
- ¹¹ Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 3 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).
- ¹² Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 8–9 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).
- ¹³ Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 11 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).
- ¹⁴ Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 11 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).
- ¹⁵ Þ.e. Knattspyrnufélag Reykjavíkur (KR).
- ¹⁶ Ræða sr. Friðriks frá 15/8 1918, 13 (Skjöl sr. Friðriks 205:19).



Íslandshornið umdeilda sem fyrst var keppt um árið 1917. Egill Jakobsen kaupmaður fékk myndskerann Stefán Eiríksson til að skera hornið út og gaf Valsmönnum það sem verðlaunagrip. Seinna vann Knattspyrnufélagið Fram það til eignar.



Pórður Þorkelsson

Fæddur 20. febrúar 1925
Dáinn 26. apríl 2008

Kveðja frá Knattspyrnufélaginu Val

Við Valsmenn kveðjum í dag með þakklæti einn þriggja heiðursfélaga okkar, Pórð Þorkelsson endurskoðanda. Valur hefur átt því láni að fagna að hafa í

gegnum langa tíð átt marga áhugasama og vinnuglaða félaga sem með ræktarsemi sinni og elju hafa gefið mikið af sér til þess að sjá drauma sína um eflingu Vals rætast. Þórður var svo sannarlega einn þessara félaga, ávallt að huga að framgangi mála og vildi enga kyrrstöðu. Í þeim efnunum voru Þórði tóm orð eldri frumkvöðla Vals: „Valur er ekki annað en ég, þú og allir hinir!“. Þeir voru því gladdir heiðursfélagarnir Þórður, Sigurður Ólafsson og Jóhannes Bergsteinsson þegar nýju mannvirkin að Hlíðarenda voru vígd á síðasta ári.

Þórður fæddist í Reykjavík 20. febrúar 1925. Hann gerðist félagi í Val 8 ára gamall og æfði og lék knattspyrnu framan af þar til hann söðlaði að mestu um og sneri sér að handknattleiknum. Hann varð þrisvar sinnum Íslandsmeistari með Val í handknattleik á árunum 1945 til 1954. Samhliða íþróttaiðkuninni tók Þórður þátt í stjórnarstörfum og sat í aðalstjórn félagsins frá 1948 til 1955 og aftur á árunum 1964 til 1967. Þórður varð síðan formaður félagsins árin 1970–1975. Árið 1971 var Þórður skipaður formaður nefndar til þess að stýra uppbyggingu á nýjum knattspyrnuvelli með áhorfendastæðum að

Hlíðarenda. Með honum í nefndinni sátu þekktir Valsmenn, þeir Úlfar Þórðarson, Jóhannes Bergsteinsson, Guðmundur Ásmundsson, Guðmundur Kr. Guðmundsson og Guðni Jónsson. Hinn 9. september 1979 var völlurinn, sem þá þótti glæsilegt mannvirki, vígdur. Þannig hafa áfangasigrar unnist og oftast hefur Þórður verið nærri þegar góðir hlutir hafa gerst innan Vals með sínu jákvæða og framsækna hugarfari. Þórður var gerður að heiðursfélagi Vals á 85 ára afmæli félagsins hinn 11. maí 1996.

Ekki er möguleiki á því að fjölskyldumenn geti lagt svo vel til félagsstarfsemi nema þeim fylgi fullur stuðningur frá eiginkonu og fjölskyldu. Þórður var lánsamur í einkalífi sínu og gekk að eiga eftirlifandi eiginkonu sína Svanhildi Guðnadóttur hinn 2. desember 1950. Dóttir þeirra hjóna er Guðrún Þórey, gift Þorvaldi K. Þorsteinssyni. Barnabörn Þórðar og Svanhildar eru tvö og barnabarnabörnin eru þrjú.

Við Valsmenn kveðjum kærán félaga og vandaðan mann og sendum fjölskyldu hans, ættingjum og vinum hugheilar samúðarkveðjur.

Grímur Sæmundsen, formaður Knattspyrnufélagsins Vals



Landsliðsstelpur í handbolta á ferðalagi. Dagný, Drífa og Hrafnhildur Skúladætur ásamt FH-ingnum Gunni Sveinsdóttur.

Undanfarin ár höfum við Valsmenn verið svo lánsamir að njóta krafta fjögurra frábærra systra í handboltaliði félagsins. Hér er að sjálfsögðu átt við Hrafnhildi, Dagnýju, Drífu og Rebekku Skúladætur

Hver er þessi

Skúli?

Á yfirstandandi keppnistímabili ber svo við að þrjár systrana spila í Valsbúningi, en Rebekka ákvað að söðla tímabundið um og spila með Fylki í Árbænum. Hrafnhildur kom til baka úr atvinnumennsku í Danmörku og Drífa er komin á fullt eftir barneignafri. Óhætt er að segja að þessar stelpur setji mikinn svip á liðið, enda einkennir þær mikill kraftur og fáheyrtd að svo margar systur séu samankomnar í einu og sama liðinu. Allar hafa þær verið fastamenn í landsliðum Íslands undanfarin ár og eiga glæstan feril að baki sem er langt í frá lokið. Valsblaðið ákvað að hafa samband við stelpurnar og ræða við þær um handboltann, fjölskylduna, væntingarnar til tímabilsins, framtíðina og þátt foreldranna í þeirra árangri.

Það hlýtur að hafa verið kátt á hjalla á uppeldisheimili stelpnanna í Breiðholtinu, því systkinin eru alls sex talsins. Systurnar eiga nefnilega 2 systkini sem hafa ekki látið eins mikið fara fyrir sér á handboltavellinum, þau Daða og Hönnu Lóu. Það er auðvelt að sjá hvaðan krafturinn í systkinunum kemur þegar maður kynnist foreldrunum, þeim Skúla Guðmundssyni og Þórdísi Jónu Rúnarsdóttur. Bæði eru þau fastir gestir í stúkunninni á leikjum Vals og einhvern veginn fær maður á tilfinninguna að þarna fari

ofurfólk, sem varla þurfi að sofa. Þau mæta alltaf til að hvetja og ekki heyrst styggðaryrði frá þeim í garð leikmanna eða dómara.

Handboltasystur með Valsblóð í æðum

Skúli og Þórdís mega alveg vera stolt af systrunum og að sjálfsögðu einnig þeim Daða og Hönnu Lóu, þó að hér sé meira einblínt á handboltasysturnar. Þannig eiga systurnar til samans yfir 250 A-landsliðsleiki og fjöldann allan af unglíngalandsliðsleikjum. Okkur lék forvitni á að vita hvar og hvenær handboltaiðkunin hafi byrjað hjá systrunum og af hverju þær hafi valið okkar ástkæra félag. Dagný er fyrst með orðið: „Ég byrjaði af fullum krafti í handbolta þegar ég var 12 ára með ÍR, en hafði byrjað að fikta við þetta árið áður samhliða fimleikum. Ég hef spilað með nokkrum liðum hér heima og erlendis, en er núna að spila mitt annað tímabil í Val. Ég ákvað að koma í Val því mér leist vel á klúbbinn, topp aðstæður og gott fólk sem vinnur fyrir klúbbinn. Auk þess er félagsskapurinn góður.“

Drífa byrjaði í handbolta á sama tíma og tvíbúrasystirin Dagný, en hún á nokkuð lengri sögu á Hlíðarenda: „Ég spilaði

mitt fyrsta tímabil með Val 2001–2002. Fór í Val því mér leist vel á þjálfarann sem þá var Elvar Erlingsson (núverandi þjálfari karlaliðs FH – innsk. blaðamanns) og svo var hópurinn mjög spennandi. Ég þekkti t.a.m. nokkrar í liðinu í gegnum landsliðið.“

Hrafnhildur hóf einnig sína handboltaiðkun þegar hún var 11 ára gömul: „Snillingurinn Lilja Valdimarsdóttir (stjórnarmaður í hkd. Vals – innsk.) dró mig með sér á æfingu hjá Val en þá var hún nýbúin að yfirgefa mig úr gettóinu (Breiðholtinu). Fór svo fljótlega yfir í ÍR þar sem mun auðveldara var að komast á æfingar. Eftir þetta stutta stöpp árið 1988 liðu þrettán ár þangað til ég var aftur komin í Valsbúning, það var tímabilið 2001–2002. Ég kom síðan í þriðja skiptið núna í haust. Auðvelt að svara af hverju, þetta er langflottasti hópurinn og þjálfarateymið. Gaman að hafa svona margar „múttur“ í liðinu, flestar á svipuðu reki. Svo er auðvitað mjög gaman að vera með systrunum í liði.“

Rebekka er yngsta systirin og á hún tvö góð tímabil að baki með Val. Fyrir yfirstandandi tímabil söðlaði hún um og ákvað að reyna fyrir sér hjá Fylki. Hún hóf sinn handboltaferil í ÍR eins og hinar systurnar en er augljóslega orðin Valsari eins og hinar systurnar.

Vel giftar systur

Dagný, Drífa og Hrafnhildur eru allar ágætlega giftar að eigin mati. Dagný og Drífa héldu sínu makavali innan íþróttanna en það er ekki alveg hægt að segja það sama um Hrafnhildi.

Dagný er trúlofuð Gunnari Berg Viktorssyni handboltamanni og saman eiga þau soninn Viktor Berg Gunnarsson, sem er þriggja ára gamall. Drífa er í sambúð með Sigurvini Ólafssyni knattspyrnumanni og saman eiga þau soninn Ólaf Þór, sem varð eins árs nú í desember. Hrafnhildur segir að hún eigi hinn fullkomna eiginmann í Viktori Hólmi Jónmundssyni, en þau eiga tvö börn, Viktoru Dís, átta ára og Alexöndru Ósk, eins árs. „Það er kannski hægt að segja að maður hafi róast með árunum hvað varðar handboltaspjall við eldhúsbordid“ segir Dagný þegar hún er spurð um stemninguna á heimili sínu í dag. „Karlinn minn spilar með Haukunum en hann spyr mig varla orðið út í boltann, held að hann sé búinn að gleyma hvaða stöðu ég spila en aftur á móti þegar við systurnar, mútta og pabbi hittumst þá getum við rætt um boltann langt fram eftir kvöldi.“



Drífa Skúladóttir (nr. 6) á 52 A-landsleiki að baki.

Hvers vegna fjórar handboltasystur í fremstu röð?

Talið berst að þeirri sérstöðu að svo margar handboltakonur úr fremstu röð skulu vera systur, en það verður að teljast einstakt að fjórar systur séu samtímis viðloðandi landslið og spilandi á toppplani í efstu deild. Ekki laust við að nauðsynlegt sé að spyrja um foreldrana, stuðning þeirra og þá stemningu sem hefur ríkt á heimilinu gagnvart íþróttunum: „Við eigum bestu foreldra í heimi sem hafa sýnt okkur endalausán stuðning í gegnum öll þessi ár“ segir Hrafnhildur. „Það er ótrúlegt hvað þau hafa nennt að fylgjast með okkur öllum 6 í gegn-



Systkinin saman á góðri stundu. Hrafnhildur, Dagný, Drífa, Rebekka, Daði og Hanna Lóa.

um öll þessi ár og þá erum við ekki bara að tala um handboltann. Við vorum öll í fimleikum í mörg ár og kepptum einnig í frjálsum íþróttum. Mér finnst það sorglegt þegar foreldrar koma ekki að horfa á börnin sín keppa í yngri flokkum. Það skiptir svo miklu máli að finna fyrir stuðningi þeirra.“

Dagný og Drífa taka undir þetta og bæta við: „Æskuheimili okkar var hálfgerð félagsmiðstöð í hverfinu, stemningin á heimilinu var alltaf góð og mikið af krökkum í heimsókn. Mamma og pabbi tóku alltaf ótrúlega mikinn þátt í þessu með okkur, ekki aðeins með því að hvetja okkur og mæta á alla leiki, heldur voru þau dugleg að sjá um handboltaliðið þegar við vorum í yngri flokkunum. Þau skutluðu liðinu á leiki og svo seinna meir voru þau dugleg að lána húsið

sitt fyrir gleðskap til að fagna sigrum eftir leiki. Þessi stuðningur er okkur systkinunum algjörlega ómetanlegur.“

Með rætur í sveitinni

Það er alveg ljóst að við Valsmenn eigum þeim Skúla og Þórdísi mikið að þakka, en hver eru þau?

„Mamma og pabbi eru sveitalubbar“ segir Dagný. „Mamma er úr Landeyjunum og

pabbi ólst upp í Vík í Mýrdal. Þar sem þau byrjuðu snemma eða 19 ára gömul í barneignum og voru að því næstu 11 árin þá var lítill tími fyrir íþróttaiðkun. Hins vegar var mútta í frjálsum íþróttum þegar hún var yngri og átti meðal annars Íslandsmeið í 100 metra hlaupi meylla. Ég held að ef mamma hefði farið í boltann þá hefði hún verið helmingi sneggri en við allar upp völlinn, við systur hefðum ekki átt roð í hana! Sem gutti var pabbi mikið í fótboltanum og hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum.“

Hrafnhildur bætir við: „Þess má geta að við mæðgur höfum tekið þátt í boðhlaupi saman. Skúli hefur allt of mikið skap til að vera í íþróttum, hann hefði bara getað verið í einstaklingsíþróttum. Ég þurfti því miður að erfa of stóran skammt af þessu skapi hans pabba en hef þó róast mikið eftir að ég varð móðir. Ég róast eiginlega með hverju barni og held að ég verði orðin mjög góð eftir það þriðja.“

Eigum möguleika á öllum titlum í vetur?

Það var mikill hvalreki fyrir okkur Valsmenn að fá Hrafnhildi Skúladóttur



Hvalrekinn Hrafnhildur.



Hrafnhildur Skúladóttir (nr. 15) er leikjahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi, með 107 leiki.

í liðið fyrir tímabilið, enda sá leikmaður sem hvað mest mark hefur sett á íslenskan kvendambolta undanfarin ár, auk þess að vera frábær fyrirmynd yngri kynslóðarinnar. Hrafnhildur er leikjahæsti leikmaður íslenska landsliðsins frá upphafi, með alls 107 A-landsleiki og jafnframt eini leikmaður Íslands sem náð hefur 100 leikjum. Hrafnhildur þjálfar tvo yngstu flokka félagsins í kvendambolta samhliða því að spila, en stelp-

urnar í 8. og 7. flokki njóta leiðsagnar þessa mikla leiðtoga.

Allar systurnar fjórar hafa spilað með yngri landsliðum Íslands, en verkefnum þeirra landsliða hefur fjölgað mikið undanfarin ár og spurning hvort Rebekka sé jafnvel leikjahæsti í yngri landsliðunum. Dagný á síðan 87 A-landsleiki að baki og Drífa 52.

Við spurðum stelpurnar aðeins út í yfirstandandi tímabil og væntingar

þeirra. „Ég tel að raunhæfar kröfur séu að ná í fjögurra liða úrslit og eftir það tekur bara við ný keppni,“ segir Dagný. „Við erum að sjálfsgöðu allar meðvitadar um að það eru 3 titlar í boði og við eigum möguleika á þeim öllum.“

Hrafnhildur tekur enn dýpra í árinna: „Væntingarnar eru að sjálfsgöðu að standa uppi

sem sigurvegarar þegar tímabilinu lýkur. Ég hefði nú ekki neennt að koma heim til að vera bara með. Með Begguna í þessum gir sem er búin að vera í þá eignum við ekki að geta tapað leik með þennan mannskap.“

„Það væri gaman að taka stóru dolluna“ segir Drífa. „Maður er búin að vera svo lengi í þessu án þess að vinna alvörutitill fyrir utan kannski Kjarnefæðismótið 2003 á Akureyri, virkilega góð ferð þar.“

Ekki er annað hægt en að taka undir með systrunum, því þrátt fyrir að vera með mjög öflugt lið og alltaf í hópi efstu liða hafa stóru titlarnir látið á sér standa í kvendamboltanum. Síðasti stóri titill var bikarmeistaratitill fyrir rúmum átta árum, en stelpurnar hafa þó unnið deildarbikarinn tvisvar á síðustu þremur árum, auk annarra smærri titla.

Bestu stuðningsmenn í heimi hjá Val

Svona í lokin þá vildi Hrafnhildur koma eftirfarandi á framfæri: „Já ég vil sko koma á framfæri að við eigum bestu stuðningsmenn í heimi í þeim Gísla, Jóa, Baldri bongó og félögum. Þeir eru bara svona partur af prógramminu. Held að það yrði erfitt að byrja að spila leik ef þeir væru ekki mættir í hús. Þetta eru algjörir snillingar sem eiga endalaust hrós skilið. Þeir mættu meira að segja á Fjölnisleikinn í bikarum!“

Með þessu látum við staðar numið og þökkum stelpunum kærlega fyrir spjallið. Það er vonandi fyrir okkur Valsmenn að við fáum að njóta krafta þessarar fjölskyldu sem allra lengst, enda frábærir félagsmenn og fulltrúar Vals.



Dagný Skúladóttir (nr. 9) á 87 A-landsleiki að baki.

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár



vodafone



Ég stefni á að verða fyrirmynd einhvers

Jón Kristinn Einarsson er 16 ára og leikur körfubolta með drengja- og unglíngaflokki og stundar nám við í Menntaskólann í Hamrahlíð

Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við íþróttir? „Ég hef alltaf fengið mikinn stuðning frá foreldrum mínum, þau reyna mæta á alla leiki og hvetja okkur drengina aðeins áfram. Stuðningur foreldra er alltaf mikilvægur.“

Hvernig gengur ykkur í körfuboltanum? Tímabilið í fyrra er ekkert til að monta sig af. Við vorum fáir og ekki var mikill metnaður í okkur, stóðum okkur ekkert rosalega vel. Við fórum á Reykjavíkurmótið í fyrra og ég man ekkert hvernig það allt fór. Ég er eiginlega búinn að gleyma þessu öllu, og finnst það bara fínt, þýðir ekki að svekkja sig undan fortíðinni. Í vetur vorum við seinir í gang og byrjuðum ekkert vel, en þetta er allt komið á bataveg og farnar eru að sjást miklar framfarir hjá okkur öllum.“

Hvað með þjálfunina? „Rob er án efa sá besti þjálfari sem við höfum haft, hann er búinn að bæta okkur heilmikið bara á nokkrum mánuðum og við hlökkum allir til að sjá hvar við stöndum eftir þetta tímabil. Rob er frábært dæmi um góðan þjálfara, þarf engar meiri útskýringar á því.“

Skemmtileg atvik: „Það er alltaf jafn fyndið að horfa upp á mótherja skora sjálfskörfu.“

Fyrirmyndir í boltanum: „Síðan ég var lítill hefur það alltaf bara verið stóri bróðir hann Sveinn Pálmar. Annars hef ég engar þannig séð fyrirmyndir í erlenda boltanum, ég stefni á að verða fyrirmynd einhvers.“

Hvað þarf til að ná langt í íþróttum almennt? „Æfingar, aukaæfingar og mataræðið skiptir mestu máli til að ná langt. Ég þarf aðeins að bæta mig í líkamlegu ástandi og er að því eins og stendur.“

Hvers vegna körfubolti, hefur þú æft aðrar greinar? „Körfubolti hefur alltaf verið í fjölskyldunni, pabbi æfði og bróðir minn líka, og ekki ætlaði ég að vera eitthver svartur sauður í fjölskyldunni. Ég hef ekki æft neinar aðrar greinar, engin heillar mig eins og körfuboltinn gerir.“

Hverjir eru þínir framtíðardraumar í íþróttum og lífinu almennt? „Mínir draumar eru klárlega að ná eins langt ég get í körfunni. Svo í lífinu almennt er að



fara í háskóla að læra heimspeki annars er ekkert planað.

Hver í fjölskyldu þinni er besti íþróttamaðurinn? „Erfitt að segja það, ætli ég og Svenni bróðir séum ekki þeir bestu í körfunni, svo er pabbi okkar algjör orku-bolti og er alltaf í einhverjum þríþrautum í útlöndum.“

Hver stofnaði Val og hvenær og hver voru einkunnarorð hans? „Séra Friðrik Friðriksson stofnaði Val 1911, einkunnar orð hans eru „Láttu aldrei kappið bera fegurðina ofurliði“.“



Körfuboltaskóli í ágúst 2008

Körfuknattleiksdeild Vals stóð fyrir fimm daga körfuboltaskóla um miðjan ágúst síðastliðinn. Námskeiðið var fyrir stelpur og stráka fædd 1995 til 2002. Á fjórða tug krakka, jafnt byrjendur sem lengra komnir, hlupu og stukku um Vodafonehöllina en þetta var fyrsta körfuboltanámskeiðið í þessum frábæru nýju húsakynnum. Farið var í grunnæfingar, leiki og keppni þessa fimm daga

og var oft mikið fjör. Í lok námskeiðsins var slegið upp pylsuveislu. Það var síðan ánægjulegt að sjá mörg sömu andlitin birtast í upphafi haustæfinga. Yfirþjálfari körfuboltaskólans var Birgir Mikaelsson sem sá um kennslu ásamt Rob Hodgson, þjálfara meistaraflokks karla og kvenna, ásamt valinkunnu liði aðstoðarmanna.

„Mér líst mjög vel á yngri flokk-
ana núna hjá Val en það má alltaf
fá fleiri iðkendur.“

**Signý Hermannsdóttir
leikur stórt hlutverk í
nýju kvennaliði Vals í
körfubolta og landsliðinu
og markmið hennar er
að fá Íslandsmeistaratitil
að Hlíðarenda sem fyrst
í körfubolta**

Gaman fyrir gamlan Valsara að snúa aftur heim

Signý Hermannsdóttir byrjaði 14 ára að æfa körfubolta með Val en þegar hún var 17 ára var kvennakarfan lögð niður hjá Val. Þá gekk hún til liðs við ÍS ásamt ýmsum félögum sínum og lék þar í nokkur ár. Hún hefur einnig leikið körfubolta í Bandaríkjunum og sem atvinnumaður á Spáni. Hún er ein af lykilmönnum í landsliðinu og hefur leikið 50 landsleiki og er einnig fyrirliði landsliðsins. Hún kveðst mjög ánægð með að vera aftur komin að Hlíðarenda en henni finnst alltaf jafn gaman að leika körfubolta. Signýju finnst að Valur eigi að vera í toppbaráttunni og stelpurnar stefni allar að því.

Aðspurð um eftirminnegustu atvikin nefnir Signý að sigrar séu yfirleitt eftirminnegastir og þar tilgreinir hún sérstaklega bikarmeistaratitil með ÍS 2006. „Ég var líka mjög stolt af því að hafa verið valin fyrirliði landsliðsins á sínum tíma og mér hafi verið treyst fyrir þeirri heiðursstöðu síðan. Og síðan er líka í fersku minni að hafa náð 50 landsleikjum núna í haust en það er ákveðinn áfangi í kvennakörfu. Ég er líka mjög stolt af því hvernig Valsliðið endaði tímabilið á síðasta tímabili þar sem við vorum óheppnar að fara ekki í úrslitakeppnina eftir frekar erfiða byrjun.“

„Ég fékk tækifæri til að fara til Banda-

rikjanna að lék þar körfubolta með Cameron University í Oklahoma í 4 ár. Það var frábær reynsla og þar lærði ég mikið. Síðan langaði mig að prófa að vera atvinnumaður og spilaði eitt tímabil á Tenerife á Spáni. Ég kom síðan heim í ÍS og var þar þangað til að við fluttum okkur yfir í Val fyrir síðustu leiktíð. Ég held að þetta hafi bara verið rétti tímapunkturinn fyrir bæði félög. Valur var með metnaðinn til að endurvekja kvennakörfu með nýtt og glæsilegt hús og leikmenn hjá ÍS voru tilbúnir að færa sig. Ég held að vel hafi tekist til og að við erum mjög ánægðar að vera orðnar hluti af þessum klúbbi. Svo er náttúrulega gaman fyrir gamlan Valsara að snúa aftur heim,“ segir Signý.

Gott starf í körfuboltanum hjá Val

Hvernig er hópurinn í meistaraflokki kvenna í körfu núna hjá Val? „Hópurinn hjá okkur er stór og fjölbreyttur og við erum ánægðar með Rob þjálfara. aðstaða og aðbúnaður er til fyrirmyndar. Held ég sé bara nokkuð sátt við allt hjá Val.“

Hvernig finnst þér ganga að byggja upp yngri flokka kvenna í körfu hjá Val? „Mér líst mjög vel á yngri flokkana núna. Það eru margar efnilegar stelpur í yngri flokkunum sem eiga eftir að láta finna

vel fyrir sér á komandi árum. En það má alltaf fá fleiri iðkendur og það er helst að það mætti bæta við hjá yngstu flokkunum.“

Hver er staða körfunnar hjá Val miðað við aðrar deildir félagsins? „Valur hefur verið í fremstu röð undanfarin ár í bæði handbolta og fótbolta, karla og kvenna. Karfan hefur ekki afrekað það sem hin liðin hafa gert en stefnt er að því að breyta því og að karfan komi með titla í hús sem fyrst.“

Hvernig gengur að byggja upp stuðningsmannahóp í körfu hjá Val? „Það væri frábært að hafa fleiri stuðningsmenn, stuðningsmannahópurinn er núna frekar fámennur. Ég lýsi því hér með eftir stuðningsmönnum til að mæta á leiki hjá okkur og horfa á skemmtilegan körfubolta.“

Góð staða kvennakörfu á Íslandi

Hver er staða kvennakörfu hér á landi? „Staða kvennakörfunar er mjög góð núna. Það er sterkt yngri flokka starf hjá mörgum félögum og margar stórefnilegar stelpur komnar með góða reynslu. Mér finnst sérstaklega gaman að sjá hvað vel er staðið að yngri landsliðum núna og hve mikið þjálfarar eru tilbúnir að leggja á sig til að bæta leikmenn sem eru til-



búnir til að mæta. Mjög góð þróun frá því þegar ég var krakki.“

Hvernig er staða landsliðsins um þessar mundir? „Það er ákveðin uppbygging í landsliðinu þar sem meðalaldur leikmanna er um 20 ár og þessi hópur á eftir að vera mjög sterkur á komandi árum. Þessi hópur hefur mikla reynslu og eru nokkrar að gera það gott í Bandaríkjunum sem er ómetanleg reynsla fyrir þær og landsliðið í leiðinni. Fyrir mig persónulega hefur það alltaf verið heiður að spila fyrir landsliðið. Hópurinn hefur

oft verið ótrúlega samheldinn og fullt af skemmtilegum atvikum og sigrum sem sitja eftir.“

Á íslenska kvennalandsliðið möguleika að standa sig vel á alþjóðavettvangi? „Það verður að halda áfram að byggja upp eins og hefur verið gert undanfarin ár. Þá held ég að möguleikarnir á að komast upp í A deild Evrópukeppninnar séu mjög góðir og í rauninni bara spurning um tíma.“

Hvað þarf til að ná árangri í körfubolta? „Mæta á æfingar og líka á auka-

æfingar. Hlusta á þjálfarann og reyna að bæta sig eins og hægt er. Góð fótavinna er ótrúlega mikilvæg í körfu, myndi mæla með að krakkar hugsi sérstaklega um hana.“

Að lokum, hver eru þín einkunnarorð? „Það er tilgangslaust að hafa áhyggjur af því sem maður hefur engin áhrif á.“

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Ari Reynir Halldórsson

Ásmundur Indriðason

Bergur Guðnason

Dagur Sigurðsson

Bjarni Már Bjarnason

Betra Grip ehf.

Jón Thorberg Friðþjófsson

Haukur Rúnar Magnússon

Helga Bjarnadóttir

Helgi B. Daníelsson

Hermann Gunnarsson

Hilmir Elísson

Hörður Gunnarsson

Ingólfur Friðjónsson

Ingvar Elísson

Ingvi Hrafn Jónsson

Ingvi Örn Ingvason

Hermann Jónasson

Hugleiðingar stuðningsmanns

Vil sjá fleiri stuðningsmenn á leikjum Vals

Ég ákvað að skrifa ég smá pistil sem almennur stuðningsmaður Vals.

Það sem ég hef velt töluvert fyrir mér í gegnum tíðina hvað fámennt sé á Valsleikjum, veit það samt fyrir víst að það eru til margir Valsmenn og konur meira segja gríðarlega margir. Ég endurvakti ásamt nokkrum góðum Valsmönnum Stuðningsmannafélag Vals sem við endurnefndum Stuðara sem var mjög öflug stuðningsmannasveit snemma á níunda áratugnum.

Það sem kom þessu eiginlega af stað var hversu lítil stemning var á Valsleikjum eiginlega engin, ég hafði varla heyrt kallað úr stúkunni Áfram Valur í einhver ári svo að ég var að vona að þetta myndi hleypa einhverju kappi í hinn almenna stuðningsmann Vals. Þetta gekk vonum fram og vorum við Baldur Orri á nánast hverjum einasta leik í þrjú ár, berjandi á húðir, á handboltaleikjum bæði karla og kvennamegin og í fótboltanum, taldi ég að gamni mínu leikina sem við sóttum eitt árið og voru þeir nærri 100 sem eru ansi margir klukkutímar, en ég sé ekki eftir einni einustu mínútu enda

hefur það verið mitt líf og yndi að hvetja Val til dáða.

Á þessum tíma fjölgaði töluvert Valsmönnum á leikjunum og miklu skemmtilegri stemning myndaðist. Nú hafa aðrir tekið við keflinu í forystusveit Stuðara og eru þeir að gera fína hluti.

Hver eru allir Valsararnir?

Það sem mér er hugfangið er hvar eru allir Valsararnir? Fólk sem eyddi tugum klukkutíma í æfingar á mánuði hverjum og hætti svo að æfa þegar fullorðinsárin nálgast og hafa ekki sést á Hlíðarenda síðan. Hvar er þetta fólk? Eðlilega er það gangur lífsins að eignast fjölskyldu en er ekki hægt að heimsækja gamla klúbbinn sinn og horfa á nokkra leiki, taka maka og börnin með og rekast á gamla kunningja?

Skora á alla Valsmenn að mæta á leiki

Á þessum tímum þegar kreppan ógurlega skellur yfir okkur öll, er þá ekki upplagt að skella sér á leik og eyða kannski rúmri klukkustund í góðum hópi og hvetja sitt lið og fá hugann til þess að gleyma þess-



Gestur Valur tekur virkan þátt á pöllumum.

um erfiðleikum í þjóðfélaginu um stund. Allavega langar mig að skora á alla Valsmenn að mæta á leiki og taka með sér kunningja, það eru alltof mikið af textavarps Völsurum sem fylgjast með gangi félagsins á síðum textavarpsins.

Svo í lokinn langar mig að óska Valsmönnum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Ég ætla að verða atvinnumaður í körfubolta

Bergur Ástráðsson er 17 ára og leikur körfubolta með drengja- og unglíngaflokki og meistaraflokki

Nám: Er á fyrsta ári í Menntaskólanum við Hamrahlíð.

Kærasta: Ekki sem stendur.

Einhver í sigtínu: Maður hefur nú alltaf augun opin.

Hvað ætlar þú að verða: Atvinnu körfuboltamaður, að sjálfsögðu.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Pabbi spilaði nú með Val á sínum tíma og þar af eitt ár með meistaraflokki.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í körfuboltanum: Þau hafa mætt á leiki, borgað æfingargjöld og flest annað sem foreldrar gera til að styðja börnin sín í íþróttum, auk þess hef ég oft farið með pabba í körfu utan æfinga.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni: Afi hefur nú alltaf verið í góðu formi, mikill júðókappi, hlaupari of fleira.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Sigrar, sigrar og ekkert nema sigrar.

Af hverju körfubolti: Pabbi kom mér í körfuna á sínum tíma og fyrir það er ég mjög þakklátur.

Af hverju Valur: Því að pabbi var í Val og svo á ég einnig heima í Hlíðunum.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum: Ég held að ég hafi skorað fjögur mörk í handbolta í íþróttatíma í fyrra þegar ég stundaði nám við Hlíðaskóla. Mikið afrek.

Eftirminnilegast úr boltanum: Það verður að vera í fyrra þegar Toggi skoraði 67 stig í leik gegn Keflavík í 11. flokki.

Hvernig var síðasta tímabil: Það hefði getað gengið betur, við vorum óheppnir í drengja- og unglíngaflokki aðeins einum sigri frá því að komast í úrslitakeppnina í báðum flokkum.

Ein setning eftir tímabilið: Ég mun ekki gefast upp.

Hver eru markmiðin í körfuboltanum í Val á þessu tímabili: Að byggja upp sterka liðsheid, sýna metnað og bæta sig.

Svo hjá meistaraflokki karla er það auðvitað að komast upp í úrvalsdeild og hjá konunum er það að sigrá úrvalsdeildina.

Besti stuðningsmaðurinn: Foreldrar Jóns Kristins liðsfélaga míns hafa nú lengi vel stutt liðið og mætt á hvern leikinn á fætur öðrum.

Eftirminnilegasti þjálfarinn: Orri gamli mun dvelja lengi vel í minni mínu.

Fyndnasta atvik: Þegar Orri og Stefán fóru að slást um hver yrði fyrstur að fá afgreiðslu á KFC eftir mót hjá okkur í fyrra.

Stærsta stundin: Mér þótti það nokkuð stór stund núna í ár þegar við sigruðum Hött Egilsstöðum og ég var stigahæstur með 21 stig.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val: Þeir eru nú margir athyglisverðir en ætli að ég verði ekki að seigja The Beast, þ.e. Hjalti Friðriksson.

Hvað lýsir þínum húmor best: Kjána-legur og sniðugur, jú og svo auðvitað alveg ótrúlega fyndinn.

Fleygustu orð: „If you are scared to fail you don't deserve to be successful“ – Charles Barkley.

Mottó: Sama hvert leiðinn liggur vertu ávallt sjálfum þér trúur.

Við hvaða aðstæður líður þér best: Þegar maður er búinn að vera að æfa á fullu og finnur einfaldlega hvað maður er í góðu formi.

Hvaða setningu notarðu oftast: „Jæja hvað segir gamli þá?“

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: „Bergur, þú ert æðislegur. Míg dreymir um að vera eins og þú.“ – Magnús Sigurðsson.

Fullkomið laugardagskvöld: Að vera einhverstaðar að muncha yfir góðri bíómynd með góðu fólki.

Fyrirmynd þín í körfubolta: Uss, manni dettur svo margir í hug, mér hefur nú lengi fundist Chris Paul spila mjög skemmtilegan bolta.

Draumur um atvinnumennsku í körfubolta: Að sjálfsögðu dreymir mig um atvinnumennsku og það er markmiðið að geta lifað af körfuboltanum í framtíðinni, en í hversu gott lið og í hversu góða deild maður kemst er alltaf góð spurning. Ég trúi að manni geti tekist allt sem maður tekur sér fyrir hendur og auðvitað stefnir maður á toppinn.

Landsliðsdraumar þínir: Það eru nú ansi fá ár eftir til að komast í unglíngalandsliðin, en maður gefst þó ekki upp. Svo er það bara A-landsliðið sem er raunsætt markmið fyrir alla krakka sem stunda körfubolta á Íslandi, eina sem þarf er metnaður, viljastyrkur og sjálfstraust.

Besti söngvari: Ragnar Gylfason í sturtu.

Besta hljómsveit: Wu Tang Clan.

Besta bíómynd: Night at the Roxbury.

Besta bók: Íslensk orðabók.

Besta lag: What is love með Haddaway.

Uppáhaldsvefsíðan: Valur.is, hvað annað?

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Nú auðvitað Liverpool.

Uppáhalds erlenda körfuboltafélagið: Los Angeles Clippers.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Ef ég fjarlægji langan lista af atvinnu körfuboltamönnum, þá myndi ég alveg til í að vera leikarinn Hugh Jackman sem var nýverið valinn kynþokkafyllsti maður í heiminum af People tímaritinu. Hann hlýtur að hafa það gott.

Nokkur orð um núverandi þjálfara: Frábær þjálfari, algjör meistari.

Ef þú værir alvaldur í Val hvað myndir þú gera: Reyna að fá fleiri iðkendur í Val og svo myndi ég auglýsa körfuboltann meira, annars er staðan nokkuð fín.

Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda: Frábær aðstaða, með þeim bestu á landinu ef ekki sú besta, einn galli þó, gólfín geta verið nokkuð sleip.



Stjarna veruleikans

*Þér eruð salt jarðar.
Ef saltið dofnar,
með hverju á að selta það?
Matteus 5-13*

Daginn sem ólympíufararnir óku í opnum vagni niður Skólavörðustíg og Bankastræti voru 111 ár, upp á dag, frá heimkomu Friðriks Friðrikssonar. „Strákarnir okkar“ höfðu unnið sigur og leið þeirra lá niður brattan stíginn. Þjóðin hyllti þá á Arnarhóli.

Þennan sama dag 1897 lá leiðin úr flæðarmálinu upp Bankastræti og Skólavörðustíg. Þrír strákar riðu niður Bakarabrekkuna. Hann þekkti þann sem fremstur fór og gekk að hestinum til að heilsa, strákurinn beygði sig niður, setti aðra höndina um hálsinn á Friðrik og kyssti. Mér fannst Ísland bjóða mig velkominn heim, sagði Friðrik, sem var að hefja göngu, upp brattan stíginn, til þess að leggja grunn að sigri.

Heima á Skólavörðustíg var hann einn í undarlegri kyrrð. Það var yfir honum ró því hann hafði fundið sitt markmið. Friðrik vissi til hvers hann ætlaði að ráðstafa lífi sínu en hann vissi ekki hvernig

best yrði staðið að verki og lagði í Guðs hendur að finna lausn á því.

Markmið Friðriks var að leiða „dreggina sína“ á vegi Guðs. Hann ætlaði að kenna þeim að leita fyrst Guðs ríkis og færa það svo inn í alla hluti. Inn í vinnu sína og verk, inn í félagslíf, leiki, skemmtanir, kærleikann og öll mannleg samskipti. Hans markmið var að þroska hverskyns fullkomnun í lífi dreggjanna.

Séra Friðrik gerði margt og lifði lengi. Þegar Valur var 2ja mánaða fór hann í sunnudagsgöngu með „dreggina sína“ upp að Lágafelli. Hann hafði búið sig undir ferðina af kostgæfni og samið fyrir þá heimsbókmenntir, ræðu sem hann nefnir: „Sursum Corda.“ Þegar komið var á Lágafell var farið fyrst í litlu kirkjunu til stuttrar guðsþjónustu. Þar flutti sr. Friðrik ræðu sína og upphaf hennar er svona:

Þegar Jesú sagði: „Lítið til fugla himinsins“ þá felst einnig í þessum orðum það að við eigum að hlusta á þá. Á blíðum sumardögum getum við bæjarbúar við og við fengið tækifæri til þess að hlusta á þá predikun sem

þeir halda fyrir okkur með kvaki sínu og söng. Hlustum því á þá í dag og heyrum hvað þeir hafa að segja okkur. Í dag erum við komnir út úr bænnum til þess að gleðjast yfir íslenskri sumarnáttúru. Fuglar og grös eiga að halda aðalpredikunina fyrir okkur í dag. Að endadri stuttri guðsþjónustu hér inni, göngum við úr þessari litlu kirkju út í helgidóm náttúrunnar, musteríð mikla, sem ekki er gjört með höndum manna; gólfid er hin græna jörð, súlur og stólpur hin háreistu fjöll, hvelfingin hinn blái himinn.

Og við göngum uppá háan stað, uppá fjallið sem blasir við okkur, en þaðan sér vítt yfir land og sjó. Þaðan sjáum við mynd af landslagi Íslands; hrikalega tinda, háttgnæfandi jökul, grænar grundir og gráleit hraun, móa og mela, stöðuvötn og streymandi ár.

Þegar guðsþjónustunni var lokið og einhverjir voru lagstir í grasið að tyggja strá þá hélt sr. Friðrik áfram fræðslu sinni. Hann var áhugasamur og glaður; aldrei uppþrengjandi eða leiðinleg-



Þessi mynd er líklega tekin í Vatnaskógi árið 1940 eða upp úr því. Trúlega er sr. Friðrik með piltum í sr. Friðriksherbergi.



Þessi mynd af sr. Friðrik að stjórna drengjum syngja er líklega tekin uppi á þakinu á Amtmannsstíg 2B. Hún gæti verið tekin um eða eftir miðjan þriðja áratuginn.

ur. Hann benti strákunum á „mannúðarverk nútímans,“ eins og hann kallaði þau, „óséð fyrir nokkrum árum,“ bætti hann við og benti á Laugarnesspítala, Vífilstaðaspítala og Kleppsspítala. Sr. Friðrik sem hafði verið prestur á Laugarnesspítalanum sagði að brátt yrði holdsveikin sigruð. Hann talaði um geðveiki og berkla og kærleikann og hann sagði að allt kærleiksleysi í samskiptum manna hljómaði eins og hjáróma strengir og falskir tónar í samstilltum söng. Og margt fleira talaði hann og útskýrði þennan júlídag 1911, þar á meðal að Sursum Corda þýðir lyftum hjörtum til himins.

Valur er einstakur. Varla hefur nokkurt félag verið stofnað í göfugri tilgangi og ekki er vitað um annað knattspyrnufélag sem hefur það markmið fremst að leita Guðs ríkis en setur knattspyrnuna í annað sæti. Sr. Friðrik kenndi Valsmönnum að vera heilbrigðar sálir í hraustum líkómum. Hann brýndi fyrir þeim að vera öllum fremri í mannlegum dyggðum; karlmennsku, kærleika, örlæti, sjálfstillingu, fordómaleysi, vináttu, samúð, ósérhlífni, auðmýkt og þolinmæði. Hann kenndi þeim heiðarlega samkeppni og að láta ekki kappið bera fegurðina ofurlíði. Hann brýndi þá til að keppa alltaf til sigurs og sigurlauna. Valsmenn eiga að vera



Þessi mynd er örugglega tekin fyrir 1939, kannski um eða eftir 1930. Trúlega eru þetta piltar úr KFUM, kannski Valspiltar. En ef myndin er tekin um 1920 gætu þetta líka verið félagar í Hvat?

í fremstu röð, hver í sinni köllun, sinni grein.

Valsmenn, með knattspyrnuna í öðru sæti, unnu glæsta sigra á knattspyrnuvelliinum og áhrif sr. Friðriks voru sterkust í þeim Valsdrengjum sem fullorðnuðust á blómatíma félagsins milli 1930 og 1950. Þeir færðu Val helming þeirra Íslandsmeistaratitla sem hann hefur fengið í efstu deild knattspyrnunnar og árið 1939 keyptu drengirnir hans sr. Friðriks jörðina Hlíðarenda, við enda Öskjuhlíðar.

Svo eltist sr. Friðrik og dó, en varla mun sterkari minning um nokkurn mann á Íslandi. Oft á ári hverju eru haldnar guðsþjónustur og samkomur til að minnast hans. Höggmynd af sr. Friðrik, með dreng sér við hlið, er í miðju höfuðborgarinnar, við Lækjargötu og minnisvarðar eru á Hlíðarenda, í Vatnaskógi nærri Oddakoti við Eyrarvatn, og í þjóðbraut við Háls í Svarfadhaldal á veginum milli Akureyrar og Dalvíkur.

Við hittumst í draumi í Versluninni Vísi á Laugavegi 1 og þaðan gengum við saman upp brattan Skólavörðustíginn. Hann spurði mig hvort Valsmenn hefðu ekki lengur þörf fyrir boðskap sinn. Ég játti því, en sagði að aðferðir hans hentuðu ef til vill ekki nútímanum. „Þá er að finna nýjar,“ sagði hann. „Það er áskorun Vals að endurnýja framleiðslutækin, uppeldisáferðirnar, svo Valsmenn hætti ekki að skilja hvaðan sönn verðmæti koma, því uppspretta sannra verðmæta má ekki gruggast eða þorna upp.“

Hátt á hæðinni stendur Hallgrímskirkja. „Þarna er frægasti staður á landinu,“ sagði hann, og benti upp bratt-

ann; „að kirkjunni fara allir gestir sem til landsins koma.“ „Já, en gleymdu ekki Bláa lóninu hans Gríms Sæmundsen formanns Vals,“ sagði ég, „ekki fara færri þangað.“ „Verum est, verum est,“ sagði hann á latínu og bætti því við að Bláa lónið væri sannkallaður kærleiksstaður sem bæði líknar og lækna. „Bláa lónið er líkt og Valur, kærleiks- og heilsu-brunnur fyrir líkama og sál.“ „Gáðu að því,“ hélt hann áfram, „að Bláa lónið er afurð annars, líkt og Valur. Jarðorka sem sótt er til framleiðslu á rafmagni og heitu vatni hefur, svona aukreitis, skapað Bláa lónið. Það er guðsgjöf. Eins er það með Val, orkan og viskan sem sótt er í helga bók til þess að göfga Val hefur aukreitis skilað Valsmönnum í fremstu röð. Valur er guðsgjöf.“

Áfram göngum við brattann. Hátt á himni yfir turni kirkjunnar sjáum við ljós vonarinnar. „Persónulega minningin um mig, segir hann, getur ekki komið í stað rétttra markmiða Vals og má ekki bera þau ofurlíði.“ „Hefur þú þá áhuga á að taka að þér hlutverk Hitaveitu Suðurnesja fyrir Val,“ spyri ég. Hann hlær hátt og segir að Hitaveitan sé fyrir Bláa lónið, en að hann vilji gjarnan verða Saltverksmiðja Suðurnesja og þá geti Valur orðið salt jarðarinnar.

Hann hafði varla sleppt orðinu þegar Valsmenn bar að í hópum og áfram gengu allir brattann, léttir í lund; fram á lýsandi leið vonarinnar. Sr. Friðrik var leiðtogiinn og með honum myndum við leggja grunn að sigri, þá kemur um síðir sá dagur að ljós vonarinnar verður stjarna veruleikans.



Ævintýraferð í Hall of Fame körfuboltabúðir í New Jersey

Árgangar '93 og '94 auk Bergs úr '92 árgangi körfuknattleiksdrengja í Val fóru í „Hall of Fame“ æfingabúðirnar í Caldwell, New Jersey dagana 27. júní – 6. júlí 2008. Ferðin heppnaðist vel og strákarnir lærðu margt í þessum æfingabúðum. Þeir sem fóru með í ferðina voru þjálfararnir Sævaldur Bjarnason og Robert Dean Hodgson og fararstjórar voru Hannes Birgir Hjálmarsson og Lárus Blöndal.

Lagt var af stað frá BSÍ kl. 08.00 föstudaginn 27. júní og gekk innritun í Leifsstöð hratt og örugglega fyrir sig en fjögurra tíma seinkun varð á brottför vegna meintra aðgerða flugumferðastjóra sem höfðu náð samningum nóttina áður. Flugid var frekar þreytandi á leiðinni út – lítil vél og ekki mikið pláss fyrir leggjalanga körfuknattleiksdrengi (og menn). Strákarnir höfðu hlakkað til að prófa nýju afþreyingratækin sem Icelandair voru búnir að auglýsa að væru komin í notkun – en ekki varð af því á útleiðinni.

Tekið var á móti okkur á gulum „School Bus“ í JFK flugvelli og vakti bílstjórinn „Chick“ athygli drengjanna

enda skemmtilegur karakter! Vegna mikillar umferðar og umferðaóhapps á leiðinni tók rútuferðin ívið lengri tíma en vanalega og við mættum í Caldwell College rétt undir klukkan sex að staðartíma. Þar tók Vinnie Carlesi, framkvæmdastjóri æfingabúðanna á móti okkur og við komum okkur fyrir í herbergjum.

Æfingaleikir og verslunarferðir

Laugardaginn 28. júní léku strákarnir leiki við tvö úrvalslíð úr tveimur héruðum í New Jersey, en leikirnir byrjuðu strax um morguninn og lauk rúmlega eitt. Valsstrákarnir voru greinilega svolítið þreyttir eftir ferðalagið og tók það nokkurn tíma fyrir þá að komast í gang. Valshópnum var skipt í tvö jöfn lið og var gaman að sjá strákana okkar takast á við úrvalshópna, þótt þeir hafi borið full mikla virðingu fyrir þeim.

Eftir kappleikina var farið með hópinn í Westbrook Mall og borðað og fengu strákarnir að leika lausum hala þar í eina tvo tíma sem þeir nýttu til að kaupa

sér ýmis konar íþróttafatnað og skó. „Kringlufurðin“ endaði svo á bíóferð á „Wanted“ mynd sem flestir vildu gleyma sem fyrst.

Sunnudaginn 29. júní tóku strákarnir morgunæfingu og síðan var lagt af stað til New York í mikla göngu- og verslunarferð. Ótal Footlocker verslanir voru heimsóttar og stórskemmtileg verslun Steve & Barry's var heimsótt en þar kostaði ekkert meira en 9 dollara. Sett var af stað keppni um skemmtilegasta bolinn (með skemmtilegustu skilaboðunum) en ótal áletraðir bolir eru í boði í versluninni ásamt körfuboltaskóm o.fl. Margir drengjanna keyptu sér ódýra „Starbury“ skó þarna – sem entust vonandi út sumarid. Um kvöldið var borðað á TGI Friday veitingastaðnum og haldið upp á afmæli Hjalta sem varð 14 ára þann daginn.

Frábær vika í stífum æfingabúðum

Mánudaginn 30. júní – föstudagsins 4. júlí fóru síðan æfingabúðirnar fram en fyrsta daginn var byrjað á að aldurskipa

öllum hópnum (nærri 100 iðkendur voru í æfingabúðunum) og síðan metið í hópa. Valsstrákarnir stóðu sig afar vel í æfingabúðunum en þar var skipst á að vera með stöðvaræfingar, skotkeppnir, spilað einn á einn og þrjár á þrjá og að sjálfsögðu fimm á fimm.

Dagarnir í æfingabúðunum voru allir byggðir svipað upp, ræst upp úr klukkan sjö, morgunmatur, æfingabúðir – hádegismatur – æfingabúðir – kvöldmatur – æfingabúðir. Strákarnir voru sem sagt í æfingum frá kl. 09.00 til kl. 21.00 alla dagana í búðunum (nema 4. júlí þá lauk búðunum kl. 15.00). Nokkrir drengjanna lentu í smá meiðslum, eða voru eitthvað meiddir fyrir og áttu dágott samband við sjúkrahjálfa búðanna sem gerði að öllum meinum sem strákarnir urðu fyrir. Ekkert alvarlegt kom þó upp á en greinilegt að þeim þótti gott að láta hlúa að sér þegar verkir urðu óbærilegir.

Föstudaginn 4. júlí eftir æfingabúðirnar fór fram árlegur leikur fararstjóra og iðkenda, en hefð hefur skapast að strákarnir skori á fararstjóra og þjálfara í körfubolta. Bróðir Magna slóst í lið með fararstjóraliðinu til að ná fimm manna liði svo hægt væri að spila á fullan völlum. Skemmst frá að segja áttu strákarnir ekki möguleika gegn firnasterku liði fararstjóra og hafa fararstjóraliðin því aldrei tapað leik. Það verður spennandi að sjá hvernig gengur í næstu keppni.

Eftir búðirnar fór hópurinn ásamt fararstjórum að borða á Caldwell Diner og loks var farið í bíóið í Caldwell á myndina Hancock sem strákunum fannst hin skemmtilegasta.

Slakað á í New York

Laugardaginn 5. júlí var lagt af stað snemma í rútnu til New York og labbað frá Port Authority stöðinni sem leið lá á Times Square. Á leiðinni þangað var áð á John's Pizzeria sem margir New York búar segja að sé með bestu pizzurnar í New York. Síðan var farinn rúntur í Footlocker og Virgin Megastore en tveir drengjanna fóru og versluðu sér gallabuxur ofl í Levi's búðinni. Þá var komið við í M&M búðinni sem vakti mikla lukku. Þar fyrir utan fylltist allt af slökkviliðsbílum en það virtist hafa kviknað í einu af háhýsunum á Times Square. Nakti kúrekinn vakti einnig athygli drengjanna og skelltu nokkrir sér í myndatöku með honum. Þaðan lá leið hópsins í Rockefeller Center og fórum við í The Top of



Hópurinn ásamt sendiherrahjónunum í New York.

the Rock þar sem við sáum fyrir New York borg úr mikilli hæð. Ógleymanlegt!

Þá lá leiðin í fyrirheitna landið! NBA-búðin – loksins! Strákunum fannst virkilega gaman að labba um og skoða (já og kaupa) varning tengdum NBA liðum og stórstjörnum. Arnari Óla tókst meira að segja að fá Steve Smith (fyrrum leikmaður Atlanta o.fl. liða) til að sitja fyrir á mynd með sér. Hópurinn var í NBA búðinni ívið lengur er ætlað var enda endalaust hægt að finna spennandi hluti þar.

Úr NBA búðinni var farið í kvöldverðarboð til Fastafulltrúa Íslands hjá Sam-

einuðu þjóðunum, Hjálmars W. Hannessonar og Önnu Birgis en þau eru afi og amma Hjálmars Arnar og höfðu sent strákunum boðskort í kvöldmatinn fyrir í vikunni. Strákarnir tóku þar hraustlega til matar síns og þökkuðu svo fyrir sig með því að syngja Vals-körfu lagið „Við leikum allir saman“ við fögnuð þeirra hjóna. Kunnum við þeim bestu þakkir fyrir hlýjar móttökur.

Sæbi þjálfari kvaddur

Þegar komið var á heimavistina aftur safnaðist hópurinn saman í setustofu og kvöddu Sævald þjálfara en Sæbi hefur nú tekið við starfi við þjálfun hjá Breiðablik. Valsstrákarnir árituðu forlata körfubolta með nafni sínu og númeri og afhentu Sæba með viðhöfn ásamt þökkum fyrir samstarf undanfarinna ára. Sæbi gekk síðan á öll herbergi og þakkaði strákunum persónulega fyrir samveru síðastliðin ár og hvatti þá til dáða í framtíðinni.

Þægileg heimferð

Ferðin heim gekk vel fyrir sig – og nú fengu strákarnir að reyna nýju afþreyingargræjurnar í flugvélum Icelandair. Mun þægilegri vél heldur en farið var með út til BNA. Hópurinn var svo mættur á BSÍ um 08.30 þar sem foreldrar tóku á móti strákunum og formlegri fararstjórn lauk.

Við viljum þakka strákunum fyrir skemmtilega ferð og vonum að þeir nýti lærdóminn í ferðinni í framtíðinni.



Aron þórsar með „The Naked Cowboy“ á Times Square



Frá því að ég mætti á mína fyrstu æfingu hef ég elskað fótbolta

Sigurlaug Guðrún Jóhannsdóttir er 15 ára og leikur fótbolta með 3. flokki og er handhafi Friðriksbikarsins 2008

Sigurlaug, eða Silla eins og hún er kölluð, hefur æft fótbolta hjá Val í 8 ár. Hún byrjaði að æfa eftir að hafa verið í Sumarbúðum í borg, prófaði að mæta á fótboltaæfingu og fékk svo stuttu síðar Valsgalla og takkaskó í afmælisgjöf og heillaðist af íþróttinni og eftir að hún byrjaði í Val var ekki spurning um neitt annað lið.

Hvaða hvatningu og stuðning hefur þú fengið frá foreldrum þínum í sambandi við fótboltann, hversu mikilvægur er stuðningur foreldra að þínu mati? „Ég hef fengið mikla hvatningu og stuðning frá foreldrunum, þau hafa alltaf verið mjög dugleg að keyra mig og sækja á fótboltaæfingar þar sem ég bý í Breiðholtinu og líka verið dugleg að mæta á leiki og mót. Stuðningur foreldr-

anna er mjög mikilvægur að mínu mati og skiptir miklu máli, sérstaklega þegar maður er yngri.“

Hvernig gekk ykkur í sumar? „Okkur gekk bara nokkuð vel, þó svo að við hefðum getað gert betur. Við lentum í 3. sæti í Íslandsmóttinu í A riðli þar sem mjög litlu munaði að við kæmumst áfram, og lentum svo í 2. sæti í bikarnum. Svo fórum við til Svíþjóðar á Gothia Cup og unnum riðilinn, en komumst ekkert lengra en það. Mér líst mjög vel á hópinn núna, þetta er sterkur hópur og ef við höldum rétt á spöðunum núna þá held ég að við eigum gott tímabil í vändum.“

Skemmtileg atvik úr boltanum? „Þau eru nú nokkuð mörg, en einu sinni í úrslitaleik á Síamóttinu skorðuðum við og við ætluðum að fara að fagna. Það

fór ekki betur en svo að ég felldi andstæðinginn og við duttum ofan á hvor aðra en hún brást ekki mjög vel við. Svo í Svíþjóð í sumar kramdist ég undir í hrúgumyndatöku, en ég var undir sirka 20 stelpum og ég gat aðeins hreyft aðra hendina og reyndi að kalla og segja stelpunum að fara af en það eina sem allir gerðu var að hlæja og svo loksins þegar þær voru farnar af var ég orðin öll blá í framan og gat varla andað. Þetta var ansi óþægilegt en að sama skapi nokkuð myndið.“

Fyrirmyndir í boltanum? „Já, þær eru Rio Ferdinand, Eiður Smári, Ásta Árnadóttir, Margrét Lára, Dóra Stefánsdóttir, Katrín Jónsdóttir og fleiri.“

Hvað þarf til að ná langt í fótbolta eða íþróttum almennt? „Til að ná langt þarf að æfa eins og skepna, setja íþróttina efst í píramíðann hjá þér, passa upp á hvað þú borðar og hafa hausinn í lagi. Það er margt sem ég get bætt en ég held að ég þurfi helst að bæta hraðann.“

Hvers vegna fótbolti? „Frá því að ég mætti á mína fyrstu æfingu hef ég elskað fótbolta, og alltaf fundist ótrúlega gaman, það er svona helsta ástæðan. En annars hef ég æft aðrar greinar, til dæmis fimleika og frjálsar, en fótboltinn hefur alltaf verið númer eitt.“

Hverjir eru þínir framtíðardraumar í fótbolta og lífinu almennt? „Ég ætla að komast alla leið, spila með meistara-flokki Vals og með landsliðinu. Svo ætla ég að mennta mig, ferðast um heiminn og njóta lífsins með fjölskyldu og vinum.“

Er einhver þekktur Valsari í fjölskyldu þinni? „Það er enginn þekktur Valsari í fjölskyldunni en nú eru allir í fjölskyldunni orðnir Valsarar.“

Hver er mesti íþróttamaður í fjölskyldu þinni? „Það er líklegast hann pabbi minn en hann náði mjög langt í skák, (Jóhann Hjartarson) þó svo að það sé meiri hugaríþrótt en líkamleg. Svo varð afi minn reyndar Norðurlandsmeistari í fótbolta í kringum 1935.“

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að hafa fengið Friðriksbikarinn í haust? „Það er mjög gaman að hafa hlotið þessi verðlaun, hvetur mig til dáða í íþróttinni og gefur mér auknið sjálftraust.“

Hvað einkennir góðan þjálfara? „Hann þarf að vera strangur en hafa samt hómorinn í lagi og þarf að hafa mikinn metnað. Þarf líka að hafa fjölbreyttar, skemmtilegar og krefjandi æfingar.“

Hver stofnaði Val og hvenær? „Séra Friðrik Friðriksson, 11. maí 1911.“



Valur vængjum þöndum!

Ég átti því láni að fagna að koma niður að Hlíðarenda á nánast hverjum einasta degi síðustu tvo mánuði sumarsins. Hvílík forréttindi! Átti reyndar brýnt erindi því ég tók að mér þjálfun 2. flokks karla í knattspyrnu og stýrði liðinu síðustu tvo mánuði keppnistímabilsins. Markmiðið náðist; liðið spilar meðal þeirra bestu í A-riðli sumarið 2009.

Það kom mér ekki á óvart hversu gefandi og skemmtilegt það er að þjálfva enda fátt yndislegra en að leiðbeina ungu fólki. Ég hafði aldrei þjálfað áður en oft staðið það til boða. Forgangsröðunin hefur bara verið önnur. Strákarnir í 2. flokki eru flottir, efnilegir en umfram allt skemmtilegir og heilbrigðir. Þeir eiga framtíðina fyrir sér, innan vallar sem

Valur á að skara fram úr á öllum sviðum og hlúa fyrst og fremst að ungvíðinu

utan, ef þeir leggja sig fram á hverju einasta augnabliki, æfa aukalega og gera sér grein fyrir því að árangurinn er undir þeim sjálfum kominn.

Það er ekki eingöngu ógleymanlegt að hafa dottið aftur inn í „strákahúmorinn“ í boltanum, léttleikann í búningsklefanum og þælingar 16–19 ára stráka um lífið og tilveruna, heldur það að fá að vera að Hlíðarenda, innan um heilbriggt og metnaðargjarnt starf. Ég efast um að „gamlir“ leikmenn og félagsmenn geri sér grein fyrir því hversu notalegt það er að njóta stundarinnar að Hlíðarenda, fylgjast með æfingum, sjá glampann í augum krakka sem ætla sér stóra hluti í framtíðinni og skynja gleði þeirra. Það er svo margt breytt. Aðstaðan frábær, umhverfið vinalegt, húsakynnin stórkostleg og svo mætti lengi telja. Reyndar geri ég mér vonir um að nokkur huggulegri afdrep með sófum, lömpum, tímaritum og bókum verði að veruleika í glæsilegum húsakynnum innan tíðar en Róm var ekki byggð á einum degi.

Þótt aðstaða til íþróttaiðkunar og félagsstarfs sé með besta móti að Hlíðarenda dugar það ekki eitt og sér til að ala upp heilbrigð ungmenni sem eiga að blómstra innan vallar sem utan. Fagmennska starfsmanna, stjórnarmanna og þjálfara skiptir öllu máli! Og mín reynsla er sú að flestar stöður hjá Val séu vel mannaðar enda stýrir Dagur Sigurðsson, framkvæmdastjóri, skútunni eins og sönnum fyrirlíða sæmir.

Frá því ég lagði skóna á hilluna árið 1990, hef ég annað slagið viðrað nokkrar hugmyndir í Valsblaðinu og víðar sem hafa, að mér sýnist, aldrei orðið að veruleika. Mig langar að nefna nokkrar (sem ég man eftir í augnablikinu) sem ég tel að myndu lyfta starfinu hjá Val upp á hærra plan. Líklega get ég sjálfum mér um kennt að hafa ekki komið þeim nógu kröftuglega á framfæri en góðir hlutir gerast hægt.

- Einu sinni í mánuði ætti að vera fyrirllestur hjá Val sem þjálfarar og aðrir ættu að vera skyldugir til að mæta á. Fjalla ætti um næringarfræði, styrktarþjálfun, hugarþjálfun, markmiðasetningu, reynslusögur afreksmanna, hugsun sigurvegarans, mikilvægi svefns og hvíldar og í raun alla lykilþætti sem gera okkur meðvitaðri um okkur sjálf sem íþróttamenn og einstaklinga.
- Koma ætti á sterkari tengslum milli leikmanna meistaraflokka Vals og yngri flokkanna. Leikmenn ættu annað slagið að vera gestþjálfarar yngri flokkanna, deila reynslu sinni, svara spurningum og leiðbeina. Slíkt skapar samkennd í félaginu, leikmenn, ungir sem aldnir, kynnast innbyrðis og mun sterkari félagskennd skapast.
- Valur ætti að byrja með „knattþrautir Vals“ því við vitum að aukaæfingar skapa afreksmenn og auka sjálfstraust. Allir sem hafa náð verulegum árangri vita að þetta er lyklatríði. Ef knattspyrnudeild kynnir knattþrautir að vori með það að markmiði að „keppt“ verði í þeim að hausti munu yngri iðkendur leggja sig fram um að bæta sig í því að halda bolta á lofti, vera betri í knattþraut með vinstri fæti, hægri, mótöku, skallatækni, skottækni og fleiru yfir sumarið. Búa má til fjölda knattþrauta, hittukeppni og fleira skemmtilegt. Það sama mætti gera í handbolta og körfubolta.
- Allir yngri iðkendur Vals ættu að geta gengið að sérþjálfun vísri nokkrum sinnum í viku. Það yrði yngri iðkendur mikil hvatning ef þeir fengju sérþjálfun í knattþraut, skallatækni, mótöku, skotum og svo mætti lengi telja. Ég komst að því í sumar að fjöldi leikmanna í 2. flokki virtist hafa fengið litla tilsögn í að skalla bolta. Eitthvað virðist því hafa verið ábótavant í yngri flokkunum undanfarin ár.
- Þótt þjálfarar hjá Val hafi frjálssar hendur með æfingar þyrfti einhvers konar gæðastjórnun að eiga sér stað hjá félaginu. Er þjálfara að nýta æfingartímann vel? Hver eru gæði æfinganna? Hversu lengi á hverri æfingu er hver leikmaður með bolta? Er verið að þjálfva rétta hluti miðað við aldur viðkomandi? Þetta á ekki að vera feimnismál og engin njósnastarfsemi heldur metnaðargjörn vinnubrögð sem skila betri árangri fyrir alla.

Áfram Valur!

Valsarar.is

Valsara stuðningsmannasíðan hóf göngu sína í nóvember 2002 í fyrstu bloggbylgjunni sem reið yfir landann og þá á lélinu valsarar.blogspot.com. Stuttu síðar breyttist hún í valsarar.tk, síðan í valsarar.net og loks valsarar.is. Fyrstu árin vorum við nokkuð afkastamikil í skrifum en upp úr 2005 fór mesti móðurinn að renna af okkur. Í lok sumars það ár lognaðist þetta út af hjá okkur allt fram í febrúar 2007. Vegna tæknilegra vandræða datt heimasíðan aftur niður síðasta vetur en í vor keyptum við lénið valsarar.is með styrk frá Henson og Trygginga-miðstöðinni og vonandi mun það leiða til virkari skrifu á næstu árum.

Valsbolir búnir til

Á þessum tíma höfum við látið búa til þrjár tegundir af bolum og selt til stuðningsmanna. Fyrsti bolurinn kom 2003 með Valsmerkinu og áletruninni „VALS-ARI“ og það er gaman að því að enn þann dag í dag erum við að sjá honum bregða fyrir á leikjum. Árið 2005 gáfum við út nokkuð umdeildan bol en hamar og sigð prýddu hann með einkunnarorðunum „Félag fólksins – Valur“. Nokkrir gagnrýndu okkur fyrir verknaðinn og voru lítt hrifnir en flestir gátu þó hlegið að þessu enda var þetta til gamans gert. Árið 2007 kom síðan einfaldur bolur með árituninni „Valur – 1911“ sem hlaut mjög góðar viðtökur. Bolirnir hafa verið að koma út annað hvert ár hjá okkur og miðað við þetta munstur er aldrei að vita nema það komi ný tegund næsta sumar.

Umbrotatímar hjá Val fyrir nokkrum árum

Að mörgu leyti voru umbreytingatímar



í gangi í félaginu á upphafsárum síðunnar. Handboltadeildin glímdi við áður óþekkta titlaþurrð, körfuboltaliðið var fast í 1. deildinni og knattspyrnudeildin var í eins konar eilífðarkrísu að því er virtist með karlaliðið. Deilumálin voru af ýmsum toga, menn voru ósattir við þjálfara, margir leikmenn virtust oft á tíðum ekki leika að fullri getu og ýmsar ákvarðanir stjórnar orkuðu tvímælis.

Fyrsta verulega deilumálið á síðunni spratt upp þegar Sigurbjörn Hreiðarsson var valinn Valsmaður ársins árið 2002 en okkur þótti óskiljanlegt að handboltamarkvörðurinn Roland Valur Eradze hefði ekki hlotið hnossið. Haustið 2003 var einnig allt í háalofiti eftir þriðja fallið í fótboltanum og sumarið 2004 var Njáll Eiddsson knattspyrnuþjálfari talsvert gagnrýndur fyrir að spila ekki blússandi sambolta í 1. deildinni það sumar.

Sem betur fer hafa þessir hlutir færst í betra far og menn hafa þjappað sér betur saman þó að vissulega séu margir litlir hlutir sem við í Val getum bætt úr. Stuðningsmannaklúbburinn, sem við tókum þátt í að stofna, var öflugur fyrstu starfs-

árin en því miður hefur talsvert dregið úr virkni hans og lítið verið um endurnýjun í hópnum. Fjölmarginir kaupa sér ársmiða á leiki knattspyrnuliðsins og þjónusta við þá eins og hálfleikskaffið hefur ekki verið upp á sitt allra

besta síðustu tvö sumur. Fyrir nokkrum árum var boðið upp á grillmat fyrir leiki og mætti endilega endurvekja það næsta sumar.

Virkja þarf fleiri stuðningsmenn til að vinna við síðuna

Einnig þurfum við að huga betur að því að virkja hinn almenna stuðningsmann til þátttöku í félaginu. Sá hluti Reykjavíkur sem telst til Valshverfis er talsvert stór en segja má að hann nái allt frá Lækjargötu og að Kringlumýrarbraut. Ljóst er að um stórt bakland er hér að ræða en hingað til hefur félagið ekki virkjað þennan styrkleika til fullnustu. Slíkt verður auðvitað ekki gert á einni nóttu en ljóst er að á komandi tímum þarf Valur að vera mikilvægur hornsteinn í menningu hverfanna sem félagið þjónustar.

Eitt það helsta sem hefur staðið síðunni fyrir þrífum hefur verið tímaskortur okkar félaganna til að uppfæra síðuna. Valur er með sex keppnislið í meistara-flokkum, heilmikil starfsemi er í kringum yngri flokkana og fjölmargir Valsarar gera það gott á erlendri grundu svo það er í mörg horn að líta. Við höfum nokkrum sinnum auglýst eftir fleiri pennum en hingað til hafa menn verið hálf feimnir við að slást í lið með okkur. Það er tilvalið að auglýsa eftir áhugasömum skrifurum í Valsblaðinu. Póstfangið er valsarar@valsarar.is

Áhugamenn um síðuna geta skoðað gamlar færslur á slóðinni <http://php.internet.is/valsarar>.



Valskórinn lifir góðu lífi þessi árin. Kórinn hefur verið svo heppinn að njóta leiðsagnar afbragðs stjórnanda, Báru Grímsdóttur tónskálds. Það er ekki á hvers manns færi að stjórna áhugamannakór af slíkri alúð sem Bára leggur í starf sitt. Strax er starfsemi kórsins hefst eftir sumarleyfi í september er stefnan tekin á helstu viðburði vetrarstarfsins, aðventukvöld og söng á ýmsum stofnunum í kringum jólin og vortónleikana sem haldnir eru í maí. Kórstjórinn velur tónverkin sem kórinn flytur, sum lærir kórinn á nokkrum æfingum en önnur reyna verulega á kunnáttu meðlima og þolinmæði kórstjórans.

Skemmtilegt starfsár að baki

Árið sem nú er að líða hefur verið mjög skemmtilegt. Æft er vikulega í Friðrikskapelli og er alltaf glatt á hjalla. Eftir áramótin var strax hafist handa við undirbúning vortónleika. Liður í æfingaférlinu var heimsókn í Sólheima í Grímsnesi en þangað fer kórinn árlega til að æfa. Í lok æfingarinnar var svo sungið fyrir íbúana í kirkju staðarins. Vortónleikarnir voru að þessu sinni haldnir í Fríkirkjunni í Reykjavík á fallegu vorkvöldi. Tónleikarnir tókust vel. Töldu margir sem fylgst hafa með kórnum í gegnum tíðina að tónleikarnir hafi verið með þeim bestu sem kórinn hefur haldið og hann sýnt umtalsverðar framfarir.



Valskórinn hefur aldrei verið betri

Kórinn varð þeirrar ánægju aðnjótandi að fá að syngja við vígslu nýja knattspyrnuvallarins á Hlíðarenda í maí. Sú athöfn var mjög hátíðleg og glæsileg. Gladdi það meðlimi kórsins af fá að syngja fyrir þann mikla fjölda sem kom á hátíðina. Í nóvember söng kórinn við messu sem haldin var til heiðurs séra Friðriki Friðrikssyni í Grafarvogskirkju og á aðventunni heimsótti kórinn heimilisfólk á Droplaugarstöðum og Hrafnistu þar sem flutt voru jólalög.

Virkir meðlimir kórsins eru um 25. Talsverð endurnýjun er í hópnum á hverju ári, sumir hætta eða taka sér frí en svo bætast alltaf nýir í hópinn. Það yrði gaman að starfsemi kórsins myndi eflast á



Jón Guðmundsson, höfundur greinarinnar og Guðni Karl Harðarson, ljósmyndari Valsblaðsins..

næstu árum. Valskórinn er góður vettvangur fyrir Valsmenn á öllum aldri sem hafa gaman af því að syngja.

Valsmenn – bestu óskir um gleðileg jól og farsælt nýtt ár

Róbert Jónsson
Sigurður Þórarinnsson
Stefán B. Gunnarsson
Stefán Hallgrímsson
Stefán Karlsson
Friðjón B. Friðjónsson
Geir Sveinsson
Geirarður Geirarðsson
Grétar Haraldsson

Guðjón Karlsson
Guðjón Kristleifsson
– Brosum breitt ehf
Guðmundur Ingimundarson
Guðmundur Jónsson
Guðni Bergsson
Guðni Steinar Gústafsson
Gunnar Þ. Möller
Örn Johansen

Flugeldasala Vals 2008

Hlíðarendi

(Fjósíð)

Opnunartími

29. des (16:00 – 22:00)

30. des (14:00 – 22:00)

31. des: Gamlársdag (10:00 – 16:00)



Gerum betur næsta sumar

Einar Marteinsson er 19 ára og leikur fótbolta með meistaraflokki

Nám: Menntaskólin við Sund.

Kærasta Arna Rós.

Hvað ætlar þú að verða: Óráðið eiginlega.

Frægur Valsari í fjölskyldunni: Nei get ekki sagt það en margir Valsarar.

Hvernig hafa foreldrar þínir stutt þig í fótboltanum: Keypt skó og keyrt mig líka áður en ég fékk bílpróf.

Hver er besti íþróttamaðurinn í fjölskyldunni: Ég ætla rétt að vona að það sé ég annars er ég mjög illa settur.

Hvað gætir þú aldrei hugsað þér að verða: Grunnskólakennari, hefði ekki þá þolinmæði.

Stjörnuþá þín fyrir næsta ár: Vona bara að hún hafi eitthvað mjög gott í för með sér.

Af hverju fótbolti: Veit það eiginlega ekki ætlaði alltaf í handbolta en slysaðist síðan til að halda frekar áfram í fótbolta.

Af hverju Valur: Pabbi er Valsari.

Helstu afrek í öðrum íþróttagreinum: Var nokkuð seigur í handbolta áður en ég hætti.

Eftirminnilegast úr boltanum: Var mjög skrautlegt þegar Halli markmaðurur öskraði á menn að byrja leikinn þegar við vorum 11-0 yfir.

Ein setning eftir tímabilið: Gerum betur næsta sumar.

Mestu vonbrigði þessa tímabils: Að hafa endað í 5. sæti í deildinni.

Koma titlar í hús næsta sumar: Maður vonar það.

Skemmtilegustu mistök: Skoraði einhvern tíma sjálfsmark frá miðju.

Erfiðustu samherjarnir: Getur verið helvíti leiðinlegt að hlusta á Helga Sig í leikjum og æfingum.

Erfiðustu mótherjarnir: Veit það eiginlega engin spes nema kannski stundum rauða spjaldið hefur oft reynst mér erfitt að forðast.

Eftirminnilegasti þjálfarinn: Selko Sankovic var helvíti spes talaði hvorugt ensku né íslensku.

Mesta prakkarastrik: Setti einhvern tímamann á yngri árum lím á alla hurðarhúna í grunnskólanum mínum, var víst ekkert of vinsæld þegar fólk festist við þá.

Athyglisverðasti leikmaður í meistaraflokki karla hjá Val: Bjóssi Hreiðars alveg klárlega.

Besti íslenski fótboltamaður allra tíma: Eiður Smári.

Besti fótboltamaður heims: Messi.

Hvað lýsir þínum humor best:steiktur.

Fleygustu orð: Að vinna það er eitthvað minna en að éta það er eitthvað sem þessir krakkar geta.

Mottó: Gera alltaf mitt besta.

Skemmtilegustu gallarnir Á það mjög oft til að vera utan við mig sem getur stundum haft skemmtilegar afleiðingar.

Hvað er það fallegasta sem hefur verið sagt við þig: Ég elska þig frá kærastunni.



Fullkomið laugardagskvöld: Bara annaðhvort rólegt kvöld með kæró eða þá taka smá djamm í góðra vinna hópi.

Fyrirmynd þín í fótbolta: Maldini og Keane.

Draumur um atvinnumennsku í fótbolta: Væri alveg mjög fínt að komast einn daginn út.

Besta hljómsveit: Erfitt að segja en finnst Sálín frekar góð.

Besta bíómynd: Waterboy er alveg helvíti góð.

Uppáhaldsvefsíðan: fotbolti.net.

Uppáhaldsfélag í enska boltanum: Man Utd.

Ef þú yrðir að vera einhver annar: Einhver ríkur og frægur og myndarlegur skiptir ekki öllu hvað hann myndi heita.

Nokkur orð um núverandi þjálfara: Keppniskap og sigurvilji.

Nokkur orð um nýju aðstöðuna á Hlíðarenda: Bara alveg mjög góð.



Knattspyrnuskóli Vals 2008

Knattspyrnuskóli Vals var starfræktur enn eitt sumarið að Hlíðarenda. Haldin voru fjögur tveggja vikna námskeið og voru þau ætluð fyrir börn 6 ára og eldri. Góð þátttaka var á námskeiðin og voru þátttakendur samanlagt um 240 börn, þó var talsvert um að sömu börnin komu aftur og aftur. Lögð var sérstök áhersla á þjálfun í smærri hópum auk einstaklingsþjálfunar fyrir eldri þátttakendur skólans. Nokkrir meistaraflokksleikmenn komu í heimsókn

og vakti það mikla lukku. Í ár stóð þátttakendum í Knattspyrnuskóla Vals til boða að kaupa heitan hádegisverð og að taka þátt í Sumarbúðunum eftir hádegi frá 13:00–16:00. Skólastjóri knattspyrnuskólans var Þórhallur Siggeirsson sem þjálfaði 4., 7. og 8. fl. karla en honum til aðstoðar voru Atli Sigurðsson og Magnús Örn Þórsson. Auk þess komu inn í skólann einstaklingar úr Sumarbúðunum.

Ragnhildur Skúldóttir



Sigurlíð Vals Old-Boys á Borgarnesmóti Old-Boys 2008. Standandi frá vinstri: Hannes Birgir Hjálmarsson, fyrirliði og hjálrfari, Trausti Jósefsson, Birgir Mikaelsson, nýliði, Stefán S. Stefánsson og Stefán Árnason. Krjúpandi frá vinstri: Pétur Stefánsson, varafyrirliði og aðstoðarhjálrfari, Kristinn Kristjánsson og Örn Þórisson.

Old-Vals í körfu

Árið 2008 hefur verið viðburðarríkt að vanda hjá Old-Vals í körfunni en hópurinn hefur nú verið starfræktur í ein 15 ár. Vikulegar æfingar eru hjá hópnum og töflufundir þar sem farið er yfir helstu áhersluatriði að lokinni æfingu jafnmargar æfingunum.

Old-Boys lið Vals tók þátt í tveimur mótum í ár; hjá Skallagrími í Borgarnesi og Molduxum á Sauðárkróki. Árlegt mót í Köben hefur verið haldið fjögur síðustu ár en fresta varð mótinu nú í haust vegna efnahagsástandsins og gengislækkunar íslensku krónunnar.

Old-Boys Vals unnu frækinn sigur á mótinu í Borgarnesi annað árið í röð, nú eftir framlengingu í hnífjöfnum úrslitaleik gegn Molduxum. Gengið var ekki jafngott á Sauðárkróki þótt flestir þátttakenda haldi því jafnan fram að Valsliðið sé alltaf sigurvegari í „sameiginlegri stiga-gjöf“ fyrir körfukattleik og skemmtiatriði á kvöldvöku Molduxa!

Árshátíð Old-Boys var haldin í október á Kaffi París og voru þar ýmis verðlaun veitt að vanda. Rodman verðlaunin, sem eru þeirra eftirsóttust, hlaut Kristinn Kristjánsson (oft kenndur við Reebok) að þessu sinni. Rodman verðlaunahafar frá upphafi eru þá orðnir þrír, Einar KR. Haraldsson, Stefán Sigurður Stefánsson auk Kristins.

Old-Boys hópurinn hefur jafnan tekið þátt í framkvæmd Hraðmóts Vals á haustdögum og mættu til aðstoðar þetta árið eins og undanfarin ár.


Firma- og félagahópaþíð í körfubolta milli jóla og nýárs er einnig í umsjón Old-Boys hópsins en þar mæta fjölmörg lið og etja kappi eftir jólasteikina.

Lesi má fleiri fréttir af Old-Boys Vals hópnum á www.oldboyskarfa.net

Með Valskveðju, Hannes Birgir Hjálmarsson „Aðal“ Old-Boys Vals í körfukattleik

NÝJA ÍSLAND

HEKLA - NOTADIR BÍLAR LEGGUR TIL TÓMSTUNDA- OG AFÞREYINGARHUGMYNDIR!



VIÐ HITUMST NOKKUR OG DÖNSUM.

1-2-1-2-3-4

ÞAÐ ER MJÖG GAMAN ... Á KVÖLDIN.



SÆKJUM MESSU.

ÞAÐ GETUR VERIÐ SKEMMTILEGT AÐ HLUSTA Á GÓÐA TÓNLIST SAMAN.

Ég elska körfubolta

Björg Ingólfssdóttir er 14 ára í körfubolta í 10. flokki

Björg hefur æft körfubolta í þrjú ár og býr í Valshverfinu og gengur í Austurbæjarsjóla. Hún segist hafa fengið 100 prósent stuðning frá foreldrum sínum sem hvetja hana til að gera sitt besta.

Hvernig gengur ykkur? „Okkur gekk bara ágætlega, en þar sem kvennakarfan í Val var svo nýbyrjuð voru ekki margar stelpur að æfa. En núna erum við orðnar fleiri og erum bara að standa okkur vel. Við kepptum sem 8. og 9. flokkur á Íslandsmótinu og svo tókum við þátt á Reykjavíkurmótinu. Okkur hefur gengið rosalega vel í vetur og stefnum að því að æfa mikið og verða betri. Mér finnst hópurninn alveg frábær, þetta eru mjög skemmtilegar og duglegar stelpur. Þjálfarinn okkar, Sigurður Sigurðarson er bara nýbyrjaður að þjálfa okkur en mér list rosa vel á hann. Góður þjálfari þarf að hafa trú á liðinu, hafa tíma fyrir liðið, þolinmæði og áhuga á því að þjálfa liðið.“

Skemmtileg atvik í boltanum: „Síðastliðinn apríl fórum við stelpurnar til Svíþjóðar að keppa við önnur lið frá Norðurlöndum. Okkur gekk ekkert rosalega vel fyrstu dagana en komum svo sterkar inn og unnum alla leikina sem við áttum eftir. En því miður endaði ferðin þannig að við þurftum að fara heim þannig að við gátum ekki keppt úrslitaleikinn. En þetta var æðisleg ferð.“

Fyrirmyndir í boltanum? „Já Signý Hermannsdóttir. Hún þjálfaði mig þegar ég byrjaði í körfu og hún er mjög sterk körfuboltakona. Og líka afi minn, hann var í landsliðinu í körfu fyrir mörgum árum.“

Hvað þarf til að ná langt í íþróttum? „Áhuga, trú á manni sjálfum, þolinmæði, stuðning fjölskyldunnar og bara viljann. Ég þarf helst að bæta skotin mín og driplíð. En maður getur alltaf bætt sig.“

Hvers vegna körfubolti? „Mér finnst bara svo gaman að spila körfubolta. En



ég æfði fimleika þegar ég var yngri.“
Hverjir eru þínir framtíðardraumar í íþróttum? „Bara að ná sem lengst.“
Þekktir Valsarar í fjölskyldunni? „Það eru eiginlega engir Valsarar í fjölskyldunni minni en bróðir minn, Knútur er líka að æfa körfu með Val.“
Hver stofnaði Val og hvenær og hver voru einkunnarorð hans? „Séra Friðrik Friðriksson, 11 maí 1911. Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði.“

VIÐ KONAN ERUM FARIN AÐ FARA OFTAR SAMAN Í BADI.

ÉG ER ORÐINN TÍÐUR GESTUR Á BÓKASÖFNUNUM.

ÞEGAR VEÐUR LEYFIR GETUR VERIÐ GAMAN AÐ RÍFA SIG ÚR AÐ OFAN OG KALLA.

LENGI LÍFI NÝJA ÍSLAND

HURRA!

SVO ERUM VIÐ ÖLL SAMFERÐA Í NOTUDUM BÍL FRÁ HEKLU.

HEKLA NOTANDUR BÍLAR



FRJÁLSI VINNUR
MEÐ VAL


FRJÁLSI